



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. desember 2006 — 323. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



SNEISAFULLT HELGARBLAÐ

Viðtal við Svöfu Grönfeldt, nýjan rektor HR, tískukóngar og drottningar Reykjavíkur, 20 ár frá Union Carbide slysinu í Bopal, aukin áfengisdrykkja ungra kvenna, finnskur fjöldamorðingi og margt margt fleira.

» 37-64

Hið ómögulega

„Staðfesta í vegferð á villigötum eða vingulsháttur í leit að valkostum hefur aldrei þokað neinu góðu máli fram á við,“ segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 18


Ísland tapaði í Rúmeníu



Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði í gær fyrir Portúgal í forkeppni HM í Rúmeníu.

ÍÞRÓTTIR 78

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT HÆGUR - Í dag verður norðan strekkingur á Vestfjörðum, annars hægur. Slydda norðvestan til, skúrir suðaustan til, annars úrkomulítið og bjart með köflum eystra. Hiti 0-6 stig, mildast suðaustan til.

Segir Jón hafa viljað Sverri og „hans hyski“ úr flokknum

Sverrir Hermannsson segir Jón Magnússon hafa boðið formanni Frjálslynda flokksins samstarf 2003 með því skilyrði að Sverri og hans fólki yrði ýtt til hliðar. Því neitar Jón. Margrét segir Jón á bak við uppsögn hennar.

STJÓRN MÁL „Jón [Magnússon hæstaréttarlögmaður] bauð Guðjóni [Arnari Kristjánssyni] samstarf árið 2003 með því óhjákvæmilega skilyrði að Sverrir Hermannsson og hans hyski yrði alveg sett til hliðar í flokknum,“ segir Sverrir Hermannsson, stofnandi Frjálslynda flokksins.

Jón Magnússon segist hafa fengið boð um að ganga í flokkinn fyrir kosningarnar 2003. „Ég sagðist ekki ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn, þegar til mín var leitað á sínum tíma, ef Sverrir Hermannsson væri formaður. Ég hef ekkert persónulega á móti Sverri en ég tel okkur ekki eiga samleið í pólitískum málum.“

Margrét Sverrisdóttir, sem

sagt var upp störfum sem framkvæmdastjóri þingflokks Frjálslynda flokksins í fyrrakvöld, segir Jón, og fyrrverandi formann Nýs afns, standa að baki uppsögn hennar. „Hann hefur haft veruleg áhrif á þessa þróun mála,“ segir Margrét og bætir við að hún hafi ákveðnar sannanir fyrir því.

Jón neitar þessu alfarið. „Ég er nýgenginn til liðs við flokkinn og hef verið upptekinn alla vikuna í málflutningi í mínu starfi. Ég stóð ekki, með neinum hætti, á bak við uppsögn Margrétar Sverrisdóttur.“

Sverrir segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formann Frjálslynda flokksins, vera að skipta um áhöfn í forystu flokksins. „Ráðn-

ingarstjóri hans [Guðjóns Arnars] er Jón nokkur Magnússon. Guðjón vill ekkert af sínum gömlu hásetum vita, skilst mér. Ég held að þetta sé óskaplega óráðlegt og

„Ég hef ekkert persónulega á móti Sverri en ég tel okkur ekki eiga samleið í pólitískum málum.“

JÓN MAGNÚSSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

flausturlegt en málið er mér líklegt af skylt til að ég geti dæmt í því,“ segir Sverrir.

Guðjón Arnar segir ekkert athugavert vera við uppsögnina og vonast til þess að Margrét leiði

lista flokksins í Reykjavík. „Við væntum þess að Margrét leiði flokkinn í Reykjavík í komandi kosningum og við fundum fyrir því að það var henni mjög erfitt í síðustu kosningum að sinna báðum þessum störfum,“ segir Guðjón Arnar.

Guðjón Arnar væntir þess að Margrét vinni uppsagnarfrestinn á enda og verði því að störfum til 1. mars. Guðjón telur fyrirkomulagið vera flokknum til góða og segir að Margrét hefði ekki átt að koma þetta á óvart. Síðasta sumar hafi verið rætt um þessa tilhögun, sem sýni að uppsögnin komi Jóni Magnússyni ekkert við, því þá var hann ekki genginn í flokkinn.

- kóp/- mh sjá síðu 6



KERTI TENDRUÐ Á ALPÍÐA ALNÆMISDAGINN í gærkvöldi fór blysför frá Laugavegi að Fríkirkjunni þar sem kerti voru tendruð í minningu þeirra sem látist hafa úr alnæmi. Fram til 1. nóvember í ár greindust átta einstaklingar með HIV-veiruna hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æfðu viðbrögð við flugráni: Farþegar voru ekki varaðir við æfingunni

MONGÓLÍA, AP Æfing á viðbrögðum við flugráni á flugvælinum í Ulan Bator í Mongólíu snerist upp í skelfingu á miðvikudag þar sem gleymst hafði að vara bæði farþega og flugmenn vélarinnar við ósköpunum.

Eftir að vélin, sem var í innanlandsflugi, var lent réðust fjórir menn inn í flugstjórnarklefan og hrópuðu að vélinni væri rænt. Mennirnir bundu flugmennina og höfðu í hótunum við farþegana sem hirtuðust í vélinni í níutíu mínútur án þess að vita að ránið var aðeins æfing.

Mongólska leyniþjónustan lýsti ánægju sinni með árangur æfingarinnar.

- gb

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Árborg sprakk í gær:

Samfylking, Framsóknarflokkur og VG í viðræðum

STJÓRN MÁL Bæjarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Árborg sprakk í gær eftir sex mánaða setu. Formlegar meirihlutaviðræður hófust í gærkvöld milli Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna að frumkvæði Framsóknarflokks.

Viðræðum verður framhaldið í dag. Sömu flokkar hófu meirihlutaviðræður að loknum kosningum í vor sem upp úr slitaði.

Meirihlutinn sprakk í kjölfar þess að upp úr sauð á fundi skipulags- og byggingarnefndar í gær þegar fulltrúi Framsóknar-

flokks kusu með minnihlutunum og felldu tillögu formanns sem er í Sjálfstæðisflokk.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir samstarfið hafa steytt á mörgum málum sem séu arfur frá fyrri bæjarstjórn Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar. „Og ég efast um hvort Framsóknarflokkurinn hafi nokkurn tímann verið heill í þessu samstarfi.“

Þorvaldur Guðmundsson, oddviti Framsóknarflokksins, segir ágreining hafa ríkt nánast frá upphafi og einnig hafi komið til trún-

aðarbrestur sem hann vill ekki skýra nánar. Þá hafi þeim mislíkað ýmislegt í stjórnsýslunni.

Oddvitarnir nefna báðir skipulagsmál sem eitt helsta ágreiningsefnið. Þórunn segir rekstrarerfiðleika sveitarfélagsins einnig hafa verið deiluatríði þar sem Framsóknarflokkurinn hafi gengið hart eftir því að hækka laun bæjarfulltrúa sem Sjálfstæðisflokkur hafi ekki talið svigrúm í rekstri fyrir.

Sjálfstæðisflokkurinn er með fjóra menn í bæjarstjórn, Samfylkingin tvo, Framsóknarflokkur tvo og Vinstri græn einn.

- sdg

PÓSTURINN
allur pakkin

4.12.

Síðasti öruggi skiladagur
á jólapökkum
til landa
utan
Evrópu!

www.postur.is



JÓLAÆVINTÝRI
Í VETRARGARÐINUM

Frumstýnt
í dag kl. 14



SPURNING DAGSINS



Arnar, ertu varkár í símtölum?

„Ég tala nánast ekkert í síma og er með hálfgerða símafælmi.“

Heimilissími leikarahjónanna Arnars Jónssonar og Þórhildar Þorleifsdóttur var hleraður sumarið 1968 að því er fram kemur í bók Guðna Th. Jóhannessonar, Óvinir ríkisins.

Harmleikur í Hollandi:

Átta ára barn myrt í skóla

HOLLAND, AP Átta ára gamall drengur var myrtur í skóla sínum í bænum Hoogerheide í Hollandi í gær. Árásarmaðurinn var 22 ára gamall maður íklæddur síðum frakka og með hettu. Lögreglan handtók manninn skömmu síðar. Hollenskir fjölmiðlar sögðu barnið vera son auðugs framkvæmdastjóra banka, en lögregla vildi ekki staðfesta annað en að maðurinn væri ættingi barnsins.

Atvikið varð skömmu fyrir hádegi og virðist sem fá börn hafi orðið vitni að morðinu. Skólanum var lokað eftir að lík barnsins fannst.

- smk



STORMUR Strandaði undan nýja bryggjuverfinu í Garðabæ í fyrrið.

Stormur strandar:

Reyna á að ná bátnum á flot

STRAND Gamli fiskibáturinn Stormur slitnaði upp af bólfæri sínu út af Kópavogshöfn í rokinu aðfaranótt föstudags.

Báturinn var mannláus og rak hann undan ríkjandi vindi, inn á Arnarvoginn og strandaði loks undan nýja bryggjuverfinu í Garðabæ.

Í gærmorgun lá báturinn á hliðinni en starfsmenn Kópavogshafnar ætla að reyna að bjarga honum á flot við fyrsta tækifæri.

EKKI liggur fyrir hvort báturinn brotnaði við strandið.

Blaðberaránið í Reykjavík og hraðbankaránstilraunin á Kletthálsi upplýst:

Slösuðust við ránstilraun á hraðbanka

LÖGREGLUMÁL Tvö afbrot upplýstust þegar fjögur ungmenni voru handtekin á fimmtudagskvöld. Fjórmenningarnir gerðu tilraun til að stela hraðbanka úr anddyri útibús Landsbankans á Kletthálsi á miðvikudagsmorgun. Við yfirheyrslur hjá lögreglunni í Reykjavík viðurkenndu tveir úr hópnum að hafa rænt tvo blaðbera í Reykjavík í síðasta mánuði. Ungmennin sögðust hafa tekið ákvarðanirnar um að fremja ránið í flýti til að ná sér í peninga fyrir fíkniefnum.

Fjórmenningarnir ætluðu að nema 300 kílóa hraðbanka á brott með handafla og drösluðu honum að anddyri útibúsins þar sem þau skildu hann eftir á hliðinni áður en þau flýðu af vettvangi. Tveir þeirra slösuðust þegar þeir bisuðu við hraðbankann: fingur annars lentu undir bankanum þegar hann valt um koll og hinn

hrasaði og lenti með andlitið á bankanum. Báðir mennirnir hlutu sár í slysinu og þurftu að leita sér læknaaðstoðar.

Það eina sem þjófarnir höfðu upp úr krafsinu þegar þeir rændu blaðberana voru tveir farsímar sem þeir seldu í kjölfarið. Lögreglan náði að rekja símtöl úr öðrum farsímanum og leiddi það til handtöku hópsins.

Ungmennin hafa ekki komið áður við sögu lögreglunnar. Þremur úr hópnum hefur verið sleppt. Einn er enn í haldi en talið er að sá kunnni að vera viðriðinn aðra glæpi.

- ifv

ÚTIBÚ LANDSBANKANS Á KLETTHÁLSI Lögreglan í Reykjavík hefur haft hendur í hári fjögurra þjófa sem ætluðu að stela 300 kílóa hraðbanka úr útibú Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sagður misbeita valdi til að halda sjávarsýn úr húsi sínu

Minnihluti sjálfstæðismanna á Álftanesi segir forseta bæjarstjórnar, Kristján Sveinbjörnsson, misnota stöðu sína til að hindra að byggt verði íbúðarhús á sjávarlóð fyrir framan hús Kristjáns. Lóðin var keypt fyrir rúmar 17 milljónir króna. Kristján segir lóðina ekki byggingarhæfa.

STJÓRNÝSLA Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar á Álftanesi, neitar ásökunum minnihlutans í bæjarstjórn um að hann misbeiti valdi sínu til að hindra að byggt verði nýtt hús framan við einbýlishús hans við Skógtjörn.

„Það er forkastanlegt að forseti bæjarstjórnar beiti sér með þeim hætti sem raun ber vitni og kalli yfir bæjarstjórn möguleg málaferli vegna vanefnda við afgreiðslu byggingarleyfis á lóð sem hefur verið á deiliskipulagi frá því um 1980,“ segir í bókun Guðmundar Gunnarssonar, oddvita sjálfstæðismanna í bæjarstjórn, og hans liðsmanna.

Sjálfstæðismenn segja að Kristján, sem er bæjarfulltrúi Álftaneshreyfingarinnar og býr í Miðskógum 6, hafi bæði haft áhrif á störf skipulagsnefndar bæjarins og í bæjarstjórn til að koma í veg fyrir að byggt verði á sjávarlóðinni í Miðskógum 8. Engin rök séu fyrir því að hafna veitingu byggingarleyfis og aldeilis fráleitt að vísa byggingarleyfisumsókn til endurskoðunar deiliskipulags.

„Þetta er bara tjara eins og allt sem frá Guðmundi kemur,“ svarar Kristján og fullyrðir að hann hafi eingöngu beitt sér persónulega í málinu eins og hver annar bæjarbúi á meðan



BYGGÐIN VIÐ SKÓGTJÖRN Sjávarfalla gætir í Skógtjörn. Hús forseta bæjarstjórnar Álftaness stendur ofan við hina umdeildu sjávarlóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON Forseti bæjarstjórnar á Álftanesi á lóðinni neðan við hans lóð í Miðskógum 6.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hann var í minnihluta í bæjarstjórn fyrir síðustu kosningarnar.

Kristján játar því að hann missi fallett útsýni ef hús verður reist á Miðskógum 8 en segir andstöðu sína þó byggjast á öðru.

„Það voru á sínum tíma gerð mistök við gerð deiliskipulags. Ég tel sjálfur að þessi lóð hafi aldrei verið byggingarhæf vegna þess að hún nær út í fjöru,“ útskýrir Kristján: „Til þess að byggja á lóðinni þarf annaðhvort að fylla upp í fjöruna sem er á náttúruminjaskrá eða þá að byggja frekar lítið hús sem stendur alveg á bakkanum og hróflar ekki við fjörunni. Göngustígur sem er skipulagður þarna með-

fram tjörninni myndi þá vera á bakkanum, alveg við húsvegginn.“

Lóðin var áður í eigu ættingja Kristjáns eftir að henni var skipt út úr ættarjörðinni Vestri-Skógtjörn árið 1998. Í fyrri keypti núverandi eigandi lóðina fyrir ríflega 17 milljónir króna samkvæmt óstaðfestum heimildum. Minnihlutinn í bæjarstjórn telur bæjarstjórn kunn að verða skaðabótaskyldan faist byggingarleyfið ekki en Kristján segir óljóst hver sitji þá uppi með skaðann. Aðalatriðið sé að ná fram réttu niðurstöðu: „Það dugar ekki að hengja sig í peningamálin að þessu leyti,“ segir hann.

gar@frettabladid.is

MARGVERÐLAUNUÐ OG SVÖL METSÖLUBÓK


Unglingaspæjarinn Alex Rider er svalur, klár og engum háður. Það er kannski þess vegna sem unglingar um allan heim vilja helst ekki lesa neitt annað! Strákabókin í ár.

„Gleymdu Spy Kids! Ef þú vilt vita hvernig er að vera 14 ára James Bond skaltu lesa bækur Anthony Horowitz um Alex Rider.“

The Guardian Children's Book Supplement

Edda
edda.is

9 milljón
eintök seld
um heim
allan!



Tveir Rúmenar dæmdir til fangelsisvistar fyrir þaulskipulagðan hraðbankaþjófnað:

Lögðu á ráðin um stórsvik

DÓMSMÁL Tveir rúmlega þrítugir Rúmenar voru í gær sakfelldir fyrir auðgunarbrot með því að hafa sett upp leynilegan afritunarbúnað, falskt lyklorð og skynjara fyrir segulrönd á þrjá hraðbanka á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að afrita reiknings- og aðgangsnúmer viðskiptavina. Annar var dæmdur í tólf mánaða fangelsi en hinn þarf að sitja inni í átta mánuði. Mennirnir voru handteknir 11. nóvember síðastliðinn.

Brot mananna eru mjög alvarleg. Þau voru þaulskipulögð og hefðu getað leitt til gifurlega umfangsmikils fjártjóns ef ekki hefði tekist að koma upp um háttsemi mananna svo fljótt sem raun bar vitni. Í dómnum kemur fram að það hafi verið ætluð mananna að koma þeim upplýsingum sem þeir kæmst yfir í

hendur erlendra aðila sem myndu síðan koma þeim fyrir í greiðslukortum sem þeir gæfu út á nafni annarra einstaklinga. Einungis hafi tekist að koma í veg fyrir að þeim tækist að klára ætluð verk sitt vegna athuguls viðskiptavinar eins bankanna sem tók eftir skuldfærslum á greiðslukortareikningi sínum. Mönnunum hafði þegar tekist að svíkja út yfir 300 þúsund krónur þegar þeir voru handteknir með því að breyta reikningsnúmerum í segulrönd eigin greiðslukortum og nota til að kaupa vörur og þjónustu hér á landi.

- þsj

HRAÐBANKAÞJÓFNAÐUR Mennirnir komu fyrir afritunarbúnaði á þremur hraðbönkum á höfuðborgarsvæðinu. Ætluin var að koma reikningsnúmerum í hendur erlendra aðila.



JÓLAÆVINTÝRI Í VETRARGARÐINUM FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

FRUMSÝNT Í DAG KL 14.

ÖRN ÁRNASON
OG SIGGA BEINTEINS
TENDRA LJÓSIN
Á JÓLATRÉNU Í
DAG KL. 14.

Jólaævintýri

Í VETRARGARÐINUM

SÖNGUR, TÓNLIST,
DANS OG LEIKNAR
JÓLASÖGUR

Söngur: Sigga Beinteins

Tónlist: Grétar Örvarsson

Leikarar: Björgvin Franz Gíslason,
Örn Árnason, Vignir Þór Rafnsson,
Hallgrímur Ólafsson

Danshöfundur: Halla B. Ólafsdóttir

Dansarar: Erna Ósk Arnardóttir,
Tinna Ómarsdóttir

SÝNT Í DAG OG Á MORGUN KL 14.



Jólasveinarnir – Syngja og dansa

Allir þrettán íslensku jólasveinarnir komnir saman í fyrsta sinn á mynddisk.

Sýnt í Vetrargarðinum kl. 16.00

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19,
lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,72 68,04
Sterlingspund	133,16 133,80
Evra	89,58 90,08
Dönsk króna	12,015 12,085
Norsk króna	10,962 11,026
Sænsk króna	9,92 9,978
Japanskt jen	0,5818 0,5852

SDR 102,22 102,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,6835

HEIMILD: Seðlabanki Íslands


Könnun á viðhorfi Dana gagnvart íslenskum kaupþýslumönnum í Danmörku:

Danir jákvæðir í garð Íslands

KÖNNUN Um 30 prósent Dana segjast jákvæðir gagnvart þátttöku Íslendinga í dönsku viðskiptalífi en rúmlega tíu prósent eru neikvæð. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun Capacent Gallup í Danmörku sem gerð var dagana 10. til 13. nóvember.

Stór meirihluti Dana hafði ekki lesið eða heyrt af umfjöllun Ekstra-bladsins um íslenska kaupþýslumenn í Danmörku eða rúmlega 70 prósent. Hlutfall þeirra sem tóku eftir umfjölluninni eykst með hækkandi aldri og er hæst hjá 56 ára og eldri en tæplega þriðjungur þeirra höfðu lesið eða heyrt um umfjöllunina samanborið við tæp-

Viðhorf Dana til íslenskra kaupþýslumanna í Danmörku



lega fjórðung 18 ára til 35 ára. Mun fleiri karlar en konur könnuðust við umfjöllunina eða 36 prósent á móti rúmum 20 prósentum kvenna.

Af þeim sem höfðu lesið eða heyrt um umfjöllunina taldi fjórðungur þeirra hana trúverðuga en tæp 20 prósent töldu hana ótrúverðuga.

Rúmur fjórðungur þeirra sem höfðu lesið eða heyrt af umfjölluninni sagðist í kjölfarið hafa neikvæðara viðhorf gagnvart íslenskum kaupþýslumönnum. Tveir af hverjum þremur höfðu óbreytt viðhorf og tæplega sjö prósent sögðust vera með jákvæðara viðhorf.

-sdg

Fikniefnasali handtekinn: Fundu e-töflur og peninga

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn um tvítugt voru handteknir í Kópavogi á fimmtudagskvöld grunaðir um fikniefnamisferli eftir leit á heimili eins þeirra. Við leit fann lögreglan nokkuð magn af e-töflum sem taldar voru ætlaðar til sölu auk peninga sem grunur lék á um að væru ágóði af fikniefnasölu.

Þremur manna var sleppt stuttu síðar en sá sem talinn var eiga efnin játaði undir morgun að hafa ætlað þau til sölu. Hingur var sleppt að loknum yfirheyrslum en málið er enn í rannsókn. Þetta var annað fikniefnamálið sem kom inn á borð lögreglunnar í Kópavogi á tæpum sólarhring.

-þsj



BILL CLINTON OG SONIA GANDHI Clinton tilkynnti um gríðarmikla verðlækun á alnæmislyfjum til barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Clinton hjálpar krökkum: Ódýrari alnæmislyf fyrir börn

INDLAND, AP Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, tilkynnti í Nýju-Delí á Indlandi á fimmtudag að stofnun hans hefði gert samning við lyfjafyrirtæki um að lækka verð á alnæmislyfjum ætluðum börnum um heim allan. Munu tvö indversk lyfjafyrirtæki leggja til 19 tegundir af algengum veirulyfjum, sem munu lækka um 45 prósent í verði.

„Þessi atburður er gott dæmi um hverju við getum áorkað saman,“ sagði Clinton en bætti við að enn sé langt í leit að lækningu sjúkdómsins. Samkvæmt tölum SP eru nú yfir 40 milljónir manna smitaðir af HIV-veirunni.

-smk

SVÍPJÓÐ

Fimm ár fyrir morð

Svíí á fimmtugsaldri var á fimmtudag dæmdur í fimm ára fangelsi í Tailandi fyrir morðið á þarlandri vændiskonu. Maðurinn játaði sök og stýtti það dóm hans úr tíu árum í fimm. Hann viðurkenndi að hafa barið stúlkuna til bana í hótélherbergi sínu og reynt svo að fela lík hennar. Hann mun líklega afplána dóminn í Svíþjóð.

LEIÐRÉTTING

Í frétt sem fjallaði um myndband sem gert hefur verið um ferð Kokkalandslíðsins til Luxemburg og á Allt síðum Fréttablaðsins í gær, misritaðist veffang matarsíðunnar Freistingar. Rétt veffang er www.freisting.is.

Háskóli Íslands þarf stóraukið rekstrarfé

Tekjur Háskóla Íslands þurfa að aukast um tæpa fimm milljarða á ári ef uppfylla á stefnu um að verða einn af 100 bestu skólum heims. Formaður menntamálanefndar telur að markmiði skólans verði ekki náð án skólagjalda.

MENNTAMÁL Háskóli Íslands þarf stóraukið rekstrarfé á næstu árum ef takast á að uppfylla stefnu skólans um að verða einn af 100 bestu háskólum heims. Varforseti háskólaráðs segir að skólinn þurfi að auka árlegar tekjur sínar um tæpa fimm milljarða króna. Formaður menntamálanefndar lýsti þeirri skoðun sinni að markmiðinu yrði ekki náð nema tekin yrðu upp skólagjöld.

Þetta kom fram á hátiðarmálþingi Stúdentaráðs HÍ en efni þingsins var hvort pólitískur vilji sé fyrir því að styðja stefnu skólans og hvernig eigi að tryggja honum fjármagn til að ná markmiðum sínum. Til málþingsins var boðið fulltrúum allra stjórnmalaflokka. Ólafur Þ. Harðarson, deildarforseti félagsvísindadeildar HÍ og varforseti Háskólaráðs, var fulltrúi HÍ og kynnti stefnu skólans. Í máli hans kom fram að forsenda þess að framfylgja stefnu háskólans, sem sett hefur verið fyrir árin 2006 til 2011, þurfi háskólinn að auka árlegar tekjur sínar um 4,8 milljarða króna. Ólafur sagði að þá fyrst yrðu tekjur HÍ sambærilegar við háskóla nágrannalandanna.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður menntamálanefndar, ræddi um skólagjöld sérstaklega í ræðu sinni. „Það er mín skoðun að ef skólinn ætlar að standast samkeppni við bestu háskóla heims, sem innheimta flestir skólagjöld, þá verður hann að gera upp við sig hvort sú tekjuöflunarleidd kemur til greina eða ekki. Mín skoðun er sú að markmiðinu um



FRÁ MÁLÞINGINU Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, voru meðal gesta málþingsins. Til hægri við þau sitja fulltrúar stjórnmalaflokka. Sigurður Kári Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðjón Ó. Jónsson og Sigurjón Þórðarson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að HÍ verði einn af 100 bestu háskólum heims verði ekki náð með því einu að ríkisútgjöld verði aukin.“

Í pallborðsumræðum í lok málþingsins sagði Ólafur Þ. Harðarson að það væri pólitísk spurning sem stjórnmalamenn og samfélagið allt þyrfti að svara hvort þjóðin vildi þiggja góða almenna háskólamenntun og hvernig það yrði fjármagnað. „Ef að stjórnmalamenn segja mér að til þess

þurfi að taka upp skólagjöld, þá er ég tilbúinn til að taka upp skólagjöld. Ef þeir segja að allt eigi að koma af sameiginlegu skattfé, þá er það í lagi af minni hálfu. Við höfum reiknað út hvað það kostar að reka góðan háskóla og stjórnvöld þurfa að gefa okkur möguleika til að afla þessara tekna.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, voru viðstödd málþingið.

svavar@frettabladid.is

Ráðherrar EFTA og Indlands:

Fríverslun í til skoðunar

STJÓRNMÁL Samkomulag um hagkvæmniskönnun á fríverslunarsamningi milli EFTA og Indlands hefur verið undirritað.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sat ráðherrafund EFTA í Genf í gær en í kjölfar hans ræddu EFTA-ráðherrarnir við viðskiptaráðherra Indlands.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að Indland sé í hópi mikilvægustu viðskiptaþjóða heims og því akkur í þessum áfanga fyrir EFTA-ríkin sem vonast til að samningur komist á hið fyrsta. Segir að nýtt sendiráð Íslands í Nýju Delhí hafi gegnt mikilvægu hlutverki í undirbúningi málsins ásamt sendiráðum hinna EFTA ríkjanna.

-þps

Frumvarp til laga um RÚV:

Niðurstaðan vonbrigði

SAMKEPPNI Viðskiptaráð Íslands hefur beint þeim fyrirmælum til menntamálanefndar þingsins að rammi verði settur á þá starfsemi RÚV sem lýtur að auglýsingamarkaði. Að mati Viðskiptaráðsins er rannsókn ætlað að tryggja að samkeppnisstaða RÚV verði ekki skakkið en orðið er.

Viðskiptaráð lagði til að RÚV yrði bannað að selja auglýsingar á vefnum, kostun dagskrárliða yrði afnumin og að RÚV yrði bannað að auka magn auglýsinga í miðlum sínum. Menntamálanefnd féllst aðeins á að RÚV yrði bannað að auglýsa á vefnum en þessi niðurstaða veldur Viðskiptaráði Íslands verulegum vonbrigðum.

-hs

75.000 KR.

GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM BÍLUM

Kerti og spil? Ég er með kerti! Þú sérð um spili!

Ingvar Helgason **NOTAÐIR BÍLAR**

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	8°C skúrir	London	13°C skúrir
Þórshöfn	9°C hálskýjað	Paris	13°C skúrir
Oslo	8°C skúrir	Frankfurt	11°C alskýjað
Stokkhólmur	8°C skúrir	Friedrichshafen	11°C heiðskirt
Gautaborg	11°C rigning	Berlín	10°C heiðskirt

» á morgun

3-8 m/s.

8-13 m/s á Vestfirðum. Annars hægar.

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

40% afsláttur af öllum seríum og jólaljósum

Mikið úrval af alls kyns á jólaljósum á frábæru verði



Útiljósatré 120 cm, 150 cm og 180 cm



Pyramídar 30, 40 og 60 cm



Útigreni 2,7 m



Innisería kúla 35 ljósa



Mini inni/útiljósaseríur Margar stærðir.



Útisería Star 40 ljósa



Útisería Cluster 576 ljósa

Gildir 2. og 3. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Var rétt að hækka umferðar-sektir?

Já	77,2%
Nei	22,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Er áfengi of dýrt á Íslandi?

Segðu skoðun þína á visir.is

Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu dómsmálaráðherra um nýtt varðskip:

Nýtt varðskip tilbúið 2009

ÖRYGGISMÁL Ríkisstjórnin fól í gær Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra og Árna Mathiesen fjármálaráðherra að ljúka samningum við skipasmíðafyrirtækið Asmar um smíði nýs varðskips.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu átti Asmar lægsta tilboð í gerð nýs varðskips en það hljóðaði upp á rúma 2,4 milljarða króna.

Heildarkostnaður við smíðina er talinn nema tæplega 2,9 milljörðum króna ef miðað er við að evran sé 90 íslenskar krónur.

Varðskipið verður 93 metrar að lengd og 16 metra breitt en togkrafturinn verður um 100 tonn.



TEIKNUÐ MYND AF NÝJU VARÐSKIPI Varðskipið mun geta dregið stór flutningaskip. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐJÓN

Með þeim krafti getur skipið dregið stór flutningaskip.

Samtals verður skipið 4.000 brúttótonn og mun það geta náð tæplega tuttugu sjómílna hraða.

Hönnun skipsins verður í höndum Rolls Royce í Noregi auk þess sem aðalvélur, girar, skrifubúnaður, snúanleg framdrifsskrúfa,

dráttar- og akkerisvindur og allur stjórnþúnaður skipsins kemur frá sama fyrirtæki.

Afhending skipsins er áætluð þrjátíu mánuðum eftir að samningar milli íslenskra stjórnvalda og Asmar hafa verið undirritaðir. Varðskipið ætti að vera tilbúið til notkunar um mitt ár 2009. -mh

Góð sala í rauðum nefjum:

Nefin seldust víða upp

SÖFNUN Rauðu nefin sem seld voru í tilefni dags rauða nefnsins í gær seldust víða upp. Í mörgum verslunum 10-11 seldust nefin upp og þurfti að beina fólki í aðrar verslanir í leit að nefjum. Í Bónus, ESSO og Glitni gekk salan einnig vonum fram.

Mörg fyrirtæki keyptu nef í hundraða tali en ágóði af sölu rennur til verkefna UNICEF sem starfar með bágstöddum börnum um allan heim.

Hápunktur söfnunarinnar var sjónvarpsútsending Stöðvar 2 þar sem allir helstu skemmtikraftar landsins lögðu sitt af mörkum. -hs

Geislavirkt efni í Scaramella

LONDON Ítalinn Mario Scaramella, sem hittir Alexander Litvinenko á veitingahúsi í London hinn örlagaríka 1.



MARIO SCARAMELLA

þegar Scaramella var skoðaður í gær.

Scaramella segist hafa á fundi þeirra Litvinenkos hafa afhent honum tölvupósta þar sem fram komi nöfn hugsanlegra morðingja rússnesku blaðakonunnar Önnu Politkovskayu. Jafnframt hafi í póstum verið nefnd fleiri væntanleg fórnarlömb þessara manna, þar á meðal nöfn Scaramellas og Litvinenkos. -gb

Ísafjörður:

Snjóflóð á Súðavíkurvegi

SNJÓFLÓÐ Snjóflóð féll á Súðavíkurveg um klukkan tvö í gær dag með þeim afleiðingum að vegurinn lokaðist. Vegurinn var síðan ruddur og opnaður að nýju. Þá féll annað flóð á Eyrarhlíð um klukkan hálfítmí í gær en það flóð lokaði ekki veginum.

Lögreglan á Ísafirði segir snjó á þessum slóðum blautan og er vegfarendum bent á að fara varlega ef þeir eiga leið um fjallvegi á norðanverðum Vestfjörðum.

Veðurspár gera ráð fyrir snjókomu á þessum slóðum nú um helgina. -hs

Segir Jón á bak við uppsögn

Margrét Svverrisdóttir hefur verið sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri þingflokks Frjálslynda flokksins. Heldur ótrauð áfram öðrum störfum innan flokksins og segir uppsögnina úr ranni Jóns Magnússonar.

STJÓRNMÁL Margrét Svverrisdóttir hefur verið sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri þingflokks Frjálslynda. Eftir sem áður verður hún framkvæmdastjóri flokksins og ritari hans. Margrét ætlar að halda áfram störfum sínum innan flokksins og stefnir á fyrsta sæti lista flokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður. „Ég læt ekki hrekja mig úr flokknum,“ segir Margrét.

Spurð um vænleika samstarfs á þingi með þingflokknum sem rak hana, minnir Margrét á að ekki sé útséð með hvort mennirnir sem myndi núverandi þingflokk komist á þing aftur. En fari svo, myndi ágreiningurinn jafna sig. „Það er engin heift í mér, en því er ekki að neita að mér finnst þetta fáránlega að verki staðið og hranalegt. Ég hef til dæmis aldrei fengið áminningu í starfi.“

Margrét segir afstöðu Guðjóns A. Kristjánssonar koma sér mest á óvart. „Við Guðjón höfum starfað saman í tíu ár og það hefur aldrei fyrr, áður en Nýtt afl kom í flokkinn, borið skugga á samstarf mitt og Guðjóns, aldrei. Ég átti ekki



MARGRÉT SVVERRISDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG RITARI FRJÁLISLYNDA FLOKKSINS. Uppsögnin kom Margréti algjörlega í opna skjöldu. Hún hyggst halda ótrauð áfram og ætlar ekki að láta bola sér úr flokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

von á þessu frá honum. Eftir mikið og farsælt samstarf alla tíð, finnst mér þetta kaldar kveðjur.“

Hins vegar, segir Margrét, að mikil umræða hafi verið um viðtal hennar í Fréttablaðinu þar sem

hún útilokaði þingsetu fyrir flokk sem einkenndist af rasisma. Viðtalið hafi verið álitíð „óheppilegt innlegg“ innan þingflokksins og sumir flokksmenn hafi gagnrýnt Margréti fyrir að vera „of atkvæðamikill framkvæmdastjóri“. Uppsögnina megi, án nokkurs vafa, rekja til áhrifa Jóns Magnússonar, formanns Nýs afls. „Hann hefur haft veruleg áhrif á þessa þróun mála,“ segir Margrét og bætir við að hún hafi ákveðnar sannanir fyrir því.

Margrét árettar að lokum að hún sé mjög fylgjandi umræðu um að takmarka frjálst flæði erlends launafólks og að nýta skuli fresti til þess. Hún gefi engan afslátt í þeim efnum. Hún setji þó mörkin við að ákveðin hópar séu teknir út og þeir sagðir sérstaklega óvelkomnir til Íslands. -klemens@frettabladid.is

FULLKOMLEGA EÐLILEG UPPSÖGN

Fullkomlega eðlilega var að uppsögn Margrétar Svverrisdóttur staðið, segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður flokksins. Margrét hafi verið sagt upp til að tryggja að hún yrði ekki í tveimur störfum í kosningabaráttunni. „Við væntum þess að Margrét leiði flokkinn í Reykjavík í komandi kosningum og við fundum fyrir því að það var henni mjög erfitt í síðustu kosningum að sinna báðum þessum störfum,“ segir Guðjón.

Formaðurinn væntir þess að Margrét vinni uppsagnarfrestinn og verði því að störfum til 1. mars. Guðjón telur fyrirkomulagið vera flokknum til góða og telur að Margréti hefði ekki

átt að koma uppsögnin á óvart. Í sumar hafi verið rætt um þessa tilhögun, sem sýni að uppsögnin komi Jóni Magnússyni ekkert við, því þá var hann ekki genginn í flokkinn. Með uppsögninni hafi Guðjón alls ekki lýst yfir vantrausti á störf Margrétar, til þess hafi hann enga ástæðu.

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslyndra, segir málið einfalt. Flokkurinn hafi viljað forðast það að Margrét væri á tvöföldum

launum og fá þannig yfir sig sömu umræðu og er nú fyrir norðan um þingmannsefni Sjálfstæðisflokksins. Einnig sé ósanngjarnt gagnvart öðrum frambjóðendum að Margrét sé í framboði á fullum launum. „Það fer ekki saman að vera framkvæmdastjóri þingflokks og í kosningabaráttu,“ segir Magnús, sem fagnar því að Margrét hafi gefið kost á sér til þings. „Magga hefur alltaf staðið sig mjög vel,“ segir Magnús.




Culiacan
MEXICAN GRILL

Höfum opnað nýjan stað að Hlíðasmára 15, Kópavogi

Allar máltíðir á 950 kr vikuna 1-7. des

www.culiacan.is

Felipe Calderon tók við sem forseti Mexíkó í gær, en athöfnin var stuttaraleg:

Stimpingar í þingsalnum

MEXÍKÓ, AP Felipe Calderon þurfti að sæta lagi til þess að geta tekið við forsetaembættinu í Mexíkó í gær af Vicente Fox. Andstæðingar Calderons á þingi reyndu hvað þeir gátu til að koma í veg fyrir athöfnina.

Fyrr um daginn kom til stimpinga á þinginu og stólum var kastad. Andstæðingar Calderons hafa aldrei viðurkennt að hann hafi sigrað í forsetakosningunum fyrr á árinu.

Þingmenn úr stjórnaflökknum stóðu vörð um Calderon þegar hann gekk inn í þingsalinn. Hann fór í skyndingu með embættiseiðinn, síðan var þjóðsöngurinn fluttur og þá þögnuðu hróp og köll andstæðinga hans um stundarsakir. Loks flýtti Calderon sér út og þingi var slitið.

„Honum tókst það! Honum tókst það!“ hrópuðu stjórnaþingmenn



CALDERON BIÐUR UM ÞÖGN Felipe Calderon stendur í pontu þingsins en við hlið hans er Vicente Fox, fyrrverandi forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

fagnandi þegar ljóst var að athöfninni væri lokið.

Afar naumur munur var á fylgi Calderons og mótframbjóðandans, vinstrimannsins Andres Manuels Lopez Obrador, sem sjálfur lýsti sig fyrir skömmu vera réttkjörinn forseta landsins. -gb

Erlendir tignargestir voru viðstaddir athöfnina á svölum í þingsalnum, þeirra á meðal George W. Bush Bandaríkjaforseti og Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri í Kaliforníu, sem sagði þegar hann gekk inn í salinn: „Þetta er góður hasar.“ -gb



Ferskur
Aðventukrans
1799



Jólasýpris
Pottur 299
199



Hýasinta
takmarkað magn

10kr



Kristþyrnir
í potti
verð frá
399

Aðventan

Hvergi meira úrval

Allar
jólaseríur,
úti og inni
30%
afsláttur
laugardag
og sunnudag



Laugardaginn 2. desember kl. 14.30
mun Regína Ósk taka lagið og árita
plötuna sína í Blómavali Skútuvogi.


blómavali

heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur



Nokia 6131

26.900 kr.
live! símtæki

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.

Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.

Síminn verður sendur til þróunarlanda eða enduruninn.

Látum gott af okkur leiða um jólin



Nokia 6070

13.900 kr.
live! símtæki



vodafone

gríptu augnablikið og lifðu núna

Breytingar á áfengisgjaldi eru enn til meðferðar í fjármálaráðuneytinu:

Áfengisverð verði áfram svipað

STJÓRN MÁL Unnið er að útfærslu á hækkun áfengisgjalds en henni er ætlað að mæta tekjumissi ríkissjóðs vegna lækkunar á virðisaukaskatti á áfengi.

Í frumvarpi fjármálaráðherra, sem hefur að markmiði að lækka verð á matvöru, er fjallað um hækkun áfengisgjalds. Þar kemur fram hver hækkunin á að vera í þremur vöruflokkum. Út frá þeim tölum hafa áfengisframleiðendur og -innflytjendur reiknað út fyrir-sjáanlega hækkun á áfengi og brugðist ókvæða við. Sama hafa ýmis samtök á sviði verslunar og þjónustu gert.

Böðvar Jónsson, aðstoðarmað-

ur fjármálaráðherra, segir útreikningana bygga á meðaltölum en ekki sé víst að sama hækkun leggist á allar vörur. Þá kunnist álagning ÁTVR að verða lækkuð. „Hugmyndin er að áfengisverð breytist lítið heldur verði áfram svipað,“ segir Böðvar.

Útreikningarnir eru flóknir enda þarf að taka tillit til verðs, álagningar og skatta. „Menn hafa verið aðeins of snöggir til og verða bara að bíða eftir útfærslunni,“ segir Böðvar sem býst við að hún liggji fyrir fljótlega. Hann telur áhyggjur af stórhækkun áfengisverðs ástæðulausar en segir hlustað eftir gagnrýnisröddum. - bps



BÖÐVAR JÓNSSON aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Mótmæli í Beirút

Gríðarlega fjölmenn mótmæli stjórnarandstæðinga voru í Beirút í gær og mættu þau öflugum viðbúnaði stjórnarliða. Krafist var afsagnar forsætisráðherra. Fleiri mótmæli hafa verið boðuð næstu vikur.

BEIRÚT, AP Þúsundir stuðningsmanna Hizbollah-hreyfingarinnar í Líbanon og annarra fylkinga, sem aðhyllast nán tengsl við Sýrland, gengu fylktu liði um götur Beirút í gær og kröfðust afsagnar forsætisráðherra landsins, Fuads Saniora.

Sjálfur sat Saniora inni á skrifstofu sinni umkringdur hundruðum lögregluþjóna og hermanna.

Ráðherrar Hizbollah sögðu sig úr ríkisstjórn Líbanons fyrir nokkrum vikum þar sem ekki var orðið við kröfum þeirra um að fá þriðjung ráðherra í stjórninni, sem hefði þýtt að Hizbollah fengi neitunarvald í stjórn landsins.

Mótmælin í gær áttu að fara friðsamlega fram en af ótta við átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu lokaði herinn öllum götum sem liggja að skrifstofu forsætisráðherrans.

Hizbollah hefur boðað fleiri mótmælaaðgerðir næstu vikur og mánuði til þess að hrekja stjórnina, sem nýtur stuðnings Bandaríkjanna, frá völdum.

Saniora sagðist hins vegar ætla að standa af sér storminn, en sagði í sjónvarpsávarpi á fimmtudagskvöld: „fullveldi Líbanons er ógnað og lýðræðið er í hættu.“

Saniora hvatti íbúa landsins til



ANDSTÆÐINGAR STJÓRNARINNAR FJÖLMENNTU Mikil spenna ríkir í Líbanon og stjórnarandstæðingar boða mótmæli næstu vikur og mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þess að sýna sér stuðning með því að flagga í gluggum og á svölum fána Líbanons, en reyndar hafði leiðtogi Hizbollah, Hassan Nazrallah, hvatt andstæðinga stjórnarinnar til þess að gera slíkt hið sama.

Bæði Nazrallah og Saniora höfðu hvatt sínar fylkingar til þess að forðast allt ofbeldi.

Stjórnin og stuðningmenn hennar telja ráðamenn í Sýrlandi standa á bak við aðgerðir Hizbollah og segja að Sýrlendingar vilji ná aftur því tangarhaldi sem þeir höfðu á stjórninni í Líbanon, sínu litla nágrannaríki.

Hizbollah og bandamenn þeirra segja aftur á móti að núver-

andi stjórn landsins sé undir hælum á Bandaríkjamönnum og hafi þar með glatað öllum rétti til þess að stjórna landinu. Hizbollah krefst þess enn að fá nægan hlut í stjórninni til þess að hafa neitunarvald.

Bandaríkjastjórn virðist óttast að Líbanon taki sér stöðu við hlið Sýrlands og Írans sem andstæðingar bandarískra áhrifa í Mið-Austurlöndum.

Spenna hefur verið mikil í Líbanon undanfarið, bæði vegna hernaðar Ísraelsmanna gegn Hizbollah í sumar og vegna morða á áhrifamiklum stjórnmálamönnum í Líbanon sem allir hafa verið hliðhollir Sýrlendingum. - gb

Leki göngustafir fyrir þá sem gera kröfur

Verð frá

5.990

parið



ÍSLENSKA/SÍM/ÚT/3290/1106

AÐVENTUHELGI Í EGG

Uppákomur um helgina:

Laugardag:

13:00 Regína Ósk kemur og syngur og áritar plötu sína,
14:00 Ronja Ræningjadóttir kemur og skemmtir börnum
15:00 Jónsi í Svörtum fötum

Sunnudagur:

13:00 Bríet Sunna syngur
15:00 Friðrik Ómar syngur



7.999 kr. Hitakanna, með lekavörn
2900733



23.693 kr. Espresso kaffivél
1850096



2.099 kr. Borðdúkur
2905090



1.899 kr. stk. Glas
2900759/61/62



999 kr. stk. Diskur, bolli/undirskál
2901600/3



3.595 kr. Hársnyrtíteki
1870791



6.400 kr. Sléttujárn
1804505



3.999 kr. Teppi, 130x170 sm
2900031



2.490 kr. stk. Engill
1244505/98



5.695 kr. Borðlampi
6000550



2.999 kr. Skrufjárnasett, 75stk.
5010140



9.995 kr. Hleðsluborvél
5246034



1.995 kr. Svampmynd
7155921



1.995 kr. Svampmynd
7155921



2.995 kr. Sjónvarpsarmur
5803106



VOPNAÐUR VÖRÐUR Í SÓMALÍU
Þessi kona, með blæju fyrir andliti og byssu reidda til himins, stóð vörð við útifund í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, þegar þúsundir Sómalá söfnuðust þar saman á miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fidel Castro Kúbuleiðtogi er enn alvarlega veikur:

Castro fjarri eigin afmælishátíð

HAVANA, AP Fidel Castro Kúbuleiðtogi hefur verið of veikur til þess að koma fram opinberlega á fimm daga afmælishátíð hans sjálfs, sem varð áttæður í sumar.

Í orðsendingu, sem Castro lét lesa upp á opnunarsamkomu afmælishátíðarinnar á þriðjudagskvöldið, sagðist hann „ekki enn kominn í það ástand, að því er læknar segja, að geta tekið á móti svo gríðarlegum mannfjölda“.

Castro veiktist alvarlega í sumar og hefur aðeins einu sinni komið fram á opinberum vettvangi síðan. Hann varð áttæður þann 13. ágúst, en vegna veikindanna var ákveðið að fresta



Í TILEFNI AFMÆLIS Áttæðisafmæli Fidels Castro er haldið hátíðlegt þessa dagana á Kúbu, en því var frestað í sumar vegna veikinda leiðtogans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

afmælishátíðinni og að ósk Castros var ákveðið að tengja hana hátíðarhöldum vegna fimmtíu ára

afmælis byltingarinnar á Kúbu, sem verða í dag.

Í dag ná jafnframt hátíðarhöldin á Kúbu hámarki með gríðarmikilli hersýningu í höfuðborginni Havana. Búið er við fjölda erlendra gesta en óvíst er hvort Castro sér sér fært að mæta.

Castro fól í sumar bróður sínum, Raúl Castro, að taka að sér stjórnina meðan hann væri að jafna sig á veikindunum.

Stjórnvöld á Kúbu fullyrða að Castro sé á batavegi, en bandarísk stjórnvöld telja hann hins vegar vera illa haldinn af ólæknandi krabbameini og muni vart lifa út næsta ár.

-gb

Fíkniefni í Vestmannaeyjum:

Kannabisefni og kókaín

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók í vikunni þrjá menn í kringum tvítugt vegna grunsemda um fíkniefnamisferli þar sem þeir komu til Eyja með Herjólfí. Við leit í bifreið sem mennirnir voru á fundust 20 grömm af mariúana og um sjö grömm af hassi. Þeir viðurkenndu við yfirheyrslur að eiga efnin.

Þá fundust nýlega fjögur grömm af kókaíni í Eyjum og er það mál enn í rannsókn. Að sögn Tryggva Kr. Ólafssonar lögreglufulltrúa bærust ábendingar sem leiddu til beggja fundanna.

-þsj

Sveinbjörn Markús Njálsson: Stefnir á 1.-4.

STJÓRNMÁL Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri sækist eftir 1.-4. sæti í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu. Í Fréttablaðinu á fimmtudag var ranglega sagt að hann sækist ekki eftir tilteknu sæti. Hér eru birt svör hans við spurningum sem lagðar voru fyrir þá sem sækjast eftir tveimur efstu sætum forvalsins.



tilteknu sæti. Hér eru birt svör hans við spurningum sem lagðar voru fyrir þá sem sækjast eftir tveimur efstu sætum forvalsins.

1. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni? Já.
2. Á að einkavæða Landsvirkjun? Nei.
3. Á að heimila stækkun álvers Alcan í Straumsvík? Nei.
4. Var rétt að einkavæða bankana? Já, en söluferlinu var ábótavant.
5. Á að verðleggja útblástur kolefnissambanda út í andrúmsloftið? Já.
6. Á að stuðla að frekara samstarfi einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu? Já.
7. Var rétt að óska ekki eftir fresti vegna frjálsrar komu íbúa frá átta ríkjum EES til landsins frá 1. maí? Já.
8. Er réttlætlegt að lífeyriskjör þingmanna og ráðherra séu betri en annarra? Nei.
9. Kemur ríkisstjórnarsamstarf VG og Sjálfstæðisflokksins til greina? Félagshyggjustjórn er fyrsti kostur.
10. Á að hækka skatta frá því sem nú er? Já.

Hleranir á árunum 1949 til 1968 fóru ótvírætt fram

Guðni Th. Jóhannesson segir það hafið yfir vafa að hleranir hafi farið fram. Össur Skarphéðinsson segist hissa á því að dómsmálaráðherra skuli varpa því á loft að hugsanlega hafi símar ekki verið hleraðir. Málið í eðlilegum farvegi, segir Bjarni Benediktsson.

HLERANIR Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir það ótvírætt að símar hafi verið hleraðir á árunum 1949 til 1968 en á þeim tíma voru gefnir út sex dómsúrskurðir um hleranir.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær sagðist Björn Bjarnason dómsmálaráðherra líta svo á að ekki hefði enn verið leitt í ljós hvort símar voru hleraðir eða ekki. „Það eru til gögn um það, sem ég vitna meðal annars til í bók minni, sem sýna það ótvírætt að lögreglan hafi hlerað. Árið 1949 og 1951 var úrskurðað um áframhaldandi hleranir og árið 1968 fjölluðu lögreglumenn um að þeir hefðu orðið einhvers vísari við hleranirnar. Út frá þessum upplýsingum finnst mér það hafið yfir allan vafa að hleranirnar hafi farið fram,“ segir Guðni.

Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, telur þær upplýsingar sem opinberaðar hafa verið sýna að nauðsynlegt sé að koma á fót rannsóknarnefnd sem fer yfir

málið í heild. „Það er óhjákvæmilegt, í ljósi upplýsinga sem nú eru komnar fram í dagsljósið, að það verði sett á laggirnar rannsóknarnefnd sem leiði öll þessi mál fram í dagsljósið. Það vekur mikla athygli að margir þingmenn skuli vera hleraðir í miðjum umræðum um landhelgismál og sá grunur vaknar að þær hleranir kunni hugsanlega að hafa verið til þess að grafast fyrir um skoðanir þeirra á þessum viðkvæmu málum,“ segir Össur.

Hann segir hlerun á síma Hannibals Valdimarssonar árið 1961 staðfesta að hleranirnar hafi

ekki einskorðast við þá sem þóttu standa lengst til vinstri á hinum pólitíska kvarða. „Mér finnst það sérstaklega eftirtektarvert að Hannibal Valdimarsson hafi verið hleraður þar sem það slær stóðum undan fyrri skýringum og afsökunum um að hleranirnar hafi beinst að mönnum sem höfðu tengsl við Sovétríkin eða kommúnisma. Hannibal var alla tíð lýðræðislegur jafnaðarmaður og það er með ólíkindum að hann hafi verið hleraður. Ég er hissa á Birni Bjarnasyni að reyna að varpa því á loft að hugsanlega hafi menn ekki stundað hleranir því það er

algjörlega ótvírætt að þær voru í gangi, út frá þeim upplýsingum sem Guðni hefur skoðað og fjallað um.“

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur nefndina sem nú er að störfum geta leitt fram allan sannleika í málinu. „Það hefur náðst samkomulag um að leyfa fagmönnum að fara yfir allar upplýsingar um hleranir og það er nægileg ráðstöfun að mínu mati. Það er ekkert því til fyrirstöðu að nefndin muni fjalla um öll atriði þessa máls og því tel ég málið vera í eðlilegum farvegi.“

magnush@frettabladid.is



GUÐNI TH. JÓHANNESSON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



BJARNI BENEDIKTSSON



USA PRO í jólapakkann

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Njörður P. Njarðvík hlaut barnamenningarverðlaun:

Féð fer til húsbygginga í Tógó

MENNING Njörður P. Njarðvík rithöfundur hlaut barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna árið 2006 fyrir að hjálpa munaðarlausum börnum í Afríku.

Samhliða því fékk hugsjónafélagið Spes fjórar milljónir króna sem verða nýttar til uppbyggingar á heimilum fyrir munaðarlaus börn í Tógó í Vestur-Afríku.

Spes er að reisa barnabörp sem er komið vel á veg. Í þorpinu eru svefnhýsi og í hverju þeirra eru þrjátíu börn.

„Hvert þessara húsa kostar um sex milljónir króna. Þetta eru tveir þriðju úr húsi þannig að það munar mikið um þennan styrk,“ segir Njörður. „Allir peningarnir skila sér beint í verkefnið.“

Við verðlaunaafhendingu í gær var úthlutað styrk upp á 1,5 milljónir króna til sumarbúðastarfs í Vatnaskógi fyrir drengi sem eru ofvirkir eða með hegðunarraskanir.

Framtíðarsjóður Hjálparstarfs kirkjunnar fékk styrk fyrir börn án grunnmenntunar sem vilja komast til framhaldsnáms og Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd fengu hvort um sig eina milljón til að standa straum af fatakaupum fyrir börn



HLAUT BARNAMENNINGARVERÐLAUNIN Njörður P. Njarðvík rithöfundur hlaut barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem búa við erfiðar aðstæður. Þá fékk samvinnuverkefnið Harðjakkarnir 200 þúsund króna styrk og Bjöllukórinn fékk 300 þúsund krónur.

-ghs

Heimsmet í Smáralind í dag



Ashrita Furman á heimsmet í því að setja heimsmet. Hann hefur sett 126 opinber heimsmet samkvæmt Heimsmetabók Guinness og af þeim standa 46 ennþá.



Nokkur af heimsmetum Ashrita

- Fyrsta Guinness met Ashrita vara að gera 27.000 sprellikarlahopp í einni lotu.
- Hoppað á kengúrúpriki upp CN-torninn á 57 mínútum og 51 sekúndu
- Hröðustu 100 m á hoppublöðru – 30.2 sekúndur
- Húlað með stærsta húlahringinn (þvermál) 4.8 m.
- Fljótastur að rúlla sér áfram eina mílu – 19 mínútur og 11 sekúndur

Ashrita ætlar að setja heimsmet í Smáralind í dag fyrir framan verslun Eymundsson klukkan fjögur. Ashrita ætlar að jafnhenda þremur boltum meðan hann sjálfur er á hvolfi ...

Ekki missa af heimsmetstilrauninni í dag!

Heimsmetstilbod á bókinni í verslun Eymundsson!

3.490 –

Fullt verð 4.990–



Tilboði gildir til og með 6. desember.





RISAJÓLATRÉ Þetta fimm hæða háa jólatré er að finna í verslunarmiðstöð í Malasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Héraðsdómur Austurlands dæmdi erfingjum í vil:

Elliheimilið vildi allan arfinn

DÓMSMÁL Héraðsdómur Austurlands dæmdi fjórum erfingjum karlmans í vil, eftir að elliheimili hafði gert kröfu um að fá fjárhæð sem hann hafði erfð, en ekki látið færa inn í erfðaskrá sína.

Maðurinn gerði erfðaskrá í janúar 2003, þar sem hann arfleiddi umrætt elliheimili að andvirði húseignar sinnar, bifreiðar og svo sparifé sem hann átti á bókum í Landsbanka Íslands. Í október 2004 fékk maðurinn arf eftir systur sína, sem nam á sjöundu milljón króna. Erfðaskrá hans var ekki breytt eftir það. Í nóvember sama ár lést maðurinn svo í bílslysi.

Fjögur bróðurbörn mannsins lýstu tilkalli í arfshluta hans eftir systur hans sem lögerfingjar. Forráðamenn elliheimilisins litu hins vegar svo á að erfðaskrá hans hefði ótvírætt borið það með sér að vilji hans hefði verið sá að öll peningaleg verðmæti í hans eigu rynnðu til heimilisins.

Dómurinn leit til þess að maðurinn hefði í erfðaskránni ekki ráðstafað þeim eignum sem hann kynni að eignast eftir gerð hennar. Ekki yrði talið að hún tæki til þeirra fjármuna sem komu í hlut dánarbúsins eftir lát systurinnar. Arfleiðsluvilji mannsins hvað þessa fjármuni varðaði hefði ekki



LANDSBANKINN Maðurinn átti sparifé í Landsbankanum.

verið staðfestur með lögformlegum hætti. Því skyldu þeir ganga til lögerfingja hans.

Bandarísk móðir handtekin:

Banaði barni í örbylgjuofni

BANDARÍKIN, AP Tuttugu og sex ára gömul bandarísk móðir hefur verið handtekin í Ohio í Bandaríkjunum, sökuðu um að hafa banað mánaðargömlu barni sínu með því að stinga því í örbylgjuofni.

Atvikið er talið hafa átt sér stað fyrir ári, en telpan lést á sjúkrahúsi skömmu síðar með allt of háan líkamshita. Rannsókn málsins hefur reynst flókin, því áhrif örbylgjuofna á mannlíkama hafa lítt verið könnuð vísindalega, að sögn Kens Betz, talsmanns dánardómstjóra í Ohio.

Konan, sem á þrjú önnur börn, neitar sök.

LÖGREGLUFRETTIR

Tjónvaldur á tíræðisaldri

Ökumaður á tíræðisaldri keyrði á bil í miðbæ Reykjavíkur á miðvikudaginn og stakk svo af. Lögreglan í Reykjavík hafði hendur í hári mannsins skömmu síðar og játaði hann brot sitt. Hann hefur ekki áður gerst sekur um umferðarlagabrot.

LÖGREGLUFRETTIR

Tvennt slasaðist í árekstri

Tvennt slasaðist í árekstri tveggja bíla á Reykjanesbraut, við Hnoðraholt í Garðabæ, klukkan rúmlega sjö á fimmtudagskvöld. Fólkið var flutt á slysadeild en er ekki mikið slasað. Bílarnir eru mikið skemmdir að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði.



RÚSSNESKUR VODKI Ekki hafa allir efni á svona finum vodka. NORDICPHOTOS/AFP

Drykkjuvandamál Rússa:

Mikil þörf fyrir ódýrari vodka

RÚSSLAND Nauðsynlegt er að hefja á ný ríkisframleiðslu á vodka í Rússlandi, sem seldur yrði mun ódýrari en sá sem einkarekin áfengisfyrirtæki framleiða. Þetta segir Osman Paragulgov, formaður samtaka áfengisframleiðenda í Rússlandi.

Ódýr „vodki fólksins“ eða „félagsvodki“, sem framleiddur yrði samkvæmt lögum og samþykktur af viðurkenndum yfirvöldum, gæti nefnilega bjargað lífi tugþúsunda Rússa, hefur fréttastofa BBC eftir Paragulgov.

Á síðasta ári létust 40.000 Rússar eftir að hafa drukkið vodkalkí, sem oft er eiturefni á borð við rúðuða en selt sem vodki af óprúttum einstaklingum.

- smk

Segja þjóðlendukröfur ríkisins rán

Landeigendur vilja að ríkið afturkalli þjóðlendukröfur í þinglýstar eignir. Lögð hafa verið drög að stofnun landssamtaka landeigenda.

ÞJÓÐLENDUMÁL Í lok 180 manna fundar í Skjólbrekku í Mývatnsveit á fimmtudagskvöldið var samþykkt samhljóða að skora á Árna Mathiesen fjármálaráðherra að afturkalla þjóðlendukröfur ríkisins í þinglýstar eignir í Þingeyjarsýslu. Fjármálaráðherra sendi óbyggðanefnd kröfurnar 7. nóvember síðastliðinn, en í þeim kemur fram að markalínur þjóðlendnanna skuli ná yfir eignarjarðir og jarðir sveitarfélaga á stóru svæði á Norðausturlandi.

Í kröfunum kemur meðal annars fram að 80 prósent af svæði í Þingeyjarsýslu, sem óbyggðanefnd fjallaði um, verði gert að þjóðlendum segir Guðný Svverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. „Kröfurnar eru ofboðlega frekar hjá ríkinu, þeir fara meðal annars inn á þinglýstar eignir landeigenda og gera kröfur um að heilu og hálfu eignirnar verði þjóðlendu. Þetta er rán,“ segir Guðný og bætir því við að þrátt fyrir fögur orð ráðamanna hafi ekkert verið gert til að breyta þjóðlendukröfunum.

Ólafur H. Jónsson, formaður landeigenda Reykjahlíðar ehf., segir að vegna þjóðlendukrafna ríkisins hafi landeigendur Reykjahlíðar slitið samningaviðræðum við umhverfisráðuneytið um þjóðgarð norðan Vatnajökuls, en kröfurnar eru taldar ná yfir um 90 prósent af landi Reykjahlíðar.

Ólafur segir að allir sem komu á fundinn séu gáttaðir vegna yfirgangs ríkisins. Hann segir að



ÞJÓÐLENDUKRÖFUR RÍKISINS Rauða línan á kortinu sýnir aðalkröfu ríkisins um þjóðlendu á austanverðu Norðurlandi. MYND BIRT MED LEYFI LANDMÆLINGA ÍSLANDS

aðgerðir ríkisins séu sovéskar því kröfulýsingunum hafi nú þegar verið þinglýst. „Einn maður tók til máls á fundinum og sagði að hann væri kominn í gíslingu hjá ríkinu því honum hafi verið neitað um fyrirgreiðslu vegna þess að hann ætti ekki lengur nema tíu prósent af því landi sem hann átti fyrir 7. nóvember. Þinglýsingin hvílir eins og mara á jörðinni hans þar til óbyggðanefnd kveður upp úrskurð sinn,“ segir Ólafur.

Í lok fundarins var kjörin þriggja manna nefnd til að undirbúa stofnun landssamtaka landeigenda.

Í kröfu fjármálaráðherra kemur fram að þeir sem telja til eignaréttinda á þjóðlendukröfsvæði ríkisins lýsi kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd fyrir 12. febrúar árið 2007. Óbyggðanefnd mun kveða upp úrskurð í málinu í kjölfarið.

ingifreyr@frettabladid.is

Karlmaður dæmdur í tólf mánaða fangelsi:

Sakfelldur fyrir líkamsárásir

DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir líkamsárásir, í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. Maðurinn var fundinn sekur um líkamsárásir gegn tveimur mönnum í september 2004 þar sem annar þeirra slasaðist alvarlega. Við uppkvaðningu dómsins var tekið mið af því að frá árinu 1985 hefur maðurinn

þrettán sinnum gengist undir dómsáttir eða hlotið dóma fyrir ýmis brot.

Manninum var auk þess gert að greiða áfrýjunarkostnað í málinu og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns.

Dómurinn var staðfesting á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2. júní.

- ifv




Samhæfing líkamans hefur flutt aðstöðu sína í Þverholt 14



Nýir og gamlir viðskiptavinir velkomnir.

SPENNANDI ÆVINTÝRI



Skemmtisigling unglínganna Ýmis og Guðrúnar breytist í hrikalega hættuför þegar sakleysilegur tjarnarhólmi umhverfist fyrirvaralaust í Eyju gullormsins og ævintýrin bíða við hvert fótmál.



Sigrún Eldjárn

2. prentun væntanleg

Gula sendibréfið er æsispennandi saga úr óbyggðum fyrir ævintýraþyrsta krakka. Sigrún Eldjárn samdi söguna og teiknaði myndirnar en hver skrifaði gula sendibréfið?

Edda
edda.is



Allt fyrir jólin!



2,7 MTR.
489,-

VERÐ FRÁ
189,-

INNI- OG ÚTISERÍUR

Mikið úrval af góðum jölaseríum til að nota inni eða úti. Fást í glæru, rauðu og marglitaðar.

GRENILENGJA

Góðar grenilengjur á fínu verði. Lengd á lengju er 2,7 metrar. Nú er kominn tími til að skreyta fyrir jólin, komdu og gerðu góð kaup!



VERÐ FRÁ
1.990,-

„LED“ LJÓSASERÍUR

Ljósaseríur með einstaklega góðri birtu. Má nota innan- eða utandyra. Fást í glæru, bláu og rauðu. Fást 40 ljósa, 84 ljósa og 120 ljósa.



589,-

AÐVENTULJÓS

Nú er tími aðventuljósanna að renna upp. Jólaleg og falleg. Fást í rauðu, hvítu og natur.



VERÐ PR. MTR.
195,-

LJÓASLÖNGUR

Eigum ljóaslöngur í metravís ásamt góðum tilbúnum pakkningum. Pakkarnir fást í nokkrum mismunandi lengdum, 8 mtr., 16 mtr. og 20 mtr seríur. Fást í glæru, rauðu og marglituðu.



4.990,-

160 LJÓSA LED GRÝLUKERTASERÍA

Falleg led grýlukertasería með 160 ljósum. Fæst í glæru og rauðu. Spennubreytir fylgir með.



160 LJÓSA
2.490,-

LJÓSAPILS

Fallegt 160 ljósa ljósapils á tré. Setur á toppinn á tréinu og sérian myndar ljósapils. Straumbreytir fylgir með. Fæst í glæru og marglituðu.



1 STK.
990,-

JÓLALJÓS Í GLUGGA

Falleg jólaljós í glugga eða á vegg. Hreindýr, engill eða halastjarna, allt á sama verði!



2.990,-

LJÓSASLEÐI

Fallegur ljósasleði í garðinn. 4 metrar af ljósa-snúru. Má nota inni og úti. Auðveldur í uppsetningu og þolir íslenskt veðurfar.



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



VERÐ FRÁ
99,-

DAGATALSKERTI

Skemmtileg kerti til að telja niður dagana til jóla. Tvær stærðir. Stórt kerti **499,-**

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.207 +0,50% Fjöldi viðskipta: 385
Velta: 3.436 milljónir

MESTA HÆKKUN

365
FL Group
Kaupþing+5,52%
+1,29%
+1,27%

MESTA LÆKKUN

Tryggingamiðstöðin -2,56%
Atlantic Petroleum -1,77%
Marel -0,64%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,63 +5,52% ... Actavis 66,70 +0,00% ... Alfesca 5,14 +1,18% ... Atlantic Petroleum 555,00 -1,77% ... Atorka 6,38 +1,27% ... Bakkavör 60,90 +1,00% ... Eimskipafélagið 30,90 -0,32% ... FL Group 23,50 +1,29% ... Glitnir 22,50 +0,45% ... Kaupþing 797,00 +1,27% ... Landsbankinn 26,50 +0,00% ... Marel 77,50 -0,64% ... Mosaic Fashions 16,70 -0,60% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,00% ... Össur 112,50 -0,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Vogun ver sig
Fréttablaðið hefur greint frá samþjöppun eignarhalds í HB Granda á undanföllum mánuðum. Tveir hluthafar eiga nú 73 prósent hlutfjár. Annar er Kaupþing sem á um þriðjungshlut. Er talið að Kaupþing horfi á að selja ýmsar eignir út úr félaginu, til dæmis fasteignir, lóðir eða kvóta, sem er varla það sem núverandi stjórnendur hafa í huga. Í gær kom sú tilkynning að stærsti hluthafinn, Vogun, sem er meðal annars í eigu Árna Vilhjálmssonar, stjórnarformanns HB Granda, og Kristján's Loftssonar í Hvali, hefði keypt rúmlega fimm



prósenta hlut Kjalars í Granda. Eftir kaupin fara Vogun og tengdir fjárfestar með um rúman helmingshlut í HB Granda.

Launar aðstoðina

Kaupin eru forvitnileg fyrir þær sakir að Kjalur er að langstærstum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa. Dótturfélag Kjalars er Eglu, annar stærsti hluthafinn í Kaupþingi. Ólafur hefur átt gott og farsælt samstarf við stjórnendur Kaupþings í gegnum árin. Hann hefur líka átt gott og farsælt samstarf við þá Árna og Kristján í gegnum fjárfestingar í Keri sem nú hefur sameinast Kjalari. Á sínum tíma sótti Fjárfestingafélagið Grettir hart að Ólafi í Keri en þeir Árni og Kristján stóðu fast að baki gamals viðskiptafélaga í þeim átökum og hlutu mikinn sóma af. Hver veit nema að Ólafur sé nú að launa Vogunarmönnum greiðann þegar sótt er fast að þeim.

MARKAÐSPUNKTAR ...

Star AcquisitionsCo, sem er að fullu í eigu Promens, hefur ákveðið að framlengja tilbóðsfrestinn í hlutafé Polimoon. Rennur fresturinn út föstudaginn 15. desember. Klukkan 14.50 í gær höfðu eigendur 81,4 prósent hlutfjár í Polimoon tekið tilboðinu.

Velta á skuldabréfamarkaði nam í gær 4,4 milljörðum króna. Engin viðskipti urðu með óverðtryggt skuldabréf annan daginn í röð og litlar breytingar urðu á ávöxtunarkröfu verðtryggtu flokkanna.

Hlutafé Bakkavarar Group hefur verið aukíð um 23.979.203 hluti til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum í eigu Kaupþings banka hf. Heildarfjöldi hluta í Bakkavör Group hf. eftir hækkinguna er 2.157.888.219.

Kaupþing fær meira

Kaupþing hefur safnað 7,4 milljörðum króna til viðbótar við þá 49,5 milljarða króna sem fengust við sölu nýs hlutfjár til alþjóðlegra fjárfesta á dögunum.

Umsjónaraðilar útboðsins, Citigroup Global Markets og Morgan Stanley & Co. International, nýttu sér umframsölurétt, fyrir hönd upphaflegra kaupenda,

að 9,9 milljónum hluta er seldir voru á genginu 750 krónur á hlut.

Hlutafé Kaupþings hefur því verið aukíð sem svarar þessum 9,9 milljónum hluta og nemur nafnverð þess rúmum 740 milljónum króna.

Miðað við gengið 790 er markaðsvirði Kaupþings um 577 milljarðar króna.

- eþa

365 og Teymi lækka þunga skuldabyrði

Teymi selur fasteignir, skuldbreytir lánnum og selur nýtt hlutafé. 365 selur hluti í Wyndeham og Hands. Vaxtaberandi skuldir 365 lækka úr 20 milljörðum í átta.

365, útgefandi Fréttablaðsins, og Teymi, sem urðu til við uppstokkun Dagsbrúnar, ætla að ráðast í viðamiklar aðgerðir til að létta á greiðslubyrði og skuldastöðu félagsanna.

Hlutabréf í báðum félögum réttu við sig í gær eftir mikla lækkun á undanföllum. 365 hækkaði um 5,5 prósent en Teymi um 2,1 prósent. Heildarvelta með bréfin í gær var 8,6 milljónir króna með bréfi Teymis og 46,2 milljónir með bréfi 365. Stærstur hluti veltu bréfa 365 var til kominn vegna kaupa Baugs upp á 41,7 milljónir króna.

Teymi hefur gengið frá samkomulagi um sölu fasteigna fyrir tæpa tvo milljarða króna og verður fjárhæðin nýtt til niðurgreiðslu skulda. Þá hefur verið samið við Landsbankann um að breyta 8,4 milljarða króna skammtímaskuldum í hagstæðari langtímalán.

Í þriðja lagi er stefnt að sölu nýs hlutfjár fyrir fjóra milljarða króna að markaðsvirði. Stærstu hluthafar Teymis hafa boðað þátttöku sína í útboðinu sem fer fram á fyrstu mánuðum nýs árs.

Langtímaskuldir Teymis aukast jafnframt vegna kaupa félagsins á

nú prósent hlut í Hands Holding af 365. Eftir viðskiptin fer Teymi með 49 prósent í Hands en 365 á þrjátíu prósent. 365 fær sex hundruð milljónir króna sem verða notaðar til lækkunar skulda.


Þá hefur dótturfélag Teymis tekið yfir dreifikerfi Digital Ísland af 365. Sú aðgerð lækkar vaxtaberandi skuldir 365 um 650 milljónir.

Forvígismenn 365 hafa samið við Landsbankann um sölutryggingu á 64 prósent hlut í Daybreak, móðurfélagi Wyndeham Press, og fellur Daybreak því úr samstæðu fjölmiðlafélagsins. Þar til viðbótar er stefnt að sölu eftirstandandi hluta í Daybreak og Hands á næstu tólf til átján mánuðum. Söluandvirði eignanna verður nýtt til lækkunar skulda.

Ari Edwald, forstjóri 365, útlökar ekki að stærri hlutur verði seldur í Wyndeham í þessu kasti. Spurður um af hverju allur hluturinn hafi ekki verið seldur segir forstjórinn að þetta hafi verið það sem bankinn treysti sér til að selja að þessu sinni. Þetta sé hins vegar það sem Landsbankinn hafi verið tilbúinn til að tryggja sölu á. Ari bendir á að eignarhlutur 365 í Wyndeham og Hands sé bókfærður á 5,6 milljarða króna og menn geti því lesið út hver skuldastaða félagsins verði takist að selja þessi hlutabréf.

Með þessum aðgerðum lækka vaxtaberandi skuldir 365 úr rúmum tuttugu milljarða króna niður í átta milljarða. Vaxtaberandi skuldir Teymis hækka um tvo milljarða en

Vaxtaberandi skuldir 365 og Teymis fyrir og eftir breytingar



á móti verður félagið endurfjármagnað og hyggst ráðast í hlutafjárútbóð eins og fyrr sagði.

Stjórnendur Teymis reikna með að velta félagsins verði 21-22,5 milljarðar króna á næsta ári en áætlanir 365 gera ráð fyrir tólf til þrettán milljarða króna veltu og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir verði 1,2-1,4 milljarðar.

Þá var í gær tilkynnt til Kauphallar að stjórn 365 hefði ákveðið að gefa út kauprétti að hlutafé í félaginu til 10 lykilstarfsmanna samstæðunnar. Nýta má réttinn að þriðjungi á ári hverju í þrjú ár með fyrstu innlausn í desember 2007. Rétturinn er á samningsgenginu 3,44 krónur á hlut, en samtals gaf stjórnin út kauprétti fyrir 87,3 milljónir hluta. Af stjórnendum fá kauprétt Ari Edwald, forstjóri 365, Viðar Þorkelsson fjármálastjóri og Auðbjörg Friðgeirsdóttir, áhættustjóri og regluvörður. eggert@frettabladid.is

Pundið sleikir tvo dali

Sterlingspundið hefur ekki verið sterkara gagnvart Bandaríkjadali síðan spekulantinn George Soros gerði áhlaup á það í september árið 1992. Eitt pund kostar um 1,97 Bandaríkjadali og er fastlega búist við því að það fari yfir tvo dali á næstunni

Meginskýring fyrir veikingu dalsins er sú að búist er við stýrivaxtalækkun vestanhafs í næstu viku, en á sama tíma er reiknað með vaxtahækkun af hálfu Seðlabanka Englands. Breska hagkerfið óx með mesta hraða í tvö ár á síðasta ársfjórðungi.

- eþa

Sampo girnist Nordea

Finnska fjármálasamsteypan Sampo er sögð vera spennit fyrir fimmtungshlut sænska ríkisins í Nordea að sögn Börsen.

Nordea er stærsta fjármálfyrirtæki Norðurlandanna.

Sjóðir Sampo eru digrir þessa dagana eftir að félagið seldi bankahlutann til Danske Bank. Hlutur sænska ríkisins í Nordea er metinn á 5,7 milljarða evra, það er fimm hundruð milljarða króna. Sampo á



LARS NORDSTRÖM

fimm milljarða evra í sjóði og getur auk þess útvegað aðra fimm eftir öðrum leiðum. Nýr forstjóri tekur brátt við stjórnartauum í Nordea. Lars Nordström lætur af starfi en Daninn Christian Clausen tekur við.

- eþa



Allt það fína frá Kína

Gott úrval af lömpum, vösom og glæsilegri gjafavörum á frábæru verði

Opíð mánudaga - sunnudaga 10 - 18



Gallery Kína
Ármtúla 42 - sími 895 8966

Bönknum og CCP hampað

Bankastjórnar viðskiptabankanna þriggja, Kaupþings, Landsbankans og Glitnis, hlutu viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins sem veitt voru í gær. Þá var tölvuleikjaframleiðandinn CCP, sem framleiðir tölvuleikinn EVE Online, valinn frum-

kvöðull ársins. Í rökstuðningi með viðskiptaverðlauninum kom meðal annars fram að bankastjórnir hefðu stýrt bönkum sínum í gegnum mikíð umrót á árinu. Efasemdir um að þeir gætu átt í erfiðleikum með að endurfjármagna

sig á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefðu ekki orðið að veruleika.

Í rökstuðningi vegna verðlauna CCP segir að með öflugra bakhtarla eigi CCP möguleika á því að vaxa enn frekar.

- hhs

SPH og SPV hafa sameinast

Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra samþykktu einróma á stofnfjáreigendafundum í gær að sameina sparisjóðina frá og með fyrsta janúar 2006. Sameiningin er gerð með fyrirvara á samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Í máli Jóns Þorsteins Jónssonar, fyrrverandi stjórnarformanns SPV, kom fram að samruninn væri gerður með það í huga að auka samkeppnishæfni sparisjóðanna, hagræða í rekstri og auka umfang starfseminnar. Stærri fjármála-fyrirtæki fá betri lánskjör og aðgang að stærri lánveitendum og viðskiptavinum. Sameiningin ætti

því að leiða til meiri hagnaðar og hærri arðsemi fyrir sameinaðan sparisjóð.

Samruninn er með þeim hætti að SPH rennur inn í SPV og fá stofnfjáreigendur í SPH stofnfé í SPV sem gagnjald fyrir sína eignarhluti. SPV er metinn á 61 prósent við samrunann en SPH á 39 prósent.

Nýi sparisjóðurinn er með heildareignir upp á eitt hundrad milljarða króna og nær starfssvæði hans yfir allt höfuðborgarsvæðið. Áætlað eigið fé í lok þessa árs verður á bilinu ellefu til tólf milljarðar króna.

Stjórn nýja sparisjóðsins er



FRÁ FUNDI STOFNFJÁREIGENDA SPV yfirtakur SPH frá og með 1. janúar 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skipuð þeim Jóni Þorsteini Jónssyni, sem verður stjórnarformaður, Agli Ágústssyni, Magnúsi Ármann, Matthíasi Páli Imsland og Styrmi Þór Bragasyni.

- eþa

ALLT FYRIR AÐVENTUNA

TILBOÐ



AÐVENTUKRANS
1.995kr

NÝTT! NÝTT!

MEÐ SJÁLFLÖKKVANDI KERTUM Á
ÖRYGGISSTANDI SEM SLEKKUR Á KERTINU EFTIR
15 KLUKKUSTUNDIR!



40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR
80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR

595kr

TILBOÐ

795kr

TILBOÐ

TILBOÐ

Jólaskreyting
950kr

Hurðakrans
2.850kr

TILBOÐ

TILBOÐ

LÆRÐU AÐ VEFJA
AÐVENTUKRANS

TILBOÐ

Dagatalaskreyting
690kr

TILBOÐ

Skreyttar leiðisgreinar
frá 990kr

Aðventuljós
795kr

Ljúf aðventutónlist laugardag og sunnudag – látum okkur líða vel!

Jóla
leikur
barnanna



heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

OPIÐ TIL
KL. 22.00
FRAM
AÐ JÓLUM!

Elsta félag Íslands 190 ára

Bókmenntafélagið

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Amerkum tímamótum elsta félags Íslands – 190 ára afmæli Hins íslenska bókmenntafélags – er ekki úr vegi að menn reyni að gera sér grein fyrir þeim miklu áhrifum sem félag þetta hefur haft á íslenska menningu fyrr og síðar, þótt starfsemi þess hafi ekki alltaf farið hátt. Það er ekki nóg með að félagið hafi á þessum 190 árum verið leiðandi í því að veita hingað erlendum menningarstraumum með þýðingum og útgáfu á ýmsum grundvallarritum heimsbókmenntanna, heldur hefur það ekki síður lagt sitt af mörkum til að varðveita menningar- og atvinnusögu lands okkar.

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað 1816 og hefur starfað óslitið allar götur síðan. Forveri þess var Hið íslenska lærdómsfélag sem stofnað var árið 1779, en félögin voru svo sameinuð tveimur árum eftir stofnun Bókmenntafélagsins.

Þegar titið er yfir starfs sögu þessa merka félags kemur í ljós að það hefur ekki aðeins látið sig varða bókaútgáfu og fræðastarfsemi heldur kom það nálægt margs konar annari starfsemi fyrr á tímum, starfsemi sem nú er orðin að heilu stofnunum sem reknar eru á vegum ríkisins fyrir fé skattborgaranna. Hið íslenska bókmenntafélag hafði þannig forgöngu um mælingu landsins og gaf út fyrsta rétta uppdráttinn af því. Þá annaðist félagið veðurathuganir fyrir Dani, lét safna miklu efni í Íslandslýsingu þeirra tíma, hafði forgöngu um stofnun Landsbókasafnsins og safnaði og gaf út þeirra tíma lagasafn og hagtíðindi. Auk þess lét félagið sig önnur verkefni varða, sem hafa komið síðari tíma kynslóðum vel til að átta sig á hvernig lífi menn lifðu hér á landi áður fyrr.

Einn er sá þáttur í starfsemi félagsins sem ekki er hvað ómerkastur, en það er útgáfa Skírnis, sem komið hefur út síðan 1927 og er elsta tímarit á Norðurlöndum. Fyrst í stað var tímaritið eins konar fréttatímarit, og er merkileg heimild um samtímann hvað það varðar, en nú á síðari árum er Skírni fyrst og fremst bókmennta- og fræðatímarit.

Það er leitun að félagi eins og þessu erlendis og einsdæmi hendlendis að frjálst félag eigi svo langa og merkilega sögu. Því er mikilvægt að það lifi og dafni um ókomna framtíð, þrátt fyrir tækniframfarir og breytingar á síðari árum.

En það eru einmitt þessar miklu tækniframfarir sem segja má að ógni útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags um þessar mundir. Forsvarsmenn félagsins telja að bækur og annað efni útfelgi á vegum félagsins hafi aldrei verið eins mikið notað og nú um stundir, en hins vegar er sala bóka félagsins ekki í samræmi við það. Rit og bækur félagsins eru notuð á bókasöfnum og þau eintök sem þaðan fást eru ljósrituð og afrituð rafrænt sem aldrei fyrr. Þess eru jafnvel dæmi að kennarar í framhaldsskólum og háskólum standi sjálfir fyrir þessari afritun og útbýti sem kennslugögnum sínum. Þarna eru menn að fara á skjön við lög og almennt siðferði, og það þeir sem síst skyldi – því hvar er fræðslu- og fræðimannsheiður þeirra sem slíka iðju stunda? Ef svo heldur sem fram forfir má jafnvel búast við að draga verði saman í útgáfustarfsemi Bókmenntafélagsins, sem kæmi þá niður á komandi kynslóðum. Fyrir bragðið yrði minna um fræðirit á íslensku, en þeim mun meira notað af erlendum fræðiritum á erlendum tungum, sem væri skref aftur á bak. Hér þarf að verða hugarfarsbreyting meðal skólamanna, en jafnframt þarf að búa svo um hnútana að nemendur og menntastofnanir sjái sér fært að afla sér bóka og annarra rita sem nauðsynleg eru við nám og kennslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉGG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnaldur Porgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

PAUL AUSTER

BRESTIR Í BROOKLYN

„Ég var að leita að rólegum stað til að deyja á. Einhver mælti með Brooklyn ...“

„ÁHRIFARÍK OG HEILLANDI SKÁLDSAGA EFTIR EINN VIRTASTA OG VINSÆLASTA HÖFUND BANDAÐIKANNA“

„Stúttull af skemmtilegum sögum ...“

★★★★★ Blaðið

„Ef þú vilt láta þér líða verulega vel skaltu lesa Brestir í Brooklyn“

Silja Aðalsteinsdóttir, TMM

„grípandi og skemmtileg mannlífs-könnun sem ferðast upp og niður allan tilfinningaskalann...“ Morgunblaðið

Byðandi: Jón Karl Helgason

BJARTUR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kveðið í Kenía

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sótti á dögnum loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kenía. Einum af fulltrúum íslensku sendinefndarinnar fannst talsvert til framlags ráðherrans til ráðstefnunnar koma og orti því:

Við lög vildum færa í letur um loftslags- og útstremisrétt, en Jónína bætti um betur og bannaði hlýnun komplett.



Og þar sem vanda-málið er þá svo gott sem úr sögninni hefur sá hinn sami, sem er sérfróður um loftslags-breytingar, áhyggjur af eigin framtíð.

Við leystum hér loftslagsvandann með lagni, elju og trú. Eg furða mig á hvern fjandann ég fari að gera nú?

Stutt í vinnuna

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir tekur þátt í forvali VG um sæti á einum af þremur framboðslistum flokksins á höfuðborgarsvæðinu. Í bæklingi sem sendur var flokksmönnum kynna frambjóðendur kosti sína og stefnumál og getur Guðfríður þess sérstaklega að hún búi í göngufæri við Alþingi. Hvort hún sé þar með að gefa til kynna að ekki hljóti mengun af ferðum til og frá vinnu skal ósagt látið.



Og þá hló þingheimur

Það gerist ekki oft á Alþingi að þingmenn hlæi sig máttlaus á pontu og sal. Það gerðist þó á fimmtudag þegar Einar Már Sigurðarson og Birkir Jón Jónsson ræddust við um fjár- aukalög. Einar snéri út úr kosninga- slagorði framsóknarmanna og skelltu þeir báðir upp úr. Einar gat vart lokið máli sínu og hörfaði úr pontu og Birkir leist ekki betur á eigið ástand en svo að hann bað Jóhönnu Sigurðardóttur þingforseta vinsamlegast um að róa ástandið. Horfði hún rétt sem snöggvást í augu Birkis og þurfti ekki meira til. Af honum rann hláturhamurinn og gat hann svarað Einari án þess að svo mikið sem brosa.

bjorn@frettabladid.is

Það sem átti ekki að vera hægt

I dag, laugardaginn 2. desember 2006, fer fram forval Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu. Ólíkt því sem tíðkast hefur í prófkjörum annarra flokka þá hafa frambjóðendur ekki eytt milljónum í auglýsingar um hvippinn og hvappinn. Litprentuðu bæklingarnir hafa fengið frí. Vissulega hefur fólk reynt að vekja athygli á sér og sínum málum, en ekki með fjáraustri eins og tíðkaðist meðal annarra flokka. Samt var engum beinlínis bannað að auglýsa; frambjóðendur gerðu einfaldlega með sér heidursmannasamkomulag um að gera það ekki.

Þetta nefni ég vegna þess að samkvæmt hefðbundinni orðræðu stjórnmálanna þá á þetta ekki að vera hægt. Ótrúlega skammt er liðið síðan hver álitsgjafinn á fætur öðrum fullyrta að lýðræðislegt val á frambjóðendum væri ekki mögulegt nema með þeirri aðferðafræði sem Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin hafa tileinkað sér, aðferðafræði auðmagnsins. Í dag hafa vinstri-græn sýnt fram á haldleysi þeirrar klisju með því að vera sönn sjálfum sér og gera hlutina öðruvísi.

Auðvitað snýst þetta ekki aðeins um fjáraustur. Til skamms tíma voru álitsgjafir vanans svo uppfyllir af trú á hina amerísku leið til að velja frambjóðendur, opnu prófkjörin, að allt annars konar verklag var skilgreint sem andlýðræðislegt. Þar á meðal sú aðferðafræði sem er stunduð í flestölum lýðræðisríkjum í Evrópu, þar sem engum kemur til hugar að nota opin prófkjör. Skjótt skipast veður í lofti og nú eru flest prófkjör einungis opin flokksmönnum, líka meðal þeirra flokka sem ætluðu að vera svo einstaklega opnir og lýðræðisleg-



Í DAG | Stjórnmálaflokkar

ir. Auðvitað er líka hægt að misnota flokksprófkjör. Að minnsta kosti gerðust furðumargir samfylkingarmenn í Vestmannaeyjum sjálfstæðismenn á einni nóttu og kusu þannig í tveimur prófkjörum í sama kjördæmi. Samt sem áður finnst mér þessi hugsunarháttur vera á undanhaldi. Æ fleira fólk gerir sér ljóst að aðferðafræði af þessu tagi gengur ekki upp og að þeir sem hana stunda eru þrælur vanahugsunar.

Í sjálfu sér kemur ekkert á óvart við það að Vinstrihreyfingin - grænt framboð skuli vísa veginn þegar að því kemur að hugsa öðruvísi. Tilvist flokksins hvílir á því að hann virði ekki „náttúru-lögmál“ flokkakerfisins og reglur íhaldsflokkanna um það hvað má og hvað má ekki gera í stjórnmálum. Þegar flokkurinn var stofnaður var hann eina stjórnmálaaflið sem þorði að vera á móti hinu nýju utanríkisstefnu Íslands og stuðningi við árástríð gegn Júgóslavíu og Afganistan. Fyrir þetta var flokkurinn úthropaður af mönnum sem töldu sjálfa sig svo ofurraunsæja og með næman skilning á því hvernig veröldin væri að þróast. Málin þróuðust á annan veg. Af utanríkisstefnu Framsóknarflokksins er nú ekki annað eftir en deilur um orðalag á afsökunar-beiðinni. Prófkjörskandidatar Sjálfstæðisflokksins hafa ekkert

annað að segja um Íraksstríðið en hártoganir um „forsendur“ sem öll þjóðin sá í gegnum á undan þeim Davíð Oddssyni og Geiri H. Haarde. Utanríkisráðherraefni Samfylkingarinnar gagnrýnir alla aðra fyrir kjarkleysi til að gera upp við fortíðina en steinþegir sjálfur um afstöðu sína og síns flokks til árásanna á Júgóslavíu. Ef marka má endurminningar fyrrverandi „talsmanns“ þess flokks þá er ennþá til fólk sem ekki er fært um að skilja mann- eskjur sem taka pólitíska afstöðu út frá grundvallarspurningum um stríð og frið. Um þá afstöðu segi ég ekki annað en að ég vona að skilningurinn komi fyrr eða síðar.

Fyrir örfáum árum kepptust stjórnmálamenn úr öðrum flokkum við að fordæma „glóru- lausar öfgar“ vinstri-grænna fyrir að leyfa sér andstöðu við stórvirkjanir og tilheyrandi umhverfisspjöll. Þá skipti ekki máli hvort stjórnmálamaðurinn hét Geir, Valgerður eða Össur. Núna hefur dæmið snúist við og það fólk sem ætla sér frama í stjórnmálum þorir ekki annað en að skilgreina sig sem „grænt“ eða jafnvel „hægrigrænt“ enda þótt afar misjöfn innistæða geti verið á bak við slíka merkimiða þegar til kastanna kemur heima í héraði. Enn og aftur kemur hér fram að þeir einir hafa reynt raunsær sem ekki hugðust sinni stefnu og sínum brögðum.

Þess konar pólitík getur reynt misvel til vinsælda fallin og kannski ekki bjóðandi þeim sem aðeins langar til að vera stórir og komast í feita valdastóla. Á endanum er það samt aðeins þannig sem hægt er að hrinda hugsjónum í framkvæmd. Staðfesta í vegferð á villigötum eða vingulsháttur í leit að valkostum hefur aldrei þokað neinu góðu máli fram á við.

Tökum þátt í forvali

UMRÆÐAN

Verkefni stjórnmálanna

Forval Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu fer fram í dag. Þá veljum við þá sveit sem mun leiða framboðs flokksins í þremur kjördæmum, í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgarkjördæmunum tveimur. Þetta er áreiðanlega í fyrsta skipti sem valið er sameiginlega á framboðslista fyrir fleiri en eitt kjördæmi utan Reykjavíkur. Hefur þessi nýbreytni vakið athygli langt út fyrir raðir flokksmanna VG og mælt vel fyrir. Líklegt er að aðrir flokkar muni í kjölfarið feta í fótspor okkar vinstri grænna, gefist þessi leið vel.

Frambjóðendur í forvalinu eru 30 talsins. Öflug sveit kvenna og karla með mismunandi bakgrunn og reynslu. Ég gef kost á mér í þessu forvali og bið um stuðning félagsmanna í 1.-2. sæti á einhverjum hinna þriggja framboðslista en kosið er um þrjá einstaklinga í hvert sæti 1.-4., alls 12 manns.

Ég tel meðal brýnustu verkefna stjórnmála næstu ára vera m.a. að byggja upp atvinnulíf sem tekur mið af hagsmunum komandi kynslóða með umhverfis- og náttúruvernd að leiðarljósi, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, efla almennings- samgöngur, treysta stóðir allra skólastiga og tryggja



ARNI ÞÓR SIGURÐSSON

jafnrétti til náms og stórefla rannsóknir og vísindi. Þá er nauðsynlegt að útrýma launamun kynjanna og ráða niðurlögum kynbundins ofbeldis, tryggja jafnt aðgengi allra að samfélaginu og standa vörð um eitt öflugt heilbrigðis- og velferðarkerfi fyrir alla landsmenn svo fátt eitt sé nefnt.

Við vinstri græn höfum sterka mál- efnastöðu og sjónarmið okkar eiga vaxandi fylgi að fagna meðal landsmanna. Þjóðin hefur fengið nóg af eyðimerkur- göngu taumlausrar stóriðjustefnu og undirlægjuháttar gagnvart erlendu herveldi sem núverandi ríkisstjórn hefur leitt. Sömuleiðis vaxandi misskiptingu í samfélaginu og niðurskurði í velferðar- og menntamálum. Það er rík þörf á að snúa við stjórnarstefnunni og það verður einungis gert með því að núverandi ríkisstjórn verði felld og ný stjórn með sterki aðkomu vinstri grænna taki við. Í forvalinu munum við velja okkur sterka og samhenta sigursveit sem getur einmitt tekið á við núverandi ríkisstjórnarflokka og snúið við blaðinu með hagsmunum alls almennings að leiðarljósi. Með samstilltu átaki, góðum málstað og öflugri sveit frambjóðenda mun okkur takast það.

Höfundur er frambjóðandi í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu.



Klifurbúnaður
Gönguskór kr. 29.990
Ísöxi kr. 6.990
Hjálmur kr. 5.990
Fæst í Útilíf, Smáralind

BÍLL SEM SPLÆSIR!

Þegar þú kaupir nýjan bíl færðu í kaupbæti **100.000 króna gjafakort** frá Smáralind. Tilboðið gildir á öllum nýjum bílum frá Ingvari Helgasyni. Láttu bílinn kaupa jólagjafirnar í ár!



SUBARU IMPREZA



Verð frá 1.990.000

SUBARU LEGACY



Verð frá 2.490.000

SUBARU FORESTER



Verð frá 2.490.000

SUBARU TRIBECA



Verð frá 4.990.000



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Vnr. 88949776-7

Hreindýr

Kristal hreindýr 30 ljósa,
28x10x45 eða
30x10x35 cm.

1.990

~~3.490~~



1.290

~~2.990~~

Vnr. 88903024

Útisería

útisería, grílukerti, hvít,
170 cm, 90 ljósa.



690

~~994~~

Vnr. 88901112-3

Gluggaskraut

Jólasveinn, 35 ljósa með glærum eða mislitum perum.



JÓLALEIKUR BYND

150 þúsund
króna
inneign í Nóatúni

Vnr. 49800208

Jólasveinn

Jólasveinn með
ljósi.

1.590

~~2.990~~



Vnr. 88902999-3007

Jólatré

Úti jólatré, grænt, 90,
120, 150, 180, 210 eða
240 cm, glærar perur,
220V ljósatré.

Verð frá

4.990

30%
afsláttur af
öllum jó

afsláttur reiknast á kassa

Verð frá
137
með 30% afslætti

Vnr. 88949621-96
Innisería
Innisería. 20, 35, 50
eða 100 ljósa, margir
litir af perum.

Vnr. 88949245-58
Net útisería
Net útisería, 100/150/200
eða 360 ljósa, glær
eða mislit.

Verð frá
1.743
með 30% afslætti

Vnr. 51886133
Jólatré
María jólatré, stál,
100 ljósa, 24V.

4.990
8.479

JÓLA-STEMNING

í BYKO Breidd

Á laugardag og sunnudag verður sannkölluð jólastemning í BYKO Breidd.

ÁLAFOSS KÖRINN

mun flytja skemmtileg jólalög sunnudaginn kl:14.

NÝBAKAÐAR VÖFFLUR

Boðið verður upp á nýbakaðar vöflur laugardag og sunnudag kl 13-15.

KYNNING

verður á jólahvítölinu frá Ölgerðinni laugardag og sunnudag kl 13-17 og kynnt verður notkun slökkvitækja og eldvarnarteppa laugardag kl. 13-16.



Vnr. 49950028
Reybskynjari
Reybskynjari.

790 kr.
~~990~~ kr.



Vnr. 50006018
Slökkvitæki
Slökkvitæki duft með
mæli, 6 kg.

4.990 kr.
~~5.990~~ kr.

laseriúm



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Hvít jól í GP
25% afsláttur
af hvítum stólum og sófasettum



Sófasett 3+1+1

269.000,- 201.750,- stgr.



Chesterfield sófi

225.000,- 168.750,- stgr.



Sófasett 3+1+1

349.000,- 261.750,- stgr.



Hornsófi m/ tungu

259.000,- 194.250,- stgr.



Stakur stóll

89.000,- 66.750,- stgr.

Fjöldi annara tilboða!

GP
gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Opið virka daga 10-18 • lau 11-16 • sun 13-16

MAÐUR VIKUNNAR

Einbeittur heimshornaflakkari

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
VERÐANDI BÆJARSTJÓRI Á AKUREYRI

Samviskusöm og einbeitt í því sem hún tekur sér fyrir hendur, er það sem helst lýsir Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, forseta bæjarstjórnar á Akureyri, en í vikunni var tilkynnt að hún muni taka við starfi bæjarstjóra á Akureyri 9. janúar. Þá mun Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri láta af störfum en hann mun leiða lista sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.

Auk þess að vera forseti bæjarstjórnar er Sigrún jafnframt varaformaður bæjarráðs á Akureyri, formaður menningarmálanefndar og varaformaður framkvæmdaráðs.

Sigrún er gift Jóni Björnssyni, framkvæmdastjóra Lífsváls ehf., og eiga þau tvö börn, Kamillu Dóru 10 ára og Björn Kristinn 8 ára.

Sigrún er fædd og uppalin í Keflavík, yngst af fimm börnum og á tvær eldri systur og tvo eldri bræður. Foreldrar hennar eru Jóhanna Kristinsdóttir og Jakob Arnason.

Hún er sögð hafa verið félagslynd sem barn, var samviskusöm og strax mikill lestrarhestur. Hún var dugleg í námi, byrjaði fimm ára í skóla og var því alltaf einu ári yngri en bekkjarsystkini hennar. Strax sem barni var henni treyst fyrir ýmsu, því hún þótti svo þroskuð og samviskusöm.

Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund og heldur enn tengslum við vinkonur frá menntaskólaárunum. Hún var ekki mikið áberandi í skólalífnum, en hún var formaður 4. bekkjarráðs og hefur haldið utan um samkomur eins og endurfundi bekkjarfélaganna síðan náminu lauk. Á menntaskólaárunum var hún skellegg og ákveðin, en var þá ekki orðin sjálfstæðismanneskja, eins og nú. Raunar segir vinkona hennar frá þessum árum að flestir hefðu veðjað á að hún myndi enda hinum megin í pólitík.

Eftir menntaskólann fór Sigrún í 16 mánaða heimsreiðu ásamt vinkonu sinni, þar sem hún tólti meðal annars eftir Kínamúrnum víðfræga. Að heimsreisunni lokinni fór hún til Lucerne í Sviss

þaðan sem hún lauk námi í hóteltjórnun árið 1990. Þar tók hún virkan þátt í félagslífi skólans og hélt meðal annars kveðjuræðu fyrir hönd nemenda við útskrift.

Heimshornaflakkinn var ekki lokið eftir dvölinni í Sviss, heldur fluttist Sigrún þaðan til Japan, þar sem hún lauk starfsnámi.

og álfa á milli heldur Sigrún enn sambandi við fjölda fólks. Hún er sögð þekkja alveg „ógrynni af fólki“, góður vinur vina sinna auk þess sem hún leggi metnað í að rækta vinskap.

Sigrún hefur setið í bæjarstjórn Akureyrar frá árinu 2002 og er því, utan Kristjáns, reynslumesti bæjarfulltrúinn í meirihluta Akureyrarbæjar.

Hún hefur unnið mikið að menningarmálum og hefur mikinn áhuga á þeim. Fyrir utan að vera enn dugleg að sækja menningarviðburði. Þá hefur hún þótt hugmyndarík í menningarmálanefnd og dugleg að koma hugmyndum í framkvæmd. Einn andstæðingur hennar í stjórnarmálum sagði meira að segja að hún þyrfti að víkka áhugasvið sitt svoltið út fyrir menningarmálin til að verða góður bæjarstjóri. En ef hún láti Kristján ekki stjórna sér of mikið verði hún góður bæjarstjóri.

Allir sem rætt var við, hvar svo sem þeir standa í stjórnarmálum, voru á því að Sigrún yrði góður

stjórnandi. Hún sé atorkumikil og dugleg og gifurlega einbeitt í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún sé ekki fljótfær en samviskusöm, og sumir vilja meina jafnvel of samviskusöm ef það er hægt. Það lýsir sér kannski í því að hún vill ekki skila verkefnum frá sér fyrr en hún er ánægð og undirbýr sig vel fyrir fundi. Slík vinna krefst skipulagningar, sem skilar sér líka inn á heimilið.

Þá þykir mjög gott að vinna með henni og hún þykir líkleg til að sitja á friðarstóli sem bæjarstjóri, því hún hlustar á alla aðila, er skynsöm og laus við pólitískar öfgar. Í samningum er hún ekki ósveigjanleg og alls ekki ósanngjörn.

Erfitt var fyrir viðmælendur að finna galla Sigrúnar. Sumum fannst þó að hún yrði að taka upp aðeins meiri ákveðni þegar hún verður bæjarstjóri, bæði í ræðustíl en einnig þegar þarf að taka af skarið.



Fyrir suma er stefnan tekin á London, París og Róm, en fyrir Sigrúnu lá leiðin frá Kyoto til Fáskrúðsfjarðar, þar sem hún var hóteltjóri á Hótel Austurlandi, áður en hún tók við hóteltjórastöðu á Hótel Norðurlandi. Á Akureyri kynntist hún eiginmanni sínum, Jóni Björnssyni, sem er Akureyringur en var þá búsettur í Reykjavík. Þau fluttust suður og giftust árið 1995 en tveimur árum síðar sneru þau aftur til Akureyrar þar sem þau hafa búið síðan.

Eftir allt flakkið sem ung kona hefur aðeins hægst á ferðalögum til útlanda, utan vinnuferða. Fjölskyldan tryggir sér þó að komast í skíðaferð erlendis einu sinni á ári, og sækist frekar eftir því að ferðast innanlands. Eiginmaður hennar segir hana nú reyndar ekki stórkostlega skíðamanneskju, en henni hafi farið mikið fram á því sviði eftir að hún flutti frá Keflavík.

Eftir mikið flakk, landshorna



Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni

Ljóð í sjóð er glæsilegr safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslíf Íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið affram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónum í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOOs Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.



Ljóð í sjóð



Sólríkar sæluferðir til Marmaris Içmeler



Tyrkland

Türkisblátt & töfrandi

maí - september 2007



Faber - Içmeler ★★★★★

Einstaklega skemmtilegt íbúðahótel með sérlega ljúfu starfsfólki og góðum anda.

Verðdæmi í viku:

46.690

kr. á mann (2 fullorðnir og 2 börn í viku)
Brottför 24. ágúst 2007.
55.005 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Í Marmaris glitrar türkisblár flóinn í sólskininu og hefur heillað Íslendinga upp úr skónum. Gestrisni heimamanna er rómuð, maturinn frábær, menning og náttúra engu lík. Marmaris er staður fyrir líf og fjör en jafnframt afslappað andrúmsloft – staður þar sem fólki líður vel.



Forum Residence - Marmaris ★★★★★

Frábær kostur með stórum og björtum íbúðum á skemmtilegum stað.

Verðdæmi í viku:

46.700

kr. á mann (2 fullorðnir og 2 börn í viku)
Brottför 24. ágúst 2007.
55.005 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



Grand Azur - Marmaris ★★★★★

Drottning hótelanna í Marmaris. Sígilgt, virðulegt og vandað fimm stjörnu lúxushótel.

Verðdæmi í viku:

68.646

kr. á mann (2 fullorðnir með 1 barn í viku)
Brottför 25. maí 2007.

Sala er hafin. Missið ekki af gullnu tækifæri til að upplifa ógleymanlegt sumar 2007.



VISA



ÚRVAL ÚTSÝN

Sími 585 4000
www.urvalutsyn.is

Betur má ef duga skal

UMRÆÐAN

Fjölmiðlar

Ef takmarkanir á auglýsingasölu Ríkisútvarpsins verða ekki hertar, megum við alveg eins eiga von á ríkiseinokun í fjölmiðlerekstri hér á landi innan skamms tíma, að minnsta kosti í ljósvakafréttum. Frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. var afgreitt á fundi menntamálanefndar Alþingis í fyrrakvöld en frumvarpið var samþykkt með atkvæðum meirihlutans gegn atkvæðum minnihlutans. Nefndin samþykkti aðeins tvær breytinga-tillögur um stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Í fyrsta lagi að Ríkisútvarpinu verði áfram óheimilt að birta auglýsingar á netinu. Það hefur hingað til ekki verið heimilt, en því stóð til að breyta samkvæmt frumvarpinu. Í öðru lagi að kostunarsamningar um einstaka dagskrárliði megi ekki vera herra hlutfall af kostunar- og aug-



JÓN ÁSGEIR
JÓHANNESSON

lýsingatekjum samanlagt en nú er. Þannig að umfang kostunar getur vaxið áfram eins og auglýsinga, sem ekkert eru takmarkaðar. Í raun gera þessar aðgerðir lítið sem ekkert til þess að tryggja það að frjáls fjölmiðlun geti lifað góðu lífi hér á landi eins og við flest getum eflaust verið sammála um að sé æskilegt. Og hvað er þá til ráða? Eina leiðin til að tryggja það að hér ríki frjáls fjölmiðlun er að auglýsingatími í RÚV verði takmarkaður frá því sem hér er í dag. Það yrði til þess að svigrúm einkarekinna fjölmiðla til aukinnar dagskrárgerðar myndi aukast verulega. Þá myndi það gerast, á tiltölulega stuttum tíma, að fleiri einkaaðilar myndu sjá sér hag í að hefja starfsemi á ljósvakamarkaðnum

hér á landi sem ætti að vera í samræmi við stefnu núverandi stjórnar-flokka. Eins og staðan er í dag, dett-ur fáum í hug að hefja rekstur í fjölmiðlageiranum enda hefur sagan sýnt að flest þessara fyrirtækja eru ekki langlíf. Með breyttum áherslum, myndu fjölmiðlar verða langlífari, fleiri myndu fá störf í þessum geira og dagskrárgerðin yrði fjölbreyttari.

Það er ekki eðlilegt að ríkisfyrirtæki sé í beinni samkeppni við einkarekin fyrirtæki, sérstaklega þegar markaðurinn er eins lítill og erfiður og sá íslenski er. RÚV á að einbeita sér að því hlutverki sem ríkisfjölmiðill á að sinna og það er að sýna vandað menningarlegt dagskráefni. Þá er hlutverk Ríkisútvarpsins að styðja sérstaklega við íslenska dagskrárgerð, það er efni á sviði lista, vísinda og sögu sem allt of lítið er gert af í íslenskum fjölmiðlum. Það má þó velta því fyrir sér hvort frumvarpshöfundar hefðu ekki mátt leiða hugann að því

hvort einkareknir fjölmiðlar séu nokkuð verr til þess fallnir að sinna menningarhlutverki RÚV. En það er þó ljóst að til þess þyrfti þó þann stuðning úr almenningsjóðum, sem nauðsynlegur er til framboðs á slíku efni.

Það er hreint með ólíkindum að ekki hafi verið samþykkt af menntamálanefnd Alþingis að takmarka til að mynda auglýsingamínútur í útsendri dagskrá, þótt ekki væri nema við núverandi umfang, þegar ljóst er að frjálsir fjölmiðlar eiga í miklu basli með að halda sér á floti eins og flestir hafa eflaust orðið varir við. Þá þykir mér einnig einkennilegt að skilningur manna á þessu máli sé ekki meiri en raun ber vitni.

Ég tel afar mikilvægt í fyrsta lagi að leita svara við því hvort RUV eigi rétt á sér yfir höfuð. Ef svo er, hvers eðlis á reksturinn að vera. Í dag hefur RUV bein áhrif á umhverfi einkarekinna fjölmiðla í samfélaginu. RUV hefur bolmagn

til að yfirbjóða einkastöðvar hvort sem um er að ræða íþrótt- eða afþreyingarefni ásamt því að verja um það bil hálfum milljarði króna árlega í fréttir og Kastljós. Það þarf nauðsynlega að setja RUV mun strangari reglur og ramma um það hvernig stofnunin getur starfað, ef menn vilja sjá fleiri fjölmiðla en einn, fleiri en einar sjónvarpsfréttir og fjölbreyttari dagskrárgerð en þá sem RUV hefur upp á að bjóða. Ég trúi því ekki að menntamálaráðherra vilji bara hafa fréttastofu RUV í útvarpi og sjónvarpi. Það er döpur niðurstaða sem að öllum líkindum er staðreynd fari frumvarpið í gegn eins og það var afgreitt úr menntamálanefnd þingsins í vikunni. Menn hljóta að spyrja hvað næst, ríkisdagblað? Hvernig stendur á því að varaformaður flokks sem boðar frelsi og stuðning við einkaframtakið leggur fram frumvarp í hróplegri andstöðu við stefnu Sjálfstæðisflokksins? Höfundur er stjórnarformaður 365.

Vinstri grænir - kjósum í dag

UMRÆÐAN

Stjórnmál

Í dag kjósum við, Vinstri-græn, þingmannsefni okkar á suðvesturhorninu fyrir alþingiskosningar-arnar í vor. Undirrituð gefur þar kost á sér í 2. sæti.

Vinstri-græn hafa allt frá stofnun verið leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum. Við höfum talað röddu skynseminnar meðal annars í umhverfismálum, utanríkismálum og hagstjórn. Stjórnarherrarnir hafa hins vegar sjaldnast borið gæfu til þess að hlusta og nú er svo komið að flestar þær spár sem við settum fram hafa því miður gengið eftir.

Við vörudum við stríðsbróti Bandaríkjamanna og taglhnýtinga þeirra, bæði í Afganistan og í Írak. Nú er svo komið að borgarastríð ríki í báðum löndum, tortryggni og bil milli menningarheima eykst dag frá degi og engin lausn virðist í sjónmáli. Þessu vörudum við Vinstri-græn við en stjórnarherrarnir skelltu skollaeyrum við og settu Ísland á lista hinna viljugu þjóð í trássi við lög og vilja almennings.

Við vörudum við ofhitnun efnahagskerfisins sem að stóriðjubrjalæði myndi hafa í för með sér og nú



AUÐUR LÍLJA
ERLINGSDÓTTIR

er svo komið að Seðlabankinn sér sig knúinn til að hækka stýri-vexti á hverjum vaxta-ákvörðunardegi til að koma í veg fyrir óðaverðbólgu.

Við vörudum við því að um óafturkræf náttúruspjöll væri að ræða við byggingu Kárahnjúka-virkjunar og þrátt fyrir að þau spjöll verði ekki aftur tekin er gleðilegt að sjá að meirihluti þjóðarinnar virðist kominn á okkar skoðun.

Vinstri-græn hafa komið málum á dagskrá sem nú þykja sjálfsögð og eðlileg en hefði verið óhugsandi að fengju hljómgrunn fyrir átta árum eða svo. Umræða um kvenfrelsi, kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamun hafa ratað inn í sali Alþingis fyrir tilstilli þingmanna okkar. Málefni náttúru og umhverfis eru nú í einhverri mynd hluti af stefnu allra flokka á landinu.

Ég vil leggja mitt af mörkum til að rödd okkar Vinstri-grænna hljómi áfram háum rómi út í samfélaginu. Ég vil leggja mitt af mörk-

um til að Vinstri-græn nái þeim styrk sem þarf til að koma á róttækum breytingum, íslensku þjóðfélagi til framdráttar.

Við munum standa vörð um velferðarkerfið og rétta hlut þeirra sem hafa orðið undir í samfélagi sem einkennist af einstaklingshyggju og ofurtrú á vald peninganna. Við ætlum að byggja upp öflugt atvinnulíf sem hvílir á fjölbreyttum stöðum og höfnum einhæfum skyndilausnum. Við látum náttúruna njóta vafans í öllum okkar aðgerðum og umgöngumst landið okkar af virðingu. Við berum ábyrgð og eigum að gæta bræðra okkar og systra. Vinstri-græn munu aldrei leiða þjóðina út í stríðsrekstur á erlendri grund heldur munum við gera okkar besta til að gera Ísland að leiðandi afli í frið-venlegri heimi.

Ég stend fyrir öll þessi mál og meira til. Mestu skiptir þó að við Vinstri-græn munum ekki bregðast kjósendum okkar. Við stöndum keik og erum stolt af okkar málflutningi. Við munum halda áfram að berjast fyrir því að færa íslenskt þjóðfélag fram á veginn. Ég er Vinstri-græn.

Höfundur er formaður UVG og frambjóðandi í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu.

Kærleikur í félagshyggju

UMRÆÐAN

Stjórnmál

Undanfarið hef ég velt því mikið fyrir mér hvort fólk á hægri kantinum nái ekki að skilja umhyggjuna sem fylgir félagshyggju og því að byggja upp gott velferðarkerfi til að tryggja að allir hafi jafnan rétt og jöfn tækifæri og að enginn búi við fátækt. Ég hef nefnilega orðið aðeins vör við niðrandi tal um félagshyggju, að hún sé gamaldags og af illu sprottin. Hvað er gamaldags við félagshyggju? Er heimurinn núna í alvörunni orðinn svo firrtur og mikið breyttur að raunveruleg gildi eins og náungakærleikur, umhyggja og velferð fyrir alla séu orðin úrelt? Hvernig má það eiginlega vera? Eru þetta ekki æðstu gildi lífsins á jörðinni? Ef allt fólk og öll fyrirtæki bæru umhyggju fyrir fólk í kringum sig þá gætum við lifað í mun betri heimi þar sem nútímaprælahald og ofbeldi þekktist ekki.

Nútíma félagshyggja á akkúrat ekkert skylt við kommúnisma austantjaldsins. Fasismi er til bæði vinstra og hægra megin í pólitík og félagshyggja og vilji til að byggja upp gott velferðarkerfi, sem kemur sér vel fyrir allt samfélagið í heild, á akkúrat ekkert skilið við fasisma af neinu tagi.

Nútíma félagshyggja byggir á því að vilja tryggja umhyggju, velferð, jöfn tækifæri og jafnan rétt fólksins innan samfélagsins. Er eitthvað gamaldags eða neikvætt við það? Nei aldeilis ekki. Fremstu lönd heims, Norðurlöndin, byggja sitt samfélag á nútíma félagshyggju. Öll Norðurlöndin hafa byggt upp mjög góð samfélög þar sem fólk er yfir höfuð ánægt með að borga skattana sína því það hefur vissu fyrir því að það fær fyrir það góða þjónustu kerfisins á öllum sviðum. Það var byggt upp af áratuga ötu stafi félagshyggjufólks í stjórnun þeirra landa. Á Norðurlöndunum eru bestu mennta- og heilbrigðis-kerfin sem tryggja jafnan aðgang allra án gjaldtöku. Eitt af fáum málum sem misfórust í þessum löndum voru innflytjendamálin, þar sem löndin voru einfaldlega ekki nógu vel undirbúin undir að þangað streymdi fólk alls staðar



ANDREA
ÓLAFSDÓTTIR

af í stórum hópum. Þar gerðu þeir mistök og hafa nú gildið fyrir það í Svíþjóð og Danmörku þar sem hægriflokkar komust að í stjórn vegna þessara mála. Að öðru leyti hafa félagshyggju-flokkar Norðurlandanna staðið sig ofboðslega vel í uppbyggingu samfélaga sem eru með þeim fremstu í heimi hvað varðar velferð fólksins.

Það að tryggja öllum borgurum landsins jöfn tækifæri til menntunar og koma í veg fyrir mismunum í grunnþjónustu samfélagsins er einfaldlega ávísun á réttlátara samfélag fyrir okkur öll. Íslendingar þurfa að fara að passa sig á því að horfa ekki of mikið til Bandaríkjanna hinna „frjálsu“ þar sem fólk er mismunad alveg ofboðslega, bæði hvað varðar menntun og heilbrigðisþjónustu. Þar eru það hinir ríku sem hafa forskot og frekari tækifæri innan þjónustu á þessum sviðum en hinir fátæku hafa ekki færi á að koma sér út úr fátæktinni.

Að sjálfsögðu er það betra fyrir okkur öll að samfélagið byggi á traustum grunni sem við öll getum leitað til þegar við þurfum á því að halda. Gott menntakerfi sem veitir öllum jafnan aðgang, án tillits til fjárhagslegrar stöðu, tryggir okkur grunn sem getur ekki annað en vaxið og dafnað. Það að fólk fái síðan tækifæri til athafna á vinnu- markaði, stofni fyrirtæki o.s.frv. á ekki að þýða að það geti misnotað sér annað fólk til að búa til peninga fyrir sig. Þess vegna verður að tryggja réttindi hins vinnandi fólks og hafa lög um lágmarks- laun. Lágmarkslaunin mega heldur ekki vera svo lág að þau nái ekki utan um lágmarksframfærslu fólks. Á Íslandi í dag ætti ekki einasta manneskja að þurfa að búa við fátækt. Það þarf að breyta lögum og hækka lágmarkslaunin þannig að tryggd sé að enginn þurfi að lifa nálægt fátæktarmörkum.

Ræktum umhyggju og náungakærleika, tryggjum jöfn tækifæri og jafnan rétt fólksins í almennilegu velferðarkerfi – tryggjum nútíma félagshyggju meirihluta á Alþingi í kosningum í vor.

Höfundur gefur kost á sér í 2.-4. sæti í prófkjöri VG á höfuðborgarsvæðinu.

Útsala, Útsala

30 - 50 % verðlækkun

Dæmi um verð	áður	Núna
Röndótt peysa	7.500	3800
Tweedfrakki	8.900	6200
Leðurjakki	14900	8900
Drakt	13300	6700

Einnig úrval af eldri fatnaði á 990.-

Helgaropnun
Laugardag 2. des opið 10.00- 19.00
Sunnudag 3. des opið 12.00-18.00
Virka daga opið 10.00- 18.00

www.friendtex.is

Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um mál-efni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlumum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Vonbrigði með óbreytt ástand launamisréttis

UMRÆÐAN

Jafnréttismál

Haustið 1994 kynnti ég sem félagsmálaráðherra skýrslu um launamál kynjanna. Þessi skýrsla sem var hluti af norrænu jafnlaunaverkefni staðfesti því miður það sem allir töldu sig vita um launamisrétti á Íslandi. Að konur uppskáru aðeins tvo þriðju af launum karla fyrir störf sín. Nú ellefu árum seinna fáum við að heyra að skýrsla unnin eftir sömu forsendum árið 2006 sýnir óbreytt ástand í launamálum. Sama misrétti viðgengst eftir áratuga jafnréttisbaráttu kvenna. Sama launamisrétti ríkir þrátt fyrir að konur hafi nú siglt fram úr körlum með að sækja sér menntun og þrátt fyrir að Ísland sé með mestu þátttöku kvenna í atvinnulífnum. Hvað er eiginlega að? Eru fordómar ríkjandi hjá atvinnurekendum og eru stjórnvöld ófær um að grípa til dugandi aðgerða í þessu réttlætismáli?

Fyrstu viðbrögð mín við skýrslunni fyrir áratug voru þrenns konar.

Að leggja fram í fyrsta sinn á Alþingi tillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Að flytja tillögu um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar um starfs-

menn með fjölskylduábyrgð.

Að skipa starfshóp til að fylgja skýrslunni eftir og fá til verka það fólk sem hafði unnið að skýrslunni og sýndi brennandi áhuga á framhaldi vinnunnar. Því miður hafði Vinnuveitendasambandið ekki áhuga á þátttöku í starfi þessa starfshóps. Ég kaus að fela aðilum frá stéttarfélagum, vinnu-markaði og Jafnréttisráði að framkvæma þessa ákveðnu vinnu ásamt gagnaöflun erlendis frá með tilliti til starfsmats í stað þess að skipa pólitíska nefnd. Eftirmaður minn á ráðherrastóli kaus hinsvegar að fara aðra leið og eftir dúk og disk



RANNEIG GUBMUNDSDÓTTIR

fyrir þeim félagslegu réttindum sem hafa þótt svo sjálfsögð á hinum Norðurlöndunum. Fæðingarorlof fyrir báða foreldra er nú mikilvægur þáttur í möguleika foreldra á að samræma atvinnu og fjölskyldulíf ásamt öflugri leikskólaþjónustu, grunnskólaþjónustu,

tómstunda- og íþróttafraumbóði barna og félagslegum réttindum sem hægt gengur að ná fram. Að þessir þættir séu í lagi er undirstaða jafnræðis og jafnréttis og að unnt sé að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.

Íslenskar konur eignast flest börn í Evrópu og eru flestar á vinnu-markaði. En ungar fjölskyldur hafa ekki átt hækka í horni hjá þessari ríkisstjórn. Hún hefur skert vaxtabætur og barnabætur og ekki staðið við samkomulag við vinnu-markaðinn um endurskoðun húsaleigubótanna. Grundvelli er stöðugt kippt undan áætlunum stórskuldugra fjölskyldna með stjórnvaldsaðgerðum. Þetta er óþolandi staða.

Í lýðræði felst að að ákvarðana-

töku komi bæði kynin og að áhrif kvenna flytjist frá jaðrinum inn að miðju ákvarðanatökunnar. Í þessu felst sú framför sem við æskjum. Þess vegna á að tryggja þátttöku kvenna á öllum sviðum, flytja þeim degi að konur verði eðlilegur helmingur í ríkisstjórn, á Alþingi og í áhrifastöðum í þjóðfélaginu. Að svokallað tvenndarlýðræðið komist á. Við þurfum að beita aðgerðum á öllum hugsanlegum sviðum til að ná þessu markmiði.

En mikilvægast af öllu er að konur og karlar verði jafngildir einstaklingar sem fá sömu laun fyrir sömu vinnu.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar í suðvesturkjördæmi.

AF NETINU

Uppgjörð við Írak

Egill Helgason spyr hvort ekki sé vinur sá er til vammis segir

Björn Bjarnason segir á vef sínum að ein meginástæðan fyrir stuðningnum við Íraksstríðið sé að Íslendingar standi með vinum sínum - „hefðbundnum samstarfsríkjum“. En er ekki vinur sá er til vammis segir?

Þegar vinir manns eru í tömu rugli, er maður þá að gera þeim greiða með því að fylgja þeim eftir í blíndni? Nei, svona vinátta er ekki annað en þjónkun. Á máli alkafræðanna heitir það að „kóa“ og þykir ekki gott. Hjálpar ekki þeim sem er í ruglinu.

Frakkar og Þjóðverjar voru á móti innrásinni. Vildu ekki taka þátt. Voru skammaðir og uppnefndir fyrir vikið, hápunkt náði það þegar djúpsteyktar kartöflur máttu ekki lengur kallast „franskar“. Þetta eru líka „hefðbundin samstarfsríki“. En Björn gerir lítið úr Chirac og Schröder. Segir um Schröder að hann hafi ákveðið að „veðja“ á andstöðu við stríðið. Klykkir svo út með að andstaðan hafi ekki orðið til að auka hróður Þýskalandskanslara og Frakklandsforseta eða vinsældir heima fyrir.

Nú kann það vel að vera - þetta er bara ónýtur mælikvarði. Það ætti Björn að skilja, enda telur hann sig ekki vera vinsældapólitikus. Er kannski hugsanlegt að leiðtogar Frakklands og Þýskalands hafi einfaldlega vitað betur en Bush og neoconarnir í Washington - sem aftur og aftur þurftu að grípa til lyga og áróðurs til að réttlæta stríðið - að þeir hafi einfaldlega skilið stöðuna betur, jafnvel haft betri upplýsingar? Vitað eins og síðar kom á daginn að þetta myndi skapa glundroða og hörmungar og að stríðið væri ekki siðferðilega verjandi?

Í því sambandi má til nefna að Frakkar hafa einstaklega góða þekkingu á arabaheiminum eftir aldalöng kynni af honum, fyrst sem nýlenduveldi og síðar í gegnum mikinn fjölda innflytjenda. Eftir 11/9 var franska leyniþjónustan einn fyrsti aðilinn sem bandarísk yfirvöld leituðu til. Og nú geta Chirac og Schröder sagt I told you so - meðan Bush og Blair hrekjast úr einni lyginni í aðra. Annars er lítil ánægja fólgin í því að hafa haft á réttu að standa í svo döpru máli. Svo er það náttúrulega orðhengils-háttur að segja að innrásin hefði verið gerð hvort sem Íslendingar voru með eða á móti. Jú, auðvitað ráðum ekki neinum úrslitum á alþjóðavettvangi, en siðferðilega skiptir afstaða okkar máli. Erum við ekki að sækjast eftir sæti í öryggisráðinu til að rödd okkar geti hljómað betur? Er traustvekjandi að á sama tíma skuli ráðherra í ríkisstjórninni segja að afstaða okkar skipti engu máli?



TÖLVUPÓSTUR Í SÍMANN ÞINN

ÖRUGGT • ÓDÝRT • SVEIGJANLEGT

Nú geta allir haft aðgang að skrifstofumhverfi á sanngjörnu verði. Með OpenHand nýtir þú núverandi netfang áfram en færð dagatal, tengiliði og önnur gögn í farsímann og tölvuna líkt og þú værir hluti af stóru skrifstofumhverfi.

OpenHand geymir öll gögnin þín á öruggum stað. Ef farsíminn eða tölvun glatast er ávallt til öruggt afrit hjá okkur. Hver kannast ekki við að týna símanum og öllum tengiliðum í leiðinni? Slík leiðindi eru úr sögunni með OpenHand.

Ef þú þarft aukið skipulag í þínum rekstri, aðgengi að gögnum á ferðinni og öruggan stað til að geyma þín gögn þá er OpenHand lausnin fyrir þig.

Líttu við hjá Hátækni og leitaðu nánari upplýsinga.

H
Hátækni

Ármúli 26 www.hataekni.is

OpenHand
SoHosted

www.openhand.is

Villibraáð Nóatúns



HREINDÝRAKJÖT
FILLET

4.998 kr. kg



ANDABRINGUR

3.698 kr. kg



KENGÚRUKJÖT
FILLET

2.398 kr. kg



HREINDÝRALUNDIR

5.998 kr. kg



KRÓNHJARTARFILLET

4.498 kr. kg



Pú sparar
900
kr. kg

LAMBA RIB EYE
MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN

2.498 kr. kg



ELGUR

5.998 kr. kg



HJARTARLUNDIR

3.998 kr. kg



HJARTARFILLET

2.998 kr. kg



Tvöfaldir Vildarpunktur
í desember

NÓATÚN

Bestir í kjöti

segir Jón Kristinn meistarakokkur



Gríptu í eintak
í næstu Nóatúnsverslun!

Villibráð
Nóatúns
er komin í verslanir!



Pú sparar
300
kr. kg

LAMBALÆRI
M. FERSKUM
KRYDDJURTUM

1.498 kr. kg



Pú sparar
592
kr. kg

UNGNAUTAGÚLLAS
Í KÍNASÓSU

1.698 kr. kg



20%
afsláttur

LAMBALÆRI
GOURMET MEÐ BLÁBERJUM

1.499 kr. kg



30%
afsláttur

HUMAR
TILVALINN Í SÚPUR OG SMÁRÉTTI



Klassísk Coke
í gleri!

Hin hefðbundna
jólablanda!

Malt og appelsín



Girnilegt
grænmeti!



Verði ykkur að góðu!

Eru Íslendingar samvaskulausir?

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er minnst á Björn iðrunarlaus og hina iðrandi syndara, Jón og Árna og líka Hjálmar sem var plataður. Einnig er sagt frá góðu fólki, hversdagsmat í sparifötum, afmælisdegi og fleiru ...

Nóvember
25
LAUGARDAGUR

Dagur iðrunar

Stuðningurinn við innrásina í Írak var röng ákvörðun, tekin á rangan hátt, að mati Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, sem uppskar dynjandi lófatak framsóknarmanna á miðstjórnarfundum í morgun.

Í Mogganum í dag kveðst Árni Johnsen líka iðrast mistaka sinna af öllum lífs og sálar kröftum.

Árna er ég löngu búinn að fyrirgefa og nú þarf hann ekki annað en draga framboð sitt til baka til að sýna að honum sé alvara.

Innrásina í Írak er hins vegar ekki á mínu valdi að fyrirgefa. Að drepa 650 þúsund manns er ekkert spaug, jafnvel þótt maður hafi fengið rangar upplýsingar.

Fór með Krumma að sjá Daniel Craig þreyta frumraun sína sem James Bond. Fínasta mynd. Bond er genginn í endurnýjun lífdaganna. Það vildi ég að okkur öllum færi svona fram.

Nóvember
26
SUNNUDAGUR

Dagur án iðrunar

Ekki eru allir uppteknir við að iðrast! Björn Bjarnason dómsmálaráðherra

fjallar um ummæli Jóns Sigurðssonar og segir meðal annars að ríkisstjórn Íslands eða einstakir ráðherrar innan hennar hafi enga ábyrgð borið á innrásinni í Írak. Það beri vott um yfirþyrmandi minnimáttarkennnd eða ótrúlega mikilmennsku að telja sér trú um, að afstaða ríkisstjórnar Íslands hefði skipt einhverju um það, hvort ráðist yrði inn í Írak.

Óbreyttur borgari eins og ég á ekki gott með að fylgja marskálkum andans á fluginu. En ef ég skil þetta rétt þá hefur B.B. loks sannað það sem marga hefur lengi grunað, sem sé að Íslendingar séu samvaskulausir og er röksemdafærslan þessi:

1. Ísland lýsti stuðningi við innrásina í Írak.
2. Ísland er smáríki.

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



3. Smáríki skiptir engu máli og getur ekki haft nein áhrif og þaðan af síður gert neitt illt af sér. Þarafleiðandi getur smáríki ekki fengið samvaskubít.

4. Sá sem ekki getur fengið samvaskubít hefur enga samvasku.

Ergo: Ísland er smáríki og getur því ekki haft samvasku – og þeir sem halda að Íslendingar skipti máli og hafi samvasku eru:

- a) með mikilmennskubrjálæði
- b) stuðningsmenn Saddams Hússeins
- c) hvorttveggja.

(Svo þarf bara að koma því á framfæri innan Sameinuðu þjóðanna að íslenska þjóðin sé of lítil til að hafa samvasku og þá fljúgum við inn í Öryggisráðið og fáum heiðursstæti við hlið Bandaríkjananna).

Því meira sem ég hugsa um Björn Bjarnason þeim mun smávægilegri þykja mér tæknileg mistök Árna Johnsens.

Hversdagsmat – í sparifötum

Hjálmar Árnason og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru í sjónkanum í kvöld. Þar sagði Hjálmar í sambandi við Írakstríðið að þjóðin hefði verið plöt-uð.

Þar skjátlást Hjálmarari.

Nóvember
27
MÁNUDAGUR

Ekki létu þau 90 prósent þjóðarinnar plata sig sem voru á móti stuðningi við glæpastríðið.

Ekki lét ég plata mig. Ég sagði mig úr stjórnmalaflokki sama dag og tilkynnt var um þessa ákvörðun.

Ég vil ekki vera í neinum sam-tökum sem telja að leysa beri vandamál með manndrápum.

Ég var einn af 4.000 Íslendingum sem birtu auglýsingu í erlendu blaði til að upplýsa fólk um að þessi ákvörðun hefði ekki verið í okkar nafni.

Það getur verið að Hjálmar hafi verið plataður – en það þykja ekki merkilegar málsbætur. Fórum í kvöld í glæsilega veislu til Sigríðar og Leifs Breiðfjörðs til að fagna vinum okkar Ingibjörgu og Þóri sem búa í Tékklandi.

Margir vita að þau reka frægt veitingahús í miðborg Prag sem heitir „Restaurant Reykjavík“. Færri vita að úti í sveit þar sem þau búa reka þau ókeypis listasetur fyrir íslenska listamenn.

Maturinn í veislunni var frábær: Kálfboggjar fylltir með farsí og bornir fram með bræddu smjöri og gratíneruðu spergilkáli. Þegar Ía og Þórir koma til Íslands eru þau í veislum hjá vinum og vanda-mönnum á hverju kvöldi og fá ekkert annað en pipraða páfugla svo að það er regla að Sigga og Leifur bjóða þeim upp á íslenskan hversdagsmat – í sparifötunum.

Nóvember
28
ÞRIÐJUDAGUR

Hvammshús

Fór í morgun og hitti vini mína í Hvammshúsi í

Kópavogi en þar er rekinn frábær skóli þar sem Birgir Svan og samstarfsfólk uppfræða stráka sem ekki passa almennilega í aðra skóla. Strákarnir hafa verið að lesa endurminningar mínar frá uppvaxtarár-unum. Það er fátt skemmtilegri afþreying en að lesa um fátækt og örbirgð.

Við spjölluum saman góða stund og fór vel á með okkur. Það hefur margt lagast síðan ég var á þeirra aldri – en það er samt alltaf jafn vandasamt að vera manneskja.

Kláraði að lesa frábærlega skemmtilega og spennandi saka-málasögu. „Krossmessa“ heitir bókin og er eftir færeyskan höfund, Jógvan Isaksen, sem notar krimmaformið til að fjalla um smáþjóð sem teflir viðskiptahagsmunum sínum í tvísýnu með því að stunda hvalveiðar.

Bókin hefst með miklum tilþrifum. Blóðþyrstir Færeyingar slátra grindhvalavöðu, tveir enskir umhverfisverndarsinnar fylgjast með álangdar.

Seinna sama dag á að gera að veiðinni. Inni í einum hvalskroknum finnast tvö lík ...

Nóvember
30
FIMMTUDAGUR

Afmæli í dag

Sólveig mín og barnabörninn vöktu mig í morgun. Þau stóðu við rúmstokkinn og sungu „Hann á afmæli í dag ... hann er sextíu og tveggja ára hann Práinn“ eins og það er nú þjáll söngtexti.



Þetta indæla fólk færði mér mandarinur í morgunmat, vitandi að ég er léttur á föðrunum að morgni dags, og finar afmælisgjafir.

Svo komu vinir okkar Ía og Þórir í hábit.

Hábitur er þýðing á enska orðinu „brunch“ og er samansett úr „HÁdegisverður“ og „árBÍTUR“ og mætti komast inn í íslenskt mál sem fyrst.

Dagurinn hefur liðið í vellystingum.

Sólveig eldaði handa mér marokkanska ketsúpu og strákarnir mínir Þór og Krummi sendu mig til Víðis nuddara inni í World Class í Laugardal. Hjá honum fékk ég besta nudd sem ég hef á ævi minni fengið og ástundun mín í líkamsræktinni hefur greinilega borið árangur, því að Víðir taldi svona stresslausan líkama eiginlega ein-

dæmi meðal þeirra Íslendinga sem hann hefur nuddað á síðustu árum.

Reyndar stríkkar á vöðvum núna þegar ég sé í fréttum á netinu að forsætisráðherrann hefur lært röksemdafærslu Björns Bjarnasonar um samvaskubits- og samvaskuleysi smáríkja utan að og þulið hana yfir þinginu eins og skarpgreindur páfagaukur. Hann mundi meira að segja eftir gullkorninu um „að samvaskubít sé til marks um stórmennskubrjálæði“. Skyldi maðurinn hafa vankast við að fá að hringja bjöllu í Kauphöllinni í New York? Eða er þetta þotupreyta?

Nú hefur það líka komist upp að sími 33 Íslendinga hafi verið hleraður. Þar á meðal síminn hjá gömlu vinnufólki mínu, Þórhildi Þorleifsdóttur og Arnari Jónssyni.

Óg svo eru menn að delera um að Íslendingar þurfi á „greiningardeild“, „öryggislögreglu“, „leyniþjónustu“ að halda!

Ég held að það sé meira forgangsmál að efla geðheilbrigðisþjónustuna svo að hægt sé að koma þeim undir læknishendur sem þjást af ofsóknarbrjálæði.

Að hlera símann hjá Arnari og Þórhildi! Þau hafa kannski verið grunuð um að lesa Þjóðviljann á undan Mogganum.



Samkeppni um útilistaverk

í tengslum við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar



Skilafrestur í samkeppni Orkuveitu Reykjavíkur um útilistaverk í tengslum við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar rennur út þann 5. desember n.k.

Tillögum skal skilað til trúnaðarmanns þriðjudaginn 5. desember 2006 milli kl. 12:00-16:00 í anddyri höfuðstöðva Orkuveitunnar, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um samkeppnina, gögn og fyrirspurnir er að finna á vefsíðu Orkuveitunnar, www.or.is



Orkuveita
Reykjavíkur
www.or.is

Nýtt rúm

Frááááábær hugmynd!



Dýnan sem breytir öllu

Tempur Spring heilsudýnan er glæný hönnun þar sem notast er við hið heimspekka Spring Air Never Turn gormakerfi og Tempur Pedic þrýstijöfnunarefnið í yfirdýnu. Útkoman er dýna sem veitir fullkomna aðlögun og réttan stuðning.



King-tilboð
192x203

Jólatilboð
kr. 214.900,-

CalKing-tilboð
183x213

Jólatilboð
kr. 214.900,-

Queen-tilboð
152x203

Jólatilboð
kr. 184.900,-

Hlíðardýna og lak fylgja Tempur Spring tilboðum



Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-



Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-

Betra
BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð: Virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16

UMMÆLI VIKUNNAR

„Ég vil spyrja háttvirtan þingmann hvort honum finnst þetta vera málefnalegt að tala svona lengi og koma með einstaka góða punkta sem týnast og að ekki sé hægt að fara í andsvör við hann vegna þess að maður veit ekki hvenær ræðan er búin?“

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokkurinn

„Það er ekki venja að menn flytji skýrslur í ríkisstjórn um ræður sínar á flokksfundum og ég hyggst ekki taka það upp, enda þarf miðstjórn Framsóknarflokksins ekki á neinum leiðbeiningum að halda þaðan.“

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Heill einn í salnum

Það er kunnara en frá þurfi að segja að oftast en ekki eru heilu sætaraðirnar í þingsalnum mannláusar. Þingmenn eru þá ýmist á vappi um ganga, lóna í hlíðarsölum, á spjalli í fundarherbergjum, sitja á skrifstofum sínum í nærliggjandi húsum eða eru bara einhvers staðar allt annars staðar. Í útlöndum til dæmis.

Þetta á helst við í umræðum sem fyrirfram er vitað að verði langar og ekki útlit fyrir að eitthvað nýtt markvert muni koma fram í – enda lenska meðal þingmanna að endurtaka sig og endurtaka sig svo aftur og jafnvel aftur.

Þriðja umræða fjárukalaga fór fram á fimmtudag.

Fjárukalög þarf að setja um þau útgjöld sem ríkið hefur stofnað til á árinu en rúmast ekki innan fjárlaganna. Fjárukalög eru engin smálög – þau hljóða

upp á 17 milljarða króna að þessu sinni.

Af umræðunum í þingsalnum að dæma er málið þó ekki stórt í sníðum að mati margra þingmanna því þeir létu þær sig litlu varða. Nokkrir stjórnarandstæðingar töluðu þó góða stund um fjárukalögin; innihald þeirra og ekki síður framkvæmd fjárlaga og fjárlagagerðina.

Algennt var að tveir til þrjú þingmenn sætu í þingsalnum undir þeim ræðum sem voru fluttar en á tímabili var hvert einasta sæti autt. Einar Már Sigurðarson, Samfylkingunni, hafði því engan stjórnarliða til að horfa á, máli sínu til áréttingar. En hann talaði þó ekki út í tómið eitt því ræðan hans, eins og aðrar þingræður, var færð til bókar og er aðgengileg á netinu, öllum sem vilja lesa.



FRAM, SAM, ÞJÓÐ

Í ræðu sinni á miðstjórnarfund Framsóknarflokksins um síðustu helgi tók Jón Sigurðsson formaður sér oft orð í munn sem hófust á fram-, sam- eða þjóð-

- Í sam-flokknum voru meðal annars: Samvinnuafli, samvinna, samhjálpi, samstarfi, samvinnuhugur, samvinnuviðhorfi og samstaða.
- Í fram-flokknum voru meðal annars: Framsóknarflokkurinn, framtíðarsýn, framfarir, framfarasókn, framtak, framsýni, framþróun og framfarastefna.
- Í þjóð-flokknum voru meðal annars: Þjóð, þjóðleg, þjóðhollusta, þjóðlíf, þjóðhyggja, þjóðarsátt, þjóðarmetnaður, þjóðarvitund og þjóðarsjálfsmynd.

VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Margrét

Jæja, þá er búð að segja henni Margrétu upp á skrifstofunni hjá Frjálslyndum. Henni og formanninum ber ekki saman um ástæður uppsagnarinnar, hún segist rekin fyrir að mótmæla rásiskum hugmyndum Jóns Magnússonar en Guðjón segir það helberan misskilning, þingmönnum þremur hafi borið saman um að það færi ekki saman að vera framkvæmdastjóri og í framboði fyrir flokkinn. Henni sé í raun greiði gerður því hún geti einbeitt sér að framboðsmálum. Margrét hefur áður lýst áhuga á framboði í Reykjavíkurborgsdæmi suður, en hún skipaði efsta sætið þar í síðustu kosningum.



Hér stendur orð gegn orði og á þessum vettvangi verður ekki reynt að skera úr um sannleikann í málinu.

Hins vegar skal hér fullyrt að Margrét Sværisdóttir er sú manneskja sem tengist íslenskum stjórnmálum sem hvað fallegast er talað um af fólki í öðrum flokkum. Það er sama hvar borið er niður; öllum líkar einstaklega vel við Margrétu og vildu hafa hana í sínu liði. Það er reyndar athyglisvert að sá stjórnmálamaður sem kemur næstur í röð þeirra sem almennt er talað fallega um er líkast til Guðjón Arnar Kristjánsson.

Fylgi Frjálslyndra hefur vaxið síðan flokksmenn fóru að tala um komu útlendinga til landsins sem vandamál. Í nýjum þjóðarpól sí Capacent Gallup mælist fylgið 11 prósent á landsvísi en til samanburðar er fylgi Framsóknarflokksins 8 prósent. Fylgi Frjálslyndra í síðustu kosningum var rúm sjö prósent en fylgi Framsóknar tæp 18 prósent. Könnun Capacent er nær samhjöfða nýlegri könnun Fréttablaðsins.

Sé rýnt í fylgi Frjálslynda flokksins í einstökum kjördæmum kemur í ljós að mesta fylgisaukningin er í Reykjavíkurborgsdæmunum þar sem flokkurinn á ekki þingmann. Næst kemur Suðvesturkjördæmi þar sem flokkurinn á heldur ekki mann. Þar á eftir kemur svo Norðausturkjördæmi – enn eitt kjördæmi sem Frjálslyndir eiga ekki þingmann í. Fylgið mælist hins vegar minna í könnuninni nú heldur en það var í kosningunum 2003 í Norðvesturkjördæmi og Suðurborgsdæmi. Í þeim kjördæmum á Frjálslyndi flokkurinn þingmenn.

Áhugamenn um stjórnmál munu áfram fylgjast grannt með Frjálslynda flokknum enda sker flokkurinn sig verulega frá öðrum íslenskum stjórnmálaflokkum í málflutningi og atferli öllu. Harðsnúðið þingliðið kallar ekki allt ömmu sína og lætur ekki stjórnast af almenningsálitinu. Síðasta fréttin af innanbúðarmálum Frjálslynda flokksins hefur örugglega ekki verið sögð.

Ljúffengir jólabitar frá Kristjánshöndunum - ómissandi á kaffiborðið!



Hrifinn af skattalækkunum

Stundum er sagt um fjármálaráðherra að þeir vilji tekjur ríkisins sem mestar og séu þar af leiðandi mótfallnir skattalækkunum. Árni M. Mathiesen er ekki af þeirri gerðinni og vill gjarnan lækka skattana sem mest.

„Ég er mjög hrifinn af skattalækkunum og vil gjarnan lækka þá sem mest. En þó ekki þannig að tekin sé áhætta með afkomu ríkissjóðs,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Frumvarp um lækkun virðisaukaskatts og niðurfellingu vörugjalda af matvöru er komið fram í þinginu. Er áætlað að tekjur ríkissjóðs á heilu ári lækki um rúma tíu milljarða króna vegna aðgerðanna.

Væntanlegri lækkun tekjuskatts um eitt prósent um áramót fylgja einnig lægri tekjur ríkissjóðs.

„Á þessu kjörtímabili höfum við gengið í gegnum mestu skattalækkanahrinu nokkurn tíma,“ segir Árni og kveðst klár á að aðgerðirnar sem koma til framkvæmda 1. mars séu víðamestu aðgerðir sem stjórnvöld hafi ráðist í til að lækka verð á matvöru.

Árni segir skattalækkanirnar miðast við að langtímaáætlun í ríkisfjármálum standist, að öllu sé haldið réttu megin striks. Á hinn bóginn sé það ekki sérstakt markmið að reka ríkissjóð með miklum afgangi. „Það er enginn sérstakur tilgangur með því að vera með mikinn afgang af ríkissjóði ár eftir ár þegar búð er að borga niður skuldirnar, nema þá í hagstjórnarlegu tilliti en það er mjög vandmeðfarið.“ Slíkt sé að nokkru leyti innbyggt í kerfið; á þenslutímum aukist tekjur ríkissjóðs hlutfallslega vegna áhrifa frá tekjuskatti og veltusköttum. Á móti lækki tekjurnar ef hægist á umsvifum í samfélaginu.

Að mati Árna gæti vel orðið lag til frekari skattalækkana á næsta



ÁRNI M. MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA „Nú eru bankarnir stórir skattgreiðendur og við þurfum að gæta þess að tapa þeim ekki með óyfirveguðum ákvörðunum því það kæmi bara niður á þeim sem njóta þjónustu ríkisins. Fyrirtækin og fjármagnseigendurnir geta alltaf fundið sér annan samastað.“

kjörtímabili. Þó sé útlit fyrir tilförlaga rólegan hagvöxt þannig að svigrúmið verði kannski ekki mikið ef ekkert annað gerist. „Ef hins vegar einhver af þessum stóru verkefnum sem eru í pipunum fara af stað verða tekjur ríkissjóðs umtalsvert meiri og það mun auðvitað, fyrr eða síðar, leiða til þess að menn nýti sér þær til skattalækkana. Alla vegna þær ríkisstjórnir sem Sjálfstæðisflokkurinn á vonandi aðild að.“

Árni nefnir stimpilgjöld sérstaklega en segir ekki skynsamlegt að lækka þau þegar þensla er á húsnæðismarkaði.

„Ef hins vegar samdráttur er á húsnæðismarkaði gæti lækkun á stimpilgjöldum orðið til þess að örva markaðinn. Það væri því skattalækkun af því taginu sem skynsamlegt væri að ráðast í þegar hagvöxtur er ekki mjög mikill.“

Frekara afnám vörugjalda hugnast Árna líka. „Vörugjaldakerfið er flókið og ógagnsætt og hefur uppsöfnunaráhrif þannig að það gæti verið skynsamlegt að lækka þau og jafnvel fella niður. Slíkt hefði áhrif á almennt vöruverð,“ segir hann. Af slíkri aðgerð leiddi verðlækkun á klæðum og

öðrum þurftum fólks, bætir hann við.

Skattar eru snar þáttur í samkeppni ríkja; sumum þjóðum er umhugað um að hafa þá lága til að laða til sín starfsemi af ýmsu tagi. Árni segir skattheimtu tekna á Íslandi hóflega hvort sem litíð er til einstaklinga eða fyrirtækja en aðrar þjóðir nálgast Íslendinga hraðbyri í þeim efnum. „Við þurfum að gæta okkar á að sitja ekki eftir,“ segir Árni og telur að sérstaklega þurfi að vera á varðbergi gagnvart fjármagnstekjuskattinum. „Við megum engar breytingar gera sem verða til þess að fjármagnstekjurnar flyi land því allir vilja mjög gjarnan veita fjármagnis húsaskjól og hafa af því tekjur.“ Árni bendir á að sá tekjustofn hafi ekki verið til fyrir tíu árum eða svo og sama megi segja um tekjuskatt af fyrirtækjum - ekki síst bönkunum. „Þetta var ekki til hér áður en nú eru bankarnir stórir skattgreiðendur og við þurfum að gæta þess að tapa þeim ekki með óyfirveguðum ákvörðunum því það kæmi bara niður á þeim sem njóta þjónustu ríkisins. Fyrirtækin og fjármagnseigendurnir geta alltaf fundið sér annan samastað.“

Ríkið kaupir Heilsuverndarstöðina

Puríður Backman, þingmaður VG, vill að ríkið kaupi Heilsuverndarstöðina við Barónstíg.



PURÍÐUR BACKMAN

Ríkið og Reykjavíkurborg áttu húsið saman en seldu fyrir nokkrum misserum. Nýr eigandi hefur reynt að selja húsið um skeið og vill Puríður ganga á lagið. „Þetta er mjög merkilegt hús eftir Einar Sveinsson og í því felast menningarverðmæti,“ segir Puríður sem er ekki alls kostar sátt við að húsið hafi verið selt á sínum tíma. Raunar telur hún að sölumeðferðin hafi verið

sýndarmennska og aðeins til þess fallin að reyna að finna út markaðsvirði hússins í samningaviðræðum ríkis og borgar. Gott til-

boð hafi svo komið mönnum í opna skjöldu og þeim ekki stætt á öðru en að selja. „Þetta hef ég á tilfinningunni og vil því fá svör,“ segir Puríður sem hefur lagt fram fyrirspurn um málið til fjármálaráðherra.

Sjálft efast hún ekki um að ríkið geti haft not af húsinu og vill að í því sé starfsemi tengd heilsu og heilbrigði.





**MÓTEFNI VIÐ KULDA Í MEIRA ÚRVALI Í
STÆRRI OG GLÆSILEGARI
ÚTIVISTARVERSLUN CINTAMANI Á
LAUGAVEGI 11**

Gerð: Brynjar CM-896

Litir: Fimm mismunandi litir

Ytra byrði: TECHNOPILE® fleece

Verð: 9.990,-



Cintamani Outdoor Store // Laugavegur 11

SPJARABU ÞIG

ÁRMANN REYNISSON VINJETTU-
SKÁLD ER 55 ÁRA Í DAG

Ég er hjartánismaður og
set hlutina af stað og læt
svo lífið um að ráða hvað
gerist..



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 2. DESEMBER 1985

Gotti gerir sig gildandi

Á þessum degi árið 1985 voru glæpaforingjarnir Paul Castellano og Thomas Bilotti skotnir til bana fyrir utan steikhús í New York. Þar með varð John Gotti, sem fyrirskipað hafði árásina, höfuð hinnar alræmdu Gambino-glæpafjölskyldu sem var valdamesta maffian í borginni.

Gotti ólst upp á strætum Bronx og Harlem í New York og sendist fyrir mafíuna á staðnum frá unga aldri. Árið 1968 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir þjófnað en frami hans innan mafíunnar komst fyrst á skrið þegar hann drap óvin



Gambino-fjölskyldunnar árið 1973. Það bar töluvert á Gotti á meðan hann var og hét. Hann klæddist ávallt áberandi flottum fötum og varð nokkurs konar hetja í augum margra nábúa sinna. Vegna einstakrar heppni sinnar við að sleppa undan lögum og reglum fékk hann viðurnefnið Teflon-doninn, enda virtist ekkert festast við hann. Heppnin þraut þó að lokum og árið 1992 var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morð. Hann lést af völdum krabbameins í hálsi áratug síðar.

MERKISATBURÐIR

- 1804 Napoleon Bonaparte er krýndur keisari Frakklands.
- 1929 Minnsti loftþrýstingur hér á landi, 919,7 millibör, mælist í Vestmannaeyjum.
- 1961 Fidel Castro lýsir yfir að Kúba verði kommúnistaríki.
- 1993 Kólumbíski eiturlyfjabaróninn Pablo Escobar er skotin til bana.
- 1989 V.P. Singh er settur í embætti forsætisráðherra Indlands.
- 2000 Björk Guðmundsdóttir hlýtur evrópsku kvikmyndaverðlaunin í París sem besta leikkonan fyrir leik sinn í myndinni Dancer in the Dark.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og bróðir,

Karl Gunnlaugsson

Garðarsbraut 28, Húsavík,

verður jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju þriðjudaginn 5. desember kl. 14.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hörður Már Karlsson Anna Lilja Guðjónsdóttir
Berglind Karlsdóttir Kristinn Einarsson
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur,

Kjartan Örn Jónsson

lést að morgni 30. nóvember á Central Sygehuset í Randers á Jótlandi, Danmörku.

Irena Erlingsdóttir

Erla Björk Kjartansdóttir Ágúst Hilmar Jónsson

Ottó Erling Kjartansson

Jón Þór Ágústsson

Inga Hilmarsdóttir

Jón Ingvarsson

Vilma Mar

Erling Ottósson

og fjölskylda.

Kjartan Örn verður jarðsettur í Danmörku. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Ingigerður Einarsdóttir

Lindarsíðu 4, Akureyri,

lést laugardaginn 25. nóv. Útför verður frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. des. kl. 13.30.

Páll Eypór Jóhannsson

Sesselja Bj. Jónsdóttir

Einar Jörundur Jóhannsson

Þórdís Ólafsdóttir

Heiðar Ingi Jóhannsson

Kristjana Andrésdóttir

Ólafur Unnar Jóhannsson

Oddrún Elfa Stefánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín og tengdamóðir,

Ástrós Sigurðardóttir

áður til heimilis að Hjallavegi 3,

lést á Droplaugarstöðum 10. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd ættingja og vina,

Auður Brynjólfssdóttir

Sveinn Gíslason



KLIPPINGAR Í 40 ÁR Rakarastofa Ágústar og Garðars fagnar nú 40 ára afmæli. Frá vinstri eru Ágúst, Lilja Sigurðardóttir, sem starfað hefur í 12 og hálft ár á stofunni, Garðar og Skorri Óskarsson, sem starfað hefur á stofunni í 15 ár. Rakarastofa Ágústar og Garðars var sú fyrsta sem tók upp númerakerfi á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

RAKARASTOFA ÁGÚSTAR OG GARÐARS: Á SÖMU KENNITÖLUNNI Í 40 ÁR

Erfitt að klippa á Bítlatímanum

„Það hefur mikið breyst og ekki bara hártískan,“ segir Garðar Scheving sem rekur Rakarastofu Ágústar og Garðars ásamt Ágústi Friðrikssyni, en hárgreiðslustofan fagnar 40 ára afmæli sínu á sunnudaginn. Stofan er staðsett á Suðurlandsbraut 10 og hefur verið þar frá upphafi. Fyrirkomulag stofunnar hefur lítið sem ekkert breyst á þeim fjörtíu árum síðan hún hóf rekstur, en þar starfa fjórir starfsmenn.

„Við erum búnir að upplifa Bítlatímann,“ segir Garðar til marks um aldur stofunnar, en

hann bætir við að þá hafi verið mikil deyfð yfir stéttinni. „Við stóðum hana af okkur,“ en stofan hefur ekki aðeins staðið á sínum stað í næstum hálfa öld heldur hefur hún einnig verið með sömu kennitölu frá upphafi. Garðar segir að kunnahópur sinn í dag sé nokkuð frábrugðinn því sem áður var, en þá heldur í takt við eigendur. „Hér komu menn áður með syni sína og nú er maður farinn að sjá þessa sömu syni koma inn með börnin sín,“ segir Garðar en þegar upp er staðið er það helst miðaldra

fólk sem kemur í klippingu.

Stofan er líka ein af fáum sem eftir eru í Reykjavík sem leggja áherslu á að raka með hníf. Garðar segir að nokkrir kunnar sér með fastan rakstur, klippingu og höfuðbad og að hann sjálfur leggi sérstaka áherslu á gott höfuðnudd og -bad. „Herraklippingin er alltaf vinsælust, en auðvitað breytist hún með tískunni. Hefðbundin vélarklipping er líka vinsæl, því þegar hár fer að þynnast á mönnum vilja þeir oft fá snoðklippingu,“ segir Garðar en neitar því ekki að einhverjar hárgreiðsl-

ur hafi staðið tímans tönn og tískustrauma.

„Það er búið að færa okkur mjög fallega tertu, marsípantertu. Svo ætlum við á Grillið í mat, bæði starfsfólk og makar,“ segir Garðar um hvernig eigi að fagna þessu stórafmæli. Þeir Ágúst og Friðrik stefna á að hafa stofuna opna eins lengi og þeir geta, svo lengi sem engan bilbug er á þeim að finna. „Við Ágúst erum manna sprækastir, mættir á slaginu átta á hverjum einasta morgni.“

dori@frettabladid.is



ANNAR FASTAGESTUR Ágúst klippir Sigurður Ágúst Sigurðsson sem verið hefur viðskiptavinur í hartær 20 ár.



FASTAGESTUR FRÁ UPPHAFI Hér klippir Garðar Ingvar Pálsson sem hefur látið klippa sig á stofunni í heil 37 ár.

AFMÆLI

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er 51 árs.



Ágústa Johnson líkamsræktarleiðbeinandi er 43 ára.



Július Kemp leikstjóri er 39 ára.



Ragnar Sólberg Rafnsson tónlistarmaður er 20 ára.



Hagkaup

bjóða einfaldlega meira úrval



Romanescu



Guave



Young coconut



Kaktusfikjur



Limequats



Villisveppir



Passion



Dverg aspars



Laos galangarót



Ferskar fikjur



Granatepli



Curuba



Ferskur pipar



Maracuya



Durian



Zucciniblóm



Feijoa



Jack fruit



Grenadilla



Dragon



Borðstofuborð 200x100

Verð áður: 69.000,-
Tilboðsverð: **51.750,-**



Borðstofuborð 180x100
og 6 Richmond leðurstólar

Verð áður: 158.000,-
Tilboðsverð: **127.800,-**

Jólatilboð 25% afsláttur af dökkum eikarborðum

Milano leðursófasett

3+1+1

Verð: 249.000,-

3+2

Verð: 220.000,-



Jólatilboð

Leðurstóll á snúningsfæti

Verð áður: 68.000,-

-20%

Tilboðsverð: **54.400,-**



Verð frá: **5.800,-**



Verð: 7.500,-



Verð: 5.900,-



Verð: 24.900,-



Verð: 3.700,-



Verð: 14.500,-



Verð: 3.700,-



Verð: 19.500,-

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420



Ný stækkanleg borð, fánleg í 2 stærðum:
L: 160(+88)248xbr: 100
L: 200(+88)288xbr: 110
Verð frá: 116.000,-



Skenkur
150x40xH:90
Verð: 79.000,-



Sjónvarpsskenkur
200x58xH:48 160x45xH:48
Verð: 67.000,- Verð: 59.000,-



Borðstofuskenkur
180x45xH:125
Verð: 108.000,-



Glerskápur
85x45xH:190
Verð: 68.000,-

Hvítuð eikarlína

Capri leðursófasett 3+2
Verð: 182.000,-



Cube leðurstóll
Verð: 19.800,-
Einnig fánlegur í svörtu leðri

„GRÆJADU ÞIG EINS OG BOND“ 7^F



KDL32S2010
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP
32 Bravia LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Bravia Engine myndstýring
Stafrænn og analog móttakari
HDMI tengi



DAVDZ119
Sony Heimabíó S-Master Digital Magnari
Fjölkerfa, 850 Watt (5x 142W + 140W)
Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/
DVD-RW/VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
Dolby Digital, DTS og PLII



Kaupauki:
Bond skjalataska með öllum
Bondmyndunum. 40 diskar í
endurbættri útgáfu.

39.950,-
Fylgir með tilboði

259.950,-
21.662,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669



Laugardagur

UNGAR KONUR OG ÁFENGI

Áfengisneysla íslenskra kvenna hefur vaxið hraðar en karla. Fyrirmyndir á borð við vinkonurnar í Beðmál í borginni gætu haft þar áhrif.

» 40

BARÁTTAN VIÐ RÍKUSTU FYRIRTÆKI HEIMS

Í dag eru 22 ár liðin frá Union Carbide efnaslysinu í Bhopal á Indlandi.

» 56



TRENDSETTARAR REYKJAVÍKUR

Hverjir móta tískuna í bænum? Fréttablaðið fór á stúfana.

» 58



TEKID Á ÞVI Að byggja upp Háskólann í Reykjavík er framtíðarverkefni Svöfu en í augnablikinu er þó meira aðkallandi að koma heimilinu í skikk. Á uppvaxtarárum sínum vissi Svafa ekkert skemmtilegra en að smíða og tálga og á því erfitt með að halda sig til hlés þegar slík vinna býðst henni svo nærri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listamaður í dulargervi

Inn úr vetrarmyrkrinu vippar sér nýr rektor Háskólans í Reykjavík og pantar samloku á hlaupum. Konan er smá vexti og dökk yfirlitum. Fljótt á litið uppfyllir hún ekkert af þeim fyrirfram gefnu hugmyndum sem fólk gæti haft um háskóla- rektor. Svavar Hávarðsson settist yfir kaffibolla með Svöfu Grönfeldt og sannfærðist um að það er kostur en ekki löstur.

Það er best að kynna Svöfu Grönfeldt til leiks með því að vitna til stuttrar sögu sem fékkst staðfest hjá henni. Í fyrra hitti hún gamlan kennara sinn í Bláa lóninu og í staðinn fyrir að spjalla um daginn og veginn, eins og flestir hefðu gert, þá ákváðu þær á klukkutíma að snjallræði væri fyrir Svöfu að skrifa bók. „Ég setti á blað hugmyndir sem ég sendi á nokkra stærstu bókaútgefendurnar í Bandaríkjunum. Þegar ég fékk svar um að áhugi væri fyrir því að gefa bókina út þá lenti ég í svolitlum vanda því nú þurfti ég að skrifa bévítans bókina. Svona getur lífið verið kreisi; að ákveða að skrifa bók, fljótandi um í Bláa lóninu.“ Bók Svöfu, sem er kennslubók í þjónustu-

stjórnun, var gefin út af SAGE Publications í janúar á þessu ári og er nú kennd við háskóla í Bandaríkjunum og Evrópu. Aðspurð hvað skriftirnar og útgáfuferlið hafi tekið langan tíma svarar Svafa snaggarlega. „Það var eitt og hálf ár frá baðinu í Bláa lóninu þangað til bókinn var komin í bókahillur.“ Bókina skrifaði Svafa meðfram vinnu sinni sem aðstoðarforstjóri Actavis, sem kemur engum á óvart sem hana þekkir. „Ég skrifaði þegar ég gat ekki sofð, þá er allt svo hljótt og gott að fá útrás fyrir það sem maður er að hugsa. Ég myndi samt sennilega skrifa öðruvísi bók í dag, en það er annað mál.“

Blóð á hverjum fingri
Svafa er Borgnesingur, fædd þar og uppalin í



SVAVA Svafa segir frístundir sínar ekki láta mikið yfir sér. „Ég skottast með krökkunum mínum og get ekki hugsað mér neitt betra en það.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

því frjálrsæði sem landsbyggðarþorpið eitt getur fært. Hún naut þess að alast þar upp því hún segist hafa verið mikið náttúrubarn. „Ég var strákastelpa og mikill smiður í mér og var því alltaf að saga og tálga. Að búa til einhver kofaskrifli eða tálga spítukalla eins og Emil í Kattholti var mitt uppáhald. En ég var þó ekki betri en svo að ég var alltaf að skera mig. Ég tók einu sinni sundur á mér lærið og hver einasti putti var saumadur einu sinni eða tvisvar. Ég var reyndar mikill hrakfallabákur og vegna þess að ég var sífellt að klifra í klettunum heima og var alltaf dettandi endaði það með því að litið var á mig sem hvert annað húsgagn á heilsugæslustöðinni.“

Svafa var alltaf mikið í frjálsum íþróttum en einnig körfubolta, sundi og badminton. „Við bjuggum í íþróttahúsinu má segja. Í Borgarnesi var mikið íþróttalíf og ég á íþróttunum mikið að þakka. Ég hlaut í veganesti úthald og sjálfsaga. Það hefur nýst mér á ótal vegu síðan, bæði þegar vel hefur gengið og ekki síður þegar kreppt hefur að.“

Silfurskeiðin

Svafa missti föður sinn, Þórleif Grönfeldt kaupmann, þegar hún var nýbyrjuð í menntaskóla sem hún þurfti að sækja til Reykjavíkur aðeins 16 ára gömul. „Þegar pabbi dó þurfti silfurskeiðarbarnið að fara að vinna fyrir sér, það var mikið áfall. Ég held að fráfall þessa hafi mótað mig að nokkru leyti og kannski eflit sjálfsbjargarviðleitnina hjá mér. Ég þurfti snemma að byrja að vinna fyrir mér og vann allan tímann sem ég var í menntaskóla. Ég vann líka fulla vinnu allan tímann sem ég var í háskólanámi. Eftir á að hyggja myndi ég ekki mæla með því heldur að fólk njóti þessa tíma og dragi í sig þekkinguna. Þetta eru bestu ár ævinnar og ég eyddi þeim öllum í eitthvað streð.“ segir Svafa hlæjandi.

Eftir að hafa tekið stúdentspróf í Fjölbrot í Breiðholti kláraði hún stjórnmalafraeði við Háskóla Íslands á tveimur og hálfu ári, einnig utan-skóla og með vinnu. Afleiðingin af því segir Svafa spök á svipinn að hún muni ekki mikið af þeim fræðum öllum. „En það sem ég náði út úr þessu fyrsta háskólastigi var að læra að leita mér að þekkingu og ég lærði að meta gildi þekkingar. En það var ekki fyrr en ég kom í masters- og doktorsnám sem ég fór virkilega að skilja hvað maður veit lítið og hvað það er mikið frelsi í því fólgandi að geta tjáð sig og kynnt hugmyndir sínar. Raunverulega að geta sagt hvað manni býr í brjósti. Ef ég ætti að gera þetta aftur myndi ég ekki taka þetta allt utan skóla. En á þeim tíma var það gert af illri nauðsyn. Ég

þurfti að velja hvort ég ætlaði í skóla eða fara að vinna og þess vegna ákvað ég að gera hvort tveggja.“

Listatýpa

„Ég ætlaði að verða arkitekt, það var planið. Ég byrjaði á listasviði í menntaskóla og var algjör listatýpa. Ég er það í raun ennþá og er því í dulargervi því mér finnst ég vera listamaður í eðli mínu. Mér finnst ofboðslega gaman að búa til eitthvað nýtt, og það þarf ekki að vera bygging heldur ekki síður fyrirtæki, þekking eða fólk. Skemmtilegustu ár ævi minnar voru þegar ég var á listasviði í Fjölbrot í Breiðholti. Ég er þó ekki með trönum í bílskrúnum. Ég geri eitthvað heils hugar eða ekki. Það er kannski þess vegna sem ég drekk ekki áfengi og hef sagt að ef ég byrjaði þá myndi ég eflaust reyna að gera það alltof „vel“. Það sannar hversu lífið er óútreiknanlegt að þegar ég var á listasviði í Fjölbrot þá hefði ég sagt þann mann ruglaðan sem hefði sagt mér hvað ég myndi leggja fyrir mig. Það er einmitt þetta óvænta og óútreiknanlega sem gefur lífinu gildi og gerir það svo skemmtilegt.“

Svafa segist vera þannig gerð að hún setji stundum undir sig hausinn og gleymi þá að líta til hliðanna. Aðspurð hvort hún hafi ekki lent í nokkrum árekstrum á leiðinni þegar hún gaf sér ekki tíma til að líta upp svarar Svafa játandi. „Jú, blessaður góði. Kannski ekki stórum árekstrum en ég hef lent nokkrum sinnum utan í. Ég held ég hafi þó ekki lent í alvarlegum árekstrum, að minnsta kosti ekki við fólk. Það er kannski erfitt að vera giftur mér, en hann kvartar samt ekki mjög mikið.“

Fjögurra ára forstjóri

Svafa er gift Matthíasi Friðrikssyni, flugmanni hjá Flugleiðum, sem hún kynntist í gegnum sameiginlega kunningja. „Þetta er stundum skrautlegt fjölskyldulíf því hann er iðulega að vinna þegar ég er heima og öfugt. Honum er iðulega strítt á því að hann sé alltaf heima að „passa fyrir Svöfu“, en það hefur verið mjög gott jafnvægi þarna á milli. Við eigum frábæra fjölskyldu sem alltaf hefur verið boðin og búin að hjálpa okkur. Það má segja að þetta sé eins og ítölsk stórfjölskylda þar sem allir hjálpast að. Lykillinn er að við miklum þetta ekki fyrir okkur og höfum því sigrast á þeim vandamálum sem upp hafa komið. Stundum gefur lífið manni vond spil á hendi en hafi maður styrk af góðri fjölskyldu og ást og hamingju, þá eru atríði eins og hver er í hvaða landi algjört aukaatriði.“

Svafa og Matti eiga tvö börn, hana Tinnu sem er fjögurra ára og tólf ára strák sem heitir Viktor. „Tinna er hinn raunverulegi forstjóri á heimilinu og stjórnar öllum í kringum sig af mikilli íþrótt. Viktor er yndislegur drengur og ég held að hann sé fegnastur þessari breytingu á mínum höfum. Við erum miklir félagar og það er gott að fá meiri tíma með honum núna þegar hann er kominn á þennan aldur. Við förum mikið í bíó saman og það eru mínar bestu frístundir og þess vegna er ég er búin að sjá allar teiknimyndir sem gerðar hafa verið með Tinnu minni. Mér finnst það æðislegt því þar tekur maður þátt í öðrum heimi og í því er hvíld. Svo mínar frístundir láta ekki mikið yfir sér, ég skottast með krökkunum mínum og get ekki hugsað mér neitt betra en það.“



FJÖLSKYLDAN Matthías Friðriksson, eiginmaður Svöfu, með börnin þeirra tvö, Tinnu og Viktor. Svafa líkir fjölskyldulífinu við samskipti hjá ítalskri stórfjölskyldu þar sem málin eru leyst í sameiningu. Myndin er tekin á góðri stundu árið 2005.

Vinnuhestur

Svafa var meðeigandi og framkvæmdastjóri Gallup á Íslandi í tæpan áratug þar sem hún starfaði við rannsóknir og ráðgjöf fyrir fjölmörg fyrirtæki og stofnanir. „Þetta byrjaði þegar ég kom heim úr mastersnámi frá Bandaríkjunum. Gallup stækkaði mjög á þessum árum og í varð eitt stærsta þekkingarfyrirtæki hér á landi á skömmum tíma. Þar fékk ég útrás fyrir rannsóknarhugann þó ég væri mest í uppbyggingu félagsins og þróun á rannsóknaraðferðum.“

Eftir árin tíu hjá Gallup var hún ráðin sem framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis og aðstoðarforstjóri fyrirtækisins árið eftir. „Ég var að vinna á vegum Gallup sem ráðgjafi hjá Actavis og á endanum fór ég ekkert heim. Ég hef starfað alfarið hjá Actavis í þrjú ár en hef unnið við verkefni hjá fyrirtækinu síðan 1997.“

Svafa hefur starfað sem lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í nær áratug og sem lektor við viðskiptadeild HR. Hennar skoðanir um kennslu móttast að nokkru leyti af smíðaáhuga æskuáranna því að þörfin til skapa hefur aldrei horfið og hún hefur fundið henni farveg. „Ég finn þessa sömu tilfinningu þegar ég er að kenna. Að sjálfsögðu þarf sterkur grunnur að vera til staðar en þetta snýst ekki um að troða fróðleik í fólk. Aftur á móti þegar ég hitti fyrrverandi nemendur mína aftur og finn að ég hef kveikt eitthvað í brjósti þeirra, þá er ég stolt og glöð. Ekki að þau hafi þekkingu á viðskiptafræði heldur að þau hafi færni, sjálfstraust, löngun og metnað til að láta til sín taka.“

Framtíðarsýnin

„Ég hafði aldrei neitt takmark eða sýn um hvert ég ætlaði mér að ná. Þegar nemendur mínir spurja hvernig á að skipuleggja starfsferill sinn þá segi ég þeim að lífið bjóði ekki upp á það, þó gott sé að vita að hverju maður stefnir. En það getur líka verið miklu skemmtilegra að fara vitlausan hring frá Reykjavík til Akureyrar, með viðkomu á Egilsstöðum. Það er ofboðslega gott að fólk hafi skýra sýn en hengi samt ekki alla sína hamingju á að öll plön gangi snuðrulaust fyrir sig. Hins vegar trúi ég því að allir þurfi að hafa ákveðin grunnildi og viti fyrir hvað maður stendur fyrir í lífinu, en það er hættulegt að ætla sér að kortleggja líf sitt fyrirfram því lífið mun alltaf koma á óvart, þægilega og ekki síður óþægilega. Að skipuleggja sig um of er aukaatriði því það skiptir meira máli hvernig þú lifir lífinu.“

Rektorinn Svafa

Það er skoðun Svöfu að íslensk fyrirtæki muni ekki geta haldið áfram að byggja upp hið svokallaða „íslenska undur“ ef menntunarhlutverkinu er ekki sinnt af kostgæfni. „Ég trúi því að menntun sé mið okkar inn í framtíðina í orsöns fyllstu merkingu. Það sem gerir Ísland sérstakt er fólklið sem hérna býr. Ef við horfum á íslensk fyrirtæki þá eru þau að gera hluti sem á ekki að vera hægt að gera. Hvernig Íslendingar hafa lifað undanfarnar aldir hefur mótað sérstakan hugsunarhátt og við erum blessunarlega laus við að gera okkur grein fyrir því hvað við erum smá. Þar af leiðandi áttum við okkur ekki á því að það sé eitthvað óeðlilegt við að vera best í hinu og þessu. Ef þeir sem standa í þessu útrásarbrótti gerðu sér grein fyrir hvað við erum lítil í mengi heimsins þá færu þeir líklega ekki fram úr rúminu. En ég trúi að við séum rétt að byrja og ef við hlúum ekki að menntuninni þá fellur þetta allt um sjálft sig.“

Skóli 21. aldarinnar

Svafa telur að Háskólinn í Reykjavík hafi tækifæri til að verða yfirburða skóli á nýrri öld. Skólinn hafi allt til að bera, fyrir sé kraftur og fyrirtækjamenning í bland við mikinn metnað vísindamanna sem byggja á íslenskri og fjölbjóðlegri hefð. „Það er markmið HR að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og það held ég að sé hægt með því að fylla fólk eldmóði og losa nemendur við öll höft. Til þess þarf góða kennara og það sem vinnst er gífurleg orka sem leysist úr læðingi sem kannski enginn hefði trúað að byggji í viðkomandi einstaklingi. Ég vil því að reynt sé að ná því besta fram hjá hverjum nemanda.“ Svafa segir það ekki til neins að mennta bestu vísindamenn í heimi ef þeir geta svo ekki komið vitneskju sinni á framfæri. Fólk verði að geta komið hugsunum sínum í orð ef þeir ætla að fá aðra með sér. „Ég er sannfærð um að án öflugrar menntunar, og alþjóðlegrar tengingar við íslenskar menntastofnanir, þá muni Íslendingar aldrei blómstra eins og ég veit að þessi þjóð getur gert. Þessi víska og löngun til að sjá þetta rætast er rótin að því að ég kaus að þiggja þetta starf. Hér hef ég tækifæri til að hafa áhrif til lengri tíma lítið.“ ■

”

Ef þeir sem standa í þessu útrásarbrótti gerðu sér grein fyrir hvað við erum lítil í mengi heimsins þá færu þeir líklega ekki fram úr rúminu. En ég trúi að við séum rétt að byrja og ef við hlúum ekki að menntuninni þá fellur þetta allt um sjálft sig.

JÓLAPAKKATILBOÐ

SJÓNVÖRP MEÐ DVD SPILARA



UNITED TVD5034

Sambýggt 14" SJÓNVARP og fjólkerfa DVD spilar. Með Black Matrix mynd-lampa, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarpi og fjarstýringu.



TILBOÐ 18.990

FULLT VERÐ kr. 24.990



UNITED TVD6038

21" SJÓNVARP með DVD spilara, textavarpi, DTS Digital out, RCA tengi, svefnrofa og fjarstýringu.

TILBOÐ 24.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

AKAI

LCA261

Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

26" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með innbyggðum fjólkerfa DVD spilara, 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, Digital Comb Filter og Noise Filter, 16w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS og heymartólstengi, Digital Coax útgangi, VGA og DVI tengi (stýður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 119.990

FULLT VERÐ kr. 129.990



VENJULEG SJÓNVÖRP




UNITED

UTV20x40

20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

VERÐ 16.990

FRÁBÆRT VERÐ



UNITED UTV6028

28" Nicam Stereo SJÓNVARP með textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 34.990



PHILIPS

15PF5121

MEÐ FM

15" LCD SJÓNVARP með útvarpi með 1024x768 punkta upplausn, Crystal Clear og Progressive Scan, 500:1 skerpu, Anti Reflection, 8w Nicam Stereo með Dolby Virtual Surround, FM útvarp með stöðvaminnum, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, DVI-I tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 59.990

FULLT VERÐ kr. 69.990



PHILIPS

21PF5121

MEÐ FM

20" LCD SJÓNVARP með útvarpi með 640x480 punkta upplausn, Crystal Clear og Progressive Scan, 500:1 skerpu, Anti Reflection, 20w Nicam Stereo með Dolby Virtual Surround, FM útvarp með stöðvaminnum, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, DVI-I tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 64.990

FULLT VERÐ kr. 79.990

12v/220v



UNITED LTV15L52

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereo hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

TILBOÐ 34.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

STÓR FLÖT LCD BREIÐTJALDSTÆKI



UNITED LTV32W63

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar.

TILBOÐ 99.990

FULLT VERÐ kr. 119.990



JVC

LT37R70

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix D.I.S.T. myndtækni sem fjólgar línur og punktum, HD Ready, 800:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 249.990

FULLT VERÐ kr. 329.990



PHILIPS

42PF5421

42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskygjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 239.990

FULLT VERÐ kr. 329.990

SJÓNVÖRP VIÐ ALLRA HÆFI - ÚRVAL, GÆÐI OG ÞJÓNUSTA Á EINUM STAÐ



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómstruvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi, VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi, Póllinn, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húmvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduói, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Heilmistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Verzlunin Vík, Egilsstöðum, Verzlunin Vík, Neskaupsstað, Kaupún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraðun, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verzlunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Hofn Hornafirði, SUDURLAND: Mosfell, Helli, Fossvafn, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Birmnes, Vestmannaeyjum, Geisli, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Tolvuspitalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Á GÓÐRI STUNDU MEÐ VÍN Í HENDI Áfengisneysla ungra kvenna eykst mun hraðar en neysla ungra karla.

Með vínglas í hendi

Áfengisneysla íslenskra kvenna hefur aukist hraðar en karla. Sama sagan er í löndunum í kringum okkur. Fyrirmyndir á borð við vinkonurnar í Beðmálum í borginni gætu haft þar áhrif. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* velti þróuninni fyrir sér.

Jafnréttisbarátta kvenna undanfarna áratugi hefur haft ýmsar afleiðingar. Flestar eru þær jákvæðar og felast í aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þær eru sýnilegri og sjálfstæðari en áður og eru aldar upp við þau skilaboð að þær séu að minnsta kosti jafnokar karla í öllu sem þær taki sér fyrir hendur.

En nú virðist sem hinar dekkri hliðar jafnréttisbaráttunnar séu einnig að koma í ljós. Það er ákveðin kaldhæðni fölginn í því að vandamál sem fyrir fáeinum áratugum var fyrst og fremst karlavandamál er nú orðið útbreitt einnig meðal kvenna; misnotkun á áfengi, sem kemur í kjölfarið á aukinni áfengisneyslu kvenna undanfarna áratugi.

Neysla kvenna eykst meira

Áfengisneysla ungra kvenna hefur aukist hlutfallslega meira en annarra hópa á síðustu árum. Samkvæmt könnunum sem Lýðheilsustofnun lét gera á árunum 2001 og 2004 hefur áfengisneysla kvenna á aldrinum 18 til 34 aukist um þriðjung á tímabilinu. Áfengisneysla karla á sama aldri hefur einnig aukist, þó töluvert minna en neysla kvenna, eða um rúman fimmting.

Mikil umræða hefur verið í löndunum í kringum okkur um að neysla kvenna á áfengi hafi aukist skuggalega mikið á undanförunum áratug. Í Bretlandi er svo komið að unglingsstúlkur neyta nú meira magns áfengis en unglingspiltar. Breskar konur neyta að jafnaði mest áfengis allra kvenna í Evrópu og hefur áfengisneysla þeirra jafnframt tvöfaldað á síðasta áratug.

Svipað er uppi á teningnum í öðrum löndum. Bandaríkjamenn og Frakkar hafa til að mynda af því

verulegar áhyggjur hve áfengisneysla ungra kvenna eykst hratt miðað við aðra hópa. Ungar konur í Bandaríkjunum og Evrópu drekka að meðaltali 63 prósentum meira magn af áfengi en konur á öllum aldri drekka að jafnaði.

Neysla kvenna einnig aukist hér

Ungar konur á Íslandi drekka nú meira en áður. Íslendingar á aldrinum 18 til 34 drekka rúmlega þrefalt meira áfengi en fólk á aldrinum 55 til 75 ára og eykst áfengisneysla ungra kvenna hlutfallslega mest.

Þrátt fyrir að áfengisneysla kvenna sé að aukast drekka þær enn rétt rúmlega þriðjung þess magns áfengis sem karlar neyta.

Í könnun Lýðheilsustofnunar frá 2004, sem eru nýjustu upplýsingar sem til eru um áfengisneyslu eftir kynjum, kemur fram að karlar neyta 72 prósent alls áfengis, reiknað í hreinum vínanda en konur neyta 28 prósent þess.

Lauslega áætlað neyttu konur

samkvæmt því um 55 lítra áfengis á síðasta ári og karlar um 139 lítra.

Þessi sama könnun var lögð fyrir árið 2001. Ef niðurstöður beggja kannananna eru bornar saman kemur í ljós að áfengisneysla ungra kvenna jókst um 28 prósent á tímabilinu en karla um 22 prósent. Ef þróunin heldur áfram á sömu braut munu konur neyta að meðaltali helming þess áfengismagns sem karlar neyta eftir áratug.

Meiri áhrif á konur

Þegar nánar er skoðað hvernig ungar konur og karlar á Íslandi drekka kemur í ljós að farið er að draga verulega saman milli kynja í bjórneyslu. Ungar konur drekka að meðaltali 1,3 lítra af bjór í hvert sinn sem þær fá sér bjór og karlar lítið eitt meira, um 1,8 lítra.

Athyglisvert er að kanna nánar hver áhrifin eru á bæði kynin af því að innbyrða þetta magn því áfengi hefur mismunandi áhrif á fólk eftir kyni. Ástæðan er meðal

Hvernig drekka fyrirmyndirnar?

Einn vinsælasti sjónvarpsþáttur meðal kvenna um allan heim undanfarna ár var bandaríski þátturinn *Beðmál* í borginni, sem sýndur var um nokkurra ára skeið þar til fyrir skömmu. Í honum fylgdu með reglulega með Carrie Bradshaw og vinkonum hennar hittast á bar, hvaða dag vikunnar sem var, þar sem þær fengu sér kokkteila. Vinkonurnar fjórar hafa allt til að bera til að vera fyrirmyndir ungra kvenna. Þær eru vel menntaðar, í eftirsóttum störfum, glæsilegar og sjálfstæðar enda náðu þættirnir fljótt fádæma vinsældum og voru taldir hafa gríðarleg áhrif á lífsstíl og viðhorf heillar kynslóðar, þar með talið á viðhorf ungra kvenna til áfengisneyslu.

Annað dæmi um unga sögupersónu sem náði heimsfræðð á stuttum tíma er *Bridget Jones*. Þrátt fyrir að yfir henni sé ekki jafnmikill glámur og *New York*-vinkonunum fjórum, varð hún fljótlega nánast persónuleg vinkona þessara sömu kvenna og horfðu síðar á *Beðmál* í borginni. *Bridget* var aðeins of þung að eigin álit, gekk ekki vel í karlamálum og drakk allt of mikið áfengi. Konum fannst hún kærkomin tilbreyting frá fullkonnuninni og áttu auðvelt með að samsama sig henni.

annars sú að líkamsþyngd karla er að meðaltali meiri en kvenna en einnig eru aðrar líffræðilegar skýringar á því hvers vegna áfengi hefur önnur áhrif á konur en karla og hafa þær verið að koma í ljós á undanförunum árum með auknum rannsóknnum á þessu sviði.

Samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustofnun þola konur að meðaltali 30 prósentum minna áfengi en karlar og þurfa því um þriðjung minna áfengismagn en karlar til þess að verða fyrir áhrifum. Auk þess sem líkamsþyngd þeirra hefur töluvert um að segja, hefur einnig komið í ljós að ástæðan fyrir minna þoli kvenna gagnvart áfengi er sú að konur hafa hlutfallslega minna vatnsmagn í líkamanum en karlar, en vatnið þynnir út áfengið. Þá framleiða konur minna magn af þeim efna-hvötum sem líkaminn notar til að brjóta niður áfengi sem skýrir að einhverju leyti hvers vegna konur eru með meira magn af áfengi í blóðinu en karlar eftir að hafa drukkið sama magn.

Minna magn, meiri áhrif

Áhrif 1,3 lítra af bjór á konur eru samkvæmt þessu um það bil hin sömu og áhrif 1,8 lítra af bjór hafa á karlmenn. Í bæklingi um áhrif áfengis sem Lýðheilsustöð gaf út fyrir um tveimur árum kemur fram að þetta magn áfengis, sem samsvarar sex einingum hjá körlum sem eru um 90 kíló að þyngd og fjórum einingum hjá konum sem eru um 70 kíló, hefur þau áhrif að greinileg skerðing verður á jafnvægi og fram koma erfiðleikar með að tjá sig.

Ef konan drekkur einn lítinn bjór til viðbótar, eða samtals fimm litla bjóra, koma fram augljós eitrunareinkenni og sjálfstjórn er á bak og burt. Karlar þurfa hins vegar níu litla bjóra til þess að komast í þetta ástand.

Eftir einn lítinn bjór í viðbót hættir konan að hafa stjórn á líkama sínum, til dæmis þvagblöðru og eftir níu litla bjóra eða vínglós er hætta á að konan missi meðvitund. Karlar þurfa að drekka vel rúmlega helmingi meira en konur, eða 22 litla bjóra til þess að missa meðvitund. Taka skal fram að áhrif áfengis á líkamann fer eftir því hve hratt er drukkið og hvort drukkið er með mat. Því hraðari neysla, því hraðar finnur fólk fyrir áhrifum.

Meiri líkamleg og andleg áhrif

Íslenskar og erlendar rannsóknir benda til þess að neikvæð, andleg áhrif áfengis séu meiri á konur en karla. Konur sem koma til áfengis meðferðar lýsa meiri andlegri vanlíðan en karlar og þjást fremur af kvíða og sektarkennd.

Þá hefur verið sýnt fram á að

neysla áfengis eykur líkurnar á brjóstakrabbameini. Einnig sýna erlendar rannsóknir að konum er hættara við lifrarskemmdum vegna áfengis en karlar.

Ungar stúlkur drekka á við pilt

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla á árunum 1993 til 2003 kemur í ljós að áfengisneysla hefur þróast á mismunandi hátt eftir kynjum. Rannsóknir á fyrri hluta þessa tímabils leiddu í ljós að piltar neyttu meira áfengis en stúlkur. Árið 1999 dró hins vegar saman með kynjunum svo ekki fannst marktækur munur á neyslu kynjanna. Upp frá því hefur raunin verið sú að jafnvel fleiri stúlkur neyti áfengis en piltar. Árið 2003 sögðust 30 prósent stúlkna hafa verið ölvaðar einhvern tímann á síðustu 30 dögum en 27 prósent piltar.

Í rannsókn sem gerð var á áfengisneyslu framhaldsskólanemenda árið 2004 kemur í ljós að enginn marktækur munur er á neyslu áfengis eftir kynjum. Stúlkur í framhaldsskólum neyta álíka magns af áfengi og piltar, verða jafnoft ölvaðar og piltarnir. Ekki kemur fram hversu mikið magn kynin hafi neytt, en hins vegar kemur í ljós að skiptingin eftir áfengistegundum er mjög svipuð hjá báðum kynjum nema þegar kemur að áfengum gosdrykkjum, sem virðast mun vinsælli hjá stúlkum en piltum.

Konur í meðferð fjölga hlutfallslega

Neikvæðar afleiðingar aukinnar drykkju kvenna koma berlega í ljós þegar litið er til þess hve konur sem fara í áfengis meðferð hefur fjölgað að undanförunum. Á síðustu fimmtán árum hefur hlutfall kvenna af þeim sem fara í áfengis meðferð á Vogu aukist úr fjórðungi í þriðjung. Þriðjungur allra þeirra sem komu í meðferð á síðasta ári voru því konur og voru þær alls um 500.

Að sögn Valgerðar Rúnarsdóttur, læknis á Vogu, hefur hlutfall kvenna í áfengis meðferðum aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. „Hlutfall kvenna af nýkomusjúklingum var 20 prósent árið 1977 og er nú um 35 prósent,“ segir Valgerður.

Algengast er að konur komi í fyrsta sinn í áfengis meðferð um tvítugt og um fertugt. Meðalaldur fór lækkandi frá 1984 til 2000 en fór að hækka aftur upp frá því. Valgerður segir að ástæðan sé sú að það hafi aukist að fólk sé að koma í fyrstu áfengis meðferð sína á fimmtugsaldrinum. Úr því megi lesa að áfengisneysla sé að breytast og sé að setja meira strík í reikninginn en áður hjá fullorðnu fólki.

Verið að selja mynd áfengis

Spurð hvers vegna hún telji að áfengisneysla hafi aukist meðal kvenna segir hún að mikið sé um það að reynt sé að selja fólki áfengi og einhverja mynd sem fylgi því. „Við þurfum ekki annað en að horfa í kringum okkur og velja því fyrir hvernig umræðan um áfengi er orðin,“ segir Valgerður. „Bjór-auglýsingar í fjölmiðlum eru orðnar töluvert algengar og fólk áttar sig varla á því,“ segir hún.

Valgerður bendir á að markhópur áfengisauglýsinga sé ungt fólk. Það sjáist til að mynda á því hvaða aldurshópur kemur fram í auglýsingum um áfengi, bæði auglýsingum sem birtast í íslenskum fjölmiðlum sem erlendum.

Drekka tvisvar í viku

Oddný Arnarsdóttir, 26 ára nemandi í heimspeki, hagfræði og stjórnmálfræði í Viðskipta-háskólanum á Bifröst, segir að vinkonuhópurinn fái sér að meðaltali í glas tvisvar í viku.

„Annað skiptið er á virkum degi þegar við fáum okkur tvö til þrjú vínglós en hitt skiptið er um helgi þegar farið er á djammí í bænum,“ segir Oddný.

Spurð um hversu mikið magn af áfengi vinkonurnar neyti þegar þær fara út að skemmta sér segir Oddný að það sé ekki óalgengt að þær drekki nokkra stóra bjóra, nokkur hvítvínglós og jafnvel nokkur skot hver. Þær drekki mest heima því þær séu námsmenn og því sé of dýrt fyrir þær að drekka á börum.

Hún segir það svolítið fara eftir því hvað sé í gangi



Oddný segist halda að drykkjumynstur fólks sé að þróast í þá áttina að áfengi er ekki lengur bara notað til að detta í það. „Fólk hittist í auknum mæli og fær sér einn bjór saman í staðinn fyrir kaffi, en svo ekki meira,“ segir hún.

Afsláttur

HONDA
The Power of Dreams

259 000 000



Drífðu núna
Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V
Drífðu þig núna!



Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

2.890.000 kr.
beinskiptur ES

2.990.000 kr.
sjálfskiptur ES

honda.is



Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseginnleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
Drífðu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Milli himins og jarðar



Hvernig ber Jónas sig að í Kvöldgestum? Hvernig tónlist er hægt að finna í geisladiskabúð Valda og hvað varð um ljósabekkina í almenningssundlaugunum? Þetta eru nokkrar af þeim aðkallandi spurningum sem útvarpsmaðurinn E..., hugarfóstur útvarpsmannsins *Eiríks Guðmundssonar*, veltir upp í nýútkominni skáldsögu þess síðarnefnda - Undir himninum. Fréttablaðið tók ómakið af E... og fór á stúfana.



ARNÁ BÁRA KARLSDÓTTIR Kmm á óvart hversu krefjandi vinna á sólbáðsstofu er. Álagið er mikið og hlutirnir þurfa að ganga smurt fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sólbáðsstofur og ljósabekkir

E... fer í ljós, ekki oft en stundum, til að hressa sig við. „Ég kann vel að meta stúlkurnar sem vinna á sólbáðsstofunum. Þær eru sagðar fáfróðar en mér segir svo hugur að þær sjái lengra en nef þeirra nær. Kaffibrúnar með r&b tónlist í græjunum, svipurinn eins og ekkert geti komið þeim á óvart. Það er eins og þær hafi verið til frá upphafi heimsins og allan þann tíma átt von á þér án þess að hafa beðið, slíkt er heillandi skeytingarleysið þegar ég birtist með sundskýluna vafða vafða inn í handklæði, engin svipbrigði, núllsvipur, einhvers konar núllstill í andliti.“ [Undir himninum, bls. 45]

Arna Bára Karlsdóttir hefur unnið á sólbáðsstofunni Smart við Grensásveg í þrjá mánuði og segir það hafa komið sér á óvart hversu krefjandi starfið er. „Síminn hringir viðstöðulaust,“ segir hún og það getur blaðamaður vottað því Arna Bára vinnur starf tveggja á meðan á samtalinu stendur, svarar öðrum símhringingum, tekur niður kennitölur og útbýtir tímum. „Stelpan sem vinnur með mér skaust út í sjoppu,“ útskýrir hún. „Ég átti von á því að þetta væri auðveldara. Það er hins vegar bara svo mikið að gera að maður verður að ganga fumlaut til verks, hafa vit í kollinum og dálitla

skipulagshæfni til að allt gangi smurt fyrir sig. Við þurfum að nýta tímann sem best svo að sem flestir komist í ljós.“

Arna Bára segir að gestir sólbáðsstofunnar séu þverskurður af þjóðfélaginu og ekkert komi sér á óvart. „Hingað koma alls konar týpur. Auðvitað mikið af vaxtarræktarfolki en líka fólk í hjólastólum og fólk sem styðst við hækjur.“ Hún segir mesta annríkið á sólbáðsstofunni vera um mánaðamót þegar fólk er nýbúið að fá úborgað. „Þá er stanslaus straumur hingað. Íslendingar elska að eyða strax eftir útborgun.“

E... veltir líka fyrir sér afrifum ljósabekkjanna sem fjarlægðir voru úr almenningssundlaugum á sínum tíma. Eftir að hafa leitað til ÍTR, Krabbameinsfélagsins, Lýðheilsustöðvar og Geislavarna ríkisins var Fréttablaðið engu nær um hvað varð um bekkina. Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá starfsfólki í Laugardagslaug og Sundhöll Reykjavíkur var ekki óalgengt að ljósabekkir í almenningssundlaugum væru á bilinu tveir til fjórir. Margir voru komnir til ára sinna og hent á haugana en nýlegri bekkir voru víst seldir sóldýrkenndum.



VALDI Í GEISLADISKABÚÐ VALDA Til hans leita þeir sem eru „lengra komnir“ í tónlistarpælingum, margir hverjir úr röðum þungarokkara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Grúskarabúð Valda

E... hlustar á hljómsveitir á borð við Japan, Men Without Hats og Men art Work og kaupir stundum geisladiska í Geisladiskabúð Valda á Laugavegi. Hann les líka fréttadálka dagblaðanna þar sem til dæmis ungar konur veita innsýn í líf sitt með stuttum og kjarnrýmum texta um hvernig þær lífa og búa, hvað þær lesa og hlusta á. Eitt sinn birtist vinkona hans Hrefna í dálkinum Brennslan mín og velur lög sem hún getur hugsað sér að hafa saman á geisladisk. „Hrefna valdi einhverja undarlega blöndu af af klassískri tónlist og popptónlist sem um þessar mundir þykir vera hipp og kúl og er til sölu í Tólf tónum en ekki hjá Valda. Allt innan réttara marka, ekkert sem kom á óvart ern var samt svo framandi vegna þess að Hrefna hafði sýnt mér aðra hlið á sjálfri sér, hún hafði talað eins og rödd heillar kynslóðar... [Undir himninum, bls. 180]

Þorvaldur Kristinn Gunnarsson í Geisladiskabúð Valda viðurkennir að klassísk tónlist eigi ekki mikið upp á pallborðið hjá sér. „Það er hins vegar mikið um djass og blús í búðinni hjá okkur. Það má segja að fjölbreytileikinn sé okkar aðall, eina vikuna seljast kannski 50 eintök af einni plötu en þá næstu er fólk að leita að einhverju allt öðru,“ segir Valdi og gerir hlé á máli sínu á meðan hann bendir viðskiptavini á hvar megi finna geisladiska með Stevie Ray Vaughn gítarleikara. „En ef ég ætti að nefna sérstaka tónlistarstefnu sem væri ofan á herna væri það sennilega þungarokk og klassískt rokk.“ Sjálfur er Valdi mikill aðdáandi hljómsveita á borð við Ramones, Slayer og Judas Priest og segir búðina ábyggilega bera þess einhver merki. En eins og ég segi er fjölbreyntin hér mikil, ég á yfirleitt eitthvað með Japan, Men without Hats og Ultravox ef menn eru í „eitis“-pælingum.“

Kúnnahópur Valda er nokkuð stór að hans sögn. „Auðvitað minni en þeir sem hlusta á „mainstream“ tónlist, en grúskararnir eru nokkuð öflugir á Íslandi. Ef ég fæ í hendur dýrgripi á borð við eitthvað eins og Náttúruna, Magic Key, Icecross og Trúbrot er það fljótt að seljast.“

Kvöldgestir Jónasar

E... hefur hlustað yfir sig á þáttinn Kvöldgesti á Rás eitt. Þarf að passa sig á mannamótum því fólk á hans reki hlustar ekki alla jafna á Kvöldgesti og verður undrandi þegar hann vitnar í þáttinn og segir deili á aðskiljanlegasta fólki; þulum, loftskýtamönnum og pólitíkusum. „Í þeim tilfellum þar sem sami viðmælandinn kom tvö eða fleiri föstudagskvöld í röð velti ég því fyrir mér hvort stjórnandi þáttarins léti gestinn mæta oftar en einu sinni í hljóðstofu eða hvort viðtalið væri tekið allt upp í einni lotu. [...] Í ljósi þessa alls hlaut það að vera sérstök kúnt og til marks um hæfileika stjórnandans að ná fram hverri miðnæturstemningunni á fætur annarri, væru viðtölin tekin í einni lotu, kannski um hábjartan dag, skömmu eftir hádegi, á þeirri munaðarlausu stund þegar enginn er í stuði til að tala um sjálfan sig eða segja eitthvað stórkostlegt. Menn tala ekki um viðkvæm efni í dagsbirtu, þátturinn Kvöldgestir gengur eiginlega út á það.“ [Undir himninum, bls. 64]

„Það er alveg rétt,“ samsinnir Jónas Jónason, stjórnandi Kvöldgesta. „Menn tala ekki

um hvað sem er í dagsbirtu, enda eru Kvöldgestir mjög vel undirbúnir. Ég hendi þeim ekki fyrir ljónin; segi ekki við þig: „Komdu og vertu kvöldgestur – ég tek upp klukkan átta“, heldur hitti þig, kynnist þér, er búinn að hlera þig eftir því sem föng eru á hjá fólki sem þekkir þig. Ef ekki, hittumst við jafnvel tvisvar, þar sem ég kynnist þér mjög hratt og leyfi þér að kynnast mér ögn þannig þér líði aðeins betur og fáir ekki á tilfinninguna að ég sé einhver frekur útvarpshundur að troða hljóðnema upp í trantin á þér. Á langri reynslu hef ég lært að það er ekki hægt að spyrja að neinu viti nema að vita eitthvað um umræðuefnið, það er svo einfalt. Eftir að hafa hitt þig einu sinni eða tvisvar geri ég prufubátt með þér; er með lítið tæki í lófanum og tek upp samtalið. Sértu sjálfur ánægður með spurningar og svör bý ég til handrit úr þessu spjalli. Svörin þín verða kannski öðruvísi en í prufunni, en innihaldið er það sama því þú hefur svörin í sálinni.“

Þátturinn Kvöldgestir á sér fastan upp-



JÓNAS JÓNSSON Hendir þáttum sínum ekki fyrir ljónin heldur undirbýr sig og gesti sína vandlega. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

tökutíma á þriðjudagskvöldum klukkan 20. „Þetta verður að gerast að kvöldi, það á að vera kvöld í sálinni. Ég fæ að taka upp í leikstúdíóinu; þar er búin til lítill stofa með borði og kertaljósi, tækniaðurinn tekur á móti gestum eis og höfðingjum og ég gef þeim eplasafa. Það er allt gert til að skapa ró í kringum þig. Þegar upptakan er búin göngum við saman út í nóttina. Ég lít á þetta sem beina útsendingu, klippi aldrei neitt og ég hlusta ekki á þáttinn fyrr en á föstudagskvöldi heima hjá mér. Þá nota ég tækifærið til að læra; er aðeins þriðji maður að hlusta

á tvær manneskjur tala saman.“ Stundum ber svo við að sama viðmælandinn er í tveimur eða fleiri þáttum.

„Ef mér finnst gesturinn svo uppfullur af fróðleik og sögu sem við þurfum á að halda bið ég hann að koma aftur. En taktu eftir að ég tala ekki við gestinn bara um hann sjálfan, það er svo margt í manneskjunninni. Stundum hef ég talað við fólk í fjórum þáttum og tek þá upp í tveimur lotum á jafnmörgum dögum. En hver þáttur er sjálfstæður og ég kveð gestinn alltaf í lok þáttar og býð honum að koma aftur.“

Attu

2

8 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

Mundu Disney leikinn. Sex fjölskyldur hafa þegar unnið ferð og fjórar ferðir eru eftir í pottinum.

★ ★
DRUMFERÐ
★ ★
FJÖLSKYLDUNNAR



Öllum 10 raða Lottóseðlum með Jóker fylgir happanúmer. Í hverri viku fram að Þorláksmessu drögum við út ævintýralega ferð fyrir alla fjölskylduna.

*M.v. 2 fullorðna og 2 börn.



WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON Einhver sá skrautlegasti innan vallar sem utan. Af honum eru ýmsar sögur, til dæmis þegar hann þjálfaði hressa Þróttara.

JOSÉ ANTONIO REYES Þekkt er hversu ákaft fótboltamenn fagna mörkum sínum og vírðast þá engin takmörk vera á „fagninu“ eins og Reyes fékk að reyna.

Sögur af knattspyrnuköppum

Út er komin bókin „Fánýtur fróðleikur um fótbolta“ eftir Henry Birgi Gunnarsson og Stephen Foster. Þar er greint frá furðulegum atvikum og sögum sem ekki koma leiknum sem slíkum við. Sem dæmi er sagt af því þegar Tryggvi Guðmundsson, þá kornungur, reif gula spjaldið í miðjum leik og þegar Guðjón Þórðarson hjólaði á eftir leikmönnum KR þegar þeir skokkuðu á Nesinu. Hér er gripið niður í bókina.

Knattspyrna er leikur hinna óvæntu atvika. Innan vallar og ekki síður utan. Hverjum hefði til dæmis dottið í huga að Rio Ferdinand yrði frá keppni í margar vikur vegna meiðsla sem hann hlaut við að horfa á sjónvarp? Hver hefði ímyndað sér að markvörður Blackpool fengi rauða spjaldið fyrir að búa til snjófall í markinu sínu? Spurningunni „af hverju hljóp Kristinn Tómasson nakinn um Árbæinn?“ er svarað í bókinni.

Í bókinni Fánýtur fróðleikur um fótbolta er fjallað um allt hið óvænta í fótboltanum, allt það sögulega, fyndna, sorglega, stórkostlega, frábæra... og auðvitað er sagt frá nokkrum merkilegum hneykslismálum. Bæði er greint frá furðulegum atvikum í alþjóðlegum fótbolta eins og því þegar

TVÍBURABRÆÐURNIR FRÆGU

Arnar og Bjarki. Oft er erfitt að gera upp á milli bræðranna eins og Sigurður Lárusson fékk að reyna.

José Antonio Reyes skoraði og samherjar hans fleygðu sér ofan á hann en á sjónvarpsupptökum mátti greinilega sjá einn féлага hans bita hann í punginn. „Þú ert svo góður að mig langar að éta á þér eistun, segir gamalt spænskt máltæki,“ var skýringin sem eistnaætan Guillem Balague gaf fréttamönnum sem voru forvitnir að vita hvað slíkur fögnuður átti eiginlega að þýða. En einnig eru sagðar sögur af sérkennilegum atvikum sem tengjast íslenskum knattspyrnuköppum sem oft og tíðum eru býsna skrautlegir.

Á ég að velja Arnar eða Bjarka?

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir létu ungir að árum að sér kveða með meistaraflokki ÍA enda hæfileikaríkir leikmenn með eindæmum. Árið 1989 var Sigurður Lárusson þjálfari Skagaliðsins og hann lenti í mjög miklum vandræðum þegar hann tilkynnti leikmannahóp sem átti að fara til Belgíu og spila Evrópuleik.

Sigurður áttaði sig nefnilega á því að þegar hann hafði þulið upp nöfn fimmtán leikmanna að hann átti eftir að velja þá bræður en ákveðið hafði verið að fara aðeins með sextán leikmenn utan. Sigurður vildi ekki taka þá áhættu að særa annan hvorn þeirra og fór því aðeins út með fimmtán leikmenn. Ekki er vitað til að annað lið á Íslandi hafi viljandi farið með of lítinn leikmannahóp út í Evrópuleik.

Árni farinn í Sjallann

Skagamaðurinn Árni Sveinsson stýrði liði Dalvíkur um tíma en heimamenn eru á því að hann sé hugsanlega skrautlegasti maðurinn sem stýrt hafi knattspyrnuliði bæjarins frá upphafi.

Árni tók reyndar við liðinu af greiðasemi við vin sinn, Kristinn Björnsson, sem átti að stýra liðinu en gat síðan ekki uppfyllt skyldur sínar við félagið sökum anna í vinnu. Árni tók starfið svona mátulega alvarlega og það sást á æfingaprógramminu sem samanstóð af reitabolta, skotæfingum og bolta á milli eldri og yngri. Það var sama æfingin allt sumarið.

Einhverju sinni átti Dalvík leik á föstudegi og mánudegi. Lærisevneir Árna gerðu sér lítið fyrir og unnu föstudagsleikinn og þar sem stutt var í næsta leik áttu þeir ekki von á að fá að fagna sigrinum með hefðbundnum hætti. Engu að síður ákváðu leikmennirnir að láta á reyna og einn þeirra fór til Árna og spurði fyrir hönd hópsins hvort það væri ekki í lagi að þeir fengu sér einn eða tvo bjóra til að fagna sigrinum. Árni svaraði þá einfaldlega: „Mér er alveg sama hvað þið gerðið en ég fer í Sjallann.“

Viltu banana?

Á síðari hluta síðustu aldar lék með liði Þórs frá Akureyri harðskeyttur Húsvíkingur, Sigurbjörn Viðarsson að nafni, og lék hann stöðu bakvarðar. Sigurbjörn var



ÁRNI SVEINSSON Hans menn Dalvíkingar voru feimnir við að fagna góðum árangri – en ekki hann.

einna helst þekktur fyrir að leika ávallt með svarta leðurhanska og skipti þá engu hvernig viðraði. Sigurbjörn var nokkuð harður í horn að taka og í raun frekar grófur. Hann fékk því sjaldnast aukaspyrnur þegar á honum var brotið.

Einhverju sinni var brotið gróflega á Sigurbirni og ekkert dæmt. Faulk þá í Húsvíkinginn og hann kallaði að dómaramum: „Ertu api?“ Dómari leiksins var Framarinn Sveinn Sveinsson og hann spjaldaði Sigurbjörn umsvifalaust.

Sveinn dæmdi einnig næsta leik Þórsara og þegar Sigurbjörn sá Svein fyrir leikinn læddist hann upp að honum og hvíslaði: „Viltu banana?“ Sveinn hafði lítinn húmor fyrir þessum orðum Sigurbjörns og spjaldaði hann fyrir óviðurkvæmileg ummæli en þeir eru ekki margir sem geta státað af því að hafa fengið gult spjald fyrir leik.

Áfram fótbolti í Þrótti

Willum Þór Þórsson knattspyrnuþjálfari er með lífligri þjálfurum landsins og það þótt hann hafi róast talsvert í seinni tíð. Hann var mjög hávaðasamur þegar hann þjálfaði Þrótt fyrir nokkrum árum. Willum gerði meira en að óskra á lærisveina sína því hann reyndi að

kenna þeim ýmislegt annað, til að mynda að enginn leikmaður sé stærri en félagið. Þess vegna hamraði hann ött og títt á því að Þróttur yrði alltaf til þótt þessi eða hinn leikmaðurinn skipti um lið. „Þið skuluð ekki halda að það verði ekki spilaður áfram fótbolti í Þrótti þótt þið séuð ekki að spila,“ sagði Willum ídulega við strákana.

Sama sumar fóru Þróttarar norður til Akureyrar þar sem þeir öttu kappi við KA. Strákarnir hans Willums fóru á kostum í leiknum og sigruðu 4–0. Leikmenn fengu að drekka tvo kalda áður en haldið var út á flugvöll og veruleg stemning í hópnun. Sú stemning dó skömmu síðar því flugferðin var hreinasta martróð.

Vélin hristist og skalf alla leiðina og tók hverju dýfuna á fætur annarri. Hörðustu naglarnir í hópnun hika ekki við að játa nú að þeir héldu að þessi ferð yrði þeirra síðasta. Í einni dýfunni kastast allir farþegar upp í loft og einhverjir lenda í kjölfarið á gólfinu og þar á meðal Willum þjálfari.

Þá sprettur Axel Gomes markvörður upp og kallar yfir vélina: „Þetta er allt í lagi, strákar. Það verður spilaður áfram fótbolti í Þrótti þótt við hröpum.“ ■





EINSTÖK JÓLASTEMNING

Kaupmannahöfn er komin í jólabúninginn og tekur fagnandi á móti ferðamönnum á aðventunni.

JÓLIN KOMA 8



DESEMBERDRESSIÐ

Jólamánuðurinn er tími góðra og fjölbreyttra stunda og því gott að eiga í það minnsta eitt fallegt dress.

TÍSKA 10

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA JÓLIN KOMA TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR TÍSKA JÓLIN KOMA]

Iceland Express hefur hafið sölu á flugferðum til Billund. Þeir sem vilja fara með fjölskylduna í sumarfrí í Lególand næsta sumar geta því farið að bóka ódyrt flug.

Silverstone kappaksturs- og æfingabrautin í Northamptonshire í Englandi er með sérstakt jólatilboð á eins dags æfinga- og akstur tímum á brautinni. Tilboðið er hugsað fyrir þá sem vilja gefa tímana í jólagjöf. Til að vekja athygli á þessu hefur Silverstone farið af stað með léttu getraun í samstarfi við tímaritið og netmiðilinn AutoExpress.

Ullarkjolar og síðar þeytur eru hátískan í vetur sem kemur sér vel fyrir okkur Íslendinga. Flott belti utan yfir setur síðan punktin yfir í-ið.

Tónleikar eru víða haldnir á aðventunni og fátt notalegra í öllu jólastressinu en að gefa sér tíma til þess að hlusta á hugljúfa tóna í einhverja stund.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
2. desember, 336. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10.48	13.17	15.46
Akureyri 10.56	13.02	15.07

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Fiðildaskrydd stúlka með blómaveski.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lífræn tíska

Kjolar úr grænmeti, blómum og laufblöðum.

Falleg sólblóm í bland við skörp og græn pálmablöð var hluti af því sem notað var í fallegar flikur á nýlegri tískusýningu sem haldin var í Cali í Kólumbíu. Yfirskrift sýningarinnar var „Biofashion“ eða lífræn tíska og var þar lögð áhersla á að nota aðeins lífræn efni í flikurnar sem fyrirseturnar klæddust á sýningarpöllumunum.

Nokkrir gengu enn lengra og notuðu aðeins lifandi gróður til að útbúa glæsilega hannaða kjóla, pils og jafnvel tösukur. Þótt útkoman sé hin flottasta er varla hægt að halda fram að hún sé mjög hentug, að minnsta kosti ekki fyrir íslenskt veðurfar.

-sgj

Ljósín tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli

RÚMLEGA TÓLF
METRA HÁTT JÓLATRÉ
FRÁ ÓSLÓ.

Rúm hálf öld er síðan Norðmenn færðu Íslendingum í fyrsta sinn grentitré að gjöf til að prýða miðborg Reykjavíkur. Í mörg ár hefur verið til síðs að halda upp á þessa vinargjöf með bæði hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum.

Tréð var í ár höggvið í Finnerud í Sørkedalen, Óslómarka, fyrir utan Ósló og er rúmlega tólf metra hátt. Tendrad verður á ljósum þess sunnudaginn 3. desember klukkan 16.

Lúðrasveit Reykjavíkur hefur dagskrána kl. 15.30 með því að leika falleg jólalög en hálf tíma síðar tekur Dómkórinn við og flytur nokkur lög. Þá færir Guttorm Vik, sendiherra Noregs á Íslandi borgarstjóra, Vilhjálmí Þ. Vilhjálmssyni, og öðrum Reykjavíkum tréð að gjöf. Eftir að borgarstjóri hefur tekið við trénu fær hinn ellefu ára norsk-íslenski jóel Einar Halldórsson þann heiður að kveikja ljósín á trénu góða. Þegar ljósín eru farin að lýsa upp skammdegið birtast góðir gestir á sviðinu við Austurvöll. Þetta eru jólasveinarnir Giljagaur, Bjúgnakrækir og Skyrgámur sem eru komnir í bæinn vegna þess að þeir eru svo afskaplega hrifnir af jólatrénu á Austurvelli og ekkert þykir þeim skemmtilegra en að syngja jólalög með kátum krökkum. Dagskráin verður túlkuð á tákmalí og kynnr er Gerður G. Bjarklind.



Óslóartréð hefur verið tendrad á Austurvelli í meira en hálfu öld.



2007 ÁRGERÐIN KOMIN Í HÚS



HONDA TRX-350 FE

kr. 699.000

HONDA TRX-500 FM

kr. 820.000

HONDA TRX-680 FA

kr. 1.090.000

KOMDU Í HEIMSÓKN
OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



Vatnagarðar 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



HONDA TRX-450 ER

kr. 959.000



SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bílasprautun@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 888 8317
Fax 567 1182

Smágrafa
Lyftari
Gripkló
Snjóskotur
Snjóblásari
Götusópari
Trjáskurlari
Sláttuvél
Dráttartæki
Heyvinnutæki
Úðari o.m.fl.

MULTI ONE
fjölnota tæki

Afar fjölhæf og sterk smátæki sem henta verktökum og smærri sveitarfélögum m.a. til snjóskoturs jarðvinnu o.m.fl.

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

STURLAUGUR & CO

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

SUBARU Þjónusta
HONDA Þjónusta
NISSAN Þjónusta

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskafsvörum
Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Örn Kr. Arnarson ökukennari segir mikilvægt að gefa sér tíma í ökunámið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ungir ökumenn á betri leið

Að mörgu er að hyggja þegar haldið er út í umferðina á bíl í fyrsta sinn. Ungir ökumenn lenda hlutfallslega oftar í slysum og tjóni en aðrir ökumenn en þrátt fyrir það hafa breytingar orðið miklar síðustu ár og ekki að ástæðulausu.

Eftir að ökunáminu var breytt 1997 þegar lágmark ökutíma fór úr engu í 16 tíma og ökuskóla-skyldan var tekin upp, varð viss hugarfarsbreyting meðal ungra ökumanna. Æfingaakstur bættist einnig við námið og bóklegi hlutinn hertist ásamt viðbrögðum yfirvalda við umferðarlagabrotum.

„Við sjáum klárlega afrakstur, enda hafa slysum og tjón af völdum ungra ökumanna fækkað um tugi prósent,“ segir Örn Kr. Arnarson ökukennari. Hann starfar með unglungum á aldrinum 12-18 ára bæði sem íþróttakennari og ökukennari og segir námið vera allt öðruvísi í dag. „Það er til dæmis ekki þetta stress í kringum bílprófið, að maður verði að fá skírteinið á sjálfum afmælisdeginum. Námið tekur lengri tíma, er umfangsmeira og síðan hefur æfingaaksturinn líka sitt að segja. Enda eru foreldrar og fullorðnir fyrirmyndir barna og unglunga,“

segir Örn. En þrátt fyrir betra nám, undirbúning og hertar reglur hefur samt borið á ofsa- og ölvunarakstri ungmenna það sem af er ári, þar sem alvarleg slyshafa hlotist af. „Mín reynsla er sú að þeir einstaklingar sem eru ábyrgðarlausir í umferðinni eru þannig að upplagi af einhverjum völdum,“ segir Örn og telur helstu ástæður vera almennt agaleysi í uppeldi og foreldrar í tímaþröng. Kannanir í Bandaríkjunum og ýmsum löndum Evrópu sýna greinilegt sambandi milli áfengis-kaupaaldurs og ölvunaraksturs ungmenna. Þetta kom fram í könnun Rannsóknarnefndar umferðarslysa frá árinu 2000 um unga ökumenn og þess vegna ekki álitnið vænlegur kostur að lækka áfengis-kaupaaldur á Íslandi. Sumir vilja þó halda því fram að hækka eigi ökuleyfisaldur jafnvel upp í tvítugt til að sporna við óhöppum sökum þroskaleysis. „Þau eru náttúrulega ung. Hormónarnir eru alveg á fullu og það er allt voða gaman. En ef vandamálið er til staðar hjá vissum einstaklingum hverfur það ekki. Svo ég held að hækkaður aldur ökuleyfis seinki bara vandamálinu,“ segir Örn og bætir við að það hafi hvarflað að sér að strákar ættu kannski ekki að fá bílpróf fyrr en þeir eignast barn, þá kviknar ábyrgðarkenndin. Yfirvöld hafa hert mjög viður-

lög við umferðarlagabrotum og Örn telur það hárrétta þróun. „Það er orðið mjög dýrt að brjóta af sér í umferðinni og punktakerfið og sektir er kannski það eina sem virkar. Ég veit um ungt fólk sem hefur komist lífs af og misst nána vini í umferðarslysum, en er samt að brjóta af sér og setja aðra í hættu,“ segir Örn. Bílfloti Íslendinga hefur aukist gífurlega og það hefur sitt að segja. „Það tekur tíma að fá reynslu í umferðinni sérstaklega í dag þegar svo margir bílar eru á götunum. Enda er ökunáminu ekki lokið þegar skírteinið er komið í vasann. Þetta er svolítið þúsl að læra á bilinn og á umferðina og ég er harður á því að senda engan af stað sem mér finnst ekki vera tilbúinn. Meðal-tímajöldi er 18-22 ökutímar en sumir fara upp í 30-40 tíma,“ Íslenski bílflotinn er einsdæmi miðað við nágrannalönd okkar þar sem skólaflókar notar almennings-samgöngur og reiðhjól eða gengur. „Það væri náttúrulega best ef ungt fólk væri minna á bilum bæði út af slysum, mengun og heilsufari en það þyrfti mikla hugarfarsbreytingu til að það yrði að veruleika,“ segir Örn. Almennt segir Örn ungt fólk vera mun betri ökumenn en áður og fólk 65 ára og eldri valdi meiri hættu á vegum landsins en unga fólkíð um þessar mundir.

rh@rettabladid.is

Kia í harðri sókn

SALA Á KIA-BÍLUM Á ÍSLANDI HEFUR AUKIST GRÍÐARLEGA.

Svo virðist sem suðurkóreski bílaframleiðandinn Kia eigi upp á pallborðið hjá Íslendingum en undanfarin tvö ár hefur sala á Kia fimmfaldast. Kia Sorento er langsóluhæsti bíll framleiðandans hérlendis og enn fremur annar mest seldi jeppinn á Íslandi um þessar mundir.



Kia Sorento er um þessar mundir annar vinsælasti jeppinn á Íslandi.

Vinsældir Kia-bíla einskorðast ekki við Ísland, því þeir verða sífellt eftirsóttari í Evrópu. Framleiðandinn sló þannig söluþétt í október í Evrópu, þegar salan jókst um ellefu prósent og lauk með 23.353 bílum.

Smábíllinn Picanto reyndist vera eftirsóttastur, en alls seldust 6.489 slíkir bílar, næst kom sportjeppinn Sorento, en 3.476 slíkir bílar voru keyptir og loks má nefna jeppinginn Sportage, sem lenti í þriðja sæti yfir söluhæstu Kia-bílanum.

Ef lítið er til tíu fyrstu mánaða ársins hafa selst yfir 228.367 Kia-bílar í Evrópu, sem er svipað magn og fyrir sama tímabil í fyrra. Þar trónir efstur Picanto, með 70.074 selda bíla, Sorento með 35.873 bíla og loks

Sportage með 30.643 bíla. Af Evrópuríkjunum var Kia vinsælastur í Þýskalandi í október, þar sem 3.800 bílar voru afhentir, en það er 40 prósent aukning miðað við sama tíma í fyrra. Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafa Kia-bílar verið vinsælastir á Spáni, þar sem 39.000 bílar hafa verið afhentir.

Ýmsar kenningar eru uppi um þessar stórauðni vinsældir Kia og hallast margir að því að þar sé nýjum gerðum um að þakka, svo sem endurbættum Sorento, nýjum Carnival fjölnota bíll og nýjum Carens, minni gerð af fjölnota bíl.

- rve

YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM

EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERDIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA

AB VARAHLUTIR
BÍLDSHÖFÐA 18 - SÍMI: 567 6020
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
★ AB - ALLTAF BETRI ★

BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - VATNSKASSAR OG FLEIRA

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Umhverfisvænir bílar

Ekki er allt unnið með kaupum á bíl sem á pappírnum eyðir og mengar minna.

Fyrirtækið J.D. Powers gerði úttekt á umhverfisvænustu bílum samkvæmt svokölluðum bíla- og umhverfisstaðli AEI. Staðallinn reiknast út frá meðaleyðslu, losun skaðlegra snefilefna, losun koltvísýrings samkvæmt opinberum tölum, og jafnframt út frá reynslu neytenda, sem oft á tíðum var nokkuð önnur en til stóð. Bílaeigendur voru einnig spurðir af hvaða orsökum þeir hefðu valið sér bílana og hversu mikinn þeir teldu eldsneytissparnaðinn vera. Ýmislegt kemur á óvart í úttektinni.

Einungis bílar framleiddir á þessu ári voru prófaðir. Af 37 bílaframleiðendum komast 15 inn á topp 30 listann. Fjórðungur þessara bíla eru blendingsbílar (e. hybrid) og mikla athygli vekur að enginn dísilbíll kemst á toppinn. Volkswagen kemur best út úr könnuninni með þrjú bíla, sem allir eru bensínbílar. Saman hlutu þeir 655 stig. Honda fylgir fast á eftir í öðru sæti með fimm bíla sem saman hlutu 653 stig, og í þriðja sæti kemur Mazda með tvo bíla sem hlutu 646 stig. Annar þeirra er sportbíllinn MX-5.

Úr viðhorfskönnuninni eru athyglisverðastar óraunhæfar kröfur blendingsbílaeigenda til bíla sína. Við kaupin töldu þeir að jafnaði að eldsneytissparnaður yrði þrisvar sinnum meiri en raun



Volkswagen kemur best út úr umhverfiskönnuninni. Á myndinni er Jetta, en hann komst ofarlega á blað.

bar vitni. Í tilfelli dísilbílaeiganda voru væntingarnar helmingi meiri en útkoman sagði til um.

75 prósent bílakaupenda íhuga annan valkost en



bensínbíll í næstu bílakaupum og eru þá annað hvort að horfa til tvinnbíla eða dísilbíla. Í könnuninni kemur einnig fram sú skemmtilega staðreynd að þeir sem keyptu sér etanólbíla gerðu það flestir til að minnka hversu háðir Bandaríkjamenn eru erlendum orkugjöfum.

Þrátt fyrir að ágóðinn af kaupum á blendings- og dísilbílum sé minni en flestir halda er áfram búist við því að markaðurinn fyrir þessa bíla vaxi og fjöldi þeirra á götunum aukist.

tryggvi@frettabladid.is

Einungis tveir lúxusbílar komust á topp 30. Annar þeirra er Lexus RX 400 hybrid.



Geely Beauty Leopard lítur sportlega út en er bara 86 hestöfl.

Kínverskir kaggar

Fáir kannast við kínverska bílafyrirtækið Geely, sem þarf kannski ekki að koma á óvart miðað við nýja hugmyndabílinn þeirra sem frumsýndur var á bílasýningunni í Peking.

Geely framleiðir bíla sem bæði eru hannaðir og smíðaðir í Kína. Þrátt fyrir mikinn eldmód og stórar framtíðarvonir vantar nokkuð upp á fagurfræðina eins og sést á nýja hugmyndabíli þeirra. Hann lítur út eins og bíll sem tíu ára barn hefur teiknað. Andi nýunda áratugarins svífur yfir vötnum og bíllinn hefur sómt sér vel í Highlander II, þeirri frábæru mynd.

Þrátt fyrir illa heppnaðan hugmyndabíll er Geely ört vaxandi fyrirtæki og í sumar fluttu þeir í nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar í



Afturendinn er skömminni skárrí en sá fremri. Hann ber hönnuðum sínum samt ekki fagurt vitni.

Peking. Fyrirtækið var stofnað árið 1986 og framleiddi þá ísskápa. Þaðan lá leiðin í mótörhjóli og sú breyting heppnaðist svo vel að árið 1998 framleiddi fyrirtækið fyrsta bílinn sinn. Fyrsti bíllinn var fluttur út árið 2003 en fyrirtækið varð fyrsti kínverski bílaframleiðandinn til að sýna bíl á bílasýningunni í Detroit.

Fyrirtækið framleiðir fimm gerðir bíla, og er flaggskipið mínisportbíllinn Beauty Leopard. Áætluð sala á þessu ári er tvö hundruð þúsund bílar en sala erlendis hefur gengið illa og hefur markaðssetningu verið frestað í Bandaríkjunum vegna þess að bílarnir féllu flestir á þarlandum árekstrarprófum.

Slagorð Geely er „Geely will go with you for a happy life.“ Fyrir nánari upplýsingar og fleiri góð slagorð, og enskan texta sem virðist hafa verið þýddur með tölvuforriti, farið á www.geely-global.com. -tg



Grátlegt er að flestir hugmyndabílar fara í framleiðslu. Flestir eru hins vegar sam-mála að þessi bíll megi missa sín.

Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000

Kr. 14.990 á mán*.
Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000

Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftþrúðar
- MP3 spilar / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Lítaðar rúður



Bílasamningur til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.
Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.



Með bílinn handa þér

Hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Kvöldgöngur á Esjuna

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS OG SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR STANDA Í VETUR FYRIR KVÖLDGÖNGUM Á ESJUNA.

Gengið verður frá bílastæðinu við Mógilsá alla fimmtudaga klukkan 18. Þátttakendur verða að vera vel búnir, í góðum gönguskóm, í hlífðarfatnaði og með höfuðljós. Fararstjórar verða með í öllum gönguferðunum. Gert er ráð fyrir að gönguferðin taki allt að þrjá tíma og er gengið áleiðis að „Steini“ eða eftir því sem færð og veður leyfir.

Um er að ræða nokkuð ævintýrlegar gönguferðir þar sem búast má við bleytu, hálfu og íslensku veðri af öllum gerðum.



Ævintýrleg stemning getur myndast við Esjuna.

MYND/SNÆVAR GUDMUNDSSON



Hér sjást Gréta Björg Egilsdóttir, starfsmaður Suðurlugs, og Farrol Kahn, sem hefur rannsakað áhrif flugs og ferðalaga á andlega og líkamlega heilsu manna.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Dökkt súkkulaði í flugið

Fyrir skemmstu hélt breskur læknir að nafni Farrol Kahn fyrirlestur á Hótel Loftleidum um mikilvægi undirbúnings fyrir flug.

„Kahn er þaulreyndur á sínu sviði, hefur skrifað bækur um málefnið og stofnaði árið 1996 samtökin Aviation Health í Bretlandi sem hafa það að meginmarkmiði að rannsaka áhrif flugs og ferðalaga á andlega og líkamlega heilsu manna,“ segir Gréta Björg Egilsdóttir, hjá Suðurlugi, sem bauð læknum til landsins eftir að hafa hlýtt á hann á ráðstefnu í Bandaríkjunum.

„Kahn fór í fyrirlesturinn yfir nokkur aðriði sem fólk ætti alltaf að hafa hugfast fyrir flug,“ heldur Gréta áfram. „Sem dæmi velta fáir fyrir sér þeim súrefnisskortri sem farþegar verða fyrir í háloftunum, 20 prósent súrefnisskortri í 6.000 feta hæð og 25 prósent súrefnis-

skorti í 8.000 feta hæð. Fólk sem neytir lyfja að staðaldrí veit sjaldnast að virkni lyfja lengist um 8-10 klukkustundir vegna þess hve þunnt loftið er orðið. Þess vegna ætti fólk að minnka skammtinn í samráði við lækna þegar það ferðast.“

Gréta segir að fólk verði að sama skapi fyrir geislun í fjögurra klukkustunda flugi í 37.000 feta hæð, sem samsvari einni röntgenmyndatöku, án þess að vita það. „Ég er sjálf flugfreyja og hef flogið í átta ár svo þú getur ímynd- að þér hversu margar röntgenmyndatökur ég hef farið í. Kahn bendir á nauðsyn þess að verja sig fyrir geisluninni og hvetur flugmenn sérstaklega til að nota sterka sólarvörn og rakakrem vegna hættu á húðkrabbameini.“


Að sögn Grétu telur Kahn mataræði ekki síður skipta máli til að verjast geisluninni. „Hann mælir með neyslu á C og E-vítamínrikri fæðu. Þá er rauðvínsglas að flugi loknu talið gott, þar sem andoxun- arefni þess stemma stigu við

eiturefnum sem myndast í líkam- anum við geislunina. Sjötíu pró- senta súkkulaði er að hans mati gott fyrir sömu sakir og eins vegna þeirra blóðþynnandi áhrifa sem það hefur.“

Kahn mælir einnig með því að fólk klæðist flugsokkum á flugi, það er að segja þröngum sokkum sem örva blóðrásina og koma í veg fyrir myndun blóðtappa. „Blóðtappamyndun á flugi er mun algengari en fólk gerir sér grein fyrir,“ segir Gréta. „Oft leysast þeir upp án þess að fólk viti af því. En þeir geta líka látið til skarar skriða mörgum dögum seinna og þá tengir fólk það ekki fluginu vegna þess hversu langt er liðið frá því. Er þá aðeins fátt upptalið.“

Gréta segir að Suðurlug muni í framhaldi af fyrirlesturinn gera bækling í samráði við Kahn. Ætti bæklingurinn að vera sannkallað- ur fengur fyrir þá sem vilja kynna sér frekar kenningar lækneisins.

roald@frettabladid.is



Gjafabréf

Ferðapjónustu bænda

Tilvalin jólagjöf,

afmælis- eða tækifærisgjöf.

Gildir bæði í utanlandsferðir og á ferðapjónustubæjum innanlands (gisting, matur, afþreying).

Selt á skrifstofu Ferðapjónustu bænda.

Nánari upplýsingar:

Síðumúli 2, 108 Reykjavík
www.sveit.is
www.baendaferdir.is

Sími: 570 2700
Fax: 570 2799
bokun@sveit.is

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERDIR

Lagersölur í Kaupmannahöfn

ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ KAUPA GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI.

Þeir ferðalangar sem ætla að leggja leið sína til Kaupmannahafnar fyrir jólin ættu að prófa að koma við á einum af fjölmörgum útsölumörkuðum þar í borg. Útsölumarkaðir sem þessir selja yfirleitt hágæða merkjavörur á mjög niðursettu verði, en oftast er um að ræða 50 prósent afslátt eða meira. Til dæmis væri hægt að gera góð kaup á barnafötum, skóm, gallabuxum eða bara hvaða flíkum sem er. Danir hafa sjaldan verið jafn meðvitaðir um tiskuna og undanfarin tíu ár og kröfumar sem danskar dömur gera til markaðarins eru ekki litlar. Í raun má segja að á undanföllum áratug hafi Danir gerbreyst frá því að nenna varla að hafa sig til fyrir veislur, yfir í fyrirmyndarfólk þegar kemur að vönduðu fatavali og góðum smekk. Enda heyr þeir fátt fallega sagt um sjálfa sig en: „Du har en meget god smag“. Þar þykir það mikið hrós í landi hönnunarinnar að hafa góðan smekk og í höfuðborginni Kaupmannahöfn leggja menn vissulega mikið upp úr því.



Nokkrar outlet- og lagersölur á Austurbrú í Kaupmannahöfn:

Diesel outlet
Langelinie Allé 14
2100 København Ø
Sími: 35 55 49 70

Nýjar og gamlar fatalínur frá Diesel fást þarna á mjög niðursettu verði. Það er engin spurning að þú átt eftir að gera dúndurgóð kaup.

IC Companys
Langelinie Allé 8-12
2100 København Ø
Sími: 35 55 32 46
Opíð kl. 11-18

Merki á borð við Peak Performance, Jackpot og Cottonfield. Virkar ekki eins og lager heldur lítill og vel skipulögð verslun en verðið er einstaklega gott.

Noa Noa Outlet
Langelinie Allé 6
2100 København Ø
Sími: 35 38 03 04
Opíð kl. 11-18

Nýjustu fötin og þau gömlu á að minnsta kosti 50 prósent afslætti. Nýjustu fötin eru prufur frá hönnuð- um. Hér er örugglega hægt að finna eitthvað flott.

Levis & Dockers Outlet
Langelinie Allé 22
2100 København Ø
Sími: 35 43 60 90
Opíð kl. 10-18

Á þessari lagersölu Levis & Dockers ná fötin frá gólfi og upp í loft.

Rúllar þessu upp

Kristinn Jakobsson knattspyrnuþjálfari er meistari í að pakka niður í tösku þannig að ekkert vanti og engu sé ofaukið.

Í nýlendustefnu felst að valdaméira ríki, móðurlandið, leggur undir sig valdaminna ríki, nýlenduna, oftast með hervaldi, í þeim megingilgangi að græða á því. Móðurlandið nýtir auðlindir nýlendunnar og nýlendan er síðan hentugur markaður fyrir unnar vörur móðurlandsins. Ef lítið er að græða á nýlendunni er hún samt oft talin upphafja móðurlandið og auka orðstír eða virðingu þess. Talið er að á hátindi nýlendustefnunnar hafi Evrópuríkin og Bandaríkin stjórnað um 80 prósentum af landflæmi jarðar og á sjó réðu þau öllu í krafti flota sinna.



Prælað fyrir nýlenduvelðin, mynd eftir William L. Sheppard.

sjötta áratugarins fengu nýlendur Evrópuvelda í Afríku flestar frelsi sitt.

Nýlenduvelði Evrópu

Lönd sem lagt hafa undir sig fjölmargar nýlendur, svokölluð nýlenduvelði, hafa þekkt um langt skeið og er Rómaveldi sjálf sagt kunnasta dæmið úr fornöld. Þegar rætt er um nýlendustefnu er þó oftast átt við stefnu seinni tíma nýlenduvelða Evrópu.

Fyrstu nýlenduvelðin í þessum skilningi voru Portúgal og Spánn. Portúgalar hófu að sigla niður eftir strönd Afríku á 15. öld og spænsku konungshjónin Ferdínand og Ísabella styrktu Kólumbus til ferðar sinnar árið 1492, en eins og frægt er endaði sú sjóferð við strendur nýja heimsins. Samkvæmt Tordeillas-sáttmálanum svokallaða frá árinu 1494 var nýja heiminum skipt á milli Portúgala og Spánverja. Þessi veldi seildust síðan einnig til áhrifa í Asíu og á Kyrrahafi. Englendingar fylgdu fast á hæla þeirra og eignuðust fljótt þrettán nýlendur í Norður-Ameríku.

Á 17. öld fóru Frakkar og Hollendingar að taka þátt í nýlendu-kapphlaupinu. Hollendingar lögðu til dæmis undir sig Gvæjana í Suður-Ameríku, en Frakkar náðu yfirráðum í Kanada og stofnuðu Nýja-Frakkland (Québec).

Á 19. öld var eingöngu stór hluti Afríku eftir til skiptanna og síðbúnar Evrópuþjóðir sem áttu ekki greiðan aðgang að sjó, svo sem Belgía, Ítalía og Þýskaland, hófu kapphlaup sitt. Belgía náði Kóngó, Ítalía Abyssíníu og Þýskaland sólsaði undir sig suðvesturhluta Afríku svo nokkur dæmi sé nefnd.

Loks má ekki gleyma nýlenduvelði Dana. Danir réðu ekki eingöngu yfir Noregi, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, heldur einnig sykureyjnum St. Croix, St. John og St. Thomas í Karíbahafinu. Þeir réðu sömuleiðis yfir nokkrum verslunarstöðvum á Gíneuströndinni og Serampore og Tranquebar á Indlandi og áttu Nicobareyjarnar í Indlandshafi.

Sjálfstæði

Bresku nýlendurnar þrettán í Norður-Ameríku voru fyrstar til að krefjast sjálfstæðis frá móðurlandi sínu. Þær háðu frelsisstríð og lýstu yfir stofnun Bandaríkjaanna árið 1776. Aðrar nýlendur í Ameríku fylgdu fordæmi þeirra og þegar leið á 19. öld misstu Portúgalar og Spánverjar smám saman flestar nýlendur sínar.

Í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar varð æ útbreiddari sú hugmyndafræði að þjóðir skyldu hafa sjálfsákvörðunarrétt. Gömlu heimsveldin í Mið- og Austur-Evrópu leystust upp, og eftir síðari heimsstyrjöld og fram undir lok

Kostir og gallar frá sjónarmiði móðurlandsins

Á sínum tíma réttlættu nýlenduvelðin framferði sitt með því að þau væru að bjarga nýlendubúum frá villu síns vegar. Evrópsku nýlenduvelðin komu færandi hendi með nýja tækni og „réttu“ trú og menningu. Mikið var skrifað um hinn göfuga villimann, en hann yrði jú enn göfugri ef hann adhylltist kristna trú og tileinkaði sér hina æðri menningu Evrópu-búa. Það að leggja sig undir sig vanþróuð lönd þótti hetjulegt og ævintýralegt atferli.

Séð frá sjónarhóli móðurlandsins voru því ókostir nýlendustefnunnar ekki margir. Yfirleitt reyndist auðvelt að nýta auðlindir nýlendubúa þótt stundum hafi gengið erfiðlega að hafa hemil á þeim.

Gallar frá sjónarmiði nýlendu-búans

Nýlendubúar, til dæmis frumbyggjar Ameríku, upplifðu líklega litla hamingju. Íbúum Mexíkós fækkaði úr um 25 milljónum í eina milljón á tímum Hernando Cortés (1485-1547) í byrjun 16. aldar. Evrópuþúar báru með sér sjúkdóma sem voru áður óþekktir í nýlendunum. Þeir notuðu innfædda í þrælkunarvinnu í silfurnámum og á ökrum, vinnu sem þeir voru ekki vanir og þödu illa. Mannréttindi þessa fólks voru því litil sem engin. Sums staðar í heiminum finnst litlar leifar af þeim þjóðum sem byggðu löndin sem Evrópuþúar lögðu undir sig. Víða hafa tungumál, menning og trú innfæddra nánast horfið.

Kostir frá sjónarmiði nýlendubúans

Fáir hafa sennilega ánægju af því að vera undir stjórn annarra, þótt erfitt sé að meta hvort nýlendubúar hafi talið sig græða á því að tileinka sér aðra menningu og tapa sinni eigin að mestu. Hins vegar má nefna að fáeinir nýlendur Bretar, svo sem Falklandseyjar og Gíbraltar, vilja ekki sjálfstæði. Þar kjósa íbúarnir að vera breskir þegar enda langflestir afkomendur breskra innflytjenda.

Að lokum má minnst á að víða haldast enn óbein tengsl og áhrif milli móðurlands og nýlendu. Til dæmis má nefna að Bretar stofnuðu Breska samveldið og eru flest aðildarlöndin fyrrverandi nýlendur Bretar. Elísabet II er enn þjóðhöfðingi stórveldanna Kanada og Ástralíu. Íslendingar voru ekki lengi að kveðja Kristján X Danakonung en samt er danska enn skyldugrein í íslenskum skólum.

Anna Agnarsdóttir, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Völuskrin

Íslensku leikföngin

Jólagjöfin í ár!

Fæst í öllum helstu leikfanga- og gjafavörverslunum

voluskrin.is

opið um helgina

Opið
Laugard. 11 – 18
Sunnud. 13 – 17
Virka daga 10 – 18

verslanir / hópa- og fyrirtækjajánusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hvaða nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15–20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförunu eru: Hvers vegna halda Bandaríkjamenn þakkargjörðarhátíð, ef allir bílar gengju fyrir vetni hvað þyrfti þá mikla raforku til framleiðslu á vetni fyrir núverandi bílafloata Íslendinga, hvaðan kemur hjátruin að banka í við og af hverju þykja tölurnar 7, 9 og 13 sérstaklega kynngimagnaðar?

Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á síðinni: www.visindavefur.hi.is.

Páll Heiðar Jónsson, þýðandi og fyrrverandi útvarpsmaður, greindist með ósæðargúl fyrir algera tilviljun og gekkst í kjölfarið undir aðgerð fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. **Sigríður Dögg Guðmundsdóttir** ræddi við Pál Heiðar um heppni og hestaheilsu.



HELGI H. SIGURÐSSON OG PÁLL HEIÐAR JÓNSSON Páll Heiðar gekkst undir aðgerð vegna ósæðargúls, þar sem nýrri tækni var beitt í fyrsta sinn hér á landi. Hin nýja tækni eykur lífslíkur sjúklinga úr 50 prósentum í 95 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eins og að vinna í happdrætti

Páll Heiðar líkir því við að vinna í happdrætti að ósæðargúll fannst í honum en hann gekkst undir aðgerð í haust. Í stað þess að eiga helmingslíkur á að lifa aðgerðina af voru lífslíkurnar 95 prósent, þökk sé nýrri tækni í æðaskurðlækningum sem beitt var þarna í fyrsta skipti við meðhöndlun gúls hátt á ósæðarboga. „Ég fann ekki fyrir neinum óþægindum. Gúllinn fannst fyrir tilviljun þegar ég var í skoðun vegna annars kvilla. Þá var ég sendur í myndatöku og Bjarni Torfason brjóstholsskurðlæknir taldi sig sjá einhvern skugga á myndinni. Því var ég sendur í sneiðmyndatöku og þá kom stór gúll á ósæðinni í ljós.“

Mánuði eftir að gúllinn kom í

ljós var Páll Heiðar kvaddur upp á Landspítalann í Fossvogi þar sem Helgi H. Sigurðsson æðaskurðlæknir útskýrði fyrir honum hvað ósæðargúll væri og hvernig hann yrði meðhöndlaður. „Ég vissi ekki einu sinni hvað ósæð væri og þurfti að láta konuna mína sem er sjúkraliði útskýra það fyrir mér. Ef svona gúll springur þá er það búið spil.“

Gera þurfti tvær aðgerðir til að meðhöndla ósæðargúllinn og fór Páll Heiðar í fyrri aðgerðina um mánuði eftir að hann greindist fyrst. „Ég var í tæpan mánuð á sjúkrahúsinu eftir fyrri aðgerðina því þegar gera átti seinni aðgerðina var ég kominn með blæðandi magasár sem tafði ferlið. En það var læknað og ég var kvaddur til í seinni aðgerðina í lok ágúst.“

Páll Heiðar segir að sér hafi liðið sérstaklega illa eftir fyrri aðgerðina. „Maður þarf eiginlega að vera á besta aldri og við hestaheilsu til að þola það hreinlega að vera á sjúkrahúsi. Þetta tekur svo mikið á. Ég spurði Helga hvort það tæki því nokkuð að vera að lappa upp á gamalt karlhró eins og mig. Verið væri að kveðja til menn frá útlöndum og hvaðeina og óþarfi væri að standa í þessu vesni. En Helgi svaraði því til að þetta væri áhugavert tilvik,“ segir Páll Heiðar og hlær við.

Þegar Páll Heiðar var útskrifaður af Landspítalanum tók við sjúkrapjálfun á Endurhæfingarsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss við Grensásveg. „Við fyrri aðgerðina fór smá kökkur upp í heila sem varð til þess að hægri

”

Ég vissi ekki einu sinni hvað ósæð væri og þurfti að láta konuna mína sem er sjúkraliði útskýra það fyrir mér.

höndin og handleggur lamaðist. Því fór ég að þjálfá hann.“ Páll Heiðar fer tvisvar í viku á Grensás í æfingar og segir að þótt það sé hundleiðinlegt hafi hann nú gott af því. „Þrekið er að koma aftur ásamt matarlystinni. Ég var orðinn bara skinn og bein líkt og ég hefði verið í fangabúðum.“

Páll Heiðar ber konum á Grensási vel söguna og segir það eiga við um allt það starfsfólk sem hefur annast hann á þessum tíma. „Það er sama hvaða starfsmaður það var. Allir voru einstaklega alúðlegir og vildu allt fyrir mig gera. En mér fellur þyngst að ég sá aldrei lækna sem gerðu aðgerðina á mér að Helga undanskildum sem fylgdi mér gegnum ferlið. Og ég sá heldur aldrei fóðringuna sem fór inn í mig.“

Nær allir lifa af

Í stað þess að reikna þurfi með fimmtíu prósentu dánartíðni við aðgerðir á ósæðargúl í brjóstholi er dánartíðnin nú aðeins fimm prósent með nýrri tækni sem var beitt í tilviki Páls Heiðars í fyrsta skipti hér á landi.

Dánartíðni sjúklinga lækkar úr fimmtíu prósentum niður í fimm prósent með nýrri tækni í læknisfræði sem beitt er við meðhöndlun ósæðargúla í brjóstholi. Aðgerðin sem um ræðir kallast Hybrid Thoracic Endoluminal Aortic Repair (TEVAR). Við meðhöndlun ósæðargúla ofarlega á ósæðinni hefur hingað til verið nauðsynlegt að opna brjóstkassann til að gera við ósæðina þar sem allt að helmingslíkur eru á að sjúklingur láti lífið.


Þessari nýju aðferð var í fyrsta skipti beitt í haust í tilviki Páls Heiðars sem var með ósæðargúl hátt á ósæðarboga og tókst aðgerðin vel. Hópur íslenskra lækna komu að aðgerðinni ásamt tveimur sænskum læknum sem komu til landsins gagnert vegna aðgerðarinnar. Helgi S. Sigurðsson æðaskurðlæknir fylgdi Páli Heiðari í gegnum allt ferlið.

„Ósæðargúll er staðbundin útvíkkun á ósæð sem liggur frá hjartarót í boga upp á við og stingur sér niður meðfram hryggnum

og niður í kviðarholið. Ástæðan fyrir gúlmynduninni er sjúkdómur í æðaveggnum sem veldur því að hann þenst út og verður mjög veikur.“ Með stækkun ósæðargúls eykst hættan á að hann springi og gerist það eru áttatíu til níutíu prósent líkur á að sjúklingur deyi að sögn Helga. „Af þeim tíu til tuttugu prósentum sem deyja ekki samtundis og komast á spítala eru helmingslíkur á að sjúklingur lifi af. Því er afar mikilvægt að gera við ósæðargúla áður en þeir springa.“

Aðgerðin sem hingað til hefur þurft að beita við meðhöndlun ósæðargúla sem liggja ofarlega á ósæðarboganum er opin skurðaðgerð. Þá er brjóstholið opnað, æðin klippt í burtu og gerviað saumuð inn í staðinn. „Með öðrum orðum er gúllinn fjarlægður. Dánartíðni slíkra aðgerða er um fimmtíu prósent.“

Með hinni nýju tækni þarf ekki opna aðgerð sem lækka dánartíðnina um 45 prósentustig. „Í stað þess



PÁLL HEIÐAR JÓNSSON OG HELGI H. SIGURÐSSON Helgi sýnir hér á líffæralíkani hvað ósæðargúllinn, sem myndaðist í Páli Heiðari, var ofarlega á ósæðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að fjarlægja gúllinn er fóðring þrædd upp í gegnum nárann og komið fyrir inni í ósæðinni. Þá er ekki lengur þrýstingur til staðar né hættan á að gúllinn springi.“

Í aðgerð Páls Heiðars var í fyrsta sinn gerð aðgerð í samvinnu æðaskurðlækna, æðaröntgenlækna í Fossvogi og hjarta/brjóstholsskurðlækna á Hring-

braut. Fyrst gerðu æðaskurðlæknar hjáveituaðgerð þar sem tengt var fram hjá æðum sem venjulega liggja frá ósæðarboganum til höfuðs og handleggja og lágu frá gúlnum sjálfum í tilfalli Páls Heiðars. „Þetta var gert svona til þess að tryggja blóðrás til heilans þannig að hægt væri einfaldlega að setja fóðringu í

gúllinn innan frá í þræðingu í gegnum lítinn skurð í nára. Við þetta lokast að sjálfsögðu æðar frá ósæðarboganum en það kemur ekki að sök þar sem búið var að gera aðgerð fyrir sem tryggði blóðrás til heilans og um leið efri hluta líkamans sem annars hefði liðið blóðskort með skelfilegum afleiðingum.“

TÓNLIST
GOTT VERÐ

Vinsælar jólægjafir



Selma og Hansa árita og spila:
Kringlu kl. 17:00 árita og spila
Skeifu kl. 14:00 árita



Brooklyn fæv árita:
Kringlu kl. 13:00



Sigga Beinteins og María Björk skemmta og árita:
Smáralind kl. 16:00



Nylon árita og spila:
Kringlu kl. 14:00




Guðrún Árný áritar og spilar:
Kringlu kl. 15:00



Jóhann Helgi áritar og spilar:
Smáralind kl. 13:00
Kringlu kl. 16:00



Óskar Pétursson - Ástarsól



Bríet Sunna áritar:
Hagkaup Akureyri kl. 13:00



Papar árita og spila:
Smáralind kl. 14:00



Pétur og Eyfi árita og spila:
Smáralind kl. 15:00



Ragnheiður Gröndal - Þjóðlög



100 íslensk jólalög



Á móti sól - Á móti sól í 10 ár

Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



ÚR RÉTT Í SVARFABARDAL 1948 Guðni fór um allt land og var fundvís á myndefni sem nú hálfri öld síðar minna okkur á hvað hálf öld hefur bylt lífi þjóðarinnar.

GUÐNI ÞÓRÐARSON

Bjartsýn þjóð til sjávar og sveita

Sýning á einstökum myndum **Guðna Þórðarsonar** úr umbrotatíma í íslensku þjóðlífi verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands í dag. **Páll Baldvin Baldvinsson** fer yfir feril þessa merka ljósmyndara sem er betur þekktur sem ferðamálafrömuðurinn Guðni í Sunnu.

Pað er í nógu að snúast hjá Guðna Þórðarsyni þessa dagana. Í síðustu viku kom út ævisaga hans hjá forlaginu Vöku Helgafelli. Sagan er skráð af Arnþóri Gunnarssyni og hefur þegar vakið athygli fyrir beinskeyttar lýsingar á samfélagi í heljargreipum stjórnmálaflokkanna. Og í dag verður opnuð sýning á ljósmyndum Guðna í Þjóðminjasafni Íslands. Um er að ræða 50 ljósmyndir úr gríðarstóru myndasafni hans.

Jafnvel samtíðarmönnum Guðna í Sunnu, sem áttu við hann viðskipti á þeim tíma þegar Guðni Þórðarson var jöfur í íslensku viðskiptalífi, er ókunnugt um einstæðan feril hans sem ljósmyndara, hvað þá yngra fólki.

Í inngangi Ingu Láru Baldvinsdóttur, fagstjóra myndadeildar Þjóðminjasafnsins, að sýningunni segir: „Fyrir liðlega hálfri öld var Guðni Þórðarson blaðamaður á dagblaðinu Tímanum. Blaðið er löngu hætt að koma út og lifir aðeins í minningum þeirra sem lásu það. Nú liggur það innbundið á bókasöfnum og á míkro-filum á Landsbókasafninu. Guðna hafði, eins og mörgum öðrum sem hafa fengist við ljósmyndun, verið gefin myndavél í fermingargjöf og þannig kynnst töfrum ljósmyndunar. Á hans blaðamannsárnum var stétt blaðaljósmyndara ekki orðin til. Á Morgunblaðinu

var einn slíkur, en á öðrum blöðum björguðu einhverjir blaðamanna sér sjálfir við ljósmyndun. Ef mikið lá við var hringt á ljósmyndastofur og ljósmyndarar brugðu sér á vettvang og tóku umbeðnar myndir. Guðni varð blaðamaður með ljósmyndavél. Myndir hans og frásagnir, oft samtvinnaðar, birtust í Tímanum en líka í tímaritunum Samvinnunni, búnaðarritinu Frey, starfsmannablaðinu Hlyn, hefti með Reykjavíkurmýndum og víðar.“

Ferill Guðna í ljósmyndun spannaði rúman áratug og þeim á ljósmyndadeild Þjóðminjasafnsins er í mun að setja Guðna á sinn stall í íslensku ljósmyndasögu. Svo aftur sé vitnað í inngang Ingu Láru: „Myndasafn Guðna Þórðarsonar er eins og sneið af tíma. Hann myndar í rúman áratug, frá 1946 og fram yfir 1956. Hvaða sýn gefur safn hans af þessum áratug? Að opna myndasafn er eins og að opna fjársjóðskistil. Fyrirfram veit maður ekkert hvað er í honum.“

Inga Lára bendir á að ásamt Hjálmari R. Bárðarsyni gegndi Guðni lykilhlutverki í ljósmyndun á Iðnsýningunni 1952 í Reykjavík, einni af metnaðarfyllstu sýningum sem Íslendingar hafa haldið. „Síðan lagði Guðni myndavélina á hilluna, sneri sér að ferðamennsku og varð þjóðþekktur sem Guðni í Sunnu.“

Sýning á ljósmyndum Guðna: *Á mótum tveggja tíma, stendur frá 2. desember til 12. mars 2007.*



Í EIKARBÁTNUM SIGURÚNU AK 71, SEM GERÐUR VAR ÚT FRÁ AKRANESI Skipverjarnir hafa sest niður og stillt sér upp fyrir Guðna. Takið eftir pinup-myndum í kojunum. Stuttu seinna, í janúar 1952, lenda skipverjar á Sigrúnu í miklum hrakningum í brjáluðu veðri og báturinn var talinn af.

GUÐNI ÞÓRÐARSON

HELGARTILBOÐ



Ampop
Sail to the moon

~~2.199~~
1.999



Tom Waits
Orphans

~~3.499~~
3.199



Sálín
Sálín og Gospel

~~3.299~~
2.799



100 íslensk jólalög

~~3.299~~
2.799



Lay Low
Please don't hate me

~~2.199~~
1.999



The Beatles
Love

~~2.199~~
1.999



Baggalútur
Jól og blíða

~~2.199~~
1.999



Brooklyn Fæv
Góð jól

~~2.199~~
1.999



Jóhann Helgason
Söknuður

~~2.199~~
1.999



Superman
DVD

~~2.299~~



Grettir 2
DVD

~~2.299~~



Over the hedge
DVD

~~2.299~~

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur:

Margþætt og síbreytileg ímynd

Með auknum fjölda fólks sem flust hefur til Íslands er mikilvægt að velja fyrir sér hvað felst í því að vera Íslendingur. Oft er talað um það eins og það sé sjálfgefið og á hátíðarstundum er bent á tungumálið og norrænan uppruna. Þó kunna margir Vestur-Íslendingar ekki íslensku og sumir hinna aðfluttu gera tilkall til þess að vera Íslendingar og byggja það

á ríkisfangi og þátttöku í íslensku samfélagi.

Í daglegu tali eru margir hversdagslegri og ekki eins vel skilgreindir eiginleikar dregnir fram til að lýsa því að vera Íslendingur. Sumir þessara eiginleika eins og að vera bókhneigð, fríðelskandi þjóð eða nýjungagjarnir einstaklingshyggjumenn nota meðlimir annarra þjóðríkja einnig til að lýsa

sér. Þjóðernisímynd eins og sú íslenska er margþætt og síbreytileg og mótast af samskiptum við umheiminn. Þess vegna er mikilvægt að hafa það í huga til að minnka líkurnar á að í framtíðinni verði talað um aðra og jafnvel þriðju kynslóð innflytjenda, að við lítum ekki á það að vera Íslendingur á of fastskorðaðan og útilokandi hátt.



Hvað er að vera Íslendingur?

Samkvæmt íslenskri orðabók er Íslendingur: maður sem er áfrá Íslandi. Ekki mjög flókin skilgreining það. En er þetta svona einfalt? Er ekki veruleiki þess að telja sig vera Íslending í dag miklu flóknari en þetta?

Umræða undanfarið vikna um innflytjendur og Íslendinga hefur hugsanlega vakið einhverja

til umhugsunar um hvað felst í því að vera Íslendingur og kalla sig Íslending. Sigurður Þór Salvarsson lagði þessa spurningu fyrir sjö valinkunna Íslendinga. Og eins og sjá má á svörum þeirra eru þau jafn misjöfn og fólkið er margt. Af því má hugsanlega draga þá ályktun að ekki sé til nein algild skilgreining á því að vera Íslendingur. Kannski er það bara hugarástand?

Ólína Þorvarðardóttir fyrirverandi skóla-meistari:

Uppruni, tunga og saga

Þjóðernistilfinning er hugarástand, einhvers konar samkennd eða tilfinning fyrir því að maður tilheyrir hópi. Sameiginlegur uppruni, tunga og saga er það sem gerir okkur Íslendinga að þjóð. Við erum fámenn eyþjóð í harðbýlu landi sem hefur mótað okkur, tungumál okkar og menningu, kynslóð fram af kynslóð. Vitneskjan um að eiga þetta land með 300 þúsund öðrum manneskjum sem hafa alist upp við sama loftslag, sömu gildi og menningararf – sömu vögguljóð, sögur og siði – það gerir mig að Íslendingi. Ég þekki rætur mínar og ættmenn, deili gleði og sorgum með þeim sem búa í sama byggðarlagi og ég. Þetta er mín þjóðerniskennd – mín tilfinning fyrir því að vera Íslendingur.

Í umræðunni um þjóðerni og innflytjendur að undanförunu hefur verið talað eins og við Íslendingar



þyrftum sárlega á því að halda að verða fjölmenningsamfélag. Áhrif utanfrá eru hverri þjóð nauðsynleg að sjálfsögðu – og íslensk menning hefur notið auðgandi áhrifa frá öðrum þjóðum í gegnum tíðina. En ég tel að við

Íslendingar eigum að standa vörð um menningararf okkar og tungu. Ég velti því fyrir mér hvort sé heiminum meira virði að fjölga fjölmenningsamfélögum, eða að fámenn eyþjóð varðveiti menningu sína og þjóðareinkenni?

Esther Talía Casey leikkona:

Að vera með útlenskt blóð í æðum

Íslendingur: er að vera með útlenskt blóð í æðum, hefur hómur fyrir sjálfum sér, smæð sinni og mikilmennskubrjáæði, hlýnar um hjartarætur þegar fyrsti snjórin fellur, elskar íslenskt sumar þegar sólin skín, drekkur of mikið, fallegur, styður menningu og listir, er gjafmildur, sagði nei við innrásinni í Írak og já við Falun Gong, er náttúruverndarsinni, stoltur af sínum, Gróa á Leiti, kraftmikill og sterkur, örlátur, vill bæta heilbrigðis- og menntakerfið, snobbar fyrir Ameríku, finnst lakkris góður, er opin og viðsýnn en um leið sjúklega lokaður, í verstu tilfellum fordómafullur, elskar gay pride, kaupir of mikið, á of mikið af bílum og keyrir of hratt, er metnaðarfullur, finnst gaman að syngja, kann margar sögur, gleymir stundum gamla fólkinu, talar of mikið í gsm símann, plebbast um á ströndum Mallorca, menntar sig í Köben, stendur ekki við kosningaloforð sín, er frumkvöðull á mörgum sviðum, gáfaður, smart, fynd-



inn, viljugur, drekkur of mikið gos, er í hjálparveit, elskar flugelda, er fljótur að gleyma, talar mikið um veðrið, talar íslensku og er Íslendingur ef honum finnst hann sjálfur vera það, svo einhver dæmi séu tekin.

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður:

Tungan og þekking á sögu og menningu

Hvað felst í því að vera Íslendingur? Gamansagnahöfundurinn Willy Breinholt sagði helsta einkenni Íslendinga vera að þeir skynjuðu ekki tíma. Í bókinni „Do's and taboos around the world“ er það helst sagt um einkenni Íslendinga að það þurfi ekki að borga þjórfé, Íslendingar noti skírnarnafnið sitt en eftirnafn útlendinga og séu ekki stundvísir. Íslendingar búa að meiri tengingu við sögu sína og uppruna en flestar aðrar þjóðir í heiminum. Tala sérstakt tungumál sem talað er af svo fáum að gæta þarf sérstaklega að því að tyna því ekki.

Við eigum einna trúverðugustu söguna af því með hvaða hætti land byggðist. Að tala íslensku og þekkja skil á sögu þjóðarinnar og menningu skiptir miklu um hvort við getum skilgreint fólk sem Íslendinga. Einnig geta til að tileinka sér samskiptahætti og viðhorf sem eru meðal þjóðarinnar hverju sinni.

En hverjir eru ekki Íslendingar. Í fyrsta lagi er það fólk sem er af öðru þjóðerni. Hvað þá með það fólk sem hingað kemur, t.d. vegna



vinnu eða tilfinningasambanda? Við komu hingað þá eru þeir ekki hluti þess þjóðfélags sem þeir koma inn í og iðulega framandi. Hins vegar getur sá sem hingað flytur orðið Íslendingur með því að aðlaga sig þeim háttum og siðum sem hér ríkjá. Forsetafrú þjóðarinnar er gott dæmi um slíkan Íslending.

Freyr Eyjólfsson tónlistar- og dagskrárgerðarmaður:

Að vilja vera Íslendingur

Ein dýpsta eðlishvöt mannsins er að staðsetja sig og skilgreina í tilverunni. Þeir sem á þessu guðsvolaða skeri búa eru mjög uppteknir að því að vera einhverjir Íslendingar og flagga því ákaft við hvert tilefni.

En hvað er það að vera Íslendingur? Það er ekki eitt svar við þessari spurningu. Merking þessa á eflaust eftir að breytast mjög í náinni framtíð og kannski sem betur fer. Er hægt að vera mikill eða lítill Íslendingur? Munu Íslendingar deyja út? Er þetta sjaldgæf dýrategund sem menn munu reyna að halda við eins og geldum pandaþjórnunum í dýragörðum? Og hver væri þá tilgangurinn? Um leið og við byrjum að vernda menninguna er hún dauð og Ísland yrði þá eitt risastórt Árbæjarsafn.

Að vera Íslendingur er ekki eitt skilgreint atriði í mínum huga; þú ert Íslendingur ef þú átt íslenskt vegabréf, þú ert Íslendingur ef þú hefur íslenskan ríkisborgararétt, býrð á Íslandi, talar íslensku, hugsar á íslensku eða ert fæddur eða ættaður frá Íslandi. Ef þig dreymir á íslensku, yrkir á íslensku, elskar og syngur eða hlærð á íslensku. Kannski er sá maður Íslendingur sem skilur og skynjar þjáningar forfeðranna og með þakklæti notar þær sér til framdráttar og horfir ætíð fram á veginn með andstreymi fortíðarinnar í bakið og storm framtíðarinnar í fangið!

En að vera Íslendingur er kannski fyrst og fremst að vilja vera Íslendingur.



JÓLABÆKUR



ALLAR JÓLABÆKUR HJÁ OFFICE 1 ERU Á JÓLATILBOÐI

GUINNESS WORLD RECORDS
2007

TILBOÐ
2.790.-
Verð áður: 4.990.-

44% AFSLÁTTUR

TRANKURPHOBIA ER PÆMIÐ HÁRREIÐSLU.

TILBOÐ
2.245.-
Verð áður: 3.490.-

36% AFSLÁTTUR

DIANE SETTERFIELD
Prettánda sagan

TILBOÐ
2.870.-
Verð áður: 4.480.-

36% AFSLÁTTUR

JÓN ATLI ÁRNASON
BALLADAN UM BUBBA MORTHENS

TILBOÐ
2.870.-
Verð áður: 4.480.-

36% AFSLÁTTUR

VEÐUR
OG UMhverfi

TILBOÐ
2.990.-
Verð áður: 4.490.-

33% AFSLÁTTUR

SENDIHERRAN

TILBOÐ
2.790.-
Verð áður: 4.690.-

41% AFSLÁTTUR

ÍSLAND
í aldanna rás
1800-1899

TILBOÐ
7.770.-
Verð áður: 15.980.-

51% AFSLÁTTUR

KALORIUKVITINN

TILBOÐ
1.990.-
Verð áður: 2.980.-

33% AFSLÁTTUR

UPPA SIGURLEIÐIR

TILBOÐ
4.490.-
Verð áður: 6.980.-

36% AFSLÁTTUR

TRYGGÐARPANTUR

TILBOÐ
2.790.-
Verð áður: 4.690.-

41% AFSLÁTTUR

Bina bálreiða

TILBOÐ
1.490.-
Verð áður: 2.290.-

35% AFSLÁTTUR

holt fjötlegt

TILBOÐ
1.290.-
Verð áður: 4.690.-

35% AFSLÁTTUR

holt ódyrt

TILBOÐ
1.290.-
Verð áður: 4.690.-

35% AFSLÁTTUR

Tilboðin gilda til og með 4. desember 2006, eða á meðan birgdir endast. Þíft með fyrirvara um myndbreyting og prentskilur.

Afgreiðslutímar

Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140

Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150

Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga frá 12-18
Sími: 550-4160

Office 1 Isafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4170

Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180

www.office1.is

Office 1 Superstore



SKEMMTILEGT Í JÓLAPAKKANN

Mikið úrval af spilum og púsluspilum



Séra Jóna Hrönn Bolladóttir:

Rauðar vinnulúnar hendur

Hvað er að vera Íslendingur í mínum huga? Hvernig er sannur Íslendingur? Þegar ég hugsa um hvað eru sannir Íslendingar koma myndir upp í huga mér, ég man eftir að kveðja kirkju-gesti við kirkjudyrr í Landakirkju í Vestmannaeyjum og öðru hvoru hvarf hönd mín inn í stórar, rauðar og vinnulúnar hendur sjómanna sem voru komnir í land, búnir að skila sínu dagsverki. Og ég hugs-aði, þetta eru sannir Íslendingar.

Bændur í sveitinni við Eyja-fjörð þar sem ég ólst upp, keyr-andi á Land Rover í hriðarbyl, yfir skafli til að hjálpa fólki á illa búnum bílum. Eða Hildibrandur Bjarnason í Bjarnarhöfn á

Snæfellsnesi að verka hákarl, íslenskur bóndi sem þekkir fólk um allan heim.

Ég sé fyrir mér konur til sveita bograndi yfir stórum upplituðum þvottabólum, hrærandi með höndunum í kindablóði, mör og mjóli, þess albúnar að troða þessu inn í kindavambir. Ég spurði góðan kunningja minn sem er smiður og í mínum huga sannur Íslendingur: „Hvernig eru Íslendingar?“ Hann svaraði: Íslendingar eru óþolandi sjálfumgláðir, þeir halda að þeir séu bestir í öllu, þess vegna eru hámenntaðir innflytjendur látnir skúra í stað þess að vinna við sitt fag, af því að þeir stunduðu ekki nám Íslandi. Það er nefnilega það.

Hallgrímur Helgason rithöfundur:

Að vera viðbúinn öllu

Að efast stöðugt um að maður vilji búa á Íslandi.

Að vera viðbúinn öllu, jafnvel eld-gosi í garðinum.

Að sætta sig aldrei við veðrið.

Að sætta sig alltaf við verðið.

Að versla í friðhöfn eftir landingu.

Að vera stöðugt að „drífa sig“.

Að vilja frekar byggja nýtt en varðveita gamalt.

Að fara aldrei í lengri mótmæla-göngur en inn á klósett.

Að hætta að hvetja landsliðið um leið og það fær á sig mark.

Að bíða aldrei óþölvandi í röð.

Að búa í „Íslendinganýlendu“ erlendis en líta „nýbúagettó“ horn-auga.

Að eiga alltaf „það nýjasta“.

Að vantreysta menntuðu fólki.

Að líta niður á heimsfrægt fólk.

Að vorkenna fólki af öðru þjóðerni fyrir að vera af öðru þjóðerni.

Að sýna druknu fólki tillitssemi.

Að vera frjálslýndur gagnvart frá-vikum mannlífsins.

Að upphefja einbúa og skringi-menn.

Að telja vinargreiða ekki til spill-ingar.

Að dást að yfirmönnum með yfir-gang.

Að fyrirgefa hátt settum karl-mönnum allt nema leiðindi.

Að taka ekki mark á konum yfir fertugu.

Að trúá á íslenska lagið í Eurovision allt til loka talningar.

Að halda ræður í afmælum.

Að reyna að hnoða saman vísu.



Að ganga á sokkaleistum innan-dyra.

Að fara á inniskóm út á lífið.

Að svara persónulegum tölvupóst-um í vinnutíma.

Að enda illt umtal með hrósi: „Eins og þetta er nú fin stelpa.“

Að kunna að forðast óvini í marg-menni.

Að ræða við óvin í bróðerni sé ekki undan honum komist.

Að lækka í sjónvarpinu þegar gestir koma.

Að vera stoltur af því hversu bíll-inn er mikið keyrður.

Að gorta sig af hraðakstri milli landshluta.

Að geta alltaf séð bílinn sinn úr

stofuglugganum.

Að hlýða ekki skiltum sem á stendur „LOKAÐ“.

Að bera virðingu fyrir góðum sögumönnum.

Að koma lífi sínu á prent.

Að skipta partýum í karlahorn og kvannahorn.

Að kynna sig í miðju samtali.

Að spjalla áfram frammi í anddyri eftir að formlegri kveðju er lokið.

Að gefa sig á tal við ókunnuga landa í útlöndum.

Að breyta um karakter um leið og komið er út úr landhelgi.

Að vera ein stór fjölskylda.

Að hefja daginn á því að kveðja þá landa sem létust í gær. ■



Dagskrá

Laugardagur 2. desember 2006

- 16:00** Skólahljómsveit Kópavogs spilar jólalög
- 16:10** Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svíþjóðar afhendir vinarbæjarjólareð frá Norrköping
- 16:15** Ármann Kr. Ólafsson forseti bæjarstjórnar tekur á móti jólatrénu fyrir hönd Kópavogsbæjar
- 16:20** Skólakór Snælandsskóla syngur jólalög
- 16:30** Jónsi í Svörtum fötum og jólasveinarnir koma í heimsókn
- 17:00** Dagskrá lýkur



Jólahljós og jólasveinar

á flötinni við Menningarhús og Gerðarsáfn



RAFVÖRU MARKAÐURINN


VIÐ FELLSMÚLA

LJÓSDAGAR




3995-

HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL



3995-

HANGANDI LJÓS, GLER - RUST



5995-

HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL



3995-

HANGANDI LJÓS, GLER - RUST



4995-

HANGANDI LJÓS, STÁL



3995-

HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL




3990-

HANGANDI LJÓS, GLER - EIK



6995-

LJÓSAKRÓNA, GLER - STÁL



3995-

HANGANDI LJÓS, STÁL




3995-

HANGANDI LJÓS - ANTÍK



VERÐ FRÁ: **2995-**

VEGG & LOFTLJÓS, GLER - STÁL



1995-

VEGGLJÓS, STÁL



VERÐ FRÁ: **995-**

KASTARAR, STÁL



1995-

VEGGLJÓS, GLER - STÁL



1995-

VEGGLJÓS, GLER - STÁL



1495-

VEGGLJÓS, GLER - STÁL




1995-

VEGGLJÓS, HVÍTT & KRÓM



1495-

LOFT/VEGGLJÓS, GLER - STÁL



8995-

HANGANDI LJÓS, GLER - STÁL



VERÐ FRÁ: **1995-**

VEGGLJÓS, GLER - STÁL

OPIÐ ALLA DAGA

laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Lágvörverslun með rafmagnsvörur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.



**Eva María Jónsdóttir
sjónvarpskona:**

Fínt fyrir fræða- samfélag

Húsið er náttúrulega friðað að utan og innan enda full ástæða til þar sem það er mjög upprunalegt. Þess vegna þarf að vera eitthvað þarna sem þolir herbergjaskipanina eins og hún er núna. Mér finnst að ReykjavíkurAkademían eða eitthvað slíkt fræðasamfélag ætti að vera þarna, jafnvel frumkvöðlasetur fyrir einyrkja. Þarna er fullt af litlum herbergjum og stórum og fínum gluggum. Þannig að þarna ætti að starfa fólk sem dugar svona lítil herbergi, til dæmis rithöfundar, fræðimenn, frumkvöðlar og fólk sem hefur gott af að vera í samfélagi en vinnur að öðru leyti eitt. Ég veit reyndar ekkert hvernig þetta gengur upp sem viðskiptahugmynd en ef einhver keypti þetta og leigði þetta út þannig að þetta myndi bera sig þá væri það bara mjög gott mál.



EINYRKJASETUR Eva María segir húsnaðið kjörið fyrir fólk sem starfar eitt, til dæmis rithöfunda, fræðimenn eða frumkvöðla, sem hafa gott af að vera í samfélagi en vinna að öðru leyti einir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fær húsið nýtt hlutverk?

Ár er nú liðið frá því húsnaðið sem hýsti **Heilsuverndarstöð Reykjavíkur** við Barónsstíg var selt. Húsið er fyrsta byggingin á Íslandi sem hönnuð var sérstaklega fyrir heilsuverndarstarfsemi og eru skiptar skoðanir á því hvort rétt hafi verið að flytja starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur í annað húsnaði. **Sigríður Hjálmarstöð** fékk skoðun nokkurra einstaklinga á því hvað þeim finnst að byggingin eigi að hýsa í framtíðinni.

Bergljót Línal, fyrrverandi hjúkrunarforstjóri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur:

Menningarlega starfsemi í húsið

Ég má nú ekki vera með gálga-húmor en ég myndi helst vilja sjá Geira á Goldfinger vera með starfsemi sína í húsinu því þar er svo mikið af sulum. Það myndi fullkomna þessa hringavitleysu alla.

En í alvöru talað þá á ég mér eina ósk og hún er að starfsemin sem þar var flytji þangað aftur. Það er ekkert óraunhæft og það eina sem vit er í. Að öðrum kosti vil ég sjá einhverja menningarlega, virðulega starfsemi í húsinu en auðvitað á heilbrigðistengd starfsemi helst heima þarna, til dæmis Lýðheilsustöð eða stéttarfélag innan heilbrigðisþjónustunnar. Ég yrði afar ósátt ef Landspítalinn fengi þarna inni og að heilbrigðisfyrirvöld gætu borgað fyrir hann en ekki fyrir heilsugæsluna, enda heyrir það undir sama ráðuneyti og væri gífurleg mismunur.



ALGJÖR HRINGAVITLEYSA Elin Línal er sárhneyksluð yfir því að byggingin skuli hafa verið seld og segir í gríni að hún væri kjörin fyrir Geira á Goldfinger þar sem svo margar súlur séu í húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ólafur F. Magnússon læknir og borgarfulltrúi:

Sorgarsaga og hrein endaleysa

Það er úr vöndu að ráða þar sem húsið var sérhannað fyrir þessa starfsemi, það er að segja heilsuverndar og heilsugæslustarf og er mjög gott fyrir móttökustarf af því tagi. Það er mjög erfitt að sjá hvað er hægt að gera við það núna enda veit ég ekki betur en þeir sem keyptu það af ríki og borg, Markhús, séu í stökustu vandræðum með að gera eitthvað við húsið.

Öll þessi vegferð frá upphafi, bæði af hálfu borgaryfirvalda og ríkisins, er hrein endaleysa og bitnar hart á heilbrigðisþjónustunni í borginni og menningarsögu hennar.

Ég þekki sögu og starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar mjög vel og hef verið í stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar og Heilsugæslunnar í Reykjavík um tólf ára skeið. Ég hef mikinn áhuga á þessum málum enda starfa ég í þessum geira sjálfur. Ég held að þarna hafi farið fram miklu mikilvægari starfsemi fyrir borgarbúa en margir stjórnámálmenn átta sig á. Ég segi það enn og aftur að



ÚR VÖNDU AÐ RÁÐA Ólafur F. Magnússon segir þetta mál sorgarsögu og kjörnum fulltrúum borgarinnar ekki til sóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

húsnaðið hlýtur að vera best fyrir þá starfsemi sem það var sérhannað fyrir og starfrækt þar í hálf

öld. Þetta mál er sorgarsaga og okkur kjörnum fulltrúum Reykjavíkinga til lítils sóma.

Elin Kjartansdóttir, arkitekt hjá arkitektur.is:

Sjúkrahúshótel eða miðstöð fyrir hönnun

Það sem kemur fyrst upp í hugann hjá mér þar sem húsið var teiknað sem spítalalíbúsi á sínum tíma er að það vantar sjúkrahúshótel fyrir aðstandendur og aðra sem þurfa að vera á göngudeildum en þurfa ekki að liggja inni. Það sárvantar í Reykjavík. Þetta hús myndi henta mjög vel sem slíkt en það er bara svo rosalega stórt að það veldur eiginlega vandræðum.

Ég gæti líka alveg séð fyrir mér einhver framsækin fyrirtæki í hönnunargeira eða í hugmynda-vinnu einhverri, svo sem tölvuvinnslu því húsið er svo dínamiískt

og flott. Þá er reyndar aftur spurning hvort húsið sé of stórt. Þetta væri flott sem einhvers konar miðstöð fyrir hvers konar hönnun.

Þar sem húsið er hins vegar hannað sem spítali og er rétt við Landspítalalóðina þá gæti það vel tengst því. Síðan gæti þetta verið einkasjúkrahús. Það er verið að tala um að á Landspítalanum sé deild sem nái svo miklum árangri með fólk sem getur ekki átt börn. Það er alveg spurning hvort ekki sé hægt að hýsa slíka miðstöð í þessu húsi og bjóða þá útflendingum upp á að koma hingað í slíka meðferð.



DÍNAMIÍSKT OG FLOTT Elin Kjartansdóttir segir húsið kjörið fyrir sjúkrahúshótel enda sé það í grennd við Landspítalann. Þar gætu aðstandendur sjúklinga haft aðstöðu eða fólk á göngudeildum sem þarf ekki að liggja inni á spítala.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur Ármannsson arkitekt:

Á að vera heilsugæsla

Byggingin er sérhönnuð fyrir það hlutverk að vera heilsugæslubýgging fyrir almenning og hefur skemmtilegt viðmót sem slíkt. Þar þarf að vera einhver starfsemi sem er notuð til þess að þjóna fólki, nýta þetta aðgengi sem byggingin býður upp á og eðlilegast er náttúrulega að nota hana til þess sem hún var upphaflega hönnuð fyrir, það er að segja í þágu heilsugæslu. Það finnst mér liggja beint við.

Þótt það sé vissulega hægt þá finnst mér miklu síður að það eigi að breyta byggingunni í hótél eða eitthvað slíkt því það myndi gera gríðarlegt rask. Ættili að vera notað fyrir lækna stofur eða heilsugæslu af einhverju tagi.



Í ÞJÓNUSTUHLUTVERKI Pétur Ármannsson segir það eðlilegast að húsið sé notað í sínum upphaflega tilgangi áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Adventugledi

í hjarta borgarinnar

Ljósín tendruð á Oslóartrénu á Austurvelli 3. desember

15:30 Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólalög á Austurvelli.


16:00 Dómkórinn syngur nokkur lög undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar.

Guttorm Vik sendiherra Noregs á Íslandi, afhendir Reykvíkingum jólatréð fyrir hönd Oslóarbúa og ljósín kveikir hinn 11 ára norsk-íslenski drengur Jóel Einar Halldórsson.

Jólasveinarnir Giljagaur, Bjúgnakrækir og Skyrgámur eru afskaplega hrifnir af jólatrénu á Austurvelli og ætla ekki að láta sig vanta því ekkert þykir þeim skemmtilegra en að syngja jólalög með kátum krökkum. Þeir þurfa líka að finna kjól handa mömmu sinni, henni Grýlu, í jólagjöf og vona bara að hún hafi ekki elt þá í bæinn!

Athygli skal vakin á því að dagskráin verður túlkuð á táknmáli.

Kynnir er Gerður G. Bjarklind



Reykjavíkurborg



Ókeypis aðangur í bílastæðahús í Ráðhúskjallaranum frá kl. 13:00 - 19:00

zefor

Við búum öll í Bhopal

Í dag eru 22 ár liðin frá Union Carbide efnaslysinu í Bhopal á Indlandi. Yfir 20.000 manns hafa látist af völdum slyssins og í dag þjást um 150.000 manns á svæðinu af alvarlegum veikindum.

Hanna Björk Valsdóttir dvaldi í Bhopal við sjálfboðastörf og fékk að kynnast lífi og baráttu fólksins í Bhopal. Baráttu fátækasta fólks í heimi við ríkustu fyrirtæki í heimi.

Efnaslysið í Bhopal á Indland er stærsta umhverfis- og efnaslysið í heiminum og oft nefnt Hiroshima efnaslysanna. Meðan umræðan um umhverfismál fer stigvaxandi í heiminum í dag eru vestræn stórfyrirtæki ábyrg fyrir umhverfisspjöllum á hverjum degi. Vafasamur iðnaður fer fram í fátækum löndum. Efnaiðnaðurinn er einn af þeim. Bandaríska Union Carbide efnaverksmiðjan á Indlandi var byggð í fátækrahverfi Bhopal til að framleiða skordýraeitur. Öryggiskröfur voru af skornum skammti og sams konar verksmiðja yrði aldrei byggð á Vesturlöndum. MIC-gasið var geymt í þremur stórum tönkum og þessa örlagaríku nótt, 2. desember 1984, láku úr tankinum sjö tonn af banvænu MIC-gasi út í nóttina. Hálf milljón manna varð fyrir eitrun og rúmlega 20.000 manns hafa látist.

Lyktarlaust og ósýnilegt gasið lak án viðvörunar, fólkið vaknaði upp hóstandi og gasið brenndi augu, nef og munn fólksins sem hljóp út til að koma sér í burtu. Fólk hóstaði blóði, missti þvag og saur úti á götu. Innan nokkurra klukkustunda höfðu þúsundir látist. Fyrstu dagana eftir slysið var ástandið mjög slæmt, lík lágu út um allt og þeir sem lifðu af þurftu lækniástoð. Enn í dag er lækniástoð af skornum skammti.

Í dag er ástandið verra en það var daginn eftir slysið. Talið er að yfir 150.000 séu veikir og fátækt er mikil á svæðinu. Öndunarerfiðleikar, lungnasjúkdómar, sjóntruflanir, engin matarlyst, þunglyndi, kvíði, gigt, sykursýki, léleg ónæmiskerfi, fósturlát, vansköpun og fæðingargallar eru helstu kvillarnir. Fleiri strákar fæðast vangefnir og stelpur eru ekki með eðlilegan tíðahring. Síðustu ár hefur krabbamein aukist gífurlega. Í tvo áratugi hafa lækningar reynt að fá upplýsingar um hvaða efni voru nákvæmlega í gasinu svo hægt sé að lækna fólk, en Dow Chemical neitar að gefa það upp og segir það viðskiptaleyndarmál. Á meðan eiga lækningar erfitt með að sjúkdómsgreina sjúklinga og finna hentuga lækningu.

Í réttarsal

Það sló óhug á heiminn þegar fréttir bárust af slysinu. Slysið vakti strax spurningar um ábyrgð fyrirtækja og ríkisstjórna gagnvart iðnaðarslysum af þessu tagi. Samt sem áður bíða fórnarlömbin ennþá rúmunum tuttugu árum síðar eftir skaðabótum, fullnægjandi lækniástoð og endurhæfingu á svæðinu. Verksmiðjan hefur aldrei verið hreinsuð og eiturefni halda áfram að menga umhverfið og eitra vatnið sem nærliggjandi hverfi þarfnast. Krakkar leika sér í yfirgefinni verksmiðjunni innan um eitrið. Enn þann dag í dag hefur enginn þurft að taka ábyrgð á slysinu.

Dómsmál eru ennþá í gangi. Bæði í New York og á Indlandi og hefur hingað til ekki tekist að fá viðunandi dóma í gegn. Bandaríska fyrirtækið Union Carbide sem átti verksmiðjuna pakkaði saman og lét sig hverfa strax eftir slysið og allt liggur þar óhreyft. Dow Chem-

ical keypti Union Carbide árið 2001, en bæði þessi fyrirtæki hafa lýst því yfir að þau beri ekki ábyrgð á slysinu og afleiðingum þess, eða menguninni frá eiturefnunum í verksmiðjunni. Fyrirtækin neita að útvega hreint vatn og borga fórnarlömbum skaðabætur.

Union Carbide samdi við Indversku ríkisstjórnina árið 1989 að það borgaði 470 milljónir Bandaríkjadala sem settir voru í sjóð og skiluðu sér ekki til fórnarlömbanna í Bhopal fyrir en nýlega og fékk þá hver 300 til 500 dali sem dugar engan veginn fyrir lækniástoð fyrir lífstíð. Margir eru of veikir til að vinna. Þetta fólk var fátækt fyrir en líf þeirra var algjörlega lagt í rúst með slysinu.

Eitrað vatn


Árið 1999 gerði Greenpeace úttekt á ástandi vatnsins og var útkoman mun verri en búist var við. Vatnið er baneitrað. Efni sem valda krabbameini, heilaskemmdum o.fl. var fimmtíu sinnum meira en talið er drykkjarhæft. Árið 2002 var gerð rannsókn á brjóstamjólki kvenna og fundust eiturefni í henni sem skilar sér beint til barnanna. Tuttugu og tvö monsun-rigningartímabil hafa séð til þess að eitrið er komið djúpt ofan í jörðina og er allur jarðvegur og vatn á svæðinu því eittrað.

Eitt helsta baráttumálið í dag er að tryggja hreint vatn á svæðinu. Í maí 2004 skipaði Hæstiréttur Indlands að tankbílur flyttu hreint vatn á svæðið. Illa hefur gengið að fá þessu framgengt og ennþá er ekki nóg af hreinu drykkjarvatni og þarf fólk því að gripa til vatnsbrunnanna með eittraða vatninu ef ekki annað vatn er að fá. Það eru aðallega húðsjúkdómar og meltingarsjúkdómar sem hrjá þá sem hafa veikt af vatninu en einnig hefur krabbamein aukist töluvert síðustu ár.

Sambhavna-heilsugæslustöðin

Sathyu Sarangi rekur heilugæslustöðina Sambhavna fyrir fórnarlömb slyssins. Hann kom til Bhopal tveimur dögum eftir slysið og hefur aldrei farið. Hann byrjaði strax að aðstoða þá sem lifðu af og gerir enn í dag. Eitt helsta vandamálið eftir slysið var slæm lækniástoð. Fólkið sem bjó í kringum verksmiðjuna er fátækt og hefur ekki efni á læknum. Sambhavna-heilsugæslustöðin er rekin af góðgerðasamtökum og þar er veitt ókeypis lækniástoð til fórnarlamba slyssins. Sambhavna er líka rekin með hjálp sjálfboðaliða og frjálsu framlagi fólks úti um allan heim. Um hundrað manns leitar sér þar aðstoðar á hverjum degi vegna krónískra veikinda.

Sambhavna er sérstakt að því leyti að þar geta sjúklingar valið vestrænar lækningar eða hefðbundnar indverskar aðferðir á borð við „ayurveda“ og „panchakarma“. Jóga hefur líka reynst sjúklingum vel og sérstaklega þeir sem þjást af lungnasjúkdómum hafa fengið bata með því að stunda jóga. Sathyu rekur heilsugæslustöðina ásamt því að vera í forsvari fyrir Bhopal Group for Information and Action sem eru samtök sem hafa haldið baráttunni fyrir réttindum þessa fólks á lofti öll þessi ár. Í



VIÐ VEGGINN Á UNION CARBIDE VERKSMIÐJUNNI Krakkar leika sér oft þar sem eiturefni liggja óhreyfð undir berum himni. Börn sem fæddust eftir slysið veikjast af menguðum jarðvegi og vatni. MYNDR: MICHAEL MUENCH, HANNA BJÖRK



RÚMUM TUTTUGU ÁRUM SÍÐAR LIGGUR EITRIÐ ÓHREYFT Union Carbide og Dow Chemical firra sig ábyrgð og neita að hreinsa verksmiðjuna.



SATHYU SARANGI ÁSAMT KONUNUM Í BHOPAL Konurnar mótmæla reglulega til að vekja athygli á ástandinu í Bhopal.

”Fórnarlömbin bíða ennþá rúmunum tuttugu árum síðar eftir skaðabótum, fullnægjandi lækniástoð og endurhæfingu á svæðinu.

Sambhavna er einnig rekin upplýsingamiðstöð um slysið og þangað leita blaðamenn, stjórnmalamenn og aðrir sem eru að vinna ýmiss konar rannsóknir. Starfsmenn Sambhavna hafa safnað öllum gögnum um slysið síðan 1984, skýrslum, rannsóknum, blaðauklippum og heimildarmyndum.

Alþjóðlegur stuðningur

Síðustu ár hefur alþjóðlegur stuðningur við fórnarlömbin aukist. Int-

ernational Campaign for Justice in Bhopal hefur starfað á alþjóðavettvangi og mörg önnur félög tekið þátt í baráttunni. Fólk frá Bhopal hefur ferðast um heiminn og reynt að vekja athygli á ástandinu. Rashida Bi og Champa Devi Shukla unnu Goldman-umhverfisverðlaunin árið 2004 en þau eru eins konar Óskarsverðlaun þeirra sem starfa í þágu umhverfisins. Rashida og Champa hafa barist stöðugt frá slysinu og leiða stóran

hóp kvenna sem reglulega mótmæla og fylgjast grannt með gangi mála. Þessar konur eru að berjast fyrir börnum sínum barnabörn. Þetta eru fátækar konur, sem hafa aldrei gengið í skóla og eru ólæsar, og þær berjast á hverjum degi. Þær segjast vera að þessu fyrir komandi kynslóðir. Búið sé að eyðileggja líf þeirra.

Á tuttugu ára afmælinu gaf Amnesty International út skýrslu þar sem var farið yfir mannréttindabrotin sem hafa átt sér stað í Bhopal en slysið í Bhopal hefur sýnt fram á mikilvægi alþjóðlegra laga. Samkvæmt mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna mega fyrirtæki ekki ógna lífi fólks með starfsemi sinni. Slysið í Bhopal og eftirmálar þess hafa orðið til þess að hundruð þúsunda hafa tapað heilsu og eru alvarlega veik í dag. Og því heldur baráttan fyrir réttlæti áfram.

Líf í skugga efnaslyss

Við búum öll í Bhopal er frasi sem er stundum notaður í alþjóðabaráttunni og vísar til þess af hverju það er mikilvægt fyrir okkur að vita hvað er að gerast í þriðja heiminum og hvernig þróuðu ríkin koma fram við íbúa vanþróðu ríkjanna. Heimurinn hefur minnkað og stærðarinnar fyrirtæki teygja anga sýna út um allan heim með aðeins eitt að leiðarljósi – að græða sem mestan pening. Mannslíf eru þar engin fyrirstaða.

Ástandið í Bhopal mun aðeins versna. Það sorglega er að um allan heim gerast umhverfisslyss af þessu tagi, þó ekki af sömu stærðargráðu, og við fréttum aldrei af þeim. Þess vegna er svo mikilvægt að halda minningunni um fólkið í Bhopal á lofti og reyna að koma í veg fyrir áframhaldandi umhverfis- og iðnaðarslyss í heiminum. Bhopal snýst ekki aðeins um skemmd lungu, krabbamein og afskræmd fóstur. Bhopal snýst um glæpi stórfyrirtækja gagnvart mannkyninu, vanmátt fátæka fólksins og þriðja heims ríkja gagnvart stórfyrirtækjum og spillingu.

www.bhopal.net
www.bhopal.org
www.studentsforbhopal.org




Bubbi
060606

2.499



Nylon
Nylon

2.199



Brooklyn Fæv
Góð jól

1.999



Elisabet og Börkur
Þriðja leiðin

2.199



Tómas R. Einarsson
Romm Tomm Tomm

2.199



Jóhann Friðgeir
og Vinir

2.199

ÁRITANIR Í SKÍFUNNI!

	Kringlan	Smáralind	Laugarvegur
13:00	Nylon		
14:00	Jóhann Friðgerir	Brooklyn Fæv	Romm Tomm Tomm
15:00	Bubbi		
16:00	Beta og Börkur	Nylon	



Ókrýndir tískukóngar Reykjavíkur Jón Sæmundur og Hrafnhildur Hólmgeirs hjá Liborius, Magni og Huguín hjá Kron, og Svava Johansen, eigandi NTC tískuveldisins. Þetta fólk var oftast nefnt á nafn þegar tíska á Íslandi kom við sögu.

Tískufyrirmyndir Reykjavíkur

Fréttablaðið fékk tískuspekúlanta úr öllum áttum til að segja sitt álit á hverjir það eru sem leggja línurnar í reykviskri tísku. Athygli vakti að fólk í tískuheiminum talar af miklu vægðarleysi um hvað annað og því ef til vill ekkert skrítið að talað sé um „tískudívur“. Sérstaklega voru tveir hópar ósparir á stóru orðin um þá sem þó flokkast innan þeirra eigin geira, en það voru „hnakkarnir“ og „wannabee“ liðið. Ef til vill af því fáir telja sig tilheyrja þeim hópum?

Artí-liðið

Fólkið sem er á fatahönnunar- eða myndlistarbraut í Listaháskólanum. Þeim finnst gaman að klæðast fötum sem vekja athygli og eru öðruvísi. Því minna sem fötin passa saman því betra. Symmetríja er bannorð hjá þessum flokki.

FYRIRMYNDIR:

Sara í Nakta apanum: „Er með sinn eigin stíl, sem er umdeilanlegur, ég er ekki alveg að fíla hann en greinilega margir sem gera það.“ „Dugleg stelpan en samt svona heimasaumuð týpa.“ „Hressandi fatastíll.“

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir: „Mjög töff en allir eru samt þínu hræddir við hana, dálítið eins og hún stundi svartagaldur í tómsundum.“ „Mest kúl sem ég veit um.“ „Grunge, goth og high fashion, góð blanda.“ „Töff týpa sem fer ótróðnar slóðir og þorir.“

Ási Ásmundsson: „Ási er orðinn svo gegnumskýrður af tískupælingum að hann er orðinn ónæmur fyrir því hvað hann lítur fátánlega út, algjörlega over the top.“ „Díva.“

Björk Guðmundsdóttir: „Alltaf flott, þótt hún beri einhverja flík vel er ekki sjálfsagt að nokkur annar geri það. Það er því ekki sterkur leikur að herma eftir Björk, hún er one of a kind.“ „Frábær í alla staði.“ „Gæti verið í gömlum slitnum íþróttagalla og væri samt flott.“

Elsa María Blöndal: „Alger original sleikjóstelpan, þú tekur alltaf eftir henni af því að hún er í biluðum litum en er samt alger rokkari.“

„Fyrirmyndirnar standa fyrir sínu en þær hafa getið af sér of marga fylgifiska. Þetta er fólk sem á eftir að sjá eftir hverju það klæddist á þessu tímabili. Eftir nokk-

ur ár verður lítið á stíllinn sem annað eightís tímabil og hlegið að myndum af fullorönu fólk í víðum og litríkum peysum með myndum af dýrum. Dæmi um hvernig hægt er að okra á DIY stíl, Bernhard Wilhelm nei takk!“

UPPÁHALDSBÚÐIR:

Helst einhverjar erlendar, því þeirra martröð byggist á að eiga eitthvað alveg eins og einhver annar. Spúútník, Gyllti kötturinn, Nakti apinn, Liborius og fleiri ungar hönnunarbúðir. Klæðast gjarnan hönnun hver annars.

Alþjóðlega tískuliðið

Fólkið með alvörutísku. Fylgist grannt með hverri einustu tískubólu og á nánast öll tískublöð sem til eru. Klæðist nánast hverju sem ef það var á tískupöllum fyrir þetta árið, sama hvort það sé klæðilegt.

„Fólkið sem vill vera fyrst með trendin, sumt heppnast og annað ekki. Mikilvægast er að þora (fara með plastpoka í staðinn fyrir veski út á djammíð eða vera með fuglabúr á hausnum) ef maður ætlar að tilheyrja þessum hópi. Stundum skarast hópurinn við artí-liðið og glamúrgellurnar. Það hjálpar að eiga peninga en mikilvægast er að vera frumlegur á smekklegan hátt.“

FYRIRMYNDIR:

Huguín og Magni í Kronkron: „Mjög skemmtilegar og frábærar persónur, samkvæmar sjálfum sér.“ „Huguín er fyrirmynd allra fasjononistas sem dreymir um að komast í fataskápin hennar.“ „Litaglöð og áriðandi fyrir íslenska tísku.“ „Fáguð og flott.“ „Krúttusprengrur.“

Agnieszka stílisti: „Það er eins og hún sé komin með stóran aðdáendahóp á eftir sér hérna á Íslandi. Allar gellurnar lita svo upp til hennar.“ „Pólskt/franskt chic, getur verið skemmtilegt og líka verið pirrandi eins og það er flott.“ „Stílisarar allt eins og sjálfan sig.“ „Ógeðslega flott týpa, algjörlega einstök og með tískubólurnar á hreinu en ekki geta allir farið eftir henni.“

Linda í Listaháskólanum: „Mjög flott kona sem er að gera góða hluti fyrir íslenska tísku.“

Jette í Trilogiu: „Praktískur stíll.“

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir: „Stórfengleg, flott kona.“ „Hrafnhildur mætti vera aðeins snyrtilegri, svo getum við talað um stíllinn hennar.“

Þórunn Anspach: „Ógeðslega Paris chic.“

Stefán Svan fatahönnuður: „Krútt, forstöðumaður þeirrar kynslóðar.“ „Býr til flott föt.“

Jón Sæmundur: „Hann heldur að hann sé aðaltískumógullinn en í öðrum tískuborgum væri hann ekkert. Þetta hausklúpu-dæmi er löngu búit og gert úti.“ „Rock and roll konungurinn.“ „Hann er svartur og töffari, en mætti vera litaglaðari.“ „Bad boy stíll en samt algert sweetheart. Klæðir sig eins og Severus Snape í Harry Potter.“

Silja Magg: „Ferðast um allt og fær áhrif alls staðar frá.“ „Allir eru að herma eftir hárgreiðslu hennar.“

Hafnir verslunarstjóri í Spúútník: „Með eigin stíl og notar td. korselett núna með stuttermabolum, alger trendsetter.“

Jón Atli Helgasson, Hairdoctor: „Gjörnsamlega brautryðandi fyrir strákatísku og maður sér litla Jón Atla í öllum menntaskólum landsins.“ „Getur verið með naglalakk og það fer honum einkennilega vel.“

UPPÁHALDSBÚÐIR:

Kronkron, Trilogia, Liborius

Glamúrgellurnar

Þú sem elskar demanta og pelsa og eyða miklum peningum í föt. Þær eru á öllum aldri enda aldur þeirra óráðinn oft á tíðum.

„Öll þessi risaboð eins og Eddan og önnur teiti fyrir „frægt fólk“ eru eins og frík-sjóv

– allir eru svo ótrúlega kitsch, allir svo unstylish og ógeðslegir, enginn frumlegur eða klassí.“

FYRIRMYNDIR:

Svava Johansen: „Glæsilegur stíll, veit hvað hún syngur og hefur alltaf gert.“ „Úff, drottning meðalmennskunnar, mætti slaka á í minipilsunum og make upinu.“ „Commercial.“

Ingibjörg Pálmadóttir: „Töffari af guðs náð, frábært skyn á myndlist og hönnun.“ „Flott kona, orðið fágung hentar henni vel.“ „Hún er mjög mikill töffari.“

Dorrit Moussaieff: „Dorrit er svona Anna Wintour eða Carine Roitfeld Íslands, allavega sú sem kemst næst því.“ „Dorrit er guðdómleg enda hefur hún bæði peningana og klassann sem þarf til.“ „Glæsileiki í alla staði á sama stað og Bára bleika, stíllinn hennar mun lifa að eilífu.“ „Hún hefur allan þennan pening en það er ekki hægt að kaupa stíl með peningum, því miður hefur hún bara engan stíl, of mikið af öllu í einu.“ „Kúl miðað við aldur og engin stórf.“ „Glæsileg í alla staði.“

Hjördís Gissurardóttir: „Einn fallegasti stíll sem til verið hefur á Íslandi.“

UPPÁHALDSBÚÐIR:

Kúltúr, Svevar Karl, Maxmara, GK, 3 hæðir, Eva, Centrum (eins og hún er í dag eftir breytingar)

„Wannabees“

Þessi flokkur elskar föt en stundum er eins og hann geri það bara af því að það þykir hip og kúl þessa stundina. Ef það kæmi í tísku að pæla ekki í tísku þá mundi þessi hópur fara beint í þá átt. Þetta er hópurinn sem reynir að standa upp úr og vera frumlegur á sviði tískunnar en því miður gengur það ekki nógu vel. Titla sig gjarna sem „tískulöggar“.

FYRIRMYNDIR:

Ása Ottesen: „Bara svona týpísk „thrift store“ týpa sem á örugglega slatta af dauðum dýrum hangandi inni í skáp.“ „Hver er það?“ „Skil hana vel.“

Nína Björk ljósmyndari: „Hún er svo upptekin af útlitinu að hún tekur stundum ekki eftir því þegar hún mætir vinum sínum úti á götu, þá er hún kannski bara að hugsa um hárið á sér.“ „Slakaðu á, ekki reyna svona mikið.“



LJÓSMYNDARINN með flotta hárið: Silja Magg.



SLEIKJÓSTELPA Elsa Blöndal er rokkari af guðs náð.



OVER THE TOP Ási hönnuður, stílisti og skemmtanastjóri Rex.



FYRIRMYND HEILLAR KYNSLÓÐAR Hin pólska Agnieszka Baranowska.



SKAPAR NÝ TREND Hafnir í Spúútník.



FÁGUÐ OG FLOTT Ingibjörg Pálmadóttir er kona með pening og smekk.



SMÁRALINDARDROTTNINGIN Eva Dögg má slaka á gallafatnaðinum.



KÚL MIÐAÐ VIÐ ALDUR OG ENGIN STÓRF Dorrit Moussaieff er Anna Wintour Íslands.

„Töff stelpa.“
 „Alveg smart stundum.“
Arnar Gauti:
 „Metrósexúal er algerlega úti.“ „Hallærislegt að titla sig sem tiskulöggu, það er ekki kúl lengur.“ „Ekki flott, ekki að fála þennan stíl.“ „Hann er alltaf stíliseraður, stíliserar sig mánuð fram í tímann. Reynir of mikið.“



SJÁLFSKIPUÐ TISKULÖGGA Arnar Gauti er eitthvað að misskilja þetta.

Hnakkarnir

„Hnakkarnir er sá hópur sem er seinastur að tileinka sér tiskubylgjur. Í raun hálfgerð and-tíska. Merkilegt að útkoman verði svona léleg miðað við hvað þetta fólk eyðir miklum tíma í útlitið.“

„Fólk sem finnst Ásgeir Kolbeins vera sætur og verlar aðallega í verslunarmiðstöðvum.“ „Tískustórslys.“

„Fm hnakkastíllinn er mjög íslenskur og allir eru alltaf í eins fötum, þannig að þetta er orðið eins og kommúnisminn í Kína.“

FYRIRMYNDIR:

Ragnheiður Guðfinna: „Hver er það?“ „Er hún með einhvern stíl, hvorki né týpa fyrir mér.“ „Alltaf mjög sæt, klæðir sig eftir sínum karakter.“ „Klassík.“

Ragnhildur Steinunn og flestar sjónvarpsdrottningar: „Rosalega óþolandi flestar og þurfa verulega á stílista að halda.“ „Líta út fyrir að vera sponsoraðar af Kiss.“ „Eru þær allar fyrrverandi fegurðardrottningar? Ef svo er þá þarf ekki að segja meir.“ „Til sóma fyrir land og þjóð.“ „Karen Millen er þeirra búð.“

Birgitta Haukdal: „Hún er týnd.“ „Hún er búin að breyta um stíl, hún er á góðri leið með að ná smá klassa. Hún festist svolítið í sínum eigin tiskubólum.“



Eva Dögg Sigurgeirsdóttir: „Má slaka á gallafatnaðinum.“ „Very enskur „chav“ stíl.“

Ásgeir Kolbeinsson: „Hvað er að gerast? Er hann á brúktúflum? Hann er of gulur.“ „Yfirhnakkinn mikli, en samt sem áður má hann eiga það að hann er með stíl.“ „Taktlaus.“ „Hann er eins og að mamma hans hafi klætt hann upp á morgnana, þarf á hjálp að halda.“ „Hefði smellpassað inn í Beverly Hills þættina og eru þeir nú tíu ára gamlir.“

YFIRHNAKKINN

Ásgeir Kolbeinsson er appelsínugulur hvað sem tautar og raular.

UPPÁHALDSBÚÐIR:

Kiss, Zara, Gallabuxnabúðin, Mótör og svo Sand og Hugo Boss fyrir þá sjóaðri.

anna@reykjavik.com, alfrun@frettabladid.is

Frábært verð



TILBOÐ
999 kr/þk
 Verð áður 1.799.-



TILBOÐ
2.999 kr/þk
 Verð áður 4.299.-



TILBOÐ
2.999 kr/þk
 Verð áður 3.799.-



TILBOÐ
2.499 kr/þk
 Verð áður 3.299.-



TILBOÐ
3.799 kr/þk
 Verð áður 6.499.-

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
 Skemmtilegast að versla

Húsgagna

LAGERSALA 50-90%

Furniture – WAREHOUSE SALE – 50-90% reductions
 Meble – WYPRZEDAŻ – obniżki 50-90%
 เฟอ์นิจเจอร์ - ราคาโรงงาน - ราคาลด 50 ถึง 90%

ÁRMÚLA 23

Opið: Laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 13-16.



HÚSGAGNAVERSLUN

Fljótandi fimm stjörnu hótél

Sífelld fleiri velja að fara í vetrarfrí erlendis og leita þá ekki allir á sólarlandastrandir. Sumir ferðast til frænda okkar Norðmanna og lifa í vellystingum um borð í ferjum Hurtigruten í nokkra daga. Sigrún María Kristinsdóttir brá sér í slíkt ferðalag á dögnum.

Gleymdusólarströndinni. Gleymdu stórborginni. Farðu frekar á slóðir forfedranna og farðu með stæl. Ferjur Hurtigruten eru engar Akraborgir, heldur líkari fimm stjörnu hótélum á sjó. Það eina sem dregur úr ákafanum er verðið – en hægt er að fylgjast með og nýta sér ýmiss konar tilboð, þá sérstaklega vetrartilboð fyrirtækisins.

Upphaf ferðanna

Um og eftir 1830 hófu Norðmenn að sigla gufuknúnum skipum eftir Noregsströnd, allt norður til Tromsø og jafnvel lengra. Skipin fluttu fólk, birgðir og póst, en sigldu þó ekki árið um kring.

ess, sem liggur á sjötugustu breiddargráðu.

Í níutíu ár voru ferjurnar mikilvægasta samgönguæð strandbæjanna, sem og á milli Norður-Noregs og suðurhluta landsins. Það var í raun ekki fyrr en árið 1983 sem póstur tók að berast með flugi og bílum frekar en með skipunum.

Á seinustu árum hefur fyrirtækið tekið að sigla skipum sínum sextán til Svalbarða, Grænlands og Antarktíku, en jafnframt haldið áfram ferðunum norður með strönd Noregs.

Vinsælt starf

„Þetta er afar vinsælt starf meðal norskra sjómanna, hér um borð í ferjum Hurtigruten,“ sagði skip-

skipi,“ útskýrir Karlson þar sem hann stendur í rúmgóðri brúnni og fylgist með myndum af hafsbótunum á tölvuskjám og bætir við að stærð áhafnarinnar fari eftir fjölda farþeganna. Á veturna eru yfirleitt um 50 áhafnarmedlimir um borð og fer talan yfir sjötu á sumrin, að sögn Karlsons.

Þjónusta um borð

Fólk ferðast með ferjum Hurtigruten í margs konar tilgangi.

Það eru einkum erlendir ferðamenn sem fara alla leið til Kirkjunes og til baka aftur, á meðan Norðmenn fara frekar styttri ferðir með ferjunni, hvort sem um vinnu eða einkaerindi er að ræða, útskýrir Karlson.

Enn nýta margir Norðmenn sér þá hefðbundnu ferjuþjónustu sem fyrirtækið hefur boðið upp á í 113 ár og fara frá einum stað til annars með skipunum, ýmist með eða án bíls. Eins er algengt að nýta ráðstefnu- og fundaraðstöðuna sem er að finna um borð í ferjunum og fjölmargir kjósa að halda upp á stórafmæli um borð í ferjunni.

Auk þess verður sífelld vinsælla bæði meðal Norðmanna og annarra Evrópubúa að taka bílinn með aðra leið og aka til baka í sumar- eða vetrarfríum sínum.

Ferðin sjálf

Tvö þúsund og fimm hundruð sjómilur liggja á milli Björgvinjar og Kirkjunes og er farþegum í sjálfsvald sett hversu langt þeir fara með ferjunni.

Þægindi eru mikil um borð og hafa mörg nýrri skipanna jafnvel nuddpott á efsta þilfarinu þar sem hægt er að sitja í heitu vatninu og fylgjast með stórbrotinni náttúru Noregs líða hjá.

Veitingastaðir skipanna eru einnig frægir fyrir stórkostleg hlaðborð í öll mál, þar sem jafnan er boðið upp á lax og annars konar fisk, auk margs annars.

Komið til Íslands

En Íslendingar þurfa ekki að fara alla leið til Noregs til að sjá dýrina.

Í lok maí kemur nefnilega nýjasta ferja Hurtigruten, MS Fram, í heimsókn til Íslands á leið sinni til Grænlands, þar sem farþegar geta notið náttúrufegurðar Diskóflóans meðan þeir lifa í vellystingum um borð í ferjunni, að sögn upplýsingafulltrúa Hurtigruten, Nils Petter Hansen. ■



VETRARFRÍ Sífelld fleiri velja að fara í vetrarfrí á norðlægur slóðir og ekki er verra að ferðast um stórbrotna náttúru Norður-Noregs í þægindunum sem ellefu ferjur Hurtigruten bjóða upp á á meðan Kári blæs og byrstir sig fyrir utan. MYND/HURTIGRUTEN



BJÖRGVIN Ferð Hurtigruten-ferjanna hefst í verslunarstaðnum gamla, Björgvin.

FRÉTTABLAÐIÐ/SMK

Verðdæmi í Hurtigruten-ferjunum:

Mun hagstæðara er að leita eftir sérstökum tilboðum með ferjum Hurtigruten heldur en að panta beint upp úr bæklingum fyrirtækisins. Tilboðin standa oft til boða og ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ef pantað er á netinu er hægt að spara allt að 30 prósent af verði sem uppgæfið er í bæklingnum. Á vefsíðu ferjufyrirtækisins er hægt að panta sér 11 daga hringferð frá Björgvin til Kirkjunes og aftur til Björgvinjar í desember fyrir 125.000 á mann í tveggja manna klefa með hálfu fæði. Í maí kostar sama ferð 165.000 krónur, ef pantað er á netinu.

Seint á nítjándu öld datt norska kapteininum Richard With í hug að hægt væri að sigla reglulega upp og niður eftir Noregsströnd allt árið um kring, alla leið til Hammerfest.

Erfiðlega gekk í fyrstu að sannfæra yfirvöld um að um reksturinn yrði arðbær – enda höfðu stórir hlutar Noregsstrandar ekki verið kortlagðir enn – en With tókst þó að sannfæra menn nóg til þess að lagt var upp í ævintýrið sem enn lifir.

Ekki leið á löngu þar til farið var að sigla alla leið til Kirkjun-

stjóri MS Trollfjord í samtali við Fréttablaðið. „Bæði er útsýnið stórkostlegt alla leiðina og svo er líka stutt heim þegar fríð hefst,“ segir Karlson og brosir breitt. „Maður er viss um að komast heim í fríinu.“

Karlson hefur unnið í 41 ár á sjó en seinustu tólf árin hefur hann stýrt einni af ferjum Hurtigruten.

Hver ferð frá Björgvin og norður til Kirkjunes og til baka aftur tekur ellefu til tólf daga, starfsfólkið vinnur í 22 daga tórnum og á svo frí í 22 daga.

„Það eru tvær áhafnir á hverju



Jóla-kaffi Hringsins

Árlegt jóla-kaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Broadway sunnudaginn 3. desember kl: 13.30.

Að vanda verður boðið uppá girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðu brauði að hætti Hringskvenna, happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst frábærum skemmtiatriðum úr ýmsum áttum.

Allur ágóði rennur í Barnaspítalásjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.



Yesmine Olsson

áritar og gefur fólk að smakka á göðgæti upp úr nýútgefni bók sinni,

Framandi og freistandi
í dag milli kl. 14.00 - 16.00

ÍÐA

framandi & freistandi
létt & litrík mataræði



yesmine olsson



SKÍFAN Í 30 ÁR

VINSÆLASTA LAG HVERS ÁRS SKÍFUNNAR Á TVÖFALDRI SAFNPLÖTU



Í TILFNI AF 30 ÁRA AFMÆLI SKÍFUNNAR SEM ER STÆRSTA HLJÓMPLÖTUVERSLUN LANDSINS
HÖFUM VIÐ SETT SAMAN SKEMMTILEGAN AFMÆLISPAKKA FYRIR ALLA



2.499
2CD

POPpsKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu popplög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

KC & The Sunshine Band	That's The Way (I Like It)
Vilhjálmur Vilhjálmsson	Lítill Drengur
Brunaliðið	Ég er á leiðinni
Chic	Le Freak
Kool & The Gang	Celebration
Blondie	The Tide Is High
ABC	The Look Of Love (Part 1)
Men At Work	Down Under



2.499
2CD

ROKKSÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu rokkög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

Queen	Somebody to Love
Meatloaf	Your Took The Words
	Right Out Of My Mouth
The Stranglers	Nice 'N' Sleazy
Hinn ísl. Þursaflokkur	Brúðkaupsvísir
Utangarðsmenn	Hiroshima
Start	Sekur
Egó	Fjöllin hafa vakað
Yes	Owner of a Lonely Heart



2.499
2CD

BARNASKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu barnalög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

Ómar Ragnarsson	Fugladansinn
Katla María	Litli Mexikaninn
Laddi	Súperman
Eiríkur Fjalar og Skrámur	Tóti Tölvukall
Egill Ólafsson	Guttavísir
Filabandið	Í grænni lautu
Edda Heiðrún Backman	Pálína með prikið
Sigga Beinteins	Snati og Óli

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



SPÆNSK-ÍSENSKA FJÓLSKYLDAN
Íslendingurinn Kristján Magnússon, Anna María
kona hans og börnin Leifur og Aina.
FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

Vill vera Íslendingur og ekkert annað

Hann heitir því rammíslenska nafni Kristján Magnússon. Enda er hann Íslendingur ... í aðra ættina, Spánverji eða Katalóni í hina. Hann talar litla sem enga íslensku en vill ekki vera neitt annað en Íslendingur. Er stoltur af uppruninum. Sigurður Þór Salvarsson hitti Íslendinginn Kristján Magnússon í Barcelona.

Kristján Magnússon er upptekinn maður. Hann og Anna María kona hans reka prentsmiðju í Barcelona, gistihús fyrir ferðafólk í strandbænum Tossa de Mar skammt fyrir utan borgina og leigja að auki út íbúð í Barcelona. Eftir nokkrar atrennur

ad viðtali varð úr að taka það í ökuferð með Kristjáni um heimsborgina Barcelona og slá þannig tvær flugur í einu högg.

Ólst upp á gistiheimili

„Ég er fæddur í Tossa de Mar og ólst þar upp hjá foreldrum mínum og tveimur systkinum,“ segir Kristján um leið og hann stýttir sér hikstalaust leið eftir hjólastígi til að komast leiðar sinnar.

„Pabbi var á ferð á Spáni 1956 og kom til Tossa þar sem hann kynntist móður minni og þau fóru að búa eins og gengur og gerist. Túrisminn var að hefjast á þessu svæði um þetta leyti og pabbi sá tækifæri í því og keypti stórt hús og gerði að gistiheimili,“ heldur hann áfram og smokrar bílnum fimlega inn á götuna þar sem bílarnir eru eiginlega hver um annan þveran.

Kominn af listmálurum

Magnús Kristjánsson, faðir Kristjáns, var listmálari eins og faðir hans, Kristján H. Magnússon frá Ísafirði, sem nam listmálun í Boston í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar. Viðmælandi okkar er því alnafni afa síns, en þeir hittust aldrei því Kristján eldri lést ungur maður skömmu fyrir seinna stríð.

„Ég á hins vegar slatta af myndum eftir hann en hann var mikill metinn málari bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi þótt hann ætti erfitt uppdráttar á Íslandi,“ segir Kristján hugsi og bíður eftir grænu ljósi. Það þótti nefnilega ekki nógu fínt að hafa lært málalist í Bandaríkjunum á þessum tíma.

Hann hlær dátt að spurningunni um það hvort hann hafi ekki

hugleitt að leggja listmálun fyrir sig eins og pabbi hans og afi. „Áhuginn var sosomeg fyrir hendi en ég komst að því að hæfileikana vantaði því miður.“

Alltaf partí

Húsið sem pabbi Kristjáns keypti í Tossa de Mar og gerði að gistiheimili fékk nafnið Hostal Hekla eftir eldfjallinu fræga. Það var jafnframt íbúðarhús fjólskyldunnar. „Á veturna höfðum við allt húsið fyrir okkur en á sumrin fluttum við öll inn í eitt herbergi, því hin herbergin voru leigð út,“ útskýrir Kristján brosandí um leið og hann bendir á glæsibyggingu vatnsveitunnar í Barcelona, sívalan turn sem orðinn er eitt af mörgum einkennum borgarinnar.

„Okkur fannst þetta bara eðlilegt og gaman, alltaf fullt af fólki, ... alltaf partí,“ segir hann spokur á svip og skellihlær.

Frankó og lýðræðið

Heimaland föður hans bar ekki mikið á góma og tengslin við það lítil, enda faðir hans einbirni og foreldrar hans dánir. „Pabbi talaði ekki mikið um Ísland og talaði ekki íslensku við okkur systkinin þannig að við lærðum ekki málið. Ég hafði þó mikinn áhuga á Íslandi, ekki síst vegna nafnsins míns sem er frekar óvenjulegt hér á Spáni,“ segir hann skælbroandi og víkur kurteislega fyrir flautandi öku-manni sem liggur greinilega lífið á.

Hann bætir því við að svo undarlegt sem það nú er þá hafi föður hans á sínum tíma tekist að fá börnin sín skráð á Spáni samkvæmt íslenskri nafnahefð og því sé hann Magnússon þó svo að faðir hans hafi verið Kristjánsson. „Og þetta var á tímum Frankós, einræðistímanum, en nú þegar við búum við lýðræði þá gengur þetta ekki og ég verð að skrá mín börn Magnússon,“ segir hann og hristir höfuðið yfir kerfinu.

Leifur er ekki nafn

Hann gerði nefnilega eins og faðir hans, lét skíra son sinn íslensku nafni og það gekk ekki þrautalaust fyrir sig. „Við fórum bara í íslensku símaskrána og leituðum að góðu nafni og það voru aðallega tvö sem okkur leist vel á, annað var Leifur og hitt Eiríkur. Svo þegar ég fræddist um Leif heppna Eiríksson ákváðum við að velja Leifsnafnið.“

Og með það fór Kristján til manntalsskrifstofunnar þar sem kona nokkur tók á móti honum og þverneitaði að skrá nafnið Leifur



Vill vera Íslendingur

Sjálfur er Kristján hins vegar stoltastur af íslenskum uppruna sínum, svo stoltur að hann er bara með íslenskt ríkisfang. „Pabba þótti mjög vænt um það þegar ég valdi að vera Íslendingur en ekki Spánverji. Nú er reyndar hægt að hafa tvöfalt ríkisfang og það getur vel verið að ég fái mér spænskan passa en sá íslenski dugar mér vel,“ segir hann ákveðinn og glottir um leið og hann bendir út á dimmblátt Miðjarðarhafíð glampandi í haustsólinni. Við erum komnir niður af höfn. „Bonita,“ segir hann.

Það hefur reyndar ekki gengið þrautalaust fyrir sig fyrir Kristján að vera Íslendingur því þessi sérviska hefur kostað hann það að hann hefur þurft að sækja um dvalarleyfi á Spáni með reglulegu millibili alla tíð. Auk þess hefur hann þurft að endurnýja passann sinn af og til og síðast þegar hann gerði það fékk hann skritið bréf frá íslenskum stjórnvöldum. „Ég fékk ábendingu um að það væri betra fyrir mig að fá mér spænskan ríkisborgararétt, ég ætti ekki lögheimili á Íslandi, ætti engar eignir þar og því einfaldast fyrir mig að gerast bara Spánverji! Ég hélt nú ekki og sendi þeim bréf til baka þar sem ég sagði að íslenska ríkisfangið væri mjög mikilvægt í mínum huga og ég vildi eindregið vera Íslendingur. Þeir svöruðu mér ekki og ég er enn með íslenskan passa og ætla að vera það áfram,“ segir Kristján Magnússon einbeittur á svip um leið og við öku framhjá styttni af Kristófer Kólumbusi niður við höfnina í Barcelona, þar sem hann bendir til hafs: Út vil ek.

Hann greip til þess ráðs að fara til íslenska konsúlsins í Barcelona og fékk hjá honum vottorð um að nafnið Leifur væri til sem íslenskt karlmannsnafn. „Með það fór ég aftur til konunnar og þá gaf hún sig og skráði nafnið á strákinn. En hún var ekki ánægð, það get ég sagt þér.“

Sagðist heita Juan

Leifur er sem sagt Magnússon, Íslendingur að einum fjórða og hefur þurft að ganga í gegnum svipaða erfiðleika og pabbi hans með að útskýra nafnið sitt fyrir Spánverjum.

„Nafnið er borið fram Leifur hér með áhersluna á síðari hlutan,“ útskýrir Kristján og bætir við að sonurinn sem nú er fimmtán ára hafi stundum á yngri árum fengið nóg af nafninu.

„Þá sagðist hann heita Juan, Pedro eða einhverju auðveldu spænsku nafni til að losna við allar spurningarnar. Núna er hann búinn að sætta sig við þetta og er stoltur af nafninu sínu,“ segir pabbinn ánægður með soninn en auk hans eiga þau Anna María dóttur sem heitir Aina og er níu ára og auðvitað líka Magnússon.

Þess má geta að Leifur stefnir að því að koma til Íslands næsta sumar og vinna þar í fiski þó hætt sé við að hann læri litla íslensku á því eins og staðan er í íslenskri fiskvinnslu.

„Parna er þjóðleikhús Katalóníu,“ segir Kristján og bendir á glæsilega byggingu sem minnir á nútímaútgáfu af Parþenon-hofinu á Akrapólishæðinni í Aþenu. „Katalónar líta á sig sem sérþjóðflokk og eiga þar af leiðandi sitt þjóðleikhús,“ útskýrir hann og bendir á í því sambandi sem dæmi að nautaat sé ekki stundað í Katalóníu. „Það er spænsk hefð en ekki katalónsk.“

Nýja SKÁTABUÐIN
- FERDAVERSLUN -
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727

SNJÓBRETTIN KOMIN!

Tilboðsverð!

BARNAPAKKI: 22.995
UNGLINGAPAKKI: 25.995
FULLORÐINSPAKKI: 29.995

Einnig mikið úrval af vetrarfatnaði á frábæru verði

Skolad í Burtu

SENDU SMS SKEYTID JA SBF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIDA!

9 HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU BÍÓMIDAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA

WORLDWIDE SMS LEIÐUR

SKOLAD Í BURTU BÍÓMIDI

FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

HOSTAL HEKLA Íslenska gistihúsið Hekla í spænska strandbænum Tossa de Mar er hvíta húsið hægra megin á myndinni. Þar reka Kristján Magnússon og Anna María kona hans gistiheimili á sumrin.

FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

MAX DÚNDUR VERÐ

99.999 kr.



10stk

32 tommur

Samsung LE32T51

- 32" LCD sjónvarp
- Upplausn 1368x768 punktar
- Skerpa 1500:1
- Birta 500 cd/m2
- Digital 3D Combfilter
- Textavarp
- Svefnrofi

almennt verð ~~149.999~~

17.799 kr.



Carl Zeiss Vario Tessar linsa

Sony DSCS600

- 6 milljón punkta upplausn
- 3x Optical aðdráttur
- 2" LCD skjár og fleira
- Innbyggt 32MB minni

almennt verð ~~27.999~~

329.999 kr.

almennt verð ~~439.999~~

12stk

42 tommur



Thomson 2LB330B5

- 42" Full HD LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn 1920x1080 punktar
- Hi-Pix2 myndtækni og skerpa: 800:1
- Progressive Scan og HD Ready
- 2x40w Nicam Stereo hljóðkerfi með SRS TruSurround XT
- 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnart.
- Kortalesari, USB og VGA tengi

TOPPURINN FRÁ THOMSON

- fullbúið tæki með öllu því besta!



3.999 kr.

Remington S8660

- Remington Multistylar Kit
- Keramik og Ionic-tæki
- Sléttir, krullar, gerir slöngulokka, bylgjur o.fl.
- Tækið hitnar á 60 sek.

almennt verð ~~5.999~~



2.499 kr.

Remington HC600

- Hárlippur
- Títaníum blöð
- 6 kambar (3-25mm)
- 40 mínútna hleðsla
- Taska fylgir

almennt verð ~~4.999~~

1.599 kr.

almennt verð ~~2.299~~



1.999 kr.



almennt verð ~~2.499~~

Superman Returns - DVD

1.699 kr.



almennt verð ~~2.499~~

Stelpurnar - DVD

PS2

3.499 kr.

almennt verð ~~3.999~~



Bionicle Heroes PS2 Hasarleikur

MAX RAFTÆKI

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Frægasti morðingi Norðurlanda

Fyrst skaut hann föðurinn í höfuðið með haglabyssu. Þá þvingaði hann soninn til að leggjast á hnén og biðjast vægðar – og tók hann af lífi. Að síðustu hljóp hann á eftir móðurinni og skar hana á háls. Guðrún Helga Sigurðardóttir kynnti sér umfjöllunina um Juha Valjakkala, þekktasta morðingja Svíþjóðar og Finnlands, sem flúði í sjötta sinn úr fangelsi í síðustu viku.

Valjakkala, sem hefur skipt um nafn og heitir nú Nikita Joakim Fouganthine, var dæmdur í fangelsi árið 1989 fyrir að hafa myrt með köldu blóði hjón og son þeirra í kirkjugarði í Åmsele árið 1988. Valjakkala flúði úr fangelsi í Hamina í suðausturhluta Finnlands í byrjun vikunnar og lék lausum hala fram á fimmtudagskvöld þegar hann fannst í íbúð vinkonu sinnar í Helsinki.

Valjakkala er frægur maður í Svíþjóð og íbúum í Åmsele algjör martröð. Hann hélt þeim í helgreipum óttans í viku áður en hann náðist árið 1988. Nú óttast þeir að

FLÓTTALEIÐIR



Juha Valjakkala var talinn hafa flúið til Svíþjóðar eða vera á leiðinni þangað því þar á hann kærustu og þangað flúði hann árið 2002. Hann fannst hins vegar í Helsinki.

hann snúi aftur og hefni sín fyrir dóminn.

Þegar Valjakkala var dæmdur í ævilangt fangelsi fékk hann að afplána í Finnlandi þar sem hann hefur setið inni í átján ár. Hann hefur hegðað sér vel og fengið frjálsræði síðustu tvö árin. Fyrir tveimur mánuðum var hann settur í opna fangavist sem þýðir að hann sótti vinnu á daginn og kom inn á kvöldin.

Missti þolinmæðina

Juha Valjakkala hefur setið inni lengst allra Finna. Hann sótti um náðun í haust og mótmæltu sænsk yfirvöld þá hástöfum. Daginn sem Valjakkala flúði hafði hann fengið það svar að umsóknin væri enn óafgreidd. Talið er að Valjakkala hafi misst þolinmæðina og því ákveðið að flýja.

Hundrað lögreglumanna í Finnlandi leituðu hans auk þess sem Svíar voru í viðbragðsstöðu. Talið var líklegt að kona hefði hjálpað honum og að hann væri á leið til Svíþjóðar því þar ætti hann kærustu. Langlíklegast þótti að hann myndi keyra norður og reyna að komast yfir landamærin í norðurhluta Finnlands. Einnig var talið hugsanlegt að hann tæki flug eða ferju yfir flóann til Svíþjóðar eða jafnvel Eistlands. Ekkert af þessu reyndist rétt.

Kaldrifjuð morð

Juha Valjakkala bjó lengi í Svíþjóð og vinkonur hans segja að honum finnst hann frjáls þar.

Hann var á flotta úr fangelsi árið 1988 og ferðaðist um á stolnum

bílum með vinkonu sinni þegar þau flæktust til smábæjarins Åmsele. Í kirkjugarðinum þar fann Valjakkala kvenhjóla sem hann ákvað að stela. Húsbóndinn á bænum sá hann taka hjólið og þaut út ásamt syni sínum til að stöðva hann. Valjakkala lét þá krjúpa á jörðina og tók þá af lífi, föðurinn fyrst. Þetta voru kaldrifjuð morð. Þegar sonurinn, Fredrick, baðst vægðar og sagðist vera bara þrettán ára var hann skotinn í höfuðið líka.

Þegar eiginkonan kom út voru Valjakkala og vinkona hans sest inn í bílinn. Konan bankaði á gluggann til að spyrja hvað gengi á þegar Valjakkala réðst á hana. Hann hljóp á eftir konunni, náði að slá hana niður og skar hana á háls. Vinkonan horfði á.

Ætlar að verða frægasti morðingi Norðurlanda

Þrátt fyrir að vera í fangelsi laðar Valjakkala að sér konur. Þau átján ár sem liðin eru frá morðunum í Svíþjóð hafa vinkonurnar verið sjö, þar af fjórar eiginkonur og tveimur þeirra hefur hann verið kvæntur í fjögur til fimm ár hvorri. Þá hafa bréfin streymt til hans í fangelsið, hann hefur fengið upp undir sjö til átta bréf á dag. Öll frá konum.

Valjakkala hefur flúið mörgum sinnum úr fangelsi. Í þetta skiptið flúði hann út um gluggann, stal bíl í nágrenninu og virðist svo hafa keyrt til Helsinki.

Valjakkala hefur lýst því yfir að hann ætli að verða frægasti morðingi Norðurlanda og er á góðri leið með að ná því takmarki.



SKREIÐ ÚT UM GLUGGANN OG FLÚÐI Juha Valjakkala er álitinn hættulegur í Svíþjóð en ekki í Finnlandi. Valjakkala flúði úr opinni fangavist með því að skriða út um glugga á klefa sínum snemma í vikunni og fannst ekki fyrr en á fimmtudagskvöldið í íbúð í Helsinki.

FRÉTTABLAÐIÐ/PETER JANSSON

Flóttuferill Valjakkala

- 1991 Reyndi að komast yfir vegginn í kringum fangelsi í Riihimäki í Finnlandi en mistókst.
- 1994 Tók gísla og flúði frá fangelsinu í Riihimäki. Náðist eftir nokkra klukkutíma. Sagði í viðtali að hann myndi aldrei framar reyna að flýja.
- 1997 Reyndi að flýja úr fangelsinu Kakola í Turku. Komst upp á þakið en þorði ekki að hoppa niður.
- 2002 Sneri ekki aftur í fangelsið eftir heimsókn til konu sinnar. Fannst eftir þrjú daga.
- 2004 Tókst að klifra yfir grindverk í kringum fangelsi nærri Joensuu í austurhluta Finnlands en náðist eftir nokkrar sekúndur. Ætlaði að halda upp til Norður-Finnlands og fara þar yfir landamærin til Svíþjóðar.
- 2006 Flúði frá Hamina og komst til Helsinki. Var talinn stefna til Svíþjóðar og ætla yfir landamærin við Haparanda.

Einn okkar ástsælasti söngvari, stórtenorinn Jóhann Friðgeir, syngur hér ný lög og klassísk með mörgum af okkar bestu söngvurum.

Þessi glæsilega geislaplata er komin í verslanir!

Gestasöngvarar á plötunni eru:

Bjarni Arason, Björgvin Halldórsson, Guðrún Árný, KK, Kristinn Sigmundsson, Leone Tinganelli, Margrét Eir, Sigrún Hjálmtyrásdóttir & Stefán Hilmarsson.

FROSTMUSIC



ALMAX.IS KYNNIR:

MAX FREE DAGAR HALDA ÁFRAM!



- KDL32U2000
SONY 32" LCD SJÓNVARP U2000
- SKJÁSTÆRÐ: 32 TOMMUR
 - UPPLAUSN: 1366X768 HD READY
 - PIP - MYNDRYSTIMÖGULEIKI
 - 3D COMB FILTER
 - BORBANDUR MED SNÚNINGI FYLGIR
 - CONTRAST: 1:1200
 - HDMI TENGI: 1

MAX FREE
129.999 KR
MAX VERÐ **139.999,-**



- DCR-HC23E
SONY MINIDV HC23E
- 800.000 PIXLA CCD MYNDFLAGA
 - CARLZEISS VARIO-TESSAR OPTICS
 - 20X OPTICAL ZOOM
 - 123K CVIEWFINDER
 - 2.5" LCD SNERTISKJÁR (123 K)
 - EINFALDUR „CLICK TO DVD“ HUGBÚNAÐUR

MAX FREE
24.999 KR
MAX VERÐ **29.999,-**

ÉG HEF
EKKERT Á
MÓTI IKEA!



- SCHT545W
PANASONIC HEIMABÍÓ 545W
- 660W RMS
 - PRÁBLAUSIR BAKHÁTALARAR
 - PROGRESSIVE SCAN

MAX FREE
39.999 KR
MAX VERÐ **46.999,-**



- 27502
SONY ERICSSON W810I
- GSM KERFI: QUAD-BAND 850/900/1800/1900 GSM.
 - PÝNGD: 99 GRÖMM
 - RAHFLAÐA: LI POLY, BIÐTÍMI: ALLT AÐ 350 KLST
 - TALTI MI OG ÖNNUR NOTKUN SÍMANS: ALLT AÐ 8 KLST
 - SKJÁR: 262 PÍSUND LITA TFT
 - MP3 WALKMAN TÓNLISTARSPILARI OG FM ÚTVARP,

MAX FREE
29.999 KR
MAX VERÐ **33.999,-**




- R950-REM
REMINGTON R950 RAKVÉL
- TÍTANÍUM BLÖÐ SEM HALDAST BEITT
 - PYNRI HAUS SEM GEFUR BETRI RAKSTUR
 - SVEIGJANLEGIR HAUSAR
 - HLEDSLUBATTERÍ FYRIR PRÁBLAUSA NOTKUN
 - AUBVELT AÐ PRÍFA

MAX FREE
4.999 KR

ALMAX.is



Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



MEISTARINN



Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

STUÐ MILLI STRÍÐA Forboðna piparkakan

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ÞJÓFSTARTÆÐI JÓLUNUM



Móðir mín er meistari í að gera allt skemmtilegt sem tengist jölnum og hefur fyrsti desember ávallt verið ljúfur í jólaminningunni minni. Þann daginn var mamma von að draga fram sleif og skál og skella í nokkrar lagkökur. Undir bakstrinum hljómuðu Ellý og Vilhjálmur sem sungu um jólaklukkur og jólasnjó og mamma sagði „gleðilega hátíð“ þegar ég stakk nefinu inn í eldhús. Svo sleikti ég skálina með deiginu og skálina með kreminu, svokallað lagkökucarpaccio, eins og það útleggst á snobbísku. Þegar kakan sjálf var

svo tilbúin var ég komin með magapínu og þar með var jólahátíðin gengin í garð.

Málið er að þessi hefð móður minnar fyrsta desember hefur alltaf haldið mér aðeins á mottunni þegar kemur að því að fríka út af spenningsi yfir komandi jölnum. „Ekki fyrr en fyrsta desember,“ hefur mamma svo oft sagt við mig þegar ég var farin að suða um smákökur og jólaskraut. En þetta árið var mamma fjarri öllu gamni. Óþekktaranginn hún ég hef verið eftirlitslaus allan nóvembermánuð og verð að viðurkenna að ég hef farið offari í jólasvindli. Ég byrjaði að hlusta á Ellý og Vilhjálmu um miðjan síðasta mánuð og fékk mér líka piparköku um daginn. Um síð-

ustu helgi komst ég svo yfir jólagadisk Baggalúts og söng Kósiheit þar exelans helgina á enda. Leiddi meira að segja nokkra með mér í hópsöng á barnum síðla nætur.

Fyrirgefðu, mamma. Ég réð bara ekki við mig.

En núna er desember loksins kominn og ég þarf ekki lengur að laumupokast með jólaskapið. Það stendur til að skreyta um helgina, svo rækilega, að halda mætti að jólin hefðu ælt yfir heimilið mitt.

Ég vona að móðir mín fyrirgefji mér svindlið og minni hana á orð Baggalúts; „jáhá en mest er þó gaman, aha – að við skulum vera saman, aha.“

Góðan jólamánuð, allir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





30%
 AFSLÁTTUR
 AF ÖLLUM KERTUM
 Aðeins þessa helgi!



Dagatalskerti, aðventukerti,
 veislukerti, hversdagskerti ...

VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR

VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU

Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2007*

FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ!

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL JÓLA OG GILDIR
 EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 60.000 KR.

TEKK
 COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS
 OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-19, LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

Fagurfræðin rædd



Kl. 13.00

Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs, TKTK, verður áframhaldið í Salnum í Kópavogi. Í dag koma fram Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Á efnisskránni eru sónata fyrir selló og píanó eftir Claude Debussy, Myndir á þili eftir Jón Nordal og sónata fyrir selló og píanó eftir Dimitri Sjostakovitsj.

menning

menning@frettabladid.is

Pverfaglegt málþing um fagurfræði verður haldið við Háskóla Íslands milli kl. 13-16.30 í dag. Fyrirlesarar úr ýmsum áttum nálgast viðfangsefnið sem tekur til skynjunar okkar á umheiminum.

Dagskráin hefst með ávarpi Gauta Kristmannssonar en síðan munu fyrirlesarar úr mismunandi fræðaheimum fjalla um jafnólík efni og heimspeki Maurice Blanchot, listamanninn Henry Darger, bústna feegurð barokksins og fagurfræðilegan sannleika sviðsetningarinnar í kvikmyndum Davids Lynch.

Fyrirlesarar eru Soffía Bjarnadóttir, Ása Helga Hjörleifsdóttir, Sigurður Örn Guðbjörnsson, Guðrún Dröfn Whitehead, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Kristinn Már Ársælsón, Þórdís Björnsdóttir og Benedikt Hjartarson.

Málþingið fer fram í stofu 101 í Lögbergi en það er öllum opið.



GAUTI KRISTMANNSSON Ávarpar fagurfræðimálþing í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

> Ekki missa af ...

árlegum jólatónleikum Lúðra-sveitarinnar Svans í sal SÁÁ á morgun.

einkasýningu Þórdísar Aðalsteinsdóttur á Kjarvalsstöðum. Sýningunni „Því heyrist þó hvísl að að einhverjir muni komast af“ lýkur á morgun.

upplestrarstund í Bókabúð Pennans-Eymundsson í Austurstræti. Rithöfundarnir Bragi Ólafsson og Auður Jónsdóttir lesa úr verkum sínum en auk þess verður haldin verður sýning á skopmyndum Halldórs Baldurssonar og Baggalútar slá á jólastrengi.

Hið íslenska bókmenntafélag

Mönnum okkar tíma kann að reynast fullerfitt að setja sig í spor þeirra manna íslenskra og erlendra sem settust upp á loftið í Þrenningarkirkju í Kaupmannahöfn (gengið inn um Sívalaturninn) til að stofna félag: tilgangurinn „var að viðhalda hinni íslensku tungu og bókaskrift og þar með menntun og heiðri þjóðarinnar.“ Þetta var 30. mars 1816.

Ófriðurinn í Evrópu hafði þá um langa hríð dregið mjög úr viðskiptum á norðursvæðum Atlantshafsins, fáum árum áður hafði breski flotinn ráðist á Kaupmannahöfn og lagt flota Dana að velli. Byltingarárin í Evrópu voru mönnum enn í fersku minni. Heima var stöðnun á öllum sviðum og almennt lítil hugur í þeim sem á annað borð töldu breytinga von og þörf á högum þjóðarinnar.



RASMUS KRISTIAN RASK MÁLFRÆÐINGUR Rasmus var aðalhvatamaðurinn að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags og forkólfur í samburðarmálfræðirannsóknunum.

Það er óumdeilt að frumkvæðið að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags kom frá Rasmusi Christian Rask. Hann hafði verið

um þriggja ára skeið gestur á Íslandi til að fullnuma sig í íslensku, átti þar og í Höfn dygga stuðningsmenn í ýmsum efnum. Rask hafði áhyggjur af framtíð íslenskrar tungu. Svo fór heldur ekki framhjá honum að framför lands og þjóðar var fólgin í að vinna með lesefni, fréttablaði um hvað væri að gerast í heiminum, fornum bókum og nýjum. Í strjálbýlu landi þar sem læsi var meira en víðast hvar í álfunni varð að vinna að framför með upplýsingu.

Eldri félög sem áttu líkan málstað voru í dvala: Lærdómslistafélagið var nánast sálað og hafði þá staðið fyrir útgáfu um nær sautján ára skeið. Landsuppfræðingafélagið hafði fát gert um nokkurra ára skeið, en lifði þó til ársins 1827 þegar það sameinadist Bókmenntafélaginu formlaga.

Rask sá það af viti sínu að Hið íslenska bókmenntafélag yrði bæði að starfa í Höfn og á Íslandi. Þannig var það lengst af, deildin á Íslandi var stofnuð í ágúst þá um haustið og vinur Rask, Árni Helgason prestur í Görðum á Álftanesi, veitti henni forstöðu.

Bókmenntafélagið vann á sömu nótum og fjöldi félaga sem gáfu út tímarit í áskrift um alla Evrópu, allt austur til Rússlands, og Ameríku í vestri. Þetta voru umbótafélög sem héldu sig mismikið innan ritskoðunarrammans, sinntu skáldskap í bland við fréttaefni og umræðu um brýn þjóðfélagsefni. Tímaritin urðu nauðsynlegt virki borgaralegrar umbótastefnu en á þessum tímum voru hugsjónir sem upplýsingin gat af sér, frelsi, jafnrétti og bræðralag, enn fjarlægur draumur og áttu, áður en níjtjanda öldin var öll, eftir að geta af sér vopnaðar uppreisnir þótt borgaraskapurinn væri fljótur að gleyma að öll sín réttindi vann hann með lög-brotum og óeirðum.



HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG FAGNAR 190 ÁRA AFMÆLI Jón Sigurðsson, Sigurður Lindal, núverandi forseti félagsins, og Sverrir Kristinsson á blaðamannafundi sem haldinn var á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Hlutur Bókmenntafélagsins í endurreisn íslenskrar sjálfstæðisbaráttu verður seint metinn til fulls. Fyrst ber að nefna útgáfu fréttarit 1817, Íslensku sagnablaðið, sem rakti helstu tíðindi frá 1804 – smá upprifjun var nauðsyn þeim sem litlar sem engar fréttir höfðu fengið um langt árabil. Það kom út til 1826 þegar Skírnið hóf sitt langa æviskeið. Tímaritið er nú elsta tímarit á Norðurlöndum og eru fá tímarit sem geta státað sig af svo löngu lífi í Vesturálfu.

Deildirnar voru misstarfsamar: lætur nærri að auðveldara hafi verið að húa mönnum saman í Höfn en hér heima. Félagsdeildin

í Höfn varð þegar fram liðu stundir mikilvægur kjarni alls félags- og samkomulífs Íslendinga þar í borg. Þá er mikilvægt að minnst þess að utan félagsstarfsins var Bókmenntafélagið mikilvirkur útgefandi: Árbækur Espólíns voru merk alþýðleg fræðirit þótt gölluð væru. Sturlungu útgáfa félagsins færði þjóðinni mikilvægar bókmenntir sem breytti líffssýn manna. Þá gaf Bókmenntafélagið út ljóð Jónasar Hallgrímssonar og Bjarna Thorarensen, þjóðingur Jóns á Bægisá, Sveinbjarnar Egilssonar og síðar Gröndals. Með þeim útgáfum smíðaði félagið íslenskt ritmál að nýju og gaf okkur það nútímamál sem við tölum enn í dag.

Víst átti félagið sína dýrðar-daga: útgáfur á Safni til sögu Íslands og Fornbréfasafninu voru afrek sem gera nútímamönnum skömm til: enn hafa Íslendingar

og stjórnvöld þeirra ekki haft manndóm, uppburði og metnað til að halda útgáfu eins og Fornbréfasafninu áfram – og við berum stöðugt við fátækt! Hvað máttu þá menn segja á fyrri hluta níttjándu aldar?

Bókmenntafélagið hafði forgöngu um mælingu landsins eftir vísindalegri getu þess tíma og mætti okkar manna. Sú landmæling var unnin af Birni Gunnlaugssyni og var einstakt þrekvirki á sínum tíma. Giltu þær mælingar í meginatriðum þar til liðsforingjakortin svokölluðu voru unnin í upphafi 20. aldar.

Félagið tók að sér veðurathuganir fyrir Vísindafélagið danska og skóp þannig grunn að íslenskrri veðurfræði. Á vegum félagsins var tekin saman Íslandslýsing af Jónasi Hallgrímssyni og þótt ekki yrði af útgáfu hennar varð hún grunnur að vísindastarfi Þorvalds

Staða félagsins traust

Sverrir Kristinsson hafði áhuga á bókum og bókasöfnun strax á unglingsárum og segir bókaástríðu sína eina ástæðu þess að hann var fenginn til starfa fyrir Hið íslenska bókmenntafélag: „Það var 1970 og það eru komin tæp þrjátíu og sjö ár,“ segir Sverrir sem er kunnur af fasteignasölu sinni. Hann er titlaður „bókavörður“ félagsins sem er gamall titill en er í raun framkvæmdastjóri þess.

Þegar hann kom til starfa fyrir félagið var lægð í starfsemi: „Þetta er fræðafélag og hefur hagnað ekki að markmiði sínu. „Non-profit“ er það kallað,“ segir Sverrir. Hann var sjálfur ekki fjarríki bókaútgáfu á eigin vegum: rak Lögberg í nær tíu ár sem deildi þá húsnæði með Bókmenntafélaginu í góðri sátt.

Sverrir segir strax árið 1970 hafi

menn lagt grunn að Lærdómsritunum sem draga nafn sitt af gömlu ritum Lærdómslistafélagsins. Sú ritróð telur nú sextíu og fimm bindi og geymir verk af ýmsu tagi sem flest má telja meðal stefnumótandi ritverka vestrænnar hugsunar. Þá hafi menn ráðist í undirbúning fyrir Sögu Íslands en sú ritróð sé enn í vinnslu en átta stór bindi eru komin út. Hann segir félagið fá styrk frá ríkinu og félagatal hafi lengi verið um hálf tann þúsund, en telir nú um þúsund féлага. Það sé brýnt nú að efla félagið með fleiri félagsmönnum.

„Lesendahópur fyrir útgáfuverk okkar er ekki stór. Það kostar miljónir að gefa sum verk út en staða félagsins er traust. Við fáum fjölda handrita ár hvert sem aðrir útgefendur treysta sér ekki til að gefa út. Við þurfum að sækja framlög víða til að

halda metnaðarfullri útgáfu áfram.“ Hann nefnir sem dæmi verk Harðar Ágústssonar um byggingarsögu Íslands, nauðsynleg verk sem ekki hefðu komið á prent ef ekki væri fyrir Bókmenntafélagið.



SVERRIR KRISTINSSON fasteignasali og bókavörður Hins íslenska Bókmenntafélags



SÍVALATURN Á Turni kölluðu menn aðstöðu á lofti Þrenningarkirkju en þar á kirkjuloftinu var B

Síðasta sýning

Lokasýning á óperunni Skuggaleikir verður í Íslensku óperunni í Ingólfsstræti í kvöld. Óperan er byggð á sögunni Skugganum eftir H.C Andersen og í verkinu takast á öfl hins góða og illa en höfundar hennar eru Karólína Eiríksdóttir og skáldið Sjón.

Einsöngvarar eru Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópran, Ásgerður Júnísdóttir, mezzsópran, og Sverrir Guðjónsson, kontratenór en hljómsveitarstjóri er Guðni Franzson.

Leikstjóri er Messíana Tómasdóttir og hún hannar einnig búninga og brúður en sýningin hefur hlotið lof gagnrýnenda fyrir einstaklega fallett útlit.



ÓPERAN SKUGGAGLEIKIR Síðasta sýningin er í kvöld.

Verkið er samstarfsverkefni Óperunnar og Strengjaleikhússins.

Ljóðabókin uppseld!

Ljóðabókin Guðlausir menn, hugleiðingar um jökulvatn og ást eftir Ingunni Snædal er uppseld hjá forlaginu.

Það er ekki á hverjum degi sem ljóðabækur seljast upp enda kom það víst fáum eins mikið á óvart og skáldinu: „Ég bara alveg rosalega glöð. Þetta kom mér gríðarlega á óvart og finnst í raun afar skýrtin tilfinning að fólk skuli vera svona duglegt að kaupa og lesa ljóðin mín,“ segir Ingunn og er greinilega í sjöunda himni með þessar viðtökur. „Ég sendi frá mér eina ljóðabók fyrir ellefu árum og stóð þá sjálf í að gefa út og selja sem er allt í lagi þegar maður er á þeim aldri. En núna mæti ég bara þangað sem stelpurnar á Bjarti segja mér að fara og les upp. Það hefur meira að segja hlaupið í mig smá kapp við þessar frábæru viðtökur en samt finnst mér þetta allt dálítið myndi.“ En á meðan Ingunn rýkur af stað til þess að fara að lesa ljóð austur á Vopnafirði, er önnur prentun væntanleg svo allir geti fengið ljóðin sín fyrir jólin.



INGUNN SNÆDAL Á GÓÐRI STUND Ljóðabók hennar hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar á dögnum.



Thoroddsen og hans Íslandslýsingu.

Félagið hafði forgöngu um stofnun Landsbókasafnsins 1918 og náði saman stóru safni handrita og skjala sem skópu grundvöll að vísindaiðkun hér á landi um nær aldar skeið.

Bókmenntafélagið átti upphaf að útgáfu laga með ritröðinni Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands og hagskýrslna með útgáfu Skýrslna um landshagi á Íslandi.

Starfsemi Hins íslenska bókmenntafélags var mismikil áratug eftir áratug. Félagið tók gríðarlegan fjörkipp þegar Sigurður Línal tók við stjórnartumum þar í lok sjöunda áratugsins og réði Ólaf Jónsson sem ritstjóra Skírnis og fékk Sverri Kristinsson til liðsinnis við sig við rekstur á félaginu. Þar varð bylting 1968 eins og víðar.

Ólafur færði áherslur til í Skírni og gerði tímaritið að mikilvirku samfélagslegu, bókmenntalegu riti sem í senn stóð vísinda-

legar kröfur og sneið skrif að alþýðuskapi. Og er Ólafur var allur tóku við ritstjórn þar yngri menn, tíðni útgáfu var aukin og efnispáttum fjölgað. Skírni er enn í finu formi undir ritstjórn Halldórs Guðmundssonar.

Mestu skipti þó um breytingar á félaginu að þar var komin forysta sem sýndi afdráttarlausan metnað í útgáfu: ný saga Íslands var sett á laggirnar, Lærdómsritaröðin hafin og á ýmsan annan máta reyndist félagið í tíð nýrra stjórnenda hafa metnað til að gefa út rit sem annars hefðu aldrei litið dagsins ljós í bókaútgáfu hér á landi.

Nírætt félag og hundrað árum eldra kann mönnum að þykja tímaskekkja í dag en raunin er önnur: félagið hefur axlað ábyrgð á útgáfu Fornritafélagsins. Það keppir við metnaðarfulla útgáfu Háskólaútgáfunnar og reynist vera mikilvægur vörður um tunguna, menntun og heiður okkar eins og til stóð í upphafi.

Páll Baldvín Baldvínsson



HLUTI AF HANDRÍÐI SÍVALATURNS



ÚRVAL LJÓSAKRÓNA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 11:00 - 16:00 // Sun.: 13:00 - 16:00

Karma frá Selfossi
í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúskvöldum

Flagari í framsókn The Rake's Progress
IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY
Frumsyning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

GJAFAKORT Í ÓPERUNA - jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFNA SÁL?“ MEIN KAMPF

ÓFAGRA VERÖLD	MEIN KAMPF
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort	Í kvöld kl. 20 Lau 9/12 kl. 20 Síðustu sýningar
VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Fös 8/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20	Sun 3/12 kl. 20 Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20 Síðustu sýningar
FOOTLOOSE	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í kvöld kl. 20 Lau 9/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20	Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14
BRILLJANT SKILNAÐUR	JÓLALEIKRITID RÉTTA LEIÐIN
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20	Barna og unglíngaleikhúsið Borgarbörn
BLÓÐBRÚÐKAUP	SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup Í kvöld kl. 20 Sun 3/12 kl. 17 Sun 3/12 kl. 20 Mið 6/12 kl. 20 Miðaverð 1.500	Í dag kl. 14:30 Sun 3/12 kl. 11:00 Sun 3/12 kl. 14:00 Mán 4/12 kl. 17:00
BROT AF ÞVÍ BESTA	BORGARLEIKHÚSIÐ
Fim 7/12 kl. 20 Rithöfundar lesa úr nýjum bókum. Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	

Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
STÓRFENGLEG!
Í kvöld lau. 2/12 **uppselt**. Síðasta sýning fyrir jó!
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR
Fös. 8/12 **uppselt**, lau. 9/12 **uppselt**, sun. 10/12 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar!

BAKKYNJUR
Frumsyning 26/12 **uppselt**, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
PATREKUR 1,5
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus.
Ath. Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN KL. 20.00
SKOPPA OG SKRÍTLA
Lau. 6/1 kl. 11:00 örfá sæti laus - sýn kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00 **uppselt**.

LEIKHÚSLOFTIÐ
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 2/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 3/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 9/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 10/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 16/12 kl. 13:00 - sýn. kl. 14:30 - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, fös. 22/12 kl. 13:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Frumraun í Salnum

Barítónsöngvarinn Jón Leifsson heldur debut-tónleika sína í Salnum í Kópavogi á morgun. Jón stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík og lauk burtfararprófi þaðan vorið 2005 en hann hefur enn fremur sótt Masterclass-söngtíma hjá Kristni Sigmundssyni, David Jones, Elisabetu Meyer-Topsoe, Robert Stapleton og Kiri Te Kanawa og hlotnaðist sá heiður að syngja á tónleikum hennar haustið 2005.

Jón hefur tekið þátt í allmörgum óperum með kór Íslensku óperunnar og söng hlutverk herforingja í Rakaranum í Sevilla eftir Rossini og Þjóns Macbeths í samnefndri óperu eftir Verdi í Íslensku óperunni. Jón er einnig félagi í Óperukór Reykjavíkur og hefur komið fram sem einsöngvari með kórnum, nú síðast í 9. sínfóníu Beethovens í St. Pétursborg.

Á efnisskrá tónleikanna í dag eru sönglög og áriur eftir Charles



DEBUT-TÓNLEIKAR Í SALNUM Jón Leifsson barítónsöngvari syngur Wagner og Verdi.

Gounod, Wagner, Verdi, Mozart og Bizet. Tónleikarnir hefjast kl. 17 á sunnudaginn.

NÝJAR BÆKUR

Bókaútgáfan Björk ehf. gefur út tvær bækur í seríunni „Skemmtilegu smábarnabækurnar“ sem margir kannast við. Fer þar saman létt lesmál og litmyndir til skýringar á hverri síðu en bækurnar hafa notið mikilla vinsælda hjá börnum á leikskólaaldri. Bækurnar Starf fyrir Kanínustrákin og Gleðigjafinn, báðar þýddar af Björgvini E. Björgvinsyni eru þær 53. og 54. í röðinni. Tvær eldri bækur í seríunni eru endurútgefnar, Kata í Þýðingu Vilbergs Júlíussonar og Þegar Kólur var lítill í Þýðingu Stefáns Júlíussonar.



Sýnt í lönd

Lau. örfá sæti	2. des.	Miðasala virka daga
Sun.	3. des.	frá kl. 11-16 og
Fim.	7. des.	2 tímum fyrir sýningar.
Fös.	8. des.	Sími 562 9700
Lau.	9. des.	idno.is og midi.is
		Sýningar kl. 20

Síðustu sýningar!

BEST Í HEIMI

“Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri.” S.A. TMM

Sigga & Tímo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

“BARNALOGIN OKKAR”

ABO

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

AUSTURBÆR

Barnasýningin Jólafríð:
Lau 9. des kl. 13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl. 15.30
Sun 10. des kl. 13.00
Sun 10. des kl. 15.30
Lau 16. des kl. 13.00
Lau 16. des kl. 15.30
Sun 17. des kl. 13.00
Sun 17. des kl. 15.30
Miðaverð kr. 800

Miðasala sími: 551 4700

LENNON & SINFÓNÍAN
hljómleikar til heiðurs John Lennon í háskólabíói

í dag kl 16 : : LAUS SÆTI
í kvöld kl 20 : : ÖRFÁ SÆTI
annað kvöld kl 20 : : ÖRFÁ SÆTI

:: nánari upplýsingar á lennon.is og í síma 552 3000

give peace a chance

miðasala við innganginn

Apple Coca-Cola RAS EYTON OFUR HESTUR

KK & ELLEN

ásamt Guðmundi Péturssyni

JÓLATÓNLEIKAR

7. desember kl. 20:30 í Fríkirkjunni í Reykjavík
14. desember kl. 20:30 í Hveragerðiskirkju

Nánari upplýsingar á kk.is
Miðasala á midi.is og verslunum Skífunnar

Styrkt af alþýðu Íslands

HVAD? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

29 30 1 2 3 4 5

Laugardagur

BÆKUR

- 14.00 Upplstrar dagskrá í bóka-búð Pennans Eymundsson í Austurstræti. **Bragi Ólafsson** les úr skáldsögu sinni Sendiherranum, **Auður Jónsdóttir** úr bók sinni Tryggðarpantur auk þess sem haldin verður sýning á skopmyndum **Haldórs Baldurssonar** úr bókinni 2006 í grófum dráttum. Þá leikur **Baggalútur** nýjustu jólasnelluna af plötu sinni **Jól og blíða**.
- 16.00 Útgáfuhátíð verður haldin í **Lista- og menningarverstöðinni** á Stokkseyri vegna bókarinnar **Stelpan frá Stokkseyri, saga Margrétar Frimannsdóttur**. Höfundur bókarinnar, **Pórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**, og viðfangið munu þar lesa upp úr bókinni. Þá mun **Auður Jónsdóttir**, lesa upp úr bók sinni **Tryggðarpantur**. Boðið verður upp á kaffi og konfekt og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

TÓNLEIKAR

- 13.00 Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs, TTKK, verður áframhaldið í Salnum í Kópavogi. Í dag koma fram **Sigurður Bjarki Gunnarsson** sellóleikari og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari. Á efnisskránni eru sónata fyrir selló og píanó eftir **Claude Debussy**, **Myndir á þili** eftir **Jón Nordal** og sónata fyrir selló og píanó eftir **Dimitri**.
- 17.00 **Pétur Ben** leikur í tónleikaröð verslunarinnar **Liborius** við Mýrargötu.
- 23.00 Hljómsveitin **Ghostigital** leikur í **Stúdentakjallaranum**. Um upphitun sjá **Stilluppsteypa** og **FM Belfast**. Tónleikarnir standa til kl. 01.

LEIKLIST

- 20.00 **Leikfélag Hafnarfjarðar** frumsýnir gamanleikinn **Ráðskona Bakkabræðra** eftir norska leikskáldið **Oskar Braaten**. Leikstjóri er **Lárus Vilhjálmsson** en sýnt er í **Gamla Lækjarskólanum** við Tjarnarbraut.

OPNANIR

- 14.00 **Stefán Boulter** opnar sýninguna **Ósagðar sögur á Café Karolínu**. Á sýningunni mun Stefán sýna teikningar sem eiga sér þann möguleika að verða myndasaga. Myndasagan er auðmeltanlegt og ánægjuríkt sköpunarform sem er tímalaust. Sýningin stendur til 12. janúar 2007.
- 16.00 Myndlistarmaðurinn **Haraldur Jónsson** opnar sýningu í menningarmiðstöðinni **Skaffelli** á **Seyðisfirði**. Sýningin ber heitið **Framköllun** og stendur hún til 20. janúar
- 18.00 Myndlistarkonan **Magdalena Margrét Kjartansdóttir** opnar sýningu á grafíkverkum sínum í **DaLí gallery**. Sýningin stendur til 17. desember. DaLí gallery er opið föstudaga og laugardaga frá kl. 14-18 meðan á sýningum stendur.

SÝNINGAR

- 11.00 **Katrín Pétursdóttir** sýnir í gallerí **i8** við **Klapparstíg**. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 11-17 og á laugardögum kl. 13-17.
- 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafninu á Akureyri**. Drafn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.
- 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli kl. 14 og 18.
- 11.00 **Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna**, sýnir í Hafnarborg í Hafnarfirði. Sýningin ber yfirskriftina Ofið úr þögninni og stendur hún til 30. desember. Opið er í safninu og kaffistofunni frá 11 til 17 alla daga nema þriðjudaga. Aðgangur ókeypis á föstudögum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ólík andlit sálmaskáldsins Hallgríms

Í tilefni af 25 ára starfsafmæli Listvinafélags Hallgrímskirkju á 20 ára vígsluafmæli kirkjunnar verður opnuð allsérstök myndlistarsýning í kirkjunni í dag. Á sýningunni „Mynd mín af Hallgrími“ má sjá portrettmyndir eftir tutugu og átta myndlistarmenn sem gert hafa sína mynd af sálmaskáldinu Hallgrími Péturssyni, byggða á mynd Hjalta Þorsteinsonar í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin markar upphaf veglegrar afmælis dagskrár félagsins sem stendur fram á næsta ár.

Jón Reykdal, myndlistarmaður og kennari við Kennaraháskólann, hefur veg og vanda að sýningunni en auk hans eiga m.a. myndlistarmennirnir Helgi Þorgils Friðjóns-

son, Sigrún Eldjárn, Hafliði Hallgrímsson, Guðrún Kristjánsdóttir, Kristín Þorkeldsdóttir og Leifur Breiðfjörð verk á þessari óvenjulegu sýningu.

Herra Sigurbjörn Einarsson, biskup og fyrsti formaður Listvinafélags Hallgrímskirkju, opnar sýninguna í fordyri kirkjunnar kl. 14 í dag. Þá flytur dr. Margrét Eggertsdóttir, formaður félagsins, stutt ávarp.

Nánar verður fjallað um afmælis dagskrá Listvinafélagsins í Fréttablaðinu um helgina.

MYNDIN AF HALLGRÍMI Myndlistarmaðurinn Jón Reykdal á veg og vanda að óvenjulegri sýningu í Hallgrímskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Mannauðsstjórnun

hefst 31. jan.

Þriggja missera nám tilvalið fyrir þá sem vilja auka menntun sína án þess að láta tímabundið af störfum. Námið er ætlað þeim sem starfa á sviði starfsmannamála og vilja auka þekkingu sína á viðfangsefninu en nýtist einnig vel þeim sem huga að nýjum starfsvettvangi.

Rekstrar- og viðskiptanám

hefst 22. jan.

Þriggja anna nám haldið í samvinnu við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Það er kjörið fyrir þá sem hafa hug á að ljúka námi í viðskiptafræðum en kjósa að taka hluta námsins samhliða starfi. Námið er metnaðarfullt og hagnýtt sem gerir þig að eftirsóttum starfskrafti.

Nokkur sæti laus

Tekið við umsóknum til 5. desember

MEISTARASTIGSNÁMSKEIÐ

Umsóknarfrestur fyrir meistaraþingnámskeið

rennur út 5. desember

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is



> Mælum með

...korselettum sem hverdagsfatnaði. Nú er byrjað að selja samfellur, sokkabönd og korselett í hinum helstu tiskuvöruslunum landsins. Nýjasta tiskubólan er að vera í korselett yfir stuttermá eða síðerma bol við gallabuxur. Eitthvað nýtt og spennandi í tiskunni sem kemur ofboðslega vel út.

útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN ANDREA MAGNÚSDÓTTIR, INNKAUPASTJÓRI HJÁ NTC

Litlu smáatriðin skipta mestu máli

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, ég geri það. Tiskan er bæði mitt áhugamál og atvinna.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Ég nota mikið gallabuxur og er rosalega hrifin af litlum smáatriðum í hönnun. Annars finnst mér líka alltaf rosalega gaman að vera í minni eigin hönnun sem ég hef saumað.

Uppáhaldshönnuðir eða fata-merki? D&G, Diesel, Alexander McQueen. Svo er ég líka mjög hrifin af danska hönnuðinum Malene Birger og íslenska merkinu Júniform.

Flottustu litirnir? Svart og hvítt er alltaf klassískt en akkurat núna þá finnst mér grátt, gull og fjólublátt ótrúlega fallegir litir.

Hverju ertu veikust fyrir? Skóm, gallabuxum og fallegum efnum til að sauma úr.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Diesel-gallabuxur sem heita Clush, hrikalega flottar, og geðveika Nike Shox hlaupaskó, hvíta og gullitaða. **Kate Moss eða Paris Hilton?** Kate Moss.

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn? Úlpu.

Uppáhaldsverslun? Ég versla mest í Gallerí 17 og Kúltúr hér heima, H&M í útlöndum og svo finnst mér alltaf gaman að gramsa á alls konar mörkuðum.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Ég get bara ekki ímyndað mér

neina flik sem er svo mikilvæg en mér þykir voða vænt um peysuna sem ég er í á myndinni því að ég saumaði hana upp úr kjól sem amma mín heitin átti.

Hverjar eru þínar tiskufyrirmyndir? Ég skoða mikið blöð og er rosalega hrifin af danska tímaritinu Costume en ef ég á að nefna manneskju þá er það sennilega Kate Moss.

Lýstu góðum verslunarleiðangri? Ég og mamma mín í Barcelona eða Kaupmannahöfn. Ég geri alltaf bestu kaupin þegar hún er með í ráðum.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Ég hef örugglega oft keypt eitthvað fallett sem hefur svo talist ljótt seinna þannig að það er erfitt

að nefna eitthvað eitt. En ef ég á að nefna eitthvað eitt þá er það fermingar-

kjólinn minn en hann er einn sá allra ljótasti

kjól sem ég hef á ævinni séð. Ég á hann enn og er búin að eiga hann í 16

ár og hann er ennþá hrikalega

ljótur og mun sennilega alltaf vera það.



MÓÐUR VIKUNNAR

Álfrún Pálsdóttir

Saumaskapur stenst ekki tímans tönn

Ég tók upp nál og tvinna á dögnum. Ástæðan fyrir því var að ég þurfti að festa lausar tölu á kápu sem ég keypti fyrir smápeninga og vissi að ég mundi aldrei koma því í verk að fara með kápu á saumastofu. Eflaust hefði það líka verið dýrara en kápan sjálf. Kápan var nauðsynleg til að fullkomna dressið það kvöldið og ákvað ég því að láta hendur standa fram úr ermum og nýta mér handavinnukunnáttu mína síðan í grunnskóla, sem hefur setið á hakanum síðan þá.

Í því fór ég að velja því fyrir mér hvort að handavinna og það að gera við fót væri ekki að verða útdautt í nútímasamfélagi. Það að stoppa í sokka eða gera við gat á peysu þekktist ekki lengur enda er minna vesen að fara út í búð og kaupa sér nýja sokka en að gera við gatið. Fatnaður með gati á fer bara aftast í fataskápinn eða endar í tunninni án þess að það sé einu sinni hugsað út í hvort hægt sé að laga flíkina.

Formæður okkar voru nánast í fullu starfi við að laga göt á fatnaði fyrir hina fjölskyldumeðlimina og ég held að ég sé ekki ein um það að fara með of síðar buxur til styttingar til ömmu eða mömmu. Enda þær mun færari en ég að sjá um þessi mál og mundi það taka mig að minnsta kosti heilt kvöld í svita og pirringskasti yfir saumavélinni að stytta eina skálm. Einu sinni var líka saumavél á hverju heimili og ein þekktasta fermingargjöfin eða innflutningsgjöfin var saumavél fyrir stelpuna. Nú eiga bara þær stelpur saumavél sem hafa áhuga á fatahönnun, enda það fag í tisku um þessar mundir, og hinum dettur ekki einu sinni í hug að fá sér slíkt apparat.

Mun því saumaskapur og handavinna deyja út með eldri kynslóðunum? Það væri nú leiðinlegt enda finnst einhver nostalgía fölginn í því að sitja við kertaljós að þrjóna. Hljóðið í saumavélinni er líka kunnuglegt og notalegt hljóð. Einhvern veginn get ég samt ekki tekið að mér að halda þessum hefðum við. Hef hvorki hæfileikana né þolinmæðina. En ég hvet alla sem það hafa að spýta í lófana svo afkomendur okkar verði ekki ofdekraðir og heimti nýtt í hvert skipti sem saumur trosnar eða lítið gat kemur á flíkina.



SVARTIR OG SEIÐANDI Flottir og öðruvísi frá Eley Kishimoto.



RAUTT LAKK Hnéháir sokkar og flottir rauðir jólastórnir frá Eley Kishimoto.



SATÍN Á tiskupöllum var stundum algengt að skórnir væru í sama lit og kjóllinn eins og sést hér.



TISKULJÓN Chloe Sevigny sést hér í flottum svörtum skóm með plattform.

Fjölbreytt skóflóra

Breið tá, mjó tá, opnir, lokaðir, háir hælur eða lágir, úrvalið af spari-skóm í dag hefur sjaldan verið meira og er því um að gera að skóga sig upp fyrir jólavertíðina. Enda sjaldan jafn mörg tækifæri til að klæðast spariskóm og í desember.

Skór eru eitt af lykhillutum þegar verið er að klæða sig upp, margar konur velja skónna fyrst og fatnaðinn útfra því.

Allar skóbúðir hérlendis eru búnar að birgja sig af jólastóknum og kennir þar fjölbreytta flóru af hinum ýmsu skóm því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Helstu litir fyrir þessi jól er auðvitað hinir klassísku litir svartur og rauður sem virðist alltaf spretta upp um jólin þrátt fyrir að vera ekki mikill þennan veturinn. Fjólublár, gylltur og vínráður eru einnig litir sem eru að koma sterkir inn og flikka skór í litum upp á svarta kjólinn eða buxurnar.

Lakk og satín í skóm er einnig nýtt af nálinni ásamt því að hinum svokölluðu „plattform“ hælum, sem auðvelda okkur konunum að ganga í háum hælunum.

Mæli með því að konur fari því að flykkjast í skóverslanir landsins og beri skórúrvalið augum. Góðir skór eru gulls ígildi.

alfrun@frettabladid.is

BLÁIR Með glimmeri frá Spútník.



RAUÐIR TÍGLAR Flottir frá Spútník.



KASSA HÆLL Þægilegir og í senn flottir frá Bossanova.



SNÁKASKINN Jólaliturinn með öðruvísi áferð en venjulega frá GS skóm.



LOKAÐIR Þetta er tiskubólan í ár og sómir sér vel bæði hverdags og við finni tilefni frá GS skóm.

OVER THE HEDGE

9. HVER VINNUR!

Sendu SMS skeytið **BTC OHF** á **1900** og þú gætir unnið eintak!

Aðalvinningur er DVD spilari og Over the Hedge á DVD

Aukavinningar eru Over the Hedge á DVD, tölvuleikir, fleiri DVD myndir og margt fleira!

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

BT

STUTTUR Gwen Stefani var með best klæddu konunum á þessum rauða dregli þrátt fyrir að vera komin sjö mánuði á leið. Hvítur kjóll og óborganlegt höfuðskraut.



RAUÐUR Heidi Klum lét sko bumbuna ekki aftra sér því að klæðast kynþokkafullum rauðum kjól með hári klauf.

Óléttar en samt í tísku

Það eru margar konur sem ákveða að leggjast undir feld um leið og þær verða með barni. Líkamsvöxturinn breytist og þarf því að vanda valið varðandi fatnað en það er algjör óþarfi að fela sig fyrir almenningi eins og margar stjórnurnar gera þegar þær eru óléttar. Einmitt öfugt því meðan á meðgöngu stendur er hár og húð konu aldrei í betra ástandi og það er einhver sérstakur ljómi yfir óléttum konum.

Söngkonan Gwen Stefani og ofurfyrirsætan Heidi Klum eru þær konur sem létu sig ekki vanta á rauða dregilinn þrátt fyrir að vera komnar með stærri maga. Heidi var með hinn fræga raunveruleikabátt Project Runway þótt hún væri komin á steypirinn og klæddist mikið kjólum með víðu sniði í þáttunum og notaði belti sem fylgihlut.

Stefani er þekkt fyrir grannan vöxt og flippaðan fatastíl en það breyttist þegar hún fékk kúlu á magann. Söngkonan fræga varð kvenlegri og varð oftast en ekki í fallegum síðkjólum með rauðan varalit.

Við skulum líta á fatastíl Klum og Stefani á meðan þær voru óléttar og mega margar aðrar konur taka sér þær til fyrirmyndar.



HEIDI KLUM Fölbleikur kjóll sem fer Heidi vel.



STEFANI Í síðkjól sem er tekin saman undir brjóstunum og bumban hennar sést varla.



PHEOBE PHILO Var aðalhönnuður hjá Chloe en dró sig í hlé frá tískuheiminum fyrir tveimur árum. Nú ætlar hún að koma aftur og hanna fyrir GAP.

Philo hennar fyrir GAP

Pheobe Philo varð þekkt nafn innan tískuheimsins þegar hún fékk það erfiða hlutverk að taka við starfi Stelli McCartney sem aðalhönnuður hjá Chloe. Hún gerði það vel og fatamerkið gekk vel undir hennar stjórn enda merkið þekkt fyrir að vera eitt best selda hátískumerkið. Fyrir tveimur árum sagði Philo hins vegar skilið við Chloe og hvarf úr sviðsljósinu. Að hennar sögn fékk hún nóg af tiskubransanum og ákvað að einbeita sér að dóttur sinni og fjölskyldu.



Nú er þessi hæfileikaríki hönnuður hins vegar komin aftur og er nú að hanna línu fyrir bandaríska fatamerkið GAP. GAP er ekki frægt fyrir að vera mikið tískumerki enda er klassík þeirra aðalsmerki en nú virðast þeir vera að spýta í lófana og segjast eiga fleiri tromp uppi í erminni sem þeir ætla að opinbera eftir áramót.

Það verður því forvitnilegt að sjá hvernig Pheobe Philo tekst að poppa upp hið klassíska gallafatamerki og gera það að alvöru tískumerki.



GAP Er mjög vinsælt fatamerki úti um allan heim og er klassík þeirra aðalsmerki. Nú eru þeir að spýta í lófana með því að fá Philo til að hanna fyrir sig.

Elisabet Eyþórsdóttir

þriðja leiðin



tónlist eftir Bök Hrafn Birgisson
textar eftir Einar Már Guðmundsson

gestasöngkona: Ellen Kristjánsdóttir

12 Tónar

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 15 511-5656
FÍOLSTRÆÐE 7 3336 5656
WWW.12TONAR.IS

útgáfutónleikar í Iðnó 15. des. miðasala á midi.is

Frostrósavörurnar komnar í verslanir Hagkaupa

The European Divas
Frostroses
2006



Frostjakinn

Tvö handskorin kerti saman í vandaðri öskju - íslensk hönnun og íslenskt handverk

2.499,-




Frostdropinn

Tveir handgerðir glermunir í vandaðri öskju - íslensk hönnun / þýskt handverk

1.999,-

2
CD



Safnplata Frostrósa

30 bestu Frostrósálögin saman á tvöfaldri safnplötu í tilefni af 5 ára afmæli Frostrósa

1.999,-

Frostrósavörurnar fást eingöngu í verslunum Hagkaupa (Kringlu, Smáralind og Skeifu)

FROSTCOLLECTION

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nýtt í bíó

Stærri myndir: **Hátíð í bæ** (Deck the Halls) - Fráher ljóskýldu- og gamanmynd sem kemur öllum í gott jólahjál.

Stærri myndir: **CASINO ROYALE** - M.M.J. kvikmyndir.com P.P. FBL. 14. BLÁÐIÐ V.J.V. TOPPS.IS

Stærri myndir: **THE NATIVITY STORY** - STÓRKOSTLEGASTA SAGA ALLRA TÍMA LIFNAR HÉR VIÐ Í STÓRBROTINI MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF. UPPLIFIÐ HINA SÖNNU MERKINGU JÓLANNA.

Stærri myndir: **SKÓGARSTRÍÐ** - OYRIN TAKA VOLDINI! MED ISLENSKU OG ENSKU TALI. HÁDEGISBÍÓ aðv. 500 kr.

Stærri myndir: **SAUJ** - ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA. HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AD HALDA LÍFI?

Stærri myndir: **PIIJSI** - 16.

Stærri myndir: **MYRIN** - 5 EDDUVERÐLAUN BESTA MYND BESTI LEIKAR BESTI LEIKSTÖRINN BESTI AUKALEIKARINN OG BESTA TONLISTIN (MUGISON).

Stærri myndir: **BORAT!** - ERU ÞÚ TILDÖM FYRIR EINA FUNDUSTU MYND ALLRA TÍMA?

Stærri myndir: **SAUJ** - ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA. HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AD HALDA LÍFI?

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 1.30, 3.40, 5.50, 8 og 10.10
PULSE	kl. 10.20 BL 16 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 2, 5, 8 og 11 BL 14 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 11
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 12, 2 og 4
OPEN SEASON ENSKT TAL	kl. 12, 2 og 3.50
BORAT	kl. 6, 8 og 10 BL 12 ÁRA
MYRIN	kl. 5.40 og 8 BL 12 ÁRA

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 3, 5.50, 8, 10.10
THE NATIVITY STORY	kl. 5.50, 8 og 10.10 BL 7 ÁRA
PULSE	kl. 10.15 BL 16 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 3, 6 og 9 BL 14 ÁRA
MYRIN	kl. 3, 6 og 8 BL 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 3

Borgarbíó SÍMI 462 3500

HÁTÍÐ Í BÆ	kl. 2, 4 og 6
SAW III	kl. 8 og 10* BL 16 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 6 og 9 BL 14 ÁRA
MYRIN	kl. 4 BL 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 2

450 kr. í bíó! - Gætt á allar sýningar merktar með rauðu

mid.is | BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

SAUJ - HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AD HALDA LÍFI? BLÓÐBADIÐ ER HAFIÐ

SKOLAD Í BURTU - Frá harraböndum

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8 ENSKT TAL

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ISL TAL

kl. 5.45, 8 og 10.20-POWER bl. 16

CASINO ROYALE - Sýnd kl. 8 og 10 bl. 14

BORAT! - Sýnd kl. 10.40 bl. 12

SKÓGARSTRÍÐ - Sýnd kl. 2 og 4 ISL TAL

450 KR. Í BÍÓ! - Gætt á allar sýningar merktar með rauðu

LAUGARÁS BÍÓ - MIDASALA ÖPNAR KL. 1.30

Í tískubrönsann

Leikkonan Sienna Miller hefur nú ákveðið að feta í fótspor Kate Moss og er búin að stofna sitt eigið fatamerki. Merkið ber nafnið Twenty8twelve og er Miller í samstarfi við Savönnuh systur sína en hún er fátahönnuður að mennt.



SIENNA MILLER Er búin að stofna sitt eigið fatamerki en leikkonan er þekkt tískufyrirmynd og ein best klædda kona Bretlands.

Nafnið á merkinu er vísun í afmælisdag leikkonunnar. Fatamerkið er að hluta til fjármagnað af gallabuxnamerkinu Pepe Jeans en Sienna hefur verið andlit fyrir tækisins um nokkurt skeið.

„Ég er mjög ánægð með fyrstu línuna okkar sem kemur út næsta sumar. Ekki samt halda að ég ætli að leggja þetta fyrir mig. Eg er leikona fyrst og fremst en tíska er áhugamálið mitt,“ segir Sienna Miller.

Miller er þekkt fyrir að vera með best klæddu konum Bretlands en hún og Kate Moss hafa trónað saman á toppi listans um þó nokkurt skeið. Það er því kærkomin viðbót að Miller leyfi öðrum að njóta hæfileika sinn á sviði tískunnar.

Eðalsvæleiki af bestu gerð

Kom inn á Nasa rétt í þann mund sem Jakobínarína voru að stíga af sviðinu sem var synd og skömm. Svalasta hljómsveit landsins, Singapore Sling, steig síðan á svið og var hún vel þétt að vanda enda hér á ferð ein langbesta tónleikasveit landsins. Hljómurinn var allur til stakrar þrýði en hljómsveitin hefur reyndar átt betri spretti en hún sýndi á miðvikudagskvöldið.

Biðin eftir Anton Newcombe og félagum í Brian Jonestown Massacre var ekki löng en nógu löng til þess að eyða nokkrum krónum á barnum. Áhorfendur, sem voru hægilega margir og gaurar í hettupeysu og leðurjakka voru í áberandi meirihluta, þyrptust að sviðinu og fengu nammi sem Newcombe dreifði. BJM hófu síðan dans sinn sem þeir stígu í takt við áhorfendur næsta tvo og hálfan tímann, um það bil.

Enginn maður á Nasa þetta kvöld virtist sáttari en Newcombe sjálfur. Ítrekað sagði hann við áhorfendur að þetta væri besta kvöld lífs hans og brosti sínu breidasta í gegnum áfengisþrútið andlit sitt. Annar maður sem setti líka stóran svip á tónleikana var hristari BJM, Joel Gion, sem ber án efa trylltustu barta (kótiletur) sem nokkurn tímann hafa sést. Gaman var líka að sjá Joel með í för enda hálfgerð godsögn þar á ferð eins og allir vita sem séð hafa heimilda-



myndina DIG! Hinir hljóðfæraleikarar BJM voru reyndar allir með tölu ótrúlega færir.

Þegar sveitin náði fullu flugi, stundum með fjóra gítara, fór um mann sælurokkrarhrollur sem erfitt var að losna við og entist lengi.

Keyrslan á tónleikunum var afar góð og aldrei var dauður tími. Áhorfendur skemmtu sér líka vel og voru í góðu og jarðbundnu sambandi við hljómsveitina. Tónleikahaldarar eiga mikið lof skilið fyrir þessa tónleika.

Það er frábært framtak að fá eins áhugaverða hljómsveit og Brian Jonestown Massacre hing-

TÓNLEIKAR

Brian Jonestown Massacre

Nasa, miðvikudaginn 29. nóvember, 2006

★★★★

Frábær skemmtun og með betri rokktonleikum ársins.

að til lands og ekki síður að stilla miðaverðinu í eins mikið hóf og gert var, eitthvað sem margir aðrir ættu að taka sér til fyrirmyndar.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

SparBíó* — 450kr

SKOLAD Í BURTU 3 M/ ISL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.

ESCAPE CLAUSE SANTA CLAUSE 1

JÓLASVEINNINN 3 M/ ISL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.

Jónas

JÓNAS, SAGA UM GRÆNMETI M/ ISL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

BÆJARHLADIÐ M/ ISL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

OBÝGGÐIRNAR THE WILD Sýnd með íslensku tál.

ÓBÝGGÐIRNAR M/ ISL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

Sími: 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ bara lúxus

ATH. SÝND KL.2

SKOLAD Í BURTU FLUSHED AWAY



ATH. SÝND KL.2

Ódýrt í bíó

SKÓGARSTRÍÐ

450 kr. á 2 sýningar

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínagula á laugardögum og sunnudögum





HAGATORGI • S. 530 1919 www.haskolabio.is

UPPLIFID HINA SÖNNU MERKINGU JÓLANN

Leioin til Betlehem

MYRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMAK

NATIVITY STORY	kl. 3:40-5:50-8-10-10	B.16	BÖRN	kl. 4-6	B.12
MYRIN	kl. 4-6-8-10-10	B.12	SCANNER DARKLY	kl. 10:40	B.16
THE DEPARTED	kl. 8	B.16			



- ÍTÖLSK KVÍKMYNDAHÁTÍÐ -
23. NÓV - 3. DES. SÝNINGARTÍMAR

Uomo in più, L' (honum er ofaukið) kl. 3:40
Fate come noi (gerið eins og við) kl. 5:50
Cuore altrove, II (með hjartað á öðrum...) kl. 8
Casa dalle finestre che ridono (húsið með hlajandi glugga) kl. 10:10

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
SAW 3	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.16	THE GRUDGE 2	kl. 10:30	B.16	SKOLAD Í BURTU	kl. 2 - 4	Levð	SKOLAD Í BURTU	kl. 2 - 4	Levð
SAW 3 VIP	kl. 8 - 10:30		JÓNAS	kl. 1:45 - 3:40	Levð	FLUSHED AWAY	kl. 6	Levð	FLUSHED AWAY	kl. 6 - 8	Levð
SKOLAD Í BURTU	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Levð	FLY BOYS	kl. 8	B.12	SANTA CLAUSE 3	kl. 1:40-3:50-6-8-10	Levð	THE GRUDGE 2	kl. 10	B.16
FLUSHED AWAY	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Levð	THE DEPARTED	kl. 2 - 5		THE GRUDGE 2	kl. 8 - 10:20	B.16	SANTA CLAUSE 3	kl. 2 - 4 - 6	Levð
SANTA CLAUSE 3	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10-10	Levð	BÆJARHLADID	kl. 1:45 - 4	Levð	THE DEPARTED	kl. 10	B.16	THE LAST KISS	kl. 8	Levð
CASINO ROYALE	kl. 6 - 9		ÓBYGGDIRNAR	kl. 1:30	Levð	BÆJARHLADID	kl. 4	Levð	ADRIFT	kl. 10:15	B.16
			JÓNAS	kl. 2	Levð						

Munið VISA tilboðið

Þeir sem greiða með VISA kreditkorti fá tvo miða á verði eins á stórmyndina Santa Clause 3 dagana 1. og 2. desember

Góða skemmtun GILDIR EKKI Á ÖNNUR TILBOÐ

Ný plata í vinnslu

Hljómsveitin Ghostigital heldur tónleika í Stúdentakjallaranum á laugardag. Sveitin er nýkomin úr tónleikaferð um Bandaríkin þar sem hún hitaði upp fyrir The Melvins.

„Það gekk rosalega vel. Við spiluðum á tuttugu tónleikum á um það bil mánuði. Aðdáendahópur Melvins er mjög tilraunakenndur og þeir eru mjög opnir og skemmtilegir,“ segir Curver Thoroddsen. „Við spiluðum bara tveir en fengum stundum gesti á gítarinn.“ Á meðal gesta var kunningi Curvers frá Boston, skipuleggjandi tónleikaferðarinnar, og náungi sem hafði keyrt í sjö klukkutíma til að sjá hljómveitina á tónleikum.

Að sögn Curvers er Ghostigital að vinna að sinni þriðju plötu. Byrjuðu þeir félagar að vinna hana meðan á tónleikaferðinni stóð. Ætla þeir í hljóðver í næsta mánuði til að hefja upptökur.

Að auki komu nýlega út á vínly



GHOSTIGITAL Einar Örn og Curver skipa sveitina Ghostigital. MYND/SPESSI

tvær endurhljóðblandanir eftir Gus Gus af lögunum Not Clean og Moneymaster. Voru þau gefin út af Pineapple Records.

Tónleikarnir á laugardag standa yfir frá kl. 23 til 1. Aðgangseyrir er 500 krónur. Stillupsteypa og FM Belfast hita upp.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Sandra Bullock** á von á sínu fyrsta barni ásamt eiginmanni sínum **Jesse James**. Bullock hefur í mörg ár lýst yfir áhuga sínum á því að hefja barneignir og er því



í skýjunum þessa dagana. Samkvæmt slúðurbloðunum er Bullock aðeins komin tvo mánuði á leið og því getur brugðið til beggja vona. Sandra Bullock er

hvað frægust fyrir að leika annað aðalhlutverkið í spennumyndunum Speed og Speed 2 ásamt Keanu Reeves. Hún er reyndar ein umdeildasta leikkonan í Hollywood, enda er nær algilt að fólk annað hvort hatar hana eða hreinlega dýrkar.

Eignaðist stúlku

Kvikmyndaleikstjórinn Sofia Coppola eignaðist stúlkubarn fyrir í vikunni. Stúlkan hefur fengið nafnið Romy og er fyrsta barn Coppola og franska tónlistarmanns Thomas Mars. Móður og barni heilsast vel og eru nýbakaðir foreldrar yfir sig ánægðir. Mars og Coppola kynntust við tókur á myndinni Virgin Suicides sem hann gerði tónlistina við með frönsku sveitinni Air.

Sofia Coppola hefur gert myndir á borð við Lost in Translation, Virgin Suicides og nú síðast Marie Antoinette. Hún er dóttir kvikmyndamógu síns Francis Ford Coppola og á því ekki langt að sækja hæfileikana.



SOFIA COPPOLA Eignaðist sitt fyrsta barn í vikunni, stúlku sem ber nafnið Romy.

Frá framleiðendum **SHREK** og **MADAGASCAR**

SYND BÆDI MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

DREAMWORKS & AARDMAN

Skolad í Burtu

Flushed Away

KOMIN Í BÍÓ

BRITISH AIRWAYS

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

> Christian framlengir við Fylki

Danski framherjinn Christian Christiansen hefur framlengt samning sinn við úrvalsdeildarlið Fylkis um eitt ár. Það þýðir að hann verður samstiga hinum Dananum í Fylki, Peter Gravesen, sem á eitt ár eftir af sínum samningi við félagið. Christiansen, sem er 24 ára, kom til liðsins árið 2005 og hefur skorað sjö mörk í 33 leikjum fyrir félagið á síðustu tveimur árum. Þess fyrir utan er hann starfandi hér á landi og á íslenska unnustu.

spor
spó tabl



ÁRNI GAUTUR ARASON LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR: KLÁR Í SLAGINN UM ÁRAMÓTIN

Góður bati Árna Gauts eftir aðgerð á hné

Landsliðsmarkvörðurinn Árni Gautur Arason gekk nýverið undir aðgerð á hné vegna meiðsla sem hafa verið að plaga hann allt síðastliðið tímabil í norsku úrvalsdeildinni. Þar leikur hann með Vålerenga, meisturum síðasta árs en liðið varð í þriðja sæti nú í haust.

„Aðgerðin gekk vel og er ég mjög sáttur við útkomuna. Það var talað um að ég yrði sex til átta vikur frá fótboltnum en ég er byrjaður að hjóla og stunda annars konar æfingar. Ég býst við því að ég verði orðinn klár í janúar,” sagði Árni Gautur en hann hefur ekki getað tekið þátt í leikjum Vålerenga í Royal League vegna þessa.

„Okkur hefur gengið vel í Royal League. Við unnum fyrstu tvo leikina, gegn Viborg og Elfsborg á heimavelli og svo náðum við

jafntefli við AIK á útivelli,” sagði Árni Gautur en ef liðið kemst áfram í fjórðungsúrslit mun hann geta tekið þátt í þeim leikjum.

Hann segir að þrátt fyrir að missa af þessum leikjum hafi hentað sér best að fara í aðgerðina á þessum tímamarki.

„Ég hef spilað með þessi meiðsli frá síðasta vetri og var gott að geta lagað þetta nú svo ég gæti tekið þátt í undirbúningstímabilinu af fullum krafti,” sagði Árni Gautur en norska úrvalsdeildin hefst í apríl á næsta ári.

Hann á eitt ár eftir af

samningi sínum en hefur ekki rætt við forráðamann liðsins um nýjan samning. „Það mun væntanlega ráðast af gengi liðsins næsta sumar. Okkur hefur gengið vel þessi þrjú ár sem ég hef verið í liðinu og náð í gull, silfur og brons í deildinni á þeim tíma. Það er ekki hægt að kvarta fyrir því.”

Títillvörn Vålerenga síðastliðið vor byrjaði afar illa og var á miðju tímabili skipt um þjálfara. Kjetil Rekdal, sem nú er tekinn við Lierse í Belgíu, var látinn fara og síðan þá hefur liðinu vegnað vel. Það þaut upp töflu og náði að lokum þriðja sæti og er sem fyrr segir ósigrað í Royal League.



SVEKKTIR ÞJÁLFAVARAR Júlíus Jónasson og Finnþógrétur Grétar Sigurbjörnsdóttir, aðstoðar- maður hans, eru brúnaþungir á hliðarlínunni í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

Júlíus Jónasson og Hrafnhildur Skúladóttir:

Of mörg sóknarmistök

HANDBOLTI Júlíus Jónasson, þjálfari íslenska liðsins, var að vonum ósáttur við úrslitin í gær. „Ég er langt frá því sáttur við fyrri hálfleikinn og í heildina er ég heldur ekki sáttur. Við byrjuðum illa í leiknum og vorum á eftir þeim allan leikinn. Við vorum búin að tala um það fyrir leikinn að það væri erfitt að vera undir gegn þessu liði, því þá væru þær enn betri og það kom á daginn.

Við gerðum of mörg mistök í sóknarleikum, skref og misheppnaðar sendingar sem endaði allt í hraðaupphlaupum hjá þeim. Þannig að okkur var refsafelt tvöfalt. Þetta lagaðist þegar leið á seinni hálfleikinn, bæði það að við fórum að sækja meira á markið og kláruðum sóknirnar oftar með skoti. Svo breyttum við líka um varnarleik sem hjálpaði okkur í að

brjóta upp þeirra sóknarleik,” sagði Júlíus.

Það var ekki bjart yfir Hrafnhildi Skúladóttur, fyrirliða íslenska liðsins, eftir tapið gær. „Ég er bara ótrúlega svekkt. Ef maður ber þetta saman við síðasta leik á móti þeim þá byrjuðum við að kaffæra þær og stemningin var þá okkar megin.

Núna byrjum við hins vegar á því að klúðra færum og senda í hendurnar á þeim. Allir urðu hræddir við að gera mistök, við hættum að sækja markið og því fór sem fór,” sagði Hrafnhildur og bætti við að leikur Portúgals hafi alls ekki komið íslensku stelpunum á óvart.

„Stemningin var bara þeirra megin og þær voru greinilega betur undirbúnar fyrir þennan leik.”

Sárt tap Íslands í Rúmeníu

Íslenska kvennalandsliðið tapaði í gær fyrir Portúgal í forkeppni HM í Rúmeníu og því draumurinn um að komast á HM í Frakklandi orðinn ansi fjarlægur.

HANDBOLTI Ísland mætti í gær Portúgal í forkeppni HM í handbolta í Rúmeníu og tapaðist leikurinn með fjögurra marka mun, 33-29. Arfaslakur fyrri hálfleikur varð íslenska liðinu að falli en þá var munurinn átta mörk. Tapið þýðir að draumur Íslands um að komast á HM í Frakklandi á næsta ári er næstum úti. Góður kafli íslenska liðsins í síðari hálfleik kom of seint og dugði ekki til.

Portúgal lék mjög framarlega í varnarleik sínum og stelpurnar okkar áttu í mestu vandræðum með að finna smugu á vörninni og gerðu sig þess utan sekar um klaufaleg mistök og misheppnaðar sendingar.

Einnig var varnarleikur íslenska liðsins ekki nægilega góður og maður hafði oft á tilfinningunni að íslensku stelpurnar mættu taka aðeins fastar á þeim portúgólsku auk þess sem þær fengu að fara of oft óáreittar inn fyrir punkalínuna og athafna sig þar.

Portúgal hafði algjöra yfirburði í fyrri hálfleiknum og staðan í hálfleik var 8-16 og ljóst að mikið þyrfti að gerast í síðasti hálfleiknum ef ekki ætti illa að fara. Skelfilegur fyrri hálfleikur sem íslensku stelpurnar vilja eflaust gleyma sem allra fyrst.

Íslenska liðið mætti ákveðnara til leiks í síðari hálfleik en illa gekk



BESTI LEIKMAÐUR ÍSLANDS Ágústa Edda Björnsdóttir í kröppum dansi gegn Portúgal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

þó að minnka forskot þeirra portúgólsku. Íslensku stelpurnar reyndu sem mest þær máttu og þær fóru að reyna oftar svokallaða hraða miðju eftir mark andstæðinganna og það gafst ágætlega.

Portúgólsku stelpurnar voru þó ekkert á því að gefa eftir og þær náðu mest ellefu marka forskoti í síðari hálfleik, 18-29. Þá breytti íslenska liðið varnarleik sínum og fóru að mæta þeim portúgólsku framar en áður hafði sést í leiknum og við tók góður leikafli hjá íslenska liðinu. Hann kom því miður of seint og niðurstaðan sem áður segir, 33-29, Portúgal í vil.

Ágústa Edda Björnsdóttir var besti maður íslenska liðsins en

íslenska liðið réð illa við hina hávöxnu Alexandrinu Barbosa sem skoraði ellefu mörk fyrir Portúgal. Dómurum leiksins verður ekki kennt um þetta tap en það vakti óneitanlega athygli að portúgólska liðið fékk aldrei brottvísun í leiknum. dagur@frettabladid.is

ÍSLAND-PORTÚGAL 29-33

Mörk Íslands: Ágústa Edda Björnsdóttir 9 (13), Hrafnhildur Skúladóttir 6 (10), Sólveig Lára Kjærnestad 4 (5), Rákel Dögg Bragadóttir 4/2 (6/2), Ellisabet Gunnarsdóttir 3 (3), Jóna Margrét Kristinsdóttir 2 (5), Hanna G. Stefánsdóttir 1 (5).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 20/1.
Hraðaupphlaupsörk: 3 (Sólveig 2, Hanna).
Fiskuð viti: 2 (Ellisabet 2).
Után vallar: 8 mínútur (Portúgal 0 mínútur)

ÖLL MYNDBÖNDIN Í EINUM PAKKA

METALLICA

THE VIDEOS 1989 - 2004

KEMUR Í VERSLANIR 4. DES!

9. HVER VINNURI!

SENDU SMS BTC MDF A NUMERID 1900 OG ÞU GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

Vinningar eru Metallica the best of videos • Aðrir DVD með Metallica Geislaþlötur með Metallica • Aðrar geislaþlötur • DVD myndir og margt fleira



SVEKJANDI Íslensku leikmennirnir ganga heldur niðurlútrir af velli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

Björgólfur Guðmundsson talar um kaupin á West Ham við Sky-fréttastofuna: Greiddi fyrir West Ham úr eigin vasa

FÓTBOLTI Viðskiptamaðurinn Björgólfur Guðmundsson segir í samtali við Sky-fréttastofuna að hann hafi greitt fyrir West Ham með peningum úr eigin vasa en Björgólfur er sagður eiga 95% í WH Holding sem keypti West Ham á 13 milljarða. Hann segist ætla að láta Eggert Magnússon um rekstur félagsins en sjálfur verður hann heiðursforseti.

„Ég er ekki eins mikið til í að skipta mér af rekstrinum. Við sögðum strax í upphafi að ef það væri hægt að keyra þetta tilboð hratt í gegn þá myndi ég sjá um fjárhagslegu hliðina. Ég greiddi þetta fé úr eigin vasa,” sagði Björgólfur við Sky en hann er bjartsýnn á framtíð félagsins.

„Þetta félag hefur allt sem við vildum. Það er á uppleið, hefur unga leikmenn, akademían er sterk sem og stuðningsmennirnir.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Hefur mikla trú á West Ham.

ir. Þetta er allur pakkinn. Þetta er fyrst og fremst fjárfesting í því sem er mín ástríða. En sem við-

skiptamaður þá er fótboltinn fyrir mér hluti af skemmtanaíðn- aðinum þannig að ég er bjartsýnn á að þetta reynist góð fjárfesting.

Björgólfur segist ekki ætla að fylla liðið með útlendingum til að ná árangri.

„Ég vil sjá liðið vinna. Ég er sigurvegari og ég er viss um að sigurandinn er til staðar hjá West Ham. Mín skoðun er ekki sú að titlar fáiast með því að kaupa leikmenn úti um allan heim. Þannig hugsa ég ekki um fótbolta. Það eru góðir leikmenn á Englandi og það þarf því ekki að fylla liðið með útlendingum. Ég sé fyrir mér leikmenn koma úr akademí- unni okkar. Kannski er pláss fyrir einn eða tvo útlendinga en liðs- andi er það sem skiptir mestu máli,” sagði Björgólfur.

BT



Toshiba Satellite

15.4"

TOSHIBA

PSAA9E-04K033N5
 TOSHIBA SATELLITE A100-761
 Intel® Centrino® Duo T2300
 15.4" WXGA TrueBrite
 ATI Mobility Radeon x1400 128MB
 - up to 512MB Hypermemory
 1024MB DDR Minni (Mest 4GB)
 100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 WiFi LAN Intel 3945ABG
 Kortalesari 4 - 1
 IEEE 1394 - DV Ready
 DVI, 3xUSB2, S-Video tengi

26.000 verðlækkun



14419-TRU
TRUST fartölvutaska

FYLGIR
3.999

14272-TRU
TRUST fjarstýring
fyrir fartölvur



FYLGIR
3.999

5.346

Centrino Duo

Fyrir kraftina
100GB harður diskur
Fyrir söguin

ATI X1400

Fyrir letkina
1 GB minni
Fyrir vinnsluna

DVD Ready

Fyrir tökuvélina
Kortalesari
Til þæginda

5.346

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

11.999

Vaxtalaust 12 mán.

143.988

Staðgreitt

Grettir - Nýju fötin kattarins



FYLGIR

Kötturinn óborganlegi snýr aftur í þessu stórkostlega framhaldi. Jon Arbuckle, eigandi Grettis, ákveður að ferðast til Bretlands og tekur hann með sér. Ekki líður á löngu áður en farið er kattavíllt á Gretti og öðrum eins ketti sem ræður ríkjum í stórum kastala þar í landi!



2.499

ISLENSKUR
TEXTI

999

ISLENSKUR
TEXTI



Prentari

Tilboð
með myndavélum

**Aðeins í
BT**



með myndavél

9.999

venjulegt verð

19.999

SONY

Sony PictureStation
ljósmyndaprentari.
Ekki gleyma myndunum
í tölvunni!

*Prentaðu í toppgæðum
-heima hjá þér*

Myndavél

*Andlitsleitarkerfi
-tryggir skarpan fókus*



Canon

7,1 megapíxlar
2,4x aðdráttur um linsu
ISO 80-1600
Hreyfimyndataka
Digic III örgjörvi
17 myndstillingar
Falleg hönnun
Andlitsleitarkerfi tryggir
skarpan fókus
16mb SD minniskort fylgir
105g

Vagga fylgir sem tengir
myndavél þrjúlaust við tölvu!

3.299

Vaxtalaust 12 mán.

39.588

Staðgreitt



RONNIE WALLWORK Þótti efnilegur en stóð ekki undir væntingum.

Ronnie Wallwork:

Stunginn ítrekað á bar

FÓTBOLTI Harðjaxlinn Ronnie Wallwork, fyrrum leikmaður Man. Utd, var fluttur með sjúkrahúsi á sjúkrahús í Manchester eftir að á hann var ráðist á bar. Árásarmaðurinn stakk Wallwork ítrekað með hnífi og er Wallwork með stungusár á höndum, maga og bakinu.

Wallwork er ekki í lífshættu og á góðum batavegi. Wallwork var á dögnum lánaður til Barnsley og var búinn að leika tvo leiki fyrir liðið áður en hann varð fyrir árásinni.

Stjarna Wallwork hefur fallið hratt síðustu ár en hann fékk tækifæri með aðalliði Manchester United á sínum tíma en stóð ekki undir væntingum og var sendur til WBA þar sem hann stóð sig ágætlega um tíma.

Heldur hefur hallað undan fæti hjá Wallwork upp á síðkastið, hann er hættur að spila vel og hefur meira farið fyrir honum utan vallar en innan. Hann var þar af leiðandi lánaður til Barnsley þar sem hann komst ekki lengur í liðið hjá WBA. - hbg

Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir að ráða þjálfara fyrir 2. flokk kvenna.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Sveinbjörnsson, form. meistaraflokksráðs kvenna, í síma 824-7619 eða í gegnum tölvupóst, johannes@saa.is.

Vildi að ég hefði verið vinsælli

Í síðustu viku birtist fyrsta viðtalið sem tekið var við Michael Schumacher eftir að hann hætti í Formúlu 1 í Süddeutsche Zeitung. Þar greinir hann frá ýmsum leyndarmálum og fer yfir mestu vonbrigði ferils síns.

FORMÚLA 1 Michael Schumacher lagði stýrið á hilluna í lok tímabilsins í Formúlu 1 í haust og lauk þar með ferli eins merkasta íþróttamanns sögunnar. Fáir hafa náð slíkum yfirburðum í sínum íþróttageinum og mætti helst setja Michael Jordan, Mohammed Ali og Tiger Woods í slíkt samhengi.

Fyrir skömmu fór Schumacher í sitt fyrsta viðtal síðan hann hætti og greindi frá nokkrum leyndarmálum í grein sem birtist í þýska dagblaðinu Süddeutsche Zeitung. Þar ræddi hann meðal annars um sín mestu vonbrigði á ferlinum og af hverju hann ók aldrei fyrir þýskt keppnislið.

Árið 1997 átti Schumacher í hatrammi baráttu við Kanada-manninn Jacques Villeneuve um meistaratitil ökuþóra. Fyrir síðustu keppnina, sem fór fram á Jerez-brautinni á Spáni, var Schumacher með eitt stig í forskot á Villeneuve sem tókst að vera fremstur á ráspól eftir tímatökurnar sem voru reyndar afar skrautlegar. Þeir tveir og Heinz-Harald Frentzen náðu allir sama tímanum í tímatökunum en þar sem Villeneuve var fyrstur til fékk hann ráspólinn.

Schumacher tók þó snemma fram úr Villeneuve sem náði þó aftur að draga á þjóðverjann eftir því sem leið á. Á 48. hring, í Dry



MESTU VONBRIGÐIN Schumacher hlýðir á úrskurð FIA þar sem öll stig hans sem hann vann sér inn árið 1997 voru dæmd af honum.

NORDIC PHOTOS/GETTY



HETJAN HYLIT Michael Schumacher á öxlum féлага sinna hjá Ferrari þar sem hann vann sína stærstu sigra.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Sac-beygjuni, ætlaði Villeneuve að taka fram úr Schumacher sem hins vegar keyrði inn í hlið bílsins. En við áreksturinn skemmdist bíll Schumacher meira og varð hann að hætta keppni og Villeneuve náði titlinum.

Yfirvöld ákváðu reyndar að dæma Schumacher úr keppni og taka af honum öll stig sem hann vann sér inn um árið. Þau fengu reyndar að standa í samhengi við annan árangur hans á ferlinum.

„Ef það væri eitthvað eitt sem ég mætti breyta á mínum ferli þá væri það þetta,“ sagði Schumacher en orðspor hans hlaut mikinn skaða þennan dag.

Hann var sömuleiðis mikið gagnrýndur í upphafi ferils síns þegar hann ákvað árið 1994 að vera ekki viðstaddur jarðarför Ayrtons Senna, brasilíska ökuþórsins sem lést á Imola-brautinni það ár. Hann útskýrði aldrei ástæður sínar á sínum tíma en sagði að það hefði verið þar sem hann hefði verið að íhuga að hætta í Formúlu 1.

„Ég hafði verið í kappakstri í 20 ár og aldrei hafði neitt slæmt hent

mig sjálfan. Þessa helgi lést ekki aðeins Senna heldur einnig Roland Ratzenberger. Ég átti í miklum rökræðum við sjálfan mig um dauða þessara tveggja manna og spurði sjálfan mig hversu mikla þýðingu Formúla 1 og kappakstur hefði fyrir mig. Þess vegna ákvað ég frekar að keyra nokkra æfingaringi frekar en að fara í jarðarförina. Ég varð að vita hvort ég gæti haldið áfram, hvort ég gæti fengið einhverja ánægju úr íþróttinni lengur.“

Hann segir að þar að auki vildi hann ekki syrgja opinberlega. Hann hafi síðar farið að gröf Senna með Corinnu, eiginkonu sinni.

Hann segir að ánægjulegasta upplifun sín á ferlinum hafi verið þegar hann vann titilinn í fyrsta sinn fyrir Ferrari. „Þegar ég lít til baka á ferilinn hugsa ég til ársins 2000 og marklínunnar á brautinni í Japan. Ég keyrði yfir línuna og hafði loksins unnið heimsmeistararitilinn fyrir Ferrari.“

En þó svo að hann hafi næstum allan sinn feril verið hjá hinu

ítalska Ferrari-liði segir hann í viðtalinu að hann hafi rætt við að ganga til liðs við erkifjendur liðsins, hið þýska lið Mercedes Benz. Segir hann ástæðuna fyrir því að hann hafi aldrei farið til McLaren-Mercedes vera þá að honum samdi ekki við liðsstjóran, Ron Dennis.

Schumacher ólst upp hjá Mercedes og lærði sína iðju þar. Hann var þess vegna stöðugt orðaður við McLaren. „Ég ræddi nokkrum sinnum við McLaren-Mercedes, til að mynda í Monte Carlo árið 1995. En við áttum ekki samleið. Vandamálið var Ron Dennis. Hann hafði sínar hugmyndir um hvernig ætti að reka Formúlu 1-lið.“

Í viðtalinu segir hann líka að hann óski þess að fólk hefði líka betur við sig. „Ég held að sá sem er alltaf í öðru sæti njóti meiri almenningshylli en sá sem vinnur aftur og aftur.“ Og hann bætir við að hann ætli ekki að snúa aftur í Formúlu 1. „Íþróttin er að breytast. Tæknin, vélarnar, reglurnar og brautirnar. Þegar maður hættir er maður hættur.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Jose Mourinho er ekki stressaður vegna þriggja stiga forystu Man. United:

Verðum fljótir aftur á toppinn

FÓTBOLTI Jose Mourinho segist ekki búast við því að það taki Chelsea langan tíma að komast á topp ensku úrvalsdeildarinnar. Sem stendur er Manchester United á toppi deildarinnar og liðin tvö án nokkurs vafa stungin af. Það þyrfti ekkert minna en náttúruhamfarir ef eitthvert annað lið ætlaði að blanda sér í baráttuna um enska meistaratitilinn.

United hefur þriggja stiga forystu á Chelsea sem aftur hefur elfu stiga forskot á Portsmouth og Bolton sem koma næst. Flest lið eru búin að leika fimmtán leiki.

„Ég held að það taki ekki langan tíma að komast á topp deildarinnar,“ sagði Mourinho eftir góðan sigur sinna manna á Bolton á úti-velli. Á sama tíma vann United Everton á heimavelli, 3-0. „Ég er ánægður að vera þremur stigum á eftir því við höfum átt erfiðari leiki en United. En nú er kominn tími á að vinna nokkra leiki í röð og komast á topp deildarinnar.“

Það gæti þó orðið einhver bið á því þar sem leik Newcastle og Chelsea sem átti að vera um helgina hefur verið frestað vegna leikjaálags fyrrnefnda liðsins og mikilla meiðsla leikmanna þess.

Chelsea á ekki leik í deildinni fyrr en 10. desember og mætir þá Arsenal á heimavelli í Lundúna-slag. Þegar að þeim leik kemur verður United búin að leika tvo leiki í deildinni, gegn Middles-



JOSE MOURINHO Langar á toppinn á ný.

NORDIC PHOTOS/AFR

brough á úti-velli og Manchester City á heimavelli.

Það þýðir að sigri United í þeim leikjum verður forysta þeirra orðin nú stig. Það gæti orðið erfitt fyrir sálina hjá Chelsea að sjá það forskot United í töflunni þrátt fyrir að liðið eigi tvo leiki inni. Sérstaklega þegar liðið á leik gegn Arsenal sem kemur væntanlega banhungrað til leiks.

En Mourinho kann að setja málin í það samhengi sem hentar

sér vel og kann að skjóta andstæðingum sínum skelk í bringu.

„United-menn eru svekktir yfir því að vera bara með þriggja stiga forskot eftir svo góða frammi-stöðu liðsins í haust.“

En við héldum einbeitingu okkar og náðum stigi í Manchester og þremur stigum á erfiðum úti-velli í Bolton. Auðvitað viljum við vera á toppnum, við erum vanir því eftir síðastliðin tvö ár.

- esá

SAW

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA FSA Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!

VINNINGAR ERU MIÐAR FYRIR TVO Á SAW 3 TÖLVULEIKIR, DVD MYNDR, FULLT AF PEPSI OG MARGT FLEIRA

WALKMAN SMS LEIKUR

SAW BÍÓMIÐI

ego X

ALFAKAKKA SAMBÍÓIN

Bláa og Hvít

Vinningsverða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS liður 99 kr/skeytið.

BT

Ertu heljarmenni?



2.299

Þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál! Frægðarsól Jóns Páls Sigmarssonar skaust hratt upp á stjörnuhimininn og skein skært. Nánast hvert einasta mannsbarn þekkti hann og dáðist að framkomu hans og líkamlegu atgervi. Þessi frækni víkingur var glæsilegur fulltrúi lands og þjóðar þar sem hann sigraði hverja þjóðina á fætur annari í keppninni um titilinn "sterkasti maður heims". Í áratug var hann fremstur meðal jafningja og nánast ósnertanleg lifandi godsögn.



Kraftakeppni

Hjalti Úrsus og Boris verða með kraftakeppni í BT Smáralind frá 13 - 15 í dag!

Getur þú lyft kúlusteininum eins og Jón Páll? Ef svo er þá færðu eintak af myndinni í verðlaun. Aðeins í dag í BT Smáralind!



ALFRED GÍSLASON Farinn með lið sitt til Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Meistaradeildin í handbolta: Gummersbach í Rússlandi

HANDBOLTI Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar hefjast í dag með þremur leikjum. Viggó Sigurðsson og félagar í Flensburg heimsækja Celje Lasko í Slóveníu, danska liðið Kolding sækir ungverska liðið Veszprem heim.

Að lokum þá sækir Íslendingaliðið Gummersbach rússneska liðið Chehovskie Medvedi heim en leikurinn sem hefst klukkan 15 verður sýndur í beinni útsendingu á Sýn. - hbg

Njarðvík-CSK VSS Samara:

Naumt tap

KÖRFUBOLTI Njarðvík mætti í gær rússneska liðinu CSK-VSS Samara í áskorendakeppni Evrópu. Njarðvíkingar töpuðu leiknum eftir að hafa verið yfir stærsta hluta leiksins, 86-83.

Staðan var 49-46 í hálfleik og náði Njarðvík svo átta stiga forystu í þriðja leikhluta. Leikar jöfnuðust svo aftur og seig rússneska liðið fram úr á lokaspertinum.

Brenton Birmingham átti stórleik og skoraði 33 stig. - esá

Jackson gaf Kobe „fimmu“ og faðmaði hann innilega

Kobe Bryant fór á kostum með LA Lakers og skoraði 52 stig í 132-102 sigri Lakers á heitasta liði deildarinnar, Utah Jazz. Bryant skoraði 30 stig í þriðja leikhluta og öll 19 skot hans í leikhlutanum fóru ofan í körfuna. Kobe Bryant fór á kostum.

KÖRFUBOLTI Einn magnaðasti leikur NBA-leiktidarinnar fór fram í Los Angeles aðfaranótt föstudags þegar LA Lakers tók besta lið deildarinnar það sem af er leiktíðinni í bakariði á eftirminnilegan hátt, 132-102. Sigurinn getur Lakers fyrst og fremst þakkað hinum magnaða Kobe Bryant sem skoraði 52 stig og spilaði stórkostlega vörn. Kobe jafnaði eigið félagsmet í þriðja leikhluta þegar hann skoraði 30 stig.

„Mér leið ótrúlega vel og var fullur af orku,“ sagði Kobe sem gekkst undir aðgerð á hné í sumar. „Þetta er bara spurning um að treysta hnénu og fótunum. Eftir þennan leik veit ég að allt er komið í lag á nýjan leik og get farið að spila með sjálfstraustið í botni og án þess að hafa áhyggjur.“

Samband Kobe og Phil Jackson þjálfara hefur oft ekki verið upp á marga fiska og áhorfendur rak því í rogastans þegar Jackson tók Kobe af velli undir lokin. Jackson stóð upp, gaf Kobe háa fimmu og faðmaði hann síðan.

„Það er frábært að fylgjast með Kobe á svona kvöldi og mér fannst vörnin okkar líka stíga upp í leiknum,“ sagði Jackson og Kobe bætti við: „Samband okkar Phil er frábært. Þegar ég spila þá spila ég til að heilla hann. Ef hann stendur upp og gefur mér „fimmu“ þá veit ég að frammistaðan var í lagi.“

Leikurinn gegn Jazz var sá tölfti þar sem Kobe skorar yfir 50



LOKSINS ORÐNIR VINIR Það var svo sannarlega hjartnæm stund í Staples Center þegar Kobe og Jackson slógu höndum saman og föðmuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

stig. Þess má geta að hann skoraði úr 11 skotum í röð í leiknum og

þar af fóru öll 9 skot hans í þriðja leikhluta ofan í körfuna. - hbg



HENRIK LARSSON Gengur í raðir Man. Utd eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Manchester United: Fær Larsson lánaðan

FÓTBOLTI Þau óvæntu tífandi urðu í enska boltanum í gær að greint var frá því að Svíinn Henrik Larsson yrði lánaður til Man. Utd frá Helsingborg. Larsson er löglegur með Man. Utd 1. janúar en hann snýr aftur til Svíþjóðar 12. mars þegar sænska deildin byrjar á nýjan leik.

„United hefur áður verið á eftir mér og ég get ekki neitað því að það er spennandi tilhugsun að fara og spila fyrir stórt félag eins og United. Ég verð kannski ekki alltaf í byrjunarliðinu en þetta verður gaman,“ sagði Larsson á blaðamannafundi í gær.

United hefur verið í miklum framherjavandræðum í vetur þar sem Ole Gunnar Solskjær er meiddur og Alan Smith er ekki enn kominn í leikæfingu eftir erfið meiðli. Louis Saha og Wayne Rooney eru þar af leiðandi einu spilhæfu framherjarnir hjá félaginu.

„Ég mun spila eins mikið og ég get fyrir United en ég hef ekki hugmynd um hvernig liðið ætlar að nota mig. Ég er klárlega vara-skeifa. Til að byrja með í það minnsta,“ sagði Larsson sem var orðaður við sitt gamla félag, Barcelona, fyrr í vetur þegar Eto'o meiddist en ekkert varð af þeirri endurkomu. - hbg

Jólamarkaður á Garðatorgi opnar í dag

Jólamarkaður verður opinn alla laugardaga fram að jólum á Garðatorgi í Garðabæ. Markaðurinn opnar í fyrsta skipti á hádegi í dag, laugadaginn 2. desember.

Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur gömul íslensk jólalög kl 15. Kl. 16 verða ljósin tendruð á jólatrénu úti á Garðatorgi.

Meðal þátttakenda á markaðinum:

- Verslunin Spútnik, sem verður með pelsa og skinntrefla
- Barnalínan Snúsnú, Helga Ólafsdóttir sem fékk verðlaun í hönnunarsamkeppni Hagkaupa kynnir barnalínuna Snúsnú.
- Steinunn Bergsteinsdóttir kynnir handunna skartgripir
- Arndís Jóhannsdóttir úr Kirsuberjatrénu kynnir hönnun úr röð

Einnig:

- Ullarvörur (silki- og meróníull)
- Heimilisbúnaður (potta- og hnífasett)
- Handunnin glervara, skartgripir, trévara Og fleira og fleira...

Hagkaup verður með vörukynningar, m.a. á hvítöli, kaffi og sælgæti framan við verslunina. Verslunin Ilse Jacobsen * Hornbæk verður opin til kl 18.



BIKARINN AFHENTUR ÞJÓÐMINJASAFNI Verðlaunabikarinn sem íþróttamaður ársins hefur fengið til varðveislu ár hvert undanfarna hálfá öld var afhentur Þjóðminjasafninu í gær við hátíðlega athöfn og um leið var nýi bikarinn sýndur. Hann er hér til vinstri á myndinni fyrir ofan en fyrir neðan má sjá frá vinstri Ellert B. Schram, Ólaf Rafnsson, Þorgerði K. Gunnarsdóttur og Þorstein Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sjón er sögu ríkari – Jólamarkaðurinn á Garðatorgi í Garðabæ

Margverðlaunuð

sjónvarpstæki

frá

SAMSUNG

Kynnum með stolti
það allra nýjasta og besta
í vegg sjónvörpum



LE40F71BX SAMSUNG
40" LCD sjónvarpstæki
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1920 x 1080
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1 • Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), USB
Verð: **379.900,-**


LE40M91BX SAMSUNG
40" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD • Contrast: 10.000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° • Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite
og S-video, USB
Verð: **499.900,-**



Sjónvarpstæki
sem fékk
Eisa verðlaun
fyrir bestu tækni
í baklýsingu



LE40N71BX SAMSUNG
40" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **339.900,-**



LE40M71BX SAMSUNG
40" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD • Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° • Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite
og S-video, USB
Verð: **369.900,-**



LE32M71BX SAMSUNG
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **259.900,-**



LE32N71BX SAMSUNG
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **239.900,-**

LE32R71WX SAMSUNG
32" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari • DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla - • 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 • Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur • Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**



Litir: Hvítt / Svart



Litir: Hvítt / Svart

LE19R71BX SAMSUNG
19" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNLe stafræn myndleiðrétting • Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 • Sjónsvið 160°/160° • Mynd í mynd (1 tuner) • Tengir: DVI, SCART,
PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**



LE32R74BDX SAMSUNG
32" LCD sjónvarpstæki
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla - • 12,8 milljarðar lita • Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 5000:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **209.900,-**



LE40R74BDX SAMSUNG
40" LCD sjónvarpstæki
Verð: **319.900,-**



Samsung LE23R71BX SAMSUNG
23" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNLe stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 •
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 2000:1 • Birta:
500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° • Mynd í mynd (1 tuner). Tengir: HDMI, Komponent
• SCART x 2, PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**

Litir: Hvítt / Svart



imago

Söluaðilar Samsung á Íslandi:

Reykjanes: Ormsson Keflavík **Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
Reykjavík: Apple Laugavegi 182 og Elnet Dalvegi Kópavogi. **Vesturland:** Model Akranesi.
Vestfirðir: Pristur Ormsson Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag
Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND
Sími 530 2500
SIÐUMÚLA 9
Sími 530 2500
KEFLAVÍK
Sími 421 1535
ÍSAFIRÐI
Sími 456 4751

RÁDIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

> Meryl Streep

Fæddist 22. júní 1949 og er talin af mörgum gagnrýnendum ein besta eldri leikkona í bransanum í dag. Er búin að gera garðinn frægan með myndum eins og „Deer Hunter“, „Kramer vs. Kramer“, og núna nýlega „Devel Wears Prada“. Meryl var tilnefnd til óskarsins sem besta leikkona í aðalhlutverki árið 1998 fyrir leik sinn í myndinni „One True Thing“ sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR TELUR SPAUGARANA VIÐHALDA RÍKJANDI ÁSTANDI

Spaugstofan haukur í horni Halldórs

Til eru þeir framsóknarmenn sem vilja kenna Spaugstofunni, einkum Pálma Gestssyni, um hversu brátt varð um Halldór Ásgrímsson í stóli forsætisráðherra. Eg held reyndar að þessu sé öfugt farið. Pálmi hafi haldið Halldóri lengur við völd en ella. Fyrir þeirri skoðun má færa rök með því að fleyta kerlingar á tveimur kenningum úr bókmenntafræðinni. Önnur gengur út á það að þættir á borð við Dallas séu til þess fallnir að viðhalda ríkjandi ástandi. Almennungur fylgist með hremmingum Sue Ellenar og oliuauðkínginganna í Dallas. Og meðtekur óafvitandi þau skilaboð að lífið sé ekki svo skítt þegar allt kemur til alls. Ríka fólkíð eigi heldur betur við sinn vanda að stríða. Og því jafnvel sælt að vera fátækur. Þetta er kannski dólglega einföld kenning en hafa ber í huga að heilastarfsemi er minni í sófanum fyrir framan skjáinn en þegar menn sofa! Merkilegt í ljósi þess að gengið er út frá því sem vísu að sjónvarp sé áhrifamesti miðillinn. Er þetta mótsögn eða gengur áhrifamáturinn út á

ad þarna megi ná mönnum með minna en enga meðvitund? Boðskapurinn sé þannig bestur sem allra einfaldastur. Og situr þá eftir. Svo er það rússneski fræðimaðurinn Mikhail Bahtin sem skrifaði um karnivalhátíðir sem nauðsynlegan lið í að viðhalda ríkjandi samfélagsstrúktúr. Þá mátti, en aðeins þá, gera gys að aðalshyski og kóngalýð. Tappað var af óánægjunni sem kraumaði og við svo búið féll allt í ljúfa löð. Í sama farið. Í ljósi þessa má segja að Spaugstofan sé besti vinur valds- flokkurinn ein rjúkandi rúst – þýðir það þá að Spaugstofunni sé að fatast flugið?



Í framhaldi af þessu: Sé lítið á skoðanakannanir, þar sem ríkisstjórnin er fallin og Framsóknarflokkurinn ein rjúkandi rúst – þýðir það þá að Spaugstofunni sé að fatast flugið?

EKKI MISSA AF



► **19.10** Christine STÖÐ 2



► **00.00** X-Files SIRKUS



► **14.00** A Muppet Christmas STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.30** Family Man SKJÁR EINN



► **20.50** The Majestic SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 8.00 Morgunstundin okkar
- 8.01 Fyndin og furðuleg dýr
- 8.06 Búi! (16:26)
- 8.17 Lubbi læknir (39:52)
- 8.29 Snillingarnir (12:28)
- 8.55 Sigga ligga lá (38:52)
- 9.05 Tsitsi (2:5)
- 9.15 Trillurnar (8:26)
- 9.39 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar (22:26)
- 10.02 Spæjarar (46:52)
- 10.25 Jóladaatalið - Stjórnstrákur
- 10.35 Stundin okkar
- 11.05 Kastljós
- 11.35 Himalajafjöll (6:6) 12.30 HM í fimleikum
- 16.10 Íslandsmótið í handbolta
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 17.55 Hope og Faith (72:73)
- 18.15 Fjölskylda mín (12:13)
- 18.45 Jóladaatalið - Stjórnstrákur
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.40 Jón Ólaf
- 20.20 Spaugstofan
- 20.50 **Bíóhöllin** (The Majestic) Bandarísk bíómynd frá 2001.
- 23.20 Maðurur í mysunni
- 0.55 Hættuleg kælivara
- 2.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Runaway Jury Bönnuð börnum.
- 8.05 It's a Very Merry Muppet Christmas (Jólasýningin)
- 10.00 On the Line (Á línunni)
- 14.00 It's a Very Merry Muppet Christmas (Jólasýningin)
- 16.00 On the Line (Á línunni)
- 18.00 Win A Date with Ted Hamilton! (Stefnumót með stórstjórnun!)
- 20.00 Runaway Jury Bönnuð börnum.
- 22.05 Who is Cletis Tout? Bönnuð börnum.
- 0.00 Bad Boys II Stranglega bönnuð börnum.
- 2.25 Invincible
- 4.00 Who is Cletis Tout? Bönnuð börnum.



- 7.00 Addi Panda
- 7.05 Addi Panda
- 7.10 Kærleiksbrinnir (e)
- 7.20 Ruff's Patch
- 7.30 Gordon the Garden Gnome
- 7.40 Pocoyo
- 7.45 Animaniacs
- 8.05 Grallararnir
- 8.30 Justice League Unlimited
- 8.55 Kalli kanína og félagar
- 9.15 Tracey McBean
- 9.25 S Club 7
- 9.50 Búbbarnir (15:21)
- 10.15 Home Alone
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.55 Bold and the Beautiful
- 14.15 Bold and the Beautiful
- 14.40 X-Factor
- 15.35 Derren Brown: Hugarbrellur (6:6)
- 16.00 Eldsnögg með Jóa Fel
- 16.30 Sjálfstætt fólk
- 17.10 60 mínútur Virtasti og vinsælasti fréttaskýringabáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2. Á hverju mánudagskvöldi er sýndur spánnýr, vikugamall báttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekktu einstaklinga.
- 17.45 Martha
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Íþróttir og veður
- 19.05 Lottó
- 19.10 **The New Adventures of Old Christine - NÝTT (5:13)** (Ný ævintýri gömlu Christine)
- 19.35 Fóstbræður (7:8) (e)
- 20.00 Fóstbræður (8:8) (e)
- 20.30 Princess Diaries 2: The Royal Engagement (Dagbækur prinsessu: Konunglegt brúðkaup)
- 22.25 The Village (Þorpið)
- 0.10 One True Thing
- 2.15 Femme Fatale (Stranglega bönnuð börnum)
- 4.05 Magnús
- 5.35 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrir í kvöld.
- 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

- 18.00 Seinfeld
- 18.30 Fréttir NFS
- 19.00 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 19.30 Sirkus Rvk (e) Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar, það nýjasta í tiskunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
- 20.00 South Park (e) Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndabættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone.
- 20.30 Tekinn (e) Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk d með Ashton Kutcher. Auði hrekkir þjóðþekktu einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar.
- 21.00 So You Think You Can Dance 2 (e) Dansinn hefst á ný ... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikabátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna.
- 21.50 So You Think You Can Dance 2 (e) Keppnin harðnar enn og nú verður keppendum fækkað úr sex í fjóra.
- 22.40 Chappelle's Show (e) Grínþættir sem hafa gert allt viltaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín af því sem honum dettur í hug.
- 23.10 Vanished (7:13) (e)
- 0.00 X-Files (e)
- 0.45 24 (23:24) (e)
- 1.30 Entertainment Tonight (e)
- 2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Kortur er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 11.10 2006 World Pool Masters (e)
- 12.00 Rachael Ray (e)
- 13.40 Frægir í form (e)
- 14.30 The Biggest Loser (e)
- 15.25 Sons & Daughters (e)
- 15.50 Trailer Park Boys (e)
- 16.15 Parental Control (e)
- 16.40 Casino (e)
- 18.25 Rachael Ray (e)
- 19.15 Game tívi (e)
- 19.45 The Office (e)
- 20.10 What I Like About You Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.
- 20.35 Sons & Daughters Bandarísk gamansería um skautlega fjölskyldu.
- 21.00 Casino Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með því sem gerist bak við tjöldin í spilaviti í syndaborginni Las Vegas.
- 21.45 Battlestar Galactica Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda. Í þáttunum er fylgst með klassískri baráttu góðs og ills eftir að hinir illskyttu Cylons réðust á jarðarbúa og tortímdu milljörðum manna.
- 22.30 **Family Man** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2000 um mann sem lifir hratt í fjármálaheiminum en á ekkert líf fyrir utan vinnuna. Á jónunum fær hann óvænt tækifæri til að endurskoða líf sitt. Hann vaknar við líðið konunnar sem hann hafði næstum því gíft þrettán árum áður og fær að upplifa hvernig líf hans væri ef hann hefði gíft henni.
- 0.35 Brotherhood (e)
- 1.20 Masters of Horror (e)
- 2.10 Law & Order: Criminal Intent - lokabáttur (e)
- 3.00 Conviction (e)
- 3.45 Tvöfaldur Jay Leno (e)
- 5.15 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

- 10.50 Þrumuskot (e)
- 11.45 Upphitun (e)
- 12.15 Arsenal - Tottenham (b)
- 14.40 Á vellinum með Snorra Má
- 14.50 Wigan - Liverpool (b)
- 17.05 Middlesbrough - Man. Utd. (beint)
- 19.20 Roma - Atalanta (beint)
- 21.30 Reading - Bolton (frá í dag)
- 23.30 Portsmouth - Aston Villa (frá í dag)

Innrömmun 25% afsláttur 1.-4. des.

Upphengikerfi fyrir myndir

Einfalt og þægilegt fyrirkomulag.

Alltaf hægt að bæta við.

Breytingar gerðar á örskammri stundu.

Vandalaus hagræðing mynda.

Fljótleg og einföld samsetning.

Engar skemmdir á veggjum.



Íslensk myndlist

Opið frá kl. 9-18
laugardaga kl. 11-16
sunnudaga 13-16

RAMMA
MÍÐSTÖÐIN
Síðumúla 34 • Sími 533 3331



AFSLÁTTUR

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.25:
THE VILLAGE (ÞORPIÐ)

Magnþrungin sálfræðihroll-vekja frá M. Night Shyamalan, sem gerði Sixth Sense og Signs. Íbúar í litlu afskekktu þorpi hafa átt í dulrænu sambandi við ómennskar verur sem sagðar eru búa í nærliggjandi skógi. En þegar ógnvekjandi atburðir fara að eiga sér stað fer þorpsbúana að gruna að ekki sé allt með felldu, að sambandið við skógarbúana sé í hættu og gæti leitt eitthvað skelfilegt af sér. Aðalhlutverk: William Hurt, Joaquin Phoenix, Bryce Dallas Howard, Adrien Brody og Sigourney Weaver.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „THE MAJESTIC“ Í SJÓNVARPINU KL. 20.50

Bíóhöllin eða „The Majestic“ eins og hún heitir á frummálinu verður á dagskrá sjónvarpsins í kvöld. Myndin gerist árið 1951 og segir frá handritshöfundum að nafni Peter Appleton sem lendir á svarta listanum í Hollywood. Peter flýr Hollywood og lendir í bílslysi. Hann missir minnið og sest að í smábæ í Bandaríkjunum. Ljúf og góð mynd sem lætur engan ósnortinn. Jim Carrey fer með hlutverk Peters en leikstjóri myndarinnar er Frank Darabont sem gerði „Shawshank Redemption“.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregin 6.50 Bæn
7.00 Fréttir
7.05 Laugardagur til lukku
8.00 Fréttir
8.05 Músik að morgni dags
9.00 Fréttir
9.03 Út um græna grundu
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregin
10.15 Krossgötur
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregin
13.00 Laugardagsþátturinn
14.00 Til allra átta
14.40 Stórt í smáu
15.20 Með laugardagskaffinu

16.00 Fréttir
16.08 Veðurfregin
16.10 Orð skulu standa
17.05 Fimm fjórðu
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Leikhúsrattan
18.52 Dánarfregin og auglýsingar
19.00 Kringum kvöldið
19.30 Stefnumót
20.15 Hið ómótstæðilega jólabragð
21.05 Pipar og salt
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregin
22.15 Flakk
23.10 Danslög
0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

7.50 X-Games 2006 - þáttur 3

8.45 Enska mörkin

9.15 Spænska mörkin

10.00 Ameríski fótboltinn

10.30 NBA 2005/2006 - Regular Season

12.30 Meistaradeild Evrópu

14.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs

14.50 Meistaradeild Evrópu í handbolta Bein útsending leik Medwed og Gummersbach í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta. Þetta er fyrri leikur liðanna og fer hann fram í Rússlandi.

16.35 Mourinho's Ultimate

17.25 PGA golfmótið - fréttáttur Allt það markverðasta sem gerðist á undanfönum mánuði í PGA mótaröðinni.

18.20 Spænski boltinn - upphitun

18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Levante og Barcelona í spænska boltanum. Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen hefur skorað átta mörk fyrir meistarana á þessari leiktíð en mikið mæðir á honum í framlínunni um þessar mundir vegna meiðsla í herbúðum Barcelona.

20.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Betis og Atletico Madrid í spænska boltanum.

22.50 Hnefaleikar (Box - Ricky Hatton vs. Carlos Maussa)

0.05 Box - Wladimir Klitschko vs. C

2.00 Hnefaleikar Bein útsending frá bardaga þeirra Winky Wright og Ike Quartey. Hinn 35 ára gamli Wright hefur lagt þá Felix Trinidad og Shane Mosley að velli á sínum ferli. Hann er mjög þekktur í Bandaríkjunum og hefur verið tíður gestur í myndböndum hjá frægum rappöngvurum vestan hafs.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1


11.40 Med Kløvedal på reise langs Grønlands vestkyst 12.40 Perfekte hustruer 13.30 Mr. Nice Guy 14.30 Hjerteflimmer 15.00 Boogie Listen 16.10 Hammerslag 16.40 Før søndagen 16.50 Held og Lotto 17.00 Bullerfnis 17.30 TV Avisen med vejret 18.00 SportNyt 18.30 De store katte 19.00 MGP Nordic 2006 20.45 Kriminalkommissær Bamaby 22.25 Duellen 23.35 The Young Americans

NFK1

11.50 V-cup kombinert 12.45 V-cup skøyter: 1500 m menn og 5000 m kvinner 13.45 V-cup hopp: Utdrag fra kvalifisering til dagens renn 14.30 Sport i dag 15.10 V-cup hopp 16.05 Sport i dag 16.20 V-cup hopp 17.00 Jubalong 17.30 Amigo 18.00 Lørdagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Nordisk finale i Melodi Grand Prix 20.45 Kokos 21.00 Fakta på lørdag: Holocaust - Tidsvitner 22.00 Kveldsnytt 22.15 Resten av dagen

SVT 1

12.05 En oppstoppad hund 13.05 En oppstoppad hund 14.05 Uppdrag Granskning 15.05 Mästenverket 16.00 Doobidoo 17.00 Emil i Lönneberga 17.25 Disneydags 18.00 Världarnas bok 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 MGP Nordic 20.45 Håll tyst, världen! 21.15 Bingo Royale 22.00 Rapport 22.05 Jet Lag 23.30 Vårt bångstyriga sinne 0.00 Sändning från SVT24





HRÓSÍÐ ...

...fá Gunnar Gunnsteinsson, framkvæmdastjóri Bandalags sjálfstæðra leikhúsa og samstarfsaðilar hans, sem vinna að því að breyta Tjarnarbiói svo það geti hýst leik-, dans- og kvikmyndasýningar.

Simma í Idol boðið öruggt þingsæti

„Ég vil ekkert tjá mig um þetta mál,“ segir Sigmar Vilhjálmsson, betur þekktur sem grallarinn og spaugarinn Simmi í Idol.

Fréttablaðið hefur fyrir því áreiðanlegar heimildir að Simma hafi verið boðið öruggt þingsæti fyrir næstu kosningar. Simmi hefur látið til sín taka í tengslum við ýmis verkefni fyrir Framsóknarflokkinn í gegnum tíðina; kom ið að vel heppnaðri kosningabaráttu fyrir síðustu kosningar, verið innsti koppur í búi í kosningamaskínu Björns Inga Hrafnssonar fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og lesið inn á auglýsingar fyrir Framsóknarflokkinn svo eitthvað sé nefnt.

Ef til vill er það til marks um

ákveðna krísu Framsóknarflokksins og mannafeð að leitað var til Simma því hann hefur ekki haft nein áform um pólitískan frama í náinni framtíð. Í samtali við Fréttablaðið segist hann þó ekki vita hvað verði í þeim efnunum. Hann harðneitaði að staðfesta að þetta tilboð hafi verið uppi – en vildi ekki tjá sig þegar spurt var hvort hann hafnaði því að áður nefnt tilboð hefði borist honum frá yfirstjórn flokksins.

Það mun hafa verið í norð-austur kjördæmi, helsta vígi Framsóknarflokksins, og var Simma boðið annað sætið á eftir Valgerði Sværissdóttur utanríkisráðherra. Þriðja sætið, sem menn ætla baráttusæti í kjördæminu, ætlaði þá

Birkir J. Jónsson formaður fjárlaganefndar að taka. En þar sem Simmi, sem ættaður er frá Egilsstöðum og vel liðinn í sinni sveit, hafnaði boðinu þrátt fyrir mikinn þrýsting, stefnir í að Birkir setjist nú í annað sæti á lista.

- jbg

SIGMAR VILHJÁLMSOON
Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir forkólfum Framsóknarflokksins ekki seinna vænna en að draga Simma á flot og inn á þing.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 andlegt áfall **6** 2000 **8** pota **9** for **11** stöðug hreyfing **12** teiti **14** einkennis **16** til **17** kjaftur **18** almætti **20** guð **21** nabbí.

LÓÐRÉTT 1 fyrirhöfn **3** tveir eins **4** temprari **5** saur **7** vellystingar **10** forskeyti **13** háttur **15** betl **16** temja **19** tveir eins.

LAUSN

snæp, **16** aga, **19** öð.

LÓÐRÉTT: **1** ómak, **3** oo, **4** stíllir, **5** tað, **7** munaður, **10** rað, **13** lag, **15** guð, **20** ra, **21** arða.

LÁRÉTT: **2** lost, **6** mm, **8** eta, **9** aur, **11** ö, **12** knall, **14** aðals, **16** að, **17** gín, **18** ginn, **19** ginn, **20** ginn, **21** ginn.

VÍSIR
FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR
www.visir.is

KRISTJÁN M. ATLASON: FÓR Í SUMARFRÍ TIL FÁTÆKRAHVERFIS Í KENÍA

Forréttindi að fara með

Kristján M. Atlason fór í óhefðbundið sumarfrí í ár. Hann slóst í för með útsendara ABC hjálparstarfs og hélt til stærsta fátækrahyverfis Afríku í Naíróbí í Kenía. „Ég hef unnið eins og brjálæðingur undanfarin ár, þannig að ég átti sjö vikna sumarfrí,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið. „Mér fannst vonlaust að fara að húka á Kanarí eða einhverjum álfka stað í sjö vikur, svo ég lét það fréttast að ég hefði áhuga á hjálparstarfi,“ sagði hann. Kristján, sem vinnur hjá Samskipum, komst í samband við Þórunni Helgadóttur, kynningarstjóra ABC, sem var á leið til Kenía til að koma starfsemi ABC af stað þar.

Kristján hafði aldrei komið að hjálparstarfi áður, en fannst tími til komin að kynna sér stöðuna í heiminum. Þegar til Kenía var komið hófu Kristján og Þórunn að taka viðtöl við aðstandendur þeirra barna sem komu til greina í stuðningsforeldrakerfi ABC. „Við reyndum að finna þau börn sem áttu um sárast að binda,“ sagði Kristján. Hann sagðist hafa heyrt óendanlega margar og erfiðar sögur og fullt var út úr dyrum í húsnæðinu sem þau Þórunn höfðu til umráða eftir að vera þeirra í fátækrahyverfinu spurðist út. „Þarna er rosalega fátækt, fullt af vannærdum börnum sem mörg hver hafa misst foreldra sína úr eyðni. Við hittum líka konu sem



BROSAD ÚT Í BÆÐI Þó að neyðin væri mikil í fátækrahyverfinu í Naíróbí var stutt í brosið hjá börnunum.



KRISTJÁN M. ATLASON Hafði aldrei verið í hjálparstarfi áður en skellti sér í fátækrahyverfi í Naíróbí í sumarfríinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

hafði lent í því að maðurinn hennar hélt fram hjá henni og smitaði hana svo af eyðni. Þegar hann komst að því að hún var smituð yfirgaf hann fjölskylduna,“ sagði Kristján, sem er nú stuðningsforeldri barna konunnar.

Hann heimsótti einnig flóttamannabúðir í Norður-Úganda, þar



Í FLÓTTAMANNABÚÐUM Í ÚGANDA Kristján sagði börnin í Norður-Úganda bera hörmungarnar sem þau hafa upplifað með sér.

sem ABC hefur starfað í samvinnu við samtökin Australia-Úganda Foundation. „Þar há Joseph Kony og Lord's Resistance Army hræðilegt stríð,“ sagði Kristján sem kvaðst hafa heyrt skelfilegar sögur af framgöngu hersins. „Þeir dreifa eyðni og kaupa ungar stúlkur fyrir brennivín,“ sagði Kristján. „Þó að börnin í Kenía byggju í fátækrahyverfi var stutt í brosið hjá þeim og þau brugðu á leik fyrir myndavélina. Börnunum í Úganda stókk ekki bros, þau voru bara alveg frosin,“ sagði hann.

Kristján segist nú treysta ABC fullkomlega. „Mér fannst algjör forréttindi að fá að fara með,“ sagði Kristján, og bendir að lokum á að nánari upplýsingar um starfið sé að finna á heimasíðu ABC barnahjálpar, www.abc.is.

sunnna@frettabladid.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Allt frá því leikstjórinn **Clint Eastwood** lauk tókum á atriðum fyrir stríðsmynd sína *Flags of Our Fathers* á Íslandi hafa verið uppi hugmyndir og vonir um að hann myndi koma og vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar hér. Sagan segir að ýmissa leiða hafi verið leitað til þess að fá Eastwood til að mæta en líkurnar á því að þessi draumur verði að veruleika eru þó hverfandi þar sem Eastwood mun vera tímabundinn þessi dægri og treystir sér því vart til að koma. *Flag of Our Fathers* verður frumsýnd hér heima á öðrum degi jóla og ætla má að það spili inn í að gamli harðjaxlinn vilji eyða jóluunum í faðmi fjölskyldunnar. Enn er hins vegar ekki loku fyrir

það skotið að einhverjir aðalleikarar myndarinnar fái til að sækja landið heim á ný og er þá helst horft til **Ryan Phillippe** sem skildi nýlega við eigin konu sína, **Reese Witherspoon** en hann mun þar fyrir utan hafa kunnað afskaplega vel við sig á djamminu í Reykjavík.

Fréttakonan **Margrét Marteinsdóttir** þykir hafa staðið vaktina vel í fréttalestri Ríkissjónvarpsins. Eitthvað fataðist henni þó flugið í tíufréttunum á fimmtudagskvöldið. Úrslit í körfuboltaeik vantaði á textavélina og það setti hana stuttlega út af laginu. Eftir að myndir höfðu verið sýndar frá leiknum var myndavélinni beint aftur að Margréti en þá vildi ekki betur til en svo að hún var í hrókasamræðum við manninn á bak við myndavélina með tilheyrandi handapati. Fréttablaðið hafði af því spurnir að einhverjir áhorfendur töldu Margréti gefið myndatökumanninum fingurinn. Við nánari skoðun á vef Ríkissútvarpsins kom þó í ljós að svo var alls ekki, enda Margrét vönd að virðingu sinni. - þp/hdm

VINEYARD - KRISTIÐ SAMFÉLAG

Lækningasamkoma

með Andrew Parkes frá Englandi

í safnaðarheimili Grensáskirkju

Laugard. 2. des kl. 20.00

Sunnud. 3. des kl. 14.00

Allir hjartanlega velkomnir

Kaffibrennslnan veðjar á heilsufæði

„Það var bara komin tími á röt-tækur breytingar,“ segir Sara Rut Kristinsdóttir, rekstrarstjóri Kaffibrennslunnar, einum rötgrónasta hamborgarastað miðborgarinnar sem hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga og sérhæfir sig í heilsufæði. „Við notuðum tækifærið og tókum salinn í gegn, það eru komin sófasett og það er miklu meiri klassi yfir öllu. Staðnum hafði ekki verið breytt frá því hann var opnaður fyrir réttum tíu árum þannig að þetta var löngu tímabært. Brennslnan var bara orðin þreytt.“

Sara Rut segir að samkeppni milli hamborgarastaða sé gríðarleg og að það sé barist um hvern viðskiptavin. „Hins vegar er sáralítið af stöðum sem sérhæfa sig í heilsufæði, fyrir neðan Lækjargötu er enginn slíkur staður. Fólk þarf að fara alla leið upp á Skólavörðustíg til að fara á Grænán kost.“ Hún tekur aftur á móti fram

að hið fjölbreytta úrval bjórtegunda sé enn til staðar. „Ólíkt flestum veitingastöðum sem sérhæfa sig í heilsufæði er hægt að fá sér hvítvínsglas eða bjór með matnum. Svo geta þeir sem vilja reykt á efri hæðinni. Við leggjum áherslu á hinn gullna meðalveg.“

Sara segir að heilt á litni hafi breytingunum verið tekið vel. „Sumir eru ósáttir en aðrir ánægðir. Við erum auðvitað bara nýbúin að opna og fólk er enn að átta sig á þessu. Nóvember og desember eru líka leiðinlegir mánuðir að því leyti að fólk fer minna út að borða því það vill eiga peninga í jólagjafir. En ég vonast til að strumurinn liggi til okkar eftir hátíðirnar þegar allir eru búnir að fá sig fullsadda af feitmetinu.“

- bs

SARA RUT Segir að á heildina litni taki viðskiptavinir vel í breytingarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



VINSÆLASTA TÓNLISTIN Í DAG!

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK AF VINSÆLUSTU TÓNLIST LANDSINS Í NÆSTU VERSLUN!



100 íslensk jólatög



Sálin og Gospel - Lifandi í Laugardalshöll



Bubbi - 060606




Friðrik K. ásamt Þórunni Lár. - Álfar og fjöll



Baggalútur - Jól & blíða




Óskar Pétursson - Ástarsól



The Beatles - Love



Stóra Stundin ykkar



Lay Low - Please don't hate me

Á blússandi uppleið!



Björgvin og Símfó




U2 - 18 SINGLES



Ampop - Sail to the moon

Góða skemmtun um jólin ▶



TÓNLISTINN		47. VÍKA 2006	
Nr.	var. vikur	Diskur	Nr.
1.	1.	100 íslensk jólatög	1.
2.	20.	Sálin og Gospel	2.
3.	3.	06.06.06	3.
4.	10.	Álfar og fjöll	4.
5.	4.	Þiðlig	5.
6.	Nýr	Jól og blíða	6.
7.	71.	Nýlon	7.
8.	4.	Ástarsól/Óg Gunnars Þórðar	8.
9.	Nýr	Love	9.
10.	Nýr	Stóra stundin ykkar	10.
11.	2.	Nokkur nokkur	11.



jólabæklingurinn fylgir blaðinu í dag

BLEND



BAKÞANKAR

GUDMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Ráðherra opnar sig

Forsætisráðherra opinberaði aldeilis hug sinn til þjóðarinnar í ræðustóli á Alþingi á fimmtudaginn. Rætt var um stuðning Íslands við Íraksstríðið. Röksemdir ráðherrans fyrir því að það hafi verið allt í lagi að Íslendingar tækju sæti á lista hinna staðföstu þjóða og styddu Bandaríkin í þessu fáránlega og óhuggulega styrjaldarbrótti voru efnislega þessar: Íslendingar skipta engu máli. Bandaríkin hefðu ráðist á Írak hvort sem er.

EINMITT það já. Það var fínt að fá þetta viðhorf fram í dagsljósið. Við skiptum engu máli. Ég verð að viðurkenna að mér hefur lengi fundist utanríkisstefna Íslendinga, einkum og sér í lagi í tilvikum Íraksstríðsins, furðuleg og nú er sem sagt hin undirliggjandi skýring komin á hreint. Þunglyndislegt tilgangssleysi hefur ráðið för. Allt er einskis vert. Við getum stutt hvað sem er.

ÉG sé ekki alveg hvernig þetta rímar við það stefnumál að Ísland fái sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hvers vegna eigum við að vera þar ef við skiptum engu máli? Hvernig ætlar utanríkisráðherra að útskýra það á ensku?

RÖK Geirs eru á mörkum hins súrrealíska. Sú staðreynd ein og sér að við hefðum ekki getað komið í veg fyrir styrjöldina er auðvitað ekki röksemd fyrir því að við eigum að styðja hana. Ég er hræddur um að Íslendingar komist í allsvakalegar ógöngur á alþjóðavettvangi ef það á almennt að verða stefnan að við styðjum hluti sem við getum ekki komið í veg fyrir.

VITASKULD snerist stuðningur Íslands við Íraksstríðið ekki um það hvort innrásin yrði gerð eða ekki. Það er fáránlegt að halda því fram að einhver standi í þeirri meiningu að það sé kjarni málsins. Það viðhorf, hins vegar, að við skiptum engu máli er ákaflega metnaðarlaust af hálfu forsætisráðherra þjóðarinnar, markað af trúleysi á getu hennar og stöðu. Hvað veldur þessu viðhorfi veit ég ekki, en ráðherranum væri hollt að rifja upp að listi hinna staðföstu þjóða, sem við erum á ásamt Tonga (skiptir Tonga máli?) og fleiri ríkjum hafði verulegt áróðursgildi í augum Bandaríkjanna á upphafsdegum innrásinnar. Við erum þar sem skandinávískt lýðræðisríki. Bara sem slíkt skiptum við auðvitað verulegu máli og höfum mikið vægi. Við berum ábyrgð samkvæmt því.

Í ummælum sínum á Alþingi – í þessum þunglyndislega boðskap – birtist ráðherrann mér eins og persóna í Shakespeare-leikriti. Þarna stóð hinn þunglyndi konungur sem er búinn að missa trúna á þjóð sína og hlutverk sitt. Þetta er karakterinn sem ráfar sveittur og langþreyttur með skakka kórónu um ganga hallar sinnar og tuldrar fyrir munn sinn að allar hugsjónir heimsins séu hjóm eitt og fánýtt hjál. „Ó, bróðir! Hví er ég hér?“

Opið til 22:00 fram að jólum



490,-

ISIG kubbakertasett
4 stk. ýmsir litir



ISIG ljósakróna
f/6 sprittkerti 990,-



ISIG ilmsprittkerti
42 stk. marglit
m/gulrótarkökulm 390,-



TRATT kertakæfir
ál L24 cm 295,-



ISIG kertastjaki
H20 cm 790,-
H25 cm 890,-



ISIG lugt f/sprittkerti
Ø14 H12 cm 290,-



ISIG flotkerti 6 stk.
englar B10 H2,5 cm 250,-



ISIG flotkerti 4 stk.
hjörtu H3 cm 250,-



ISIG kertadiskur
Ø13 cm 95,-



VARDAG kerti
50 stk. 17 cm 695,-



ISIG sprittkertastjaki
Ø7,5 H2 cm 50,-



ISIG kubbakerti
Ø7 H16 cm 390,-




ISIG kubbakerti hringlaga
Ø8 H7 cm ýmsir litir 150,-



KVARTIL ljósker
Ø11 H27 cm 895,-



ISIG kerti
20 stk. rauð 290,-



ISIG kertastjaki
f/4 kerti H36 cm 790,-



ISIG lugt f/kubbakerti
H38 cm ýmsir litir 1.390,-

Morgunmatur frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga til laugardaga

Hangikjöt

með kartöflum, uppstúf,
rauðkáli og grænum baunum



590,-

IKEA Restaurant



Lengri afgreiðslutími til jóla!

Opið frá 10-22
Sunnudaga 12-22

© Foto: IKEA System B.V. 2006

www.IKEA.is

